

*Ársskýrslur Í.B.A.
2006-2007*





*Frá kjöri íþróttamanns
Akureyrar 2006.*



*Íþróttamaður Akureyrar
2006 og 2007.*



Dagný Linda Kristjánsdóttir



*Þessi voru heiðruð 2006:
T.v. Jóhann Hauksson,
Karen Malmquist og
Stefán Haukur Jakobsson.*





Ársskýrslur Í.B.A. 2006-2007

Efnisyfirlit

57. ársþing Íþróttabandalags Akureyrar	2
ÍBA ársskýrsla 2006-2007	6
Fundaröð ÍBA og ÍRA með aðildarfélögum	8
Skíðafélag Akureyrar ársskýrsla 2006-2007.....	14
Fimleikafélag Akureyrar ársskýrsla 2007.....	19
Sundfélagið Óðinn Akureyri ársskýrsla 2006-2007.....	21
Nökkvi félag siglingamanna ársskýrsla 2006-2007	28
Íþróttafélagið Eik ársskýrsla 2006-2007	31
Íþróttafélagið Akur ársskýrsla 2006-2007	37
Golfklúbbur Akureyrar ársskýrsla 2006-2007	41
Ungmennafélag Akureyrar ársskýrsla 2006-2007	52
Tennis- og badmintonfélag Akureyrar ársskýrsla 2006-2007	66
Skautafélag Akureyrar ársskýrsla 2006-2007	70
Íþróttafélagið Narfi ársskýrsla 2006-2007	74
Léttir hestamannafélag ársskýrsla 2006-2007	75
Hamrarnir ársskýrsla 2006-2007	79
Knattspyrnufélag Akureyrar ársskýrsla 2006-2007	80
Íþróttafélagið Þór ársskýrsla 2006-2007	94
Bílaklúbbur Akureyrar ársskýrsla 2006-2007	112
Skotfélag Akureyrar ársskýrsla 2006-2007	116
KKK akstursíþróttafélag ársskýrsla 2006-2007.....	120
Reikningar ÍBA	126
Reglur og lög ÍBA	130

Ársskýrsla Í.B.A.

Útgefandi: Íþróttabandalag Akureyrar

Umsjón: Formaður Í.B.A.

Prentvinnsla: Ásprent, Akureyri

57. ársþing Íþróttabandalags Akureyrar

Haldið í íþróttahöllinni v/ Skólastíg 18. apríl 2006

1. Þingsetning:

Próstur Guðjónsson formaður ÍBA setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna. Próstur byrjaði þingið á því að minnst Magnúsar Finnssonar sem lést á síðasta ári. Magnús sat lengi í stjórn Skautafélags Akureyrar. Magnús var fæddur 21. júlí 1959 og lést 13. febrúar 2005.

Gestir fundarins voru; Kristinn Svanbergsson íþróttfulltrúi Akureyrarbæjar, Björn Snæbjörnsson formaður ÍTA, Sigrún Stefánsdóttir og Eygló Birgisdóttir frá ÍTA, Sigmundur Þórisson fulltrúi ÍSÍ, Viðar Sigurjónsson starfsmaður ÍSÍ á Akureyri og síðast en ekki síst Hermann Sigtryggsson heiðursfélagi ÍBA.

2. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar:

Þessir voru kjörnir; Sigfús Ólafur Helgason, Hólmgeir Valdimarsson og Þórdís Ingvadóttir.

3. Kosning þingforseta og þingritara:

Stungið var upp á Gunnari Jónssyni sem þingforseta og Páli Jóhannessyni þingritara. Ekki komu fleiri tilnefningar og voru þeir því kjörnir einum rómi.

4. Skýrsla stjórnar og sérráða og reikningar þeirra:

Próstur Guðjónsson formaður flutti skýrslu stjórnar og gerði grein fyrir þeim verkefnum sem hæst báru frá seinasta þingi ÍBA, ber það hæst afmælis hátíð í tilefni 60 ára afmæli ÍBA. Próstur minnst einnig á hve mikilvægt er fyrir aðildarfélög ÍBA að skila inn skýrslum til bandalagsins eins og reglur kveða um, enda hafi það einnig afar mikið og sögulegt gildi. Þá minnst Próstur á hve mikilvægt það er fyrir íþróttahreyfinguna að bæjaryfirvöld styrki hana með jafn myndarlegum hætti og raunin er á.

Sigfús Ólafur Helgason formaður kjörbréfanefndar gerði grein fyrir störfum kjörbréfanefndar og bar kjörbréf upp til samþykktar. Af 62 boðuðum fulltrúum mættu 56 fulltrúar til þingsins.

Gunnar Kárason gjaldkeri ÍBA skýrði út fyrir þinginu reikninga síðasta starfstímabil. Engar umræður urðu um reikninga bandalagsins.

Skýrsla stjórnar og reikningar bandalagsins voru því næst bornir upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

5. Tillögur, sem liggja fyrir þinginu teknar fyrir:

Greinargerð:

a) 57. þing Íþróttabandalags Akureyrar haldið í íþróttahöllinni við Skólastíg 18. apríl 2006 leggur til, að dagskrá formannafunda með vísan til 15. greinar laga ÍBA verði eftirfarandi;

1. Stjórn ÍBA geri grein fyrir starfssemi sinni frá því síðasti formannafundur var haldin.
2. Gjaldkeri gerir grein fyrir fjármálum bandalagsins.
3. Hugmyndir og tillögur aðildarfélaga að bættu starfi.
4. Breytingar á starfssemi og annað er varðar starfsemi ÍBA.
5. Önnur mál, sem stjórnin telur nauðsynlegt að ræða.

Jafnframt ályktar þingið, að formannafundur ÍBA fari með fullt vald bandalagsins milli ársþinga.

Reglugerð um störf formannafunda.

b) Skv. 4. grein laga ÍBA skal nýtt íþróttafélag leggja fram ákveðin atriði til að hljóta inngöngu í bandalagið og geri einnig að hljóta staðfestingu þings bandalagsins.

Nýtt íþróttafélag, sem uppfyllir öll skilyrði ÍBA til inngöngu fær strax keppnisleyfi innan ÍSÍ.

Til að hljóta fullan rétt þar með talið aðgang að íþróttamannvirkjum og styrkjum, sem bandalagið veitir þarf félagið að senda inn árlega fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár og halda aðalfundi í samræmi við lög félagsins.

Aðlögunartími nýs félags skal vera 3 ár.

c) Sigfús Ólafur Helgason mælti fyrir tillögu, sem formenn Þórs og KA standa fyrir og er svohljóðandi: 57. þing Íþróttabandalags Akureyrar haldið í íþróttahöllinni við Skólastíg 18. apríl 2006, samþykkir:

Að beina þeim tillögum til bæjarstjórnar Akureyrar að nú þegar fyrirhuguð er bygging Menningarhúss á Akureyri verði gert ráð fyrir íþróttasögusafni sem meðal annars varðveiti verðlaunabikara sem og önnur verðlaun er nú eru varðveitt eru nú í félagsaðstöðu aðildarfélaga Í.B.A. á Akureyri.

Greinargerð:

Íþróttasaga Akureyrar er orðin rúmlega 100 ára gömul og er merku og mikill hluti af menningarsögu bæjarins. Íþróttafélögin á Akureyri eiga í sinni röð gríðarlegt magn af verðlaunagripum, bikurum, verðlaunapeningum, skjöldum og fleira í þeim dúr. Þessir gripir segja mikla og merka sögu og ber okkur sem nú lifum að varðveita og virða þá sögu.

Svo er komið í dag að mikið vegg og hillupláss félagana fer undir þessa gripi, og jafnvel búið að pakka þessum gripum niður í kassa og koma í geymslu og þar með gert ósýnilegt og engum til yndisauka og ánægju. Þannig er því miður farið sumstaðar að minnsta kosti hjá nokkrum af stærri og eldri félögum innan Í.B.A.

Með byggingu Menningarhúss á Akureyri teljum við að þessari merku menningarsögu Akureyrar sem íþróttasagan vissulega er, sé vel valinn staður í húsinu og aðgengilegt gestum bæjarins og með því væri verið að heiðra minningu þeirra forgöngumanna og kvenna sem til þessara verðlauna unnu á síðustu öld.

d) Tillaga að aðildar umsókn:

Lagt er til að 57. þing Íþróttabandalags Akureyrar haldið í íþróttahöllinni við Skólástíg 18. apríl 2006 samþykki aðildar umsóknir Hamranna annars vegar og Íþróttafélagsins Vinir hins vegar þar sem þau uppfylla skilyrði 4.gr. laga Í.B.A..

6. Kosið í allsherjar- og fjárlaganefnd:

Tillögur voru gerðar um að alherjarnefnd sem fara skuli yfir fyrirbyggjandi tillögur sem í sætu, Björn Snær Guðbrandsson, Margrét Baldvinsdóttir og Rúnar Antonsson. Engar fleiri tilnefningar komu og voru þau samþykkt einu hljóði. Allsherjarnefnd skal yfirfara þær tillögur sem fyrir þinginu liggja.

Í fjárhagsnefnd sem fara á yfir fjárhagsárið 2006 og 2007 komu tillögur um: Þorstein Hjaltason, Gísla Pálsson og Fríðu Pétursdóttir.

Engar fleiri tilnefningar komu og voru þær því samþykktar samhljóða.

Gunnar Kárasen gjaldkeri bandalagsins fylgdi fjárhagsáætlun árána 2006 og 2007 úr hlaði.

Tekjur:

Rekstrarframlag Akureyrarbæjar	8.600.000 kr.
Framlag frá Getraunum	900.000 kr.
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	700.000 kr.
Vaxtatekjur	200.000 kr.
Tekjur samtals	10.400.000 kr.

Gjöld:

Laun starfsmanna	3.000.000 kr.
Launatengd gjöld	340.000 kr.
Skrifstofukostnaður	160.000 kr.
Tölvukosnaður	160.000 kr.
Sími	180.000 kr.
Internet/ADSL	80.000 kr.
Styrkir og framlög	2.800.000 kr.
Húsaleiga Þórsstígs	1.300.000 kr.
Pappír, prentun, ritföng	70.000 kr.
Auglýsingar	100.000 kr.
Þing ÍSÍ og sérbanda	480.000 kr.
Ferðakosnaður	60.000 kr.
Ársþing Í.B.A. og skýrslur	
Gjafir	100.000 kr.
Risna	100.000 kr.
Fundakosnaður	90.000 kr.
Ýmis kosnaður	120.000 kr.
Vextir	20.000 kr.
Sérverkefni	700.000 kr.
Gjöld samtals	10.110.000 kr.

7. Ávarp fulltrúa ÍSÍ:

Sigmundur Þórisson færði fundinum kveðjur frá forseta ÍSÍ og öðrum úr stjórn sem ekki áttu heimagengt á bandalagsþingið í ár. Sigmundur greindi þingheimi frá því að nú þegar gengið verði til kosninga til stjórnar ÍSÍ muni hann ekki gefa kost á sér til áfram haldandi setu. Sigmundur sagðist hverfa úr stjórn ÍSÍ sáttur og þakklátur fyrir það að hafa haft tækifæri á að starfa fyrir íþróttahreyfinguna.

Viðar Sigurjónsson starfsmaður ÍSÍ á Akureyri sté í pontu og sagði að þau 7 ár sem hann hafi starfað fyrir ÍSÍ á skrifstofu þess á Akureyri væri þakklæti honum efst í huga. Sérstaklega vildi hann þakka þeim Hermanní Sigtryggssyni og Þresti Guðjónssyni fyrir afar ánægjulegt samstarf. Viðar sagðist bera þá von í brjósti sér að öll aðildarfélög innan Í.B.A myndu verða orðin að fyrirmyndarfélögum árið 2008. Þau mál væru í góðum farvegi menn væru greinilega að vinna sína heimavinnu í þeim efnum.

Þinghlé:

8. Ávörp gesta:

Björn Snæbjörnsson formaður ÍTA sagði að á vordögum hætti hann sem formaður Íþrótt- og tómstundaráðs eftir u.þ.b. eins og hálfis árs setu þar. Sagði afar ánægjulegt að hafa fengið að koma að þeim málaflökki. Sagði hann að íþróttahreyfingin á Akureyri væri svo öflug og vel vakandi að engin leið væri fyrir Íþrótt- og tómstundaráð að sofna værum svefni. Færði hann svo öllum fulltrúum aðildarfélaga sínar bestu kveðjur og sagði þá alla standa afar vel að öllu félagsstarfi.

9. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðsla:

Formaður alsherjarnefndar Björn Snær Guðbrandsson skilaði svohljóðandi álit nefndarinnar;

- Þá taldi nefndin enga þörf á að hafa inni lið 5. og leggur til að hún verði felld út. Auk þess að aðlögunartími nýrra félaga yrði 3 ár í stað tveggja.
- Tillaga sú er Þór og KA lögðu fram um að verðlaunagripir félaganna fengju inni í Menningarhúsi bæjarins þessu voru þeir sammála en vildu vísa þessu til stjórnar Í.B.A. til nánari umfjöllunar og útfærslu.
- Þá leggur nefndin til að Íþróttafélagið Vinir og Hamarnir verði veitt full aðild að Í.B.A.

Um álit alsherjarnefndar var lítils háttar umræður en fór svo að smá breytingar voru gerðar á greinargerð um störf formannafundar og lítur hún svona út og borin undir atkvæði og samþykkt;

57. þing Íþróttabandalags Akureyrar haldið í íþróttahöllinni við Skólastíg 18. apríl 2006 leggur til, að dagskrá formannafunda með vísan til 15. greinar laga ÍBA verði eftirfarandi;
 - Stjórn ÍBA geri grein fyrir starfssemi sinni frá því síðasti formannafundur var haldin.
 - Gjaldkeri gerir grein fyrir fjármálum bandalagsins.
 - Hugmyndir og tillögur aðildarfélaga að bættu starfi.
 - Breytingar á starfssemi og annað er varðar starfsemi ÍBA.
 - Önnur mál, sem stjórnin telur nauðsynlegt að ræða.
- Þá var samþykkt að greinargerð um varðveislu verðlaunagripis í Menningarhúsi Akureyrar yrði vísað til stjórnar Í.B.A. til nánari útlitunar.
- Borið var upp umsókn Íþróttafélagsins Vinir og Hamarnir og voru þau samþykkt.

10. Fjárhagsnefnd skilar af sér:

Þorstein Hjaltason formaður fjárhagsnefndar sagði nefndina engar athugasemdir hafa við fjárhagsáætlun þá er lögð var fram og mælti með því að hún yrði samþykkt.

Var hún því borin upp og samþykkt samhljóða.

Kosningar og tilnefningar:

Halldór Rafnsson formaður uppstillinganefndar kom og gerði grein fyrir störfum nefndarinnar:

Þeirra tillaga að nýrri stjórn Í.B.A. er eftirfarandi;

Formaður, Þröstur Guðjónsson

Aðrir í stjórn; Kristján Davíðsson, Gunnar Kárasón og Vilborg Jóhannsdóttir.

Varamenn í stjórn; Friða Pétursdóttir, Haukur Valtýsson og Eiður Stefánsson.

Skoðunarmenn reikninga: Ingi Björnsson og Gunnar Jónsson.

Var stjórnin samþykkt einum rómi með lófaklappi.

Þá var gerð tillaga að fulltrúum á Í.S.Í þing þeir eru;

Þröstur Guðjónsson, Gunnar Kárasón, Árni Jóhannsson, Sigfús Ólafur Helgason, Halldór Rafnsson, Helga S. Guðmundsdóttir og Kristján Davíðsson.

Til vara; Vilborg Jóhannsdóttir og Haukur Valtýsson.

Voru þau samþykkt samhljóða.

11. Önnur mál:

Helga Steinun Guðmundsdóttir sté í pontu og byrjaði á því að óska formanni og nýrri stjórn bandalagsins velfarnaðar. Hún greindi frá því að hún myndi gefa kost á sér til stjórnarsetu Í.S.Í. á komandi þingi. Hún sagði það afar mikilvægt að Akureyri eigi fulltrúa í stjórn Í.S.Í. og óskar hún eftir stuðningi félaga á svæðinu.

Ásta Birgisdóttir sem sat í uppstillingarnefnd var næst og sagði uppstillinganefnd vilja beina þeim tilmælum til þeirra sem kosnir voru varamenn í stjórn Í.B.A. að þeir sætu alla fundi bandalagsins.

Sigfús Ólafur Helgason byrjaði á því að óska nýkjörnum formanni Í.B.A. og öðrum stjórnarmönnum velfarnaðar á komandi starfsári. Sigfús sem nú gengur úr stjórn og er tekin við formennsku í Íþróttafélaginu Þór hvatti menn til að standa þétt að baki og styðja Helgu Steinunni til þess að hún nái kjöri í stjórn Í.S.Í. Hann sagði það afar mikilvægt enda væri Helga Steinun afar hæf og dugmikil kona sem óhætt væri að treysta. Þá notaði Sigfús tækifærið til þess að þakka bæjarstjórninni fyrir þeirra mikla stuðning við íþróttahreyfinguna.

Að lokum þakkaði Sigfús Birni Snæbjörnssyni fyrir gott samstarf þann tíma sem hann hefur farið með formennsku í íþrótt- og tómstundaráði.

Viðar Sigurjónsson óskar nýrri stjórn bandalagsins til hamingju með kosninguna. Einnig óskaði hann Helgu Steinunni góðs gengis í baráttunni sem framundan er. Viðar sagði það orðið að vana hjá sér að kasta fram ferskeytlu/ stöku við hin ýmsu tækifæri og hér yrði engin breyting á.

Ferskeytla Viðars;

Engin vísa enn um sinn

eitthvað hefur stíflast.

Þó gjarnan vilji ég góði minn

gáskafullur fíflast.

Þröstur Guðjónsson þakkaði þingfulltrúum þann stuðnings sem sér væri sýndur með því að kjósa sig áfram til formennsku. Þröstur kallaði fulltrúa hinna nýju félaga þ.e.a.s. Knattspyrnufélagið Vinir og Hamarana upp og færði þeim veifu Íþróttabandalags Akureyrar að tilefni þess að þeir eru nú orðnir fullgild félög innan bandalagsins.

Þá kallaði Þröstur þá Sigmund Þórisson og Sigfús Ólaf Helgason upp og færði þeim blómavönd og þakkaði þeim fyrir störf þeirra í þágu bandalagsins.

Sigmundur Þórisson þakkaði fyrir sig.

Sigfús Ólafur kom því næst upp og þakkaði fyrir sig og sagði ekki hafa átt von á þessu. Hann bað þingfulltrúa að rísa úr sætum og hylla Sigmund Þórisson með hressilegu lófaklappi.

Þegar hér var komið við sögu og ekki fleiri höfðu kveðið sér hljóðs lokaði Þingforseti Gunnar Jónsson umræðunni og gaf Þresti Guðjónssyni orðið.

12. Þingslit:

Þröstur Guðjónsson formaður Í.B.A. sleit þessu 57. þingi Íþróttabandalags Akureyrar og þakkaði framfarandi stjórn samstarfið og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar, sem og starfsmanni Í.B.A., bæjarstjórn, og fyrrverandi formönnum. Þá tók Þröstur undir orð manna þess efnis að þeir stæðu þétt að baki Helgu Steinunnar í hennar baráttu til stjórnarkjörs Í.S.Í. Að lokum sagði Þröstur ekki væri hægt að ljúka þessu án þess að þakka sérstaklega Hermannni Sigtryggssyni heiðursfélaga Í.B.A. fyrir allt það sem hann hefur gert fyrir bandalagi í gegnum árin. Að því loknu sagði Þröstur Guðjónsson formaður Í.B.A. 57. þingi Íþróttabandalags Akureyrar slitið.

Akureyri 18. apríl 2006,

Páll Jóhannesson.



ÍBA Ársskýrsla 2006

Að loknu þingi ÍBA 10. apríl 2006 sóttu 7 fulltrúar ÍBA þing ÍSÍ.

Fyrsti stjórnarfundur var haldinn 15. maí 2006 og skipti ný stjórn með sér verkum þannig:

Formaður	Þröstur Guðjónsson
Varaformaður	Vilborg Jóhannsdóttir
Gjaldkeri	Gunnar Kárason
Ritari	Kristján Davíðsson
Varamenn	Fríða Pétursdóttir
	Haukur Valtýsson
	Eiður Stefánsson

Árið 2006 voru alls haldnir 5 formannafundir. Fundirnir voru vel sóttir og mörg góð mál rædd. Á suma fundina mættu fulltrúar ÍRA, ÍSÍ forvarnarfulltrúi Akureyrarbæjar og fleiri. Var þetta mjög til þess að efla tengslin á milli íþróttahreyfingarinnar og fulltrúa Akureyrarbæjar.

Í júlí fór fram fundur með aðildarfélögum ÍBA varðandi úthlutun á æfinga- og keppnistímum í íþróttamannvirkum Akureyrarbæjar. Þar var margt rätt, sem var mjög af hinu góða og gátu allir gengið sáttr frá borði.

Á árinu fengu eftirtalin félög innan raða ÍBA viðurkenningu sem fyrirmyndarfélög ÍSÍ: Golfklúbbur Akureyrar, Sundfélagið Óðinn og Korfuknattleiksdeild Þórs.

Samningur var gerður við Stefnu ehf. um breytingu á heimasíðu ÍBA. Er heimasíðan svo og heimasíður aðildarfélaganna nú í góðu horfi, enda þótt nokkuð skorti á að sjá um að halda síðunni við. Hefur þar gengið á ýmsu, en á árinu 2008 hefur þetta færst til betri vegar og verður væntanlega regla á því framvegis.

Lengi hefur verið í undirbúningi, að koma á laggirnar Íþróttaskóla ÍBA og Akureyrarbæjar og er það verkefni ekki enn frá gengið en þokast þó í rétta átt.

ÍSÍ hefur verið í viðræðum við Menntamálaráðuneytið varðandi það að stofna sjóð til þess að greiða niður ferðakostnað vegna íþróttafélaga á landsbyggðinni. Aðildarfélög ÍBA voru að greiða um kr. 60 millj. í ferðakostnað á árinu 2006 og er hér um mikinn aðstöðumun að ræða hjá þeim félögum, sem verða að sækja flest af sínum mótum til höfuðborgarsvæðisins. Sett var á laggirnar nefnd til þess að yfirfara þessi mál og var störfum hennar ekki lokið í árslok 2006.

Háskólinn á Akureyri boðaði til fundar í lok nóvember varðandi stofnun íþrótt- og tómstundabrautar við skólann. Skipað var í verkefnisnefnd til þess að vinna að þessu máli og á fulltrúi ÍBA sæti í nefndinni.

Á árinu var svokallað „Felix“ kerfi fullbúið hjá ÍSÍ, en það auðveldar aðildarfélagunum mjög að senda starfsskýrslur sínar til sambandsins og hafa félög innan vébanda ÍBA nýtt sér þennan hæðarauka í auknum mæli.

Í árslok 2006 var ráðist í að gera samninga á milli Akureyrarbæjar og allra aðildarféлага ÍBA og voru þeir fullfrá-gengnir í árslok.

Í árslok 2006 var bandalaginu sagt upp samningi um leigu á húsnæði í Þórsstíg 4, en þar hafði verið inniaðstaða fyrir Golfklúbbinn, Skotfélagið og Íþróttafélagið Akur. Í framhaldi af því var tekið á leigu húsnæði í Sjafnarhúsinu að Austursíðu 2 til 5 ára, en því fylgdi aukinn kostnaður auk þess sem ekki var aðstaða fyrir Skotfélagið í því húsnæði.

Val á íþróttamanni Akureyrar fór fram í breyttu formi. Stofnuð var undirbúningsnefnd til að semja þessar breytingar, en hana skipuðu:

Gunnar Jónsson	KA
Sigfús Helgason	Þór
Kristján Davíðsson	ÍBA

Breytt skipan þessara mála felst í því, að nú tilnefna öll aðildarfélög ÍBA sinn fulltrúa, en síðan kjósa úr þeim hópi fréttamenn staðsettir á Akureyri svo og stjórn ÍBA íþróttamann Akureyrar fyrir viðkomandi ár. Allir íþróttamenn, sem tilnefndir eru af sínu félagi fá sérstaka viðurkenningu.

Íþróttamaður Akureyrar 2006 var valin Dagný Linda Kristjánsdóttir, en alls voru 14 íþróttamenn tilnefndir af jafnmörgum félögum.

Samningur ÍBA við Akureyrarbæ var endurnýjaður á árinu 2006.



ÍBA Ársskýrsla 2007

Á fyrsta fundi stjórnar 2007 var farið yfir nýundirskrifaða samninga á milli Akureyrarbæjar og allra aðildarfélaga innan vébanda bandalagsins. Þar eru á ferðinni samningar sem á eftir að skoða betur í náinni framtíð.

Á árinu var unnið í nefnd varðandi hugmyndir um Íþrótta- og tómstundabraut við Háskóla Íslands og var þessum hugmyndum skilað til stjórnar HA í árslok. Eins og áður hefur komið fram átti ÍBA fulltrúa í þessari nefnd.

Formannafundur voru alls 4 á árinu, en því miður voru þeir ekki nógu vel sóttir.

Árið 2007 var mjög svo jákvætt að því er varðar tímaúthlutun í íþróttamannvirkjum bæjarins. Framboð á tímum hafði aukist, en engu að síður þarf þessi úthlutun að vera í stöðugri skoðun.

Nefnd á vegum Menntamálaráðuneytisins varðandi ferðakostnað íþróttahreyfingarinnar skilaði hugmyndum sínum og tillögum á árinu. Í framhaldi af því var stofnaður sjóður til að fjármagna þessar tillögur og verður úthlutað úr honum í fyrsta skipti árið 2008. Er hér um mikið framfaraspor í þágu íþróttahreyfingarinnar ekki síst félaga á landsbyggðinni og á það ekki síst við um Akureyri.

Á árinu var gengið frá samningi við Akureyrarbæ varðandi Fjölgreinafjör, þar sem íþróttir og félagsstarf er tvinnuð saman í grunnskólum Akureyrarbæjar.

Hægt gengur að aðildarfélögin sendi skýrslur sínar til ÍSÍ. Sum félögin gera þetta ætíð á réttum tíma, en allt of mörg félög hafa ekki nógu góða reglu á þessum hlutum og verður það að færast í betra horf.

Á árinu fengu eftirtalin félög innan vébanda ÍBA viðurkenningu sem fyrirmyndarfélög ÍSÍ: Skautafélag Akureyrar og Knattspyrnudeild Þórs.

Loksins hefur komist festa í það að boða fulltrúa ÍBA á fundi hjá Fasteignafélagi Akureyrarbæjar, en slíkt ber að gera samkvæmt samningi við bæinn.

Heimasíða ÍBA er að lagast, en gera þarf betur í því og er þess vænst að það muni færast til betri vegar á árinu 2008.

Á árinu 2007 flutti ÍBA skrifstofur sínar í nýtt húsnæði að Glerárgötu 26. Akureyrarbær leggur þetta húsnæði til og eru skrifstofur ÍSÍ og Skíðasambandsins einnig til húsa á sama stað. Þetta er mjög svo glæsilegt húsnæði og kemur íþróttahreyfingunni á Akureyri að góðum notum. Hér er komin aðstaða til þess að veita aðildarfélögunum aukna þjónustu m.a. í samstarfi við ÍSÍ.

Á árinu voru rekstrarsamningar KA og Þórs endurnýjaðir og eru þeir til mikilla bóta.

ÍBA tók þátt í aðþjófaleikum ungmenna í Reykjavík sumarið 2007. Einnig kom fulltrúi Alþjóðaleikanna Metoít Clemenzen og frú í heimsókn til Akureyrar. Tóku fulltrúar ÍBA á mót þeim og dvöldu þau einn dag hér í bæ og skoðuðu hin ýmsu íþróttamannvirki.

Landsmót UMFÍ var haldið í Kópavogi og tóku keppendur frá 7 aðildarfélögum ÍBA þátt í því. Mótið fór í alla staði mjög vel fram og var árangur fulltrúa ÍBA til fyrirmyndar.

Á árinu var stofnuð Glímudeild hjá Ungmennafélagi Akureyrar og hefur þá þessi gamla og góða íþrótt verið endurvakin hér á Akureyri.

ÍBA tók þátt í kynningu á „hreyfingu fyrir alla“. Má þar nefna útiveru og kynningu fyrir eldri borgara varðandi heilsuefningu og hreyfingu. Nefnd á vegum ÍSÍ vinnur að þessum málum og er Hermann Sigtryggsson í forsvari fyrir henni.

Kjör íþróttamanns Akureyrar fór fram á sama hátt og árið áður og kom sama nefnd að málum. Íþróttamaður Akureyrar var kjörin Dagný Linda Kristjánsdóttir og voru alls 14 íþróttamenn tilnefndir frá jafnmörgum félögum.

Í janúar og febrúar 2008 voru haldnir fundir með stjórnnum allra aðildarfélaga innan vébanda ÍBA. Var þetta gert í samstarfi við ÍRA. Fundirnir fóru mjög vel fram og gafst forráðamönnum félaganna kjörið tækifæri til þess að koma á framfæri upplýsingum um starfsemina og þau atriði, sem þeim var ofarlega í huga í því sambandi. ÍBA hefur nú samið skýrslu, þar sem fram kemur það helsta, sem rætt var á þessum fundum og hefur ÍTA fengið eintak að þessari skýrslu til afnota m.a. vegna stefnumótunarvinnu, sem nú er að fara af stað. Skýrslan fylgir hér með.

Margt hefur gengið vel hjá íþróttahreyfingunni á Akureyri s.l. 2 ár þ.e. árin 2006 og 2007. Aðstaða til íþróttaiðkunar hefur batnað með tilkomu nýrra íþróttamannvirkja og starfsemi aðildarfélaga ÍBA hefur gengið vonum framár, enda þótt alltaf sé við ýmsa erfiðleika að etja. Hér má sérstaklega nefna samninga þá sem Akureyrarbær gerði við aðildarfélögin á þessu tímabili. En alltaf má betur fara í ýmsum málum og óviðunandi er þegar ágreiningur er á milli bæjarfulltrúa og íþróttahreyfingarinnar varðandi markmið og leiðir, en nokkuð hefur borið á slíku að undanförunu. Þess vegna horfum við með jákvæðum huga til þeirrar stefnumótunarvinnu, sem ÍRA hyggst nú fara í og hefur boðið ÍBA að taka þátt í. Öll aðildarfélög ÍBA hafa það að markmiði að efla barna- og unglingastarf og er það sérstaklega gert með vel-

ferð fjölskyldunnar að leiðarljósi. Í þessu sambandi þarf að efla samstarf við grunnskóla bæjarins. Benda má á að ÍBA hefur tekið þátt í Heilsueflingarráði Akureyrarbæjar og er mjög mikilvægt að tengja aðildarfélögin við þá vinnu, sem þar er unnin.

Íþróttabandalag Akureyrar þakkar bæjaryfirvöldum á Akureyri fyrir samstarfið á liðnum árum og telur mjög mikilvægt að það verði hér eftir sem hingað til á traustum og skilningsríkum grunni. Vonandi færast málin áfram til betri vegar, enda þótt ýmsum þyki stundum hægt ganga.

Í lok árs 2007 óskaði Gunnar Ragnars framkvæmdastjóri ÍBA síðastliðin 6 ár að hætta störfum og mun hann hætta í lok apríl 2008. Stjórn ÍBA færir Gunnari bestu þakkir fyrir frábært samstarf og starf síðastliðin 6 ár.

Fundaröð ÍBA og ÍRA með aðildarfélögum; janúar og febrúar 2008

Nökkvi; Félag siglingarmanna

Fundurinn var haldinn 22. janúar kl. 18:00.

Mættir frá Nökkva: Rúnar Þór Björnsson formaður o.fl.

Mættir frá ÍRA: Kristinn Svanbergsson, Ólafur Jónsson og fleiri ráðsmenn.

Mætt frá ÍBA: Þröstur formaður, Gunnar Kárason, gjaldkeri Kristján Davíðsson, Haukur Valtýsson og Gunnar Ragnars.

Þröstur flutti inngangsorð og gerði grein fyrir tilefni fundarins, sem var að fara yfir málefni Nökkva og styrkja tengslin milli félagsins annars vegar og ÍRA og ÍBA hins vegar.

Rúnar sagði frá starfsemi félagsins og framtíðarsýn. Í máli hans kom fram, að Siglingaklúbburinn Nökkvi væri öflugasti siglingaklúbbur landsins og hefði tvöfalt meiri innkomu en klúbbarnir í Kópavogi og Hafnarfirði. Hann sagði að miklar eignir væru í bátum, en sagði jafnframt, að allur búnaður væri kominn til ára sinna. Félagið hefur fengið mikla styrki frá fyrirtækjum og hafi starfsemin verið að aukast ár frá ári. Framtíðarsýn þeirra er að Akureyri verði siglingamiðstöð Íslands, en því fylgir að nauðsynlegt er að ráða fullorðinn starfsmann, en til þess vantar fjármagn. Upp kom sú hugmynd hvort hægt væri að samnýta starfsfólk með Skíðamiðstöðinni í Hlíðarfjalli eða tómstundamiðstöðvunum. Nökkvi fékk kr. 450 þús. í styrk frá Akureyrarbæ á s.l. ári og kr. 400 þús. frá ÍBA. Spurðist Rúnar fyrir um það hvort möguleiki væri að styrkur bæjarins gæti aukist í framtíðinni.

Varðandi aðstöðu félagsins stakk Kristinn Svanbergsson upp á því að koma saman

þeim aðilum sem hagsmuna eiga að gæta í því sambandi og mun ÍRA ræða við Vegagerðina og Hafnarsamlagið með það fyrir augum.

Sundfélagið Óðinn

Fundurinn var haldinn 22. janúar kl. 18:50.

Mætt frá Sundfélaginu Óðni: Ásta Birgisdóttir formaður, Halldór Arinbjarnar gjaldkeri og Ólína.

Mætt frá ÍRA: Ólafur Jónsson, formaður, Kristinn Svanbergsson o.fl. ráðsmenn.

Mætt frá ÍBA: Þröstur Guðjónsson, formaður, Gunnar Kárason, Kristján Davíðsson, Haukur Valtýsson og Gunnar Ragnars.

Ásta gerði grein fyrir starfsemi Óðins, en umsvifin hafa aukist að miklum mun á s.l. árum. Er nú svo komið að nauðsynlegt er fyrir félagið að geta ráðið starfsmann í a.m.k. ½ starf. Þá gat hún þess aðundið væri að dragast aftur úr hér á Akureyri þar sem tilfinnanlega vantaði innilaug. Fram kom, að mjög öfugsnúið er að iðkendur félagsins þurfa að greiða fyrir aðgang að sundlauginni ef þeir eru að þjálfá á öðrum tíma en félagið hefur yfir að ráða. Slíkt getur gerst nokkuð oft þegar þannig stendur á fyrir iðkendum að þeir komast ekki á auglýstum tíma, en bæta sér það upp með því að mæta utan hans.

Kristinn benti á að iðkendur á skíðum hefðu gjaldfrelsi í Hlíðarfjalli og væri hér alveg um sambærilega hluti að ræða. ÍRA lýsti vilja til þess að skoða þetta mál og auk þess gjaldfrelsi í sundlaugarnar fyrir afrekshóp Óðins.

Íþróttafélagið Eik

Fundurinn var haldinn 22. janúar kl. 19:30.

Mætt frá Eik: Haukur Þorsteinsson, formaður, Ragnheiður, Stefán og Þorgeir.

Mætt frá ÍRA: Ólafur Jónsson, formaður, Kristinn Svanbergsson og fleiri ráðsmenn.

Mætt frá ÍBA: Þröstur Guðjónsson, formaður, Gunnar Kárason, gjaldkeri, Kristján Davíðsson, Haukur Valtýsson og Gunnar Ragnars.

Haukur fór nokkrum orðum um starfsemi félagsins. Fram kom að Íþróttahúsið við Laugagötu, þar sem félagið hefur aðsöðu til íþróttaiðkunar hentar mjög illa. Aftur á móti er aðsókn góð í Glerárskóla og horfa þeir til þess að þar verði öll æfingaaðstaða félagsins í framtíðinni. Félagið er með 4 góða þjálfara og eru þau mál í góðu horfi.

Fram kom að forráðamenn félagsins hafa miklar áhyggjur af því að endurnýjun á sér ekki stað. Ungu fólkið kemur ekki og fer jafnvel í önnur félög. Töldu þeir æskilegt að skólarnir kæmu til móts við félagið varðandi það að koma því á framfæri við hlutaðeigandi aðila og kynna hvað í boði væri hjá félaginu.

Bílaklúbbur Akureyrar

Fundurinn var haldinn 23. janúar kl. 18:00.

Mættir frá BílAk. Kristján Kristinsson, formaður Sigurður, Garðar, Anton og Björgvin.

Mætt frá ÍRA: Ólafur Jónsson, formaður .Kristinn Svanbergsson, Agnes, Dýrleif Skjöldal, Erlingur Kristjánsson og Sveinn.

Mætt frá ÍBA: Þröstur Guðjónsson, formaður, Haukur Valtýsson og Gunnar Ragnars.

Kristján fór yfir starfsemi félagsins og gat þess sérstaklega hversu bagalegt það er að aðstaðan er ekki enn fyrir hendi. Eina fullbúna aðstaða á landinu fyrir hliðstæða starfsemi er í Hafnarfirði og því brýnt að koma upp aðstöðu hér. Nú er komið í lög, að það þurfi kennslu í svokölluðu ökugerði til að ökumenn fái afhent ökuskýrteini. Félagið hefur verið í samvinnu við Umferðarstofu varðandi þau atriði, sem snúa að ökukennslunni. Þá telja Bílasklúbbsmenn að go-kart braut muni geti bætt umferðarmenningu landans. Kristján kvartaði sérstaklega yfir Hestamannafélaginu Létti, sem hann sagði reyna að hindra þá í að koma upp svæðinu, sem þeim hafi verið úthlutað. Óska þeir sérstaklega eftir því, að ÍBA miðli málum á milli Bílasklúbbsins og Hestamannafélagsins varðandi þann ágreining, sem uppi er. Félagsmenn eru núna um 200 talsins og aðstaða þess í Félagsheimilinu í Frostagötu, en það húsnaði á félagið. Þá var minnst á samning Akureyrarbæjar og eins verktaka varðandi malartöku á svæðinu og í staðinn átti verktakinn að forma svæðið samkvæmt óskum Akureyrarbæjar. Formaðurinn sagði að félagið skorti fjármagn til að kosta fólk í kynnisferðir erlendis, þar sem verið er að kynna sér sérstaklega rekstur og annað fyrirkomulag slíkra svæða. Ólafur Jónsson formaður ÍRA gat þess sérstaklega að öll gögn, sem komið hafa frá Bílasklúbbum séu til fyrirmyndar.

Skotfélag Akureyrar

Fundurinn var haldinn 23. janúar kl. 18:50.

Mætt frá Skotfélaginu: Björn Guðbrandsson, formaður, Ágúst Guðnason, Bragi og Sigurður.

Mætt frá ÍRA: Ólafur Jónsson, formaður, Kristinn Svanbergsson Agnes, Erlingur Kristjánsson og Dýrleif Skjöldal.

Mætt frá ÍBA: Þröstur Guðjónsson, formaður, Gunnar Ragnars og Haukur Valtýsson.

Björn lýsti aðstöðu félagsins, sem er á Glerárdal. Taldi hann þetta eitt glæsilegasta svæði á Íslandi til skotiðkunar, enda er þetta það skotfélag á landinu, sem heldur flest mót. Þarna hafa þeir allt til alls, en þeir hafa byggt kúlugreinahús svo og 2 haglavelli og 2 skeet-velli. Nýr völlur svokallaður Sporting völlur er í bígerð. Tekjulind félagsins er fyrst og fremst frá ýmsum óvissuhópum.

Svæðið á Glerárdal er nú fullnýtt og vantar tilfinnanlega inniaðstöðu, en hana hafði félagið í húsnaðinu, sem leigt var við Þórsstíg, en hún er ekki fyrir hendi í Sjafnarhúsinu. Fram kom hjá formanninum, að framtíðarsýn er sú helst að sjá meiri nýliðun, en skortur á inniaðstöðu stendur slíkum málum fyrir þrífum.

Félagsmenn eru nú skráðir um 250, en þar af eru um 160 virkir. Félagið hefur verið rekið með hagnaði á hverju ári. Rætt var um að æskilegt væri að félagið fengi sérstaka kynningu hjá Akureyrarstofu og lýstu allir aðilar sig fúsa til þess að greiða fyrir því að það yrði gert. Formaður talar um samstarf við sersveit lögreglunnar, en sersveitin þjálfar lögreglumenn á Norður- og Austurlandi Var hvatt til að leita samstarfs við lögreglu um hvaðeina, sem gæti stutt starfsemina. Verulegar líkur eru á, að til að fá veiðikort þurfi menn að vera í skotfélagi, en slíkt gæti stutt við starfsemi félagsins.

Fram kom í máli framkvæmdastjóra ÍBA, að öll samskipti við skotfélagið væru til mikillar fyrirmyndar og félagið eitt af þeim sem alltaf svöruðu öllum fyrirspurnum og beiðnum án tafar.

Íþróttafélagið Akur

Fundurinn var haldinn 23. janúar kl. 19:20.

Mætt frá Akri: Jósep Sigurjónsson formaður og nokkrir stjórnarmenn.

Mætt frá ÍRA: Ólafur Jónsson, formaður, Kristinn Svanbergsson o.fl.

Mætt frá ÍBA: Þröstur Guðjónsson, formaður, Gunnar Ragnars Haukur Valtýsson.

Jósep fór yfir starfsemi félagsins, en það var upprunalega stofnað fyrir fatlaða, en síðan hefur það verið opnað fyrir alla, sem áhuga hafa á að starfa með félaginu. Bogfimin er á undanhaldi. Félagið er með aðstöðu í Sjafnarhúsinu auk þess sem það fær nokkra tíma í Boganum. Félagar eru nú um 40-50 virkir. Nýliðun gengur illa, en aldursdreyfing er mikil. Æfingagjöldum og árgjöldum hefur verið haldið niðri og þjálfarar hafa að mestu unnið í sjálfboðavinnu. Slíkt er ekki talið ganga til lengdar. Jósep lýsti þeirri skoðun félagsins, að fatlaðir ættu að vera metnir til jafns við börn- og ungl- inga, þegar kemur að því að úthluta styrkjum til ungl-ingastarfsemi.

Hestamannafélagið Léttir

Fundurinn var haldinn 30. janúar kl. 18:00

Mætt fyrir Létti: Ásta Ásmundsdóttir, formaður, Úflhildur, Garðar, Ásgeir Vald. Jón Knútsson.

Mætt fyrir ÍRA: Ólafur Jónsson, formaður, Kristinn Svnbergsson, Erlingur Kristjánsson, Agnes og Dýrleyf Skjöldal.
Mætt fyrir ÍBA: Þröstur Guðjónsson, formaður, Gunnar Ragnars, Haukur Valtýsson.

Ásta hafði orð fyrir forráðamönnum Léttis og dreyfði minnismiða, þar sem öll helstu atriði í stafsemi félagsins koma fram. Fer minnismiðinn hér á eftir:

Staðan í byggingarmálum reiðhalla: Sótt var um kr. 43 millj. til að koma húsinu í notkun, en fengum kr. 30 millj., sem verða teknar af framkvæmdafé í hesthúsahverfunum næstu þrjú árin. Ætlum að koma húsinu í notkun þrátt fyrir þetta (snyrtingar, grindverk í kring um reiðsvæði, hiti, ljós). Unnið er í sjálfboðavinnu og reynt að fá styrki fyrir efni. Þrátt fyrir verðbólgu er fermetraverð hússins mjög hagstætt.

Staðan gagnvart Akureyrarbæ varðandi stuðning við rekstur reiðhallarinnar. Líklegt er að erindi Léttis um styrk til reksturs reiðhalla verði tekið fyrir hjá bæjarráði í þessari viku. Léttir hefur sett fram áætlun um nýtingu hússins og reksturskostnað og samkvæmt því er nauðsynlegt, að bærinn komi að rekstri hússins með einhverjum hætti.

Nýtt vallarsvæði: Deiliskipulagið sem unnið var af Hestamannafélaginu og Akureyrarbæ gerir ráð fyrir nýjum keppnisvelli norðan við reiðhöllina. Þegar þessi aðstaða er tilbúin getum við státað af einni glæsilegustu aðstöðu á landinu. Árið 2009 verður haldið Landsmót UMFÍ 2009 og Íslandsmeistaramótið í hestaíþróttum sama ár. Kostnaður við uppbyggingu svæðisins hefur verið áætlaður kr. 40 millj. Stefnir félagið á að koma þessari aðstöðu upp á næstu árum.

Skipulagsmáli Glerárdal: Tillaga Akureyrarbæjar um að koma fyrir akstursíþróttasvæði á milli hesthúsahverfanna hefur valdið hestamönnum áhyggjum. Samskipti félagsins og Akureyrarbæjar í þessu máli hafa verið erfið og lítið hlustað á sjónarmið hestamanna. Vegna þessa hefur félagið neyðst til að ráða til sín sérfræðing og lögfræðing til að gæta hagsmuna sinna. Kostnaður félagsins nemur rúmlega einni og hálfri milljón á síðasta ári vegna þessa.

Aðstöðumál hestamanna: Reiðvegir: M.a. vegna óvissu í skipulagsmálum er ekki skipulögð reiðleið milli hesthúsahverfanna. Ennfremur vantar lýsingu á reiðleiðir. Gengur hægt, þrátt fyrir loforð, að bæta þessa aðstöðu. Nauðsynlegt væri að fá bráðabirgðalýsingu á milli hverfanna. Hestamenn hafa lagt inn tillögur til Akureyrarbæjar um nýjar reiðleiðir út úr bænum, sem henta betur er núverandi skipulag gerir ráð fyrir “

Félagsmenn Léttis eru nú rúmlega 600 talsins. Um 200 greiða fullt gjald. Félagið fékk bikar LH vegna unglingastarfs. Landsmót hestamanna gæti orðið hér árið 2014 og mun félagið sækja um það til LH. Kostnaðaráætlun, sem gerð var fyrir þremur árum um frágang á umhverfinu á svæði félagsins og hljóðaði upp á kr. 40 millj. er of há að mati forráðamanna félagsins. Forráðamenn Léttis segja þörf á að auka samvinnu við félög hér í kring. Ekki hefur verið samstarf við Funa á Melgerðismelum, en Léttisfólk vill gera melana að útivistarsvæði. Erfiðleikar hafa þó verið með reiðleiðir að og frá svæðinu. Hestamannafélagið á hesthús á Melgerðismelum, sem það á möguleika á að selja. Léttisfólk segir að ef byggður yrði nýr völlur hér á svæði félagsins á Akureyri, þá væri aðstaðan ein sú besta á landinu og mun betri en t.d. á Hellu og því ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að halda hér Landsmót í hæsta gæðaflokki.

Ungmennafélag Akureyrar

Fundurinn var haldinn 30. janúar kl. 18:45

Mætt frá UFA: Katrín Pálsdóttir formaður, Svanhildur, Kristinn Hreinsson, Rannveig Oddsdóttir

Mætt frá ÍRA: Ólafur Jónsson form. Kristinn Svanbergsson, Agnes og fl. ráðsmenn

Mætt frá ÍBA: Þröstur Guðjónsson formaður, Gunnar Ragnars og Haukur Valtýsson

Katrín hafði orð fyrir forráðamönnum UFA. Í máli hennar kom fram að aðstaða til íþróttaiðkunar er mjög bágborin og þau hafa ekki yfir neinum áhöldum að ráða. Í húsin vantar mun meira af áhöldum og að endurnýja þyrfti gömul og ónýt áhöld. Þess vegna er engin mót hægt að halda á Akureyri. Þau hafa þó reynt að leysa mestan vanda með því að kaupa sjálf áhöld og tæki. Benda má á sem dæmi, að ein stöng til stangastökks kostar á milli kr. 70-80 þús.

Árið 2006 voru tæplega 200 manns að æfa hjá félaginu. Fjölgun hefur hins vegar verið á árinu 2007 þar sem um 230 manns voru þá á æfingaskrá. Mikið af krökkunum er hins vegar aðeins á sumrin. Hér vantar þó inn tölur frá Glímudeild og langhlauparadeild. Brottfall er talsvert, einkum hjá stúlkum á aldrinum 14-17 ára.

Félagið hefur sótt um til FRÍ að halda Meistaramót Íslands í flokki 15-22 ára 23.-24. ágúst n.k. Það gæti verið mót fyrir um 300-400 manns. Einnig hefur lítillaga verið rætt um að sækja um Unglingalandsmót UMFÍ.

Félagsaðstaða brennur mikið á félaginu, en hún er nánast engin sem stendur. Fulltrúar ÍRA bentu á að hús, sem bærinn keypti í sambandi við aðgerðirnar á Þórssvæðinu kynni að standa til boða, en það verður hins vegar ekki fyrr en eftir um 6 ár. Einnig bentu fulltrúar ÍRA á mögulega aðstöðu í stjórnherbergi í nýrri stúku og að á jarðhæð stúkunnar yrði herbergi, sem þjálfarar gætu haft aðgang að. Styrkur Akureyrarbæjar til félagsins er kr. 450 þús., en þar af fara kr. 180 þús. beint til greiðslu á húsaleigu til Þórs. Þá er í umræðunni, að ráða starfsmann til félagsins en mikil þörf er á slíku til að létta á álagi því sem hvílir á stjórnarmönnum. Til þess þarf styrkur Akureyrarbæjar að aukast til að geta staðið undir kostnaði vegna hans a.m.k. að einhverjum hluta.

Stefnumótun í íþróttahreyfingunni verður áberandi á næstunni og verður sérstaklega lögð áhersla á að forgangsraða á hvern hátt fjármagni verður ráðstafað með tilliti til uppbyggingar mannvirkja annars vegar og innra starfs íþróttastarfsmennar að sögn fulltrúa ÍRA.

TBA

Fundurinn var haldinn 30. janúar kl. 19:30

Mætt frá TBA: Hjördís Sigursteinsdóttir formaður, Leifur Þorsteinsson
Mætt frá ÍRA: Ólafur Jónsson, formaður, Kristinn Svanbergsson og Agnes
Mætt frá ÍBA: Þröstur Guðjónsson, formaður, Gunnar Ragnars og Haukur Valtýsson

Félagið stendur illa fjárhagslega og gengur því illa að halda úti góðum þjálfurum. Fram kom hjá formanni TBA, að tímar þeir sem félagið fékk úthlutað væru seint á kvöldin og því oft erfitt að fá krakkana til að mæta svo seint. Einnig falli margir tímar út í Höllinni vegna sýninga og leikja, sem yfirleitt eru um helgar.

Um 25 manns eru á skrá sem iðkendur og þar af eru 12 – 14 virk.

Því var svarað af fulltrúum ÍRA, að þegar Giljaskóli verður tekinn í notkun haustið 2009 opnast möguleiki á tímum í Glerárskóla og einnig í Síðuskóla.

Öll mót eru haldin í Reykjavík og sjá foreldrarnir um allt í kring um þau þar með talið ferðir og annan kostnað. Íslandsmótið verður þó hér á Akureyri í marsmánuði n.k. með um 300 þátttakendum.

Eitt aðaláhugamál félagsins er að fá „alvöru“ þjálfara og telja forráðamenn félagsins það forsendu þess, að hægt sé að fjölka iðkendum. Nokkrir eldri spilarar eru að leiðbeina í æfingatímum.

Framtíðarsýn félagsins er að finna peninga og ráða þjálfara því að öðrum kosti verður að hætta þessari starfsemi. Hefð fyrir badminton er lítil á Akureyri, en t.d. í Hafnarfirði fá öll börn í 4. bekk badmintonspaða að gjöf.

KKA Akstursíþróttafélag

Fundurinn var haldinn 4. febrúar kl. 18:00

Mættir frá KKA: Þorsteinn Hjaltason, formaður

Þorsteinn greindi frá málefnum KKA. Þeir eru búnir að koma sér upp góðri aðstöðu ofan við gamla Glerárbæinn með náttúrulegri mön vegna hávaðamengunar. Þar er aðstaða fyrir mótorkross og snjókross og auk þess aðstaða fyrir fjarstýrða bíla og þýrlur. Á árinu 2006 fengu þeir lítið hús til afnota, sem þeir kalla félagsheimili. Hins vegar vantar aðstöðu fyrir hjólreiðabraut og umfram allt starfsmann a.m.k. yfir sumarið.

Félagar eru 280 og klúbburinn bíður en eftir deiliskipulagi af svæðinu, en hafa vonir um að úr því rætist á næstu mánuðum.

Skautafélag Akureyrar

Fundurinn var haldinn 4. febrúar kl. 18:45

Mættir frá Skautafélaginu: Ólafur Hreinsson formaður og Viðar Jónsson

Ólafur og Viðar greindu frá starfseminni og sögðu að iðkendur væru um 360 um þessar mundir í reglulegum æfingum í öllum greinum, listhlaupi, hokki og krullu. Þeir telja mjög brýnt að laga gólfið, en það hefur farið illa af missigi og munar 7-8 cm á þykkt svellsins, sem eykur mjög raforkunotkun. Þá telja þeir brýnt að koma upp annarri aðstöðu til að iðka krullu, en hún fer illa saman við hokki og listhlaup. Svellið þarf að vera eggslétt fyrir krulluna og því þyrfti að byggja nýtt hús fyrir hana og æfingasvæði/upphitunarsvæði fyrir aðra keppni.

Starfsemin eru nú í 8-8½ mánuð og í mars verður heimsmeistaramót kvenna í hokki haldið hér á Akureyri og er unnið að því að finna ásætlanlega búninga-og baðaðstöðu fyrir það mót.

Skíðafélag Akureyrar

Fundurinn var haldinn 6. febrúar kl. 18:00

Mættir frá Skíðafélaginu: Björn Gunnarsson formaður, Dagbjartur Halldórsson, Gísli Einar Árnason og Tómas Jónsson.

Mættir frá ÍRA: Ólafur Jónsson, formaður, Dýrleif Skjöldal

Mættir frá ÍBA: Gunnar Kárason, Kristján Davíðsson og Haukur F. Valtýsson

Björn opnaði umræðurnar og taldi ýmislegt vanta til að aðstaða til æfinga og keppni væri viðunandi. Nú vantaði fyrst og fremst snjógirðingar, stangir, tímatökubúnað og öryggisnet. Þá segir Björn að bæta þurfi lýsingu á Strýtusvæðinu. Einnig töldu fulltrúar SKA þurfa fleiri snjóbyssur til að geta útbúið betri æfingaaðstöðu og aðskilja almenningssvæði frá æfingasvæði keppnisfólksins. Auk þess sé viðhald á húsum mjög ábótavant. Rekstur félagsins á síðasta ári var erfiður, en tap varð á rekstrinum að upphæð um kr. 3 millj.. Það sem greinir þeirra starfsemi frá margri annari starfsemi er að hver þjálfari, en þeir eru nú 12 talsins, getur bara sinnt 6-8 iðkendum og því geta æfingagjöld ekki staðið undir þjálfunarkostnaði. Veruleg aukning hefur verið á iðkendum í göngu, en fyrir nokkrum árum var framtíð hennar í mikilli óvissu. Loks töldu þeir brýnt að koma á strætisvagnaferðum frá gámasvæðinu þannig að aðstaða iðkenda þeirra yrði sambærileg við aðra þ.e. að mæta á einhverjum stað innan bæjarmarkanna. Þá kom fram, að heimaaðstaða skíðalandsliðsins er á Akureyri og því komi mörg félög hingað norður til að sækja í æfingaaðstöðu, en það kalli á að boðlegur búnaður þurfi að vera á staðnum.

Nýr samningur um Vetraríþróttamiðstöðina er í burðarliðnum og í framhaldi af því verða mögulega einhverjar breytingar varðandi búnað og aðstöðu.

Narfi

Fundurinn fór fram 6. febrúar

..... Björgvinsson kom stuttlega og greindi frá því, að engin vandamál væru hjá félaginu. Þeir væru með tíma í Boganum einu sinni í viku, sem væri fullnægjandi fyrir þá og þeir sæju fram á úrlausn í sambandi við vetraríþróttir með tilkomu íþróttahúss, sem er í byggingu og verður væntanlega tilbúið á vordögum.

Þór

Fundurinn var haldinn 6. febrúar kl. 19:00

Mættir frá Þór: Sigfús Helgason, formaður, Unnsteinn Jónsson, Nói Björnsson o.fl.

Mættir frá ÍRA: Ólafur Jónsson, formaður, Erlingur Kristjánsson, Dýrleif Skjóladal

Sigfús Helgason formaður og framkvæmdastjóri félagsins greindi frá starfseminni, sem er á góðu róli eins og er. Helsta áhyggjuefni þeirra er að afkoma Akureyrar handknattleiksfélags er óviðunandi og tap af starfseminni á síðasta ári var kr. 6-8 millj., sem skiptist jafnt á milli KA og Þórs. Sigfús gat þess, að þeir hefðu tekið við skuldlausu búi, en erfiðir samningar fylgdu. Þó er rétt að benda á blómlegt starf yngri flokka félagsins. Þá greindi hann frá áhyggjum þeirra varðandi aðstöðu til knattspyrnuíðkunar á komandi sumri, en framkvæmdir standa sem hæst við frjálsíðröptaaðstöðuna og „Sunnuhlíðarvöllinn“, sem væntanlega verður ekki tilbúinn fyrr en í ágúst. Þórmenn segjast ekki vita neitt hvað er að gerast í uppbyggingu á vallasvæðinu og fái lítil svör frá Akureyrarbæ. Loks greindi hann frá því, að ekki hefði verið undirritaður samningur við Akureyrarbæ varðandi núverandi framkvæmdir, sem þó er unnið að af fullum krafti. Fram kom að Þór á tvo fulltrúa í framkvæmdanefndinni, svo ekki ætti að þurfa að kvarta undan sambandsleysi í þessum málum.

Um 400 iðkendur 15 ára og yngri eru í knattspyrnu á vegum Þórs. Nói Björnsson fjallaði um brottfall stúlkna úr íþróttum og bendir á að það vanti fleiri fyrirmyndir í íþróttum. Hann sagði frá skýrslu, sem verið er að vinna á Laugarvatni varðandi brottfall stúlkna úr íþróttum, en hún mun væntanlega birtast á vordögum.

Fullrtúar Þórs segja að afreksstefnu vanti hér á Akureyri eða eigum við að vera uppeldisfélög fyrir sunnanliðin eins og þeir töldu að væri nú. Þá var einnig vakið mál á þeirri spurningu hvort við ættum að leggja áherslu á ákveðnar greinar en ekki vasast í allri flórunni. Ólafur Jónsson bendir á, að til standi stefnumótunarvinna á vegum ÍRA og ÍBA, þar sem þessi sjónarmið verði efalaust rædd.

Þór fékk fyrirspurn um stofnun karate-deildar. Körfuboltinn gengur nokkuð vel, en þar spila nú 3 útlendingar.

KA

Fundurinn var haldinn 13. febrúar kl. 18:00

Mættir frá KA: Árni Jóhannsson, formaður, og Gunnar Jónsson framkv.stj.

Mættir frá ÍRA: Ólafur Jónsson, formaður, Kristinn Svanbergsson, Erlingur Kristjánsson og Dýrleif Skjóladal.

Mættir frá ÍBA: Þröstur Guðjónsson, formaður, Gunnar Kárson, Gunnar Ragnars og Haukur F. Valtýsson.

Gunnar Jónsson fór yfir ýmis mál í starfsemi félagsins og kom sérstaklega inn á kröfur frá KSÍ, sem eru mjög íþyngjandi. Þær miða allar að því, að meira fjármagn þarf til rekstrar. Einnig eru þjálfarar alltaf að verða dýrari.

Árið 2007 var mjög erfitt fjárhagslega og taldi Gunnar nánast orðið ógerning að reka „batteri“ eins og KA. Handboltafélagið hefur komið illa út og kemur það niður á rekstri KA þar sem félagið er ábyrgt að hálfu fyrir þeim rekstri á móti Þór.

Ljóst er að félögin hér á Akureyri geta ekki keppt um leikmenn við félögin á höfuðborgarsvæðinu og taldi hann að nú væri svo komið, að örfá félög mundu standa upp úr að þessu leiti. Svo virðist sem flestum leikmönnum sé greitt fyrir að spila knattspyrnu. Einnig er bent á að Valur leggur ekki áherslu á yngri flokka í félaginu, heldur sé útgefin stefna félagsins að kaupa leikmenn. Gunnar og Árni töldu Bogann hafa sannað gildi sitt, þar sem knattspyrnumenn haldist hér lengur fyrir vikið. Einnig var rætt um þörf á afreksstefnu í bænum. Erlingur Kristjánsson vill að laun þjálfara upp að ákveðnum aldri verði greidd af bæjarfélaginu.

Ekki var minnst á aðrar deildir félagsins þ.e. Jódó og Blakdeild.

Golfklúbbur Akureyrar

Fundurinn var 13. febrúar kl. 18:45

Mætt frá GA: Halldór Rafnsson, formaður, Halla, Gunnar Vigf. Arnar Árnason og Halldór.

Halldór formaður hafði orð fyrir forráðamönnum GA. Fram kom að aðstæður í Golfbæ mættu vera betri.

Klúbbfélagar eru nú tæplega 600. Um 100 ungmenni æfa að sumrinu, en 30-40 að vetrinum.

Farið var yfir samning á milli Akureyrarbæjar og GA. Taldi Halldór að fá þyrfti leiðréttingar á ýmsum liðum. t.d. varðandi rekstur skrifstofu. Vildi hann taka upp samninginn frá 2001 og endurskoða hann allan. Einnig ræddi Halldór um framkvæmdasamning Akureyrarbæjar og Golfklúbbsins upp á 229 millj. Hann hefði ekki verið tengdur verðbreytingum og hefði því rýrnað vegna þeirra og það kallaði á endurskoðun.

Fram kom að erfitt er að byggja upp afreksfólk og halda fólki samkvæmt afreksstefnu og bendir á, að hjá GR séu áætlaðar kr. 30 millj. á ári vegna afreksstefnu. Einnig gengur GA illa sem keppnisliði, endurnýjun er lítil og telur Halldór það vera þeim sjálfum að kenna.

GA hefur verið rekið með hagnaði árið 2007. Klúbburinn stendur fyrir nokkrum mótum á hverju tímabili s.s. Artic Open, Mitsubishi, félagskeppni, hjóna og parakeppni og fleiri mót.

Halldór gat þess sérstaklega, að öll samskipti við Akureyrarbæ væru til fyrirmyndar og taldi að bærinn hefði veitt klúbbum mikinn stuðning.

Fimleikafélag Akureyrar

Fundurinn var haldinn 13. febrúar kl. 19:40

Mætt frá Fimak: Þórhildur formaður, Eva Reykjalin, Friðbjörn Möller, Guðný Andradóttir, Berglind Tulinius og Sigrún.

Fram kom hjá fulltrúum Fimak að það hái þeim mikið að hafa ekki starfsmann og fara fram á stuðning bæjarins til þess að svo megi verða. Starfsemi félagsins hefur aukist mikið á undanförunum árum og vart sé hægt að ætlast til þess að allir hlutir séu unni í sjálfböðavinnu lengur.

Aldur iðkenda er fyrst og fremst frá 4- 18 ára, en einnig eru nokkrir fullorðnir, sem æfa hjá félaginu. Brottfall er mest í eldri hópunum. Þess vegna mættu ávísanir, sem bærinn greiðir vegna æfingagjalda, vera upp í 18 ára aldur. Mun fleiri stúlkur æfa, en mikil aukning hefur þó orðið hjá drengjum. Þá hafa trompfimleikar aukist mikið á kostnað áhaldaleikfimi. Félagið vantar fleiri íþróttatíma til að geta tekið við fleiri iðkendum og þannig aukið tekjur sínar.

Þau fóru sérstaklega fram á að aðlþjálfari félagsins fengi að koma að málum í sambandi við val á búnaði o.fl. í nýju aðstöðunni og taldi formaður ÍRA það sjálfsagt mál.

Nýja íþróttahúsið mun verða að mestu fyrir FIMAK, en það á hins vegar eftir að fara betur yfir það. Rætt var um mikla þörf á endurnýjun ýmissa áhalda og kallaði Kristinn Svanbergsson eftir lista yfir þau.

Fjárhagsstaða félagsins er mjög erfið um þessar mundir. Verðið er að vinna í reikningum fyrir árið 2007 og verða þeir tilbúnir innan tíðar. Ljóst er að félagið verður að fá einhverja aðstoð til lausnar fjárhagsvandann og verður að taka á því máli sem fyrst.

Stjórn félagsins hefur kannað að koma að fimleikabjálfum á Dalvík, Ólafsfirði og Árskógsströnd til að reyna að auka tekjur sínar og kynna íþróttina. Félagið er með erlenda þjálfara og upplýst er að þeir fái nær mánaðarlega tilboð um að koma til Reykjavíkur og þjálfa þar. Baráttan stendur um það að halda þeim hér á Akureyri, enda eru þeir taldir með þeim bestu á landinu. Mikill kostnaður er því fylgjandi fyrir félagið að leggja til dómara á hvert mót, sem farið er á. Forráðamenn FIMAK ítreka enn og aftur þörf á meiri styrk til að geta staðið straum af kostnaði vegna starfsmanns, en brýnt er orðið að ráða starfskraft sem allra fyrst.

Skíðafélag Akureyrar

Ársskýrsla 2006 (veturinn 2005-2006)

Stjórnarstörf, nefndir o.fl.

Á aðalfundi Skíðafélags Akureyrar 19. október 2005 var kosinn ný stjórn og er hún skipuð eftirfarandi:

Tómas Ingi Jónsson	formaður
Dagbjartur Halldórsson	varaformaður
Guðmundur Bjarnar Guðmundsson	fjármálastjóri
Hildigunnur Svavarsdóttir	ritari
Andri Teitsson	spjaldskrárritari
Halldór Jóhannsson	meðstjórnandi
Margrét Baldvinsdóttir	meðstjórnandi
Smári Kristinsson	meðstjórnandi

Stjórn Skíðafélags Akureyrar fundar yfir vetrartímann á mánudögum kl. 20 og eru fundir haldnir í fundarsal ÍBA í Íþróttahöllinni. Vegna breytinga á Brekkuskóla þá misstum við þessa aðstöðu veturinn 2004-2005 og fóru fundir þá fram í fundarsal Sandblásturs og málmhúðunar.

Auk stjórnar þá eru starfandi tvær sérgreinanefndir; Alpagreinanefnd og Skíðagöngunefnd og sex starfsnefndir; barna- og unglinganefnd; fjárhagsnefnd; ferðanefnd; Andrésar Andarnefnd; mótanefnd og fræðslu- og útbreiðslunefnd.



Unglingar á skíðæfingu.

Æfingar, keppnir o.fl.

Starfssemin veturinn 2005-2006 var með hefðbundnum hætti.

Prekæfingar hófust í september. Útiæfingar fóru fram í Kjarnaskógi og við íþróttahöllina. Inniæfingar fóru fram í íþróttahúsinu við Laugargötu og í Vaxtarræktinni í íþróttahöllinni. Fyrsta skíðagönguæfing haustið 2005 fór fram 29. september og hefur ekki verið hægt að fara svo snemma á skíði í manna minnum. Fyrstu alpagreinaæfingar á skíðum fóru fram um miðjan nóvember.

Í janúar var farin fjölmenn fjölskyldu- og æfingaferð til Madonna di Campiglio á Ítalíu. Ferðin tókst afar vel.

Andrésar andar leikarnir 2006 voru haldnir með hefðbundnu sniði. Keppt var í svigi, stórsvigi og göngu. Keppendur voru að þessu sinni 640 á aldrinum 6-14 ára. Mótið gekk mjög vel fyrir sig og sönnuðu starfsmenn leikanna enn og aftur hversu frábærir þeir eru og hæfir til þess að vinna við mót sem þetta.

Unglingameistaramót Íslands átti að halda á Ísafirði. Vegna snjóleysis var mótið flutt til Akureyrar með stuttum fyrirvara og var haldið í Hlíðarfjalli 16.-19. mars. Keppni féll niður einn keppnisdaginn vegna veðurs, en að öðru leyti tókst mótshald afar vel þrátt fyrir stuttan fyrirvara til undirbúnings. .

Afreksfólk og Íslands- og bikarmeistarar SKA 2006.

Dagný Linda hóf æfingar að nýju haustið 2005, eftir 20 mánaða hlé vegna hnémeiðsla. Í febrúar 2006 keppti hún fyrir Íslands hönd á Ólympíuleikunum í Tórínó á Ítalíu. Þar náði hún þeim frábæra árangri að ná 23. sæti bæði í bruni og risa-svigi og 28. sæti í kombi (samanlagt svig og brun). Dagný Linda var fánaberi við opnunaráttina. Hún var valin skíðakona ársins 2006 í 6. sinn og Íþróttamaður Akureyrar í annað sinn.

Í hófi sem stjórn Afreks- og styrktarsjóðs Íþróttadeildar Akureyrarbæjar í lok desember voru veittar viðurkenningar til þeirra sem urðu Íslandsmeistarar á árinu 2006. Þar átti SKA stóran og friðan hóp:

Tinna Dagbjartsdóttir	13-14 ára	Svig
Katrín Kristjánsdóttir	13-14 ára	Stórsvig
Íris Guðmundsdóttir	15-16 ára	Svig
Íris Guðmundsdóttir	15-16 ára	Stórsvig
Jón Viðar Þorvaldsson	15-16 ára	Stórsvig
Salome Tómasdóttir	17-19 ára	Svig
Þorsteinn Ingason	17-19 ára	Svig
Þorsteinn Ingason	17-19 ára	Stórsvig
Dagný Linda Kristjánsdóttir	Fullorðnir	Svig
Dagný Linda Kristjánsdóttir	Fullorðnir	Stórsvig
Dagný Linda Kristjánsdóttir	Fullorðnir	Alpatvíkeppni

Þetta tímabil var viðburðaríkt. Snjóframleiðslukerfi var sett upp í Hlíðarfjalli og var það formlega tekið í notkun 17. desember 2005. Kerfið er að gerðinni Sufag og eru slík kerfi í notkun víðsvegar um Evrópu. Snjóframleiðslan byggir á að vatni er dælt undir þrýstingi að snjóbyssum, sem síðan þeyta vatninu upp í loft þar sem það kristallast og fellur til jarðar sem snjór. Snjóframleiðsla hefur gert það að verkum að skíðavertíðin byrjar nú fyrr en ella. Snjóframleiðsla og lega skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli í rúmlega 600 m hæð yfir sjávarmáli gera það að verkum að aðstaðan þar er betri snjóalög öruggari en gerist annars staðar á landinu. Það er því engin tilviljun að flest af stærstu skíðamótum landsins eru haldin í Hlíðarfjalli (Andrésarleikar, Skíðamót Íslands, Unglingameistaramót Íslands). Þessu fylgja augljósir kostir, en jafnframt fylgir þessu mikil umsetning á dýrum búnaði og álag á starfsmenn við mótahald.

Stjórn Skíðafélags Akureyrar þakkar gott samstarf við Íþróttabandalag Akureyrar.

F.h. stjórnar,
Björn Gunnarsson, formaður 2007-2008.

Skíðafélag Akureyrar

Ársskýrsla 2007 (veturinn 2006-2007)

Stjórnarstörf, nefndir ofl.

Á aðalfundi Skíðafélags Akureyrar 16. nóvember 2006 var kosinn ný stjórn skipuð eftirfarandi:

Tómas Ingi Jónsson	formaður
Björn Gunnarsson	varaformaður
Guðmundur Bjarnar Guðmundsson	fjármálastjóri
Hildigunnur Svavarsdóttir	ritari
Dagbjartur Halldórsson	meðstjórnandi
Halldór Jóhannsson	meðstjórnandi
Aðalgeir Hallgrímsson	meðstjórnandi
Margrét Melstað	meðstjórnandi

Stjórn Skíðafélags Akureyrar fundar yfir vetrartímann á mánudögum kl. 20:00 og eru fundir haldnir í fundarsal Sandblásturs og Málmhúðunar.

Auk stjórnar þá eru starfandi tvær sérgreinanefndir; Alpagreinanefnd og Skíðagöngunefnd og sex starfsnefndir; barna- og unglinganefnd; fjárhagsnefnd; ferðanefnd; Andrésar Andarnefnd; mótanefnd og fræðslu- og útbreiðslunefnd.

Æfingar, keppnir ofl.

Starfssemin veturinn 2006-2007 var með hefðbundnum hætti.

Markmið félagsins er að efla veg skíðaíþróttarinnar, bæði sem almenningsíþróttar og keppnisgreinar. Þrekæfingar hófust í september að venju. Útíæfingar fóru fram í Kjarnaskógi og við íþróttahöllina. Inníæfingar fóru fram í íþróttahúsinu við Laugargötu og í Vaxtaræktinni í íþróttahöllinni þegar ekki viðraði til útíæfinga. Veður og snjóalög settu sitt mark á starfsseminna eins og oft áður, en með tilkomu snjóframleiðslu í Hlíðarfjalli hefur upphaf skíðavertíðarinnar fæst framur og var til dæmis hægt að fara á gönguskíði í lok nóvember.

TePe-cup, alþjóðlegt skíðamót, var haldið í Hlíðarfjalli 16.-18. desember 2006. Mótið sóttu nokkrir erlendir keppendur. Mótið tókst vel þrátt fyrir mikið hvassviðri.

Í febrúar 2007 sendi Skíðasamband Íslands átta keppendur á Ólympíuleika æskunnar sem fóru fram í Jaca á Spáni. Þar var keppt í flokki 15-16 ára. Af þeim sem valdir voru sjö í SKA.

Unglingameistaramót Íslands var haldið á Ísafirði 22.-25. mars 2007. Dagskrá mótsins riðlaðist nokkuð vegna illviðris. Árangur okkar keppenda var mjög góður eins og lesa má út úr töflunni á næstu síðu.

Skíðamót Íslands var haldið í Hlíðarfjalli 12.-15. apríl 2007. Mótið tókst vel og var árangur okkar keppenda framúrskarandi. Daniel Jakobsson formaður SKÍ afhenti eftirtöldum félögum í SKA heiðursviðurkenningar við opnunarathöfn mótsins:

Brynja Þorsteinsdóttir	Gullmerki SKÍ
Dagbjartur Halldórsson	Silfurmerki SKÍ
Dagný Linda Kristjánsdóttir	Gullmerki SKÍ
Fjalar Úlfarsson	Silfurmerki SKÍ
Ingvar Þóroddsson	Gullmerki SKÍ
Ólafur H Björnsson	Silfurmerki SKÍ
Sigurgeir Svavarsson	Silfurmerki SKÍ
Sólveig Guðmundsdóttir	Gullmerki SKÍ
Stefán Jónasson	Gullmerki SKÍ
Tómas Ingi Jónsson	Silfurmerki SKÍ
Tómas Leifsson	Gullmerki SKÍ

Andrésar andar leikarnir 2007 voru með hefðbundnu sniði. Keppt var í svigi, stórsvigi og göngu. Keppendur voru að þessu sinni 644 á aldrinum 6 til 14 ára. Á glæsilega opnunarhátíð leikanna mættu nálægt 2000 manns og 130-150 sjálfboðaliðar störfuðu við leikana. Mótið gekk mjög vel fyrir sig þrátt fyrir að vetur konungur hafi sent okkur full mikið af snjó fyrir síðasta keppnisdaginn.

Afreksfólk og Íslands- og bikarmeistarar SKA 2007.

Iðkendur félagsins náðu mjög góðum árangri og eru iðkendur SKA uppistaðan í skíðalandsliðum Íslands. Í hófi sem stjórn Afreks- og styrktarsjóðs Íþróttadeildar Akureyrarbæjar í lok desember voru veittar viðurkenningar til þeirra sem urðu Íslandsmeistarar á árinu 2007. Þar átti SKA stóran og fríðan hóp eins og fram kemur í töflunni hér fyrir neðan. Skíðafélagi Akureyrar var við það tækifæri veittur árangurstengdur styrkur að upphæð kr. 270.000. Einnig kom fram að Afreks- og styrktarsjóður ætla að veita landsliðsmönnum Andra Steindórssyni og Brynjari Leó Kristinssyni styrk (eingreiðslur) og að Stefáni Jóni Sigurgeirssyni verður boðinn afrekssamningur á næsta ári. Í gildi er afrekssamningur við Dagnýju Lindu Kristjánsdóttur og Írisi Guðmundsdóttur.

Nafn Íslandsmeistara:

Dagný Linda Kristjánsdóttir
Salome Tómasdóttir

Tinna Dagbjartsdóttir
Halla Sif Guðmundsdóttir
Karen Sigurbjörnsdóttir
Þorsteinn Ingason
Stefán Jón Sigurgeirsson
Gunnar Þór Halldórsson
Sigurgeir Halldórsson
Ágúst Freyr Dansson
SKA-bikarmeistarar liða

Sigurgeir Svavarsson
Brynjar Leó Kristinsson

Andri Steindórsson

Keppnisgrein:

Alpagreinar – kvennaflokkur; svig, stórsvig, alpatvíkeppni
Alpagreinar – flokkur 17-19 ára; svig, stórsvig, alpatvíkeppni, bikarmeistari (bæði í flokki 17-19 ára og fullorðinna)
Alpagreinar – flokkur 15-16; stórsvig, alpatvíkeppni, bikarmeistari
Alpagreinar – flokkur 15-16; svig
Alpagreinar – flokkur 13-14 ára; svig
Alpagreinar – flokkur 17-19 ára; stórsvig, bikarmeistari í flokki fullorðinna
Alpagreinar – flokkur 17-19 ára; svig, alpatvíkeppni
Alpagreinar – flokkur 15-16; svig, stórsvig, alpatvíkeppni
Alpagreinar – flokkur 15-16; bikarmeistari
Alpagreinar – flokkur 17-19 ára; bikarmeistari
Heildarbikarmeistari SKÍ 13 ára og eldri, stúlkur 15-16 ára, drengir 15-16 ára, piltar 17-19 ára, í flokki karla og í flokki kvenna
Skíðaganga – karlaflokkur; 15 km, boðganga
Skíðaganga – karlaflokkur; boðganga Skíðaganga – flokkur 17-19 ára; 10 km, 15 km
Skíðaganga – karlaflokkur; sprettganga, boðganga, 30 km, bikarmeistari



Smá hvíld!

Dagný Linda Kristjánsdóttir æfði með sænska skíðalandsliðinu tímabil 2006-2007. Hápunktur vetrarins hjá henni var heimsmeistaramótið í Åre í Svíþjóð í byrjun febrúar. Þar náði nú 26. sæti bæði í bruni og risa-svigi. Hún varð þrefaldur Íslandsmeistari og var kosin skíðakona ársins af SKÍ í sjöunda sinn. Hún var valin íþróttamaður Akureyrar í þriðja sinn og var valið tilkynnt í veglegri athöfn sem haldin var í Ketilhúsinu í janúar 2008.

Á síðustu misserum hefur orðið veruleg fjölgun á iðkendum hjá SKA. Þetta er sérlega áberandi í skíðagöngu og spilar þar saman öflugt frumkvöðlastarf og veruleg bæting á aðstöðu á síðustu árum. Skíðafélag Akureyrar er öflugasta skíðafélag landsins. Þrátt fyrir það er fjárhagsstaða félagsins slök. Ekki hefur tekist að láta tekjur mæta gjöldum. Þar kemur f.o.f. til veruleg kostnaðaraukning vegna launaskriðs og sú stað-

reynd að stjórn félagsins hefur tregðast við að hækka æfingagjöld til samræmis við kostnaðaraukingu. Einnig hefur gengið erfiðlega að fá fyrirtæki til að styrkja starfssemina svo um muni. Það er því sérstakt ánægjuefni að greina frá því að GLITNIR styrkir nú félagið með mjög myndarlegum hætti og stjórn félagsins horfir því bjartari augum til framtíðar.

F.h. stjórnar Skíðafélags Akureyrar,
Björn Gunnarsson.

Andrésar andar leikarnir 2006

Tekjur

Þátttökugjöld	1,920,000.00 kr.
Auglýsingatekjur	2,625,000.00 kr.

Samt.	4,545,000.00 kr.
-------	------------------

Gjöld

þ.e. kostnaður við mótahald

Prentunarkostnaður:

leikskrá, úrslitabók, viðurkenningar- skjöl, límmiðar, sundmiðar, nýjar andrésafígúrir	1,001,125.00 kr.
Íþróttarhöll, ljós, hljóðkerfi og fl. skemmtiatriði	307,000.00 kr. 70,000.00 kr.
verðlaun og merki	635,702.00 kr.
Andrésarandar búningar	151,998.00 kr.

Annað

Toppolinio og ferð til Noregs	450,000.00 kr.
Skíðasamband Íslands.	960,000.00 kr.
Styrkur til keppenda á ólympíuleika æskunnar	240,000.00 kr.
SKA	700,000.00 kr.
Kostnaður samt.	4,515,825.00 kr.

Mismunur tekjur og gjöld	29,175.00 kr.
--------------------------	---------------



Skriðganga á Andrés.



Flottur strákur.



SKA keppandi á Andrésar andar leikunum.



Fimleikafélag Akureyrar Ársskýrsla 2007

Fimleikafélags Akureyrar hefur verið að eflast og stækka mikið síðustu ár og umfang um allan rekstur félagsins orðin gífurlegur. Í dag höfum við yfir að ráða 32 tímum í íþróttahúsinu við Glerárskóla, iðkendur eru um 420 í 29 hópum talsins og þjálfarar eru 32 hjá félaginu. Starf félagsins er margþætt og fjölbreytt markmið gera það að verkum að sem flestir finna sér eitthvað við hæfi innan okkar vébanda. 4 til 5 ára hópar æfa einu sinni í viku á laugardögum, aðrir iðkendur eru að æfa á virkum dögum og er þeim skipt uppí F-I-M-A-K hópa, og fullorðnir sem æfa einu sinni í viku.

- Kostnaður við fimleikaæfingar er frá 11.000-50.000 þús. kr. hver önn og fer það eftir tímafjölda. Systkinaafsláttur er 25% og gefum við 3% staðgreiðsluafslátt.
- Stjórn FA hefur sinnt hefðbundnum stjórnarstörfum þetta starfsárið og fundað einu sinni í viku á starfstímanum.
- Á aðalfundi sl. vetur gengu úr stjórn Svanhildur Bragadóttir meðstjórnandi, og Katrín Melsted meðstjórnandi. Í stað þeirra tóku við Eva Reykjalín Elvarsdóttir, Sigrún Ingvadóttir og Guðný Andradóttir.
Stjórnin er þá þannig skipuð fram að aðalfundi:
Þórhildur Þórhallsdóttir formaður
Eva Reykjalín Elvarsdóttir gjaldkeri
Berglind Túliníus ritari
Andri Teitsson meðstjórnandi
Guðný Andradóttir meðstjórnandi
Sigrún Harpa Ingvadóttir meðstjórnandi
- Stofnað var formlega mótanefnd. Í henni sitja Andri Teitsson, Björk Óðinsdóttir, Florin Paun, Hólmfríður Jóhannsdóttir og Linda Björk Sigurðardóttir.
- Heimasíðan okkar nýttist foreldrum, þjálfurum og stjórn mjög vel og er okkur til sóma og hefur bætt allt upplýsingastreymi til allra sem vilja fylgjast með starfinu hjá FA.
- 20 maí. var lokasýning vorsýning í Íþróttahöllinni hjá félaginu og var húsfyllir á þá sýningu, eins og aðrar sýningar og mót hjá FA.
- Nokkur mót voru á vegum félagsins á árinu bæði innanfélagsmót þar sem keppt er í hópum og einstaklingskeppnum og Akureyrafjör sem er stærsta keppnin okkar og tekur undirbúningur þar langan tíma. Nokkur félagslið komu og heimsóttu okkur og skemmtu allir sér mjög vel. Stjórnin hefur haldið utan um svona mót ásamt þjálfurum og allir vinna sjálfböðavinnu með bros á vör. Á Akureyrafjöri voru 93 stúlkur sem kepptu og komu frá Ármanni, Björk og Fimak.
- Starfinu var haldið áfram hjá nokkrum hópum efti vorsýningu og var starfað fram í júní, og var það mjög gott innlegg í fimleikana. Það er stefna félagsins að halda úti sumarstarfi í fimleikunum á meðan Glerárskóli er opinn.
- FA statar af faglærðum þjálfurum, ólympíufara sem þjálfara og stelpum og stráku sem hafa lengi æft hjá félaginu og búin að fara á fjölda námskeiða.
- Að hausti ber stjórn ábyrgð á því að koma starfi félagsins af stað á nýjan leik, sú vinna hefst raunar á vormánuðum þegar allir þjálfarar eru kallaðir saman og farið er yfir iðkendur og reynt að skipuleggja gróflega í hópa fyrir næsta vetur. Heimtur hafa verið góðar að hausti og eru biðlistar alltaf í gangi hjá okkur og voru um áramót 60 börn á biðlista og komu margar nýskráningar í janúar.
- Húsnæðismál voru í miklum brennidepli þetta árið eins og áður. Í byrjun maí lá fyrir loforð um að byggt yrði yfir fimleikana við Giljaskóla og voru settar fram mjög flottar hugmyndir að því verki og skipaður um það vinnuhópur, og að við best vitum er það mál í góðum farvegi.
Florin yfirþjálfari okkar hefur verið verkefnaliðinu frá Akureyrbæ innan handar með teikningar á húsinu og vonumst við eftir að hann fái að fylgja málinu til enda, þar sem hann hefur gífurlega þekkingu á húsum sem þessum.
- Öllum bæjarfulltrúum á Akureyri ásamt fleirum var boðið í heimsókn í Glerárskóla til að líta á þá aðstöðu sem félagið hefur í dag, allir sammála um að það þurfi að gera hér bragarbót á.
- Heilbrigðiseftirlitið kom í heimsókn í vetur og setti útá þrengsli og lélegan aðbúnað fyrir krakkana í fimleikum.
- Jólasýning var haldin í desember og var hún með öðru sniði en vanalega og mættu foreldrar og tóku þátt í æfingum með börnunum gekk það vel fyrir sig og eins og á vorsýningu þá var fullt út úr dyrum.
- Þjálfara gallar voru afhentir á árinu.
- Vel hefur gengið að afla styrkja fyrir félagið og fengum við um 1.500.000 kr. frá hinum ýmsu fyrirtækjum. Fyrirtæki eru farin að hafa áhuga á að styrkja okkur og er það vel þegið.

- Fyrir styrktarfé var fjárfest í ýmsu nýtsömu fyrir félagið.
- FA hefur á árinu sent fréttatilkynningar í fjölmiðla Norðanlands og fengið ágæta umfjöllun þar.
- Þann 5. júlí lagði 20 manna hópur frá FA upp í sólarhringsferðalag til Austurríkis með það að markmiði að taka þátt í Gymnaestrada, heimsmóti fimleikafólks. 17 stúlkur úr elstu hópunum fóru ásamt tveim þjálfurum og einu foreldri. Stúlkurnar sem fóru voru á aldrinum 15 – 20 ára. Hópurinn var mjög samhentur í að vinna atriðin og hanna og sauma búninga. Atriðin voru svo sýnd þrisvar sinnum og gengu mjög vel. Allt var lagt undir til þess að atriðin nytu sín sem best og m.a. létu stelpurnar sig hafa það að sofa með rúllur í hárinu. Allt gekk upp og Akureyringarnir stóðu sig með sóma.
- Enn og aftur var reynt að stofna foreldrafélag og teljum við að nú sé það orðið að veruleika því í febrúar byrjuðum við að húa saman duglegu fólki til að sinna því starfi og hafa nú þegar verið haldnir nokkrir fundi. Markmið foreldrafélags er að aðstoða við starfið á ýmsan hátt.
- Þjálfarafundir hafa verið því sem næst einu sinni í mánuði það sem af er þessum vetri. Markmiðið er að þeir verði einu sinni í mánuði hið minnsta. Mun stjórn einnig veita þjálfurum allan þann stuðning sem mögulegt er að veita á þeim tíma sem starfað er.
- Florin Paun er nú titlaður yfirþjálfari hjá félaginu og viljum við í stjórn beina því til allara að ef uppi eru einhver álitamál með þjálfun að snúa sér til hans með það sem bjatar á. Ef hann metur það sem svo þá leitar hann til stjórnar.
- Skrifstofa félagsins hefur verið opin einn til tvo daga í viku. FA réði starfsmann á skrifstofuna en eins og staðan er ræður félagið ekki við þann rekstur og hafa stjórnarmeðlimir verið að skipta með sér dögum þar. Það er ósk okkar að í náinni framtíð gætum við ráðið starfsmann í framkvæmdastjórustarf í hlutastarf, það er virkilega þarft í svona stóru félagi. Á skrifstofunni er seldur varningur s.s fimleikabolir, tátíljur og fleira.
- FA stendur ekki fyrir skipulagði fjáröflun en oftast eru nú fengnir styrkir í formi matar þegar farið er í ferðir eða á mótum.
- Íþróttamenn Akureyrar á vegum FA voru kjörnir Rúnar Unnsteinsson, Haukur Svansson og Evíta Alice Möller.
- Farið var á nokkur mót á vegum FA og gengu þau vel og mikil upplifun fyrir okkar krakka að koma inní fimleikahús eins og mörg félög í Reykjavík státa af.
- Nú slæ ég botninn í þennan pistil en stiklað hefur verið á stóru frá atburðum félagsins.

*Þórhildur Þórhallsdóttir
Formaður FA*



Sundfélagið Óðinn Akureyri *Ársskýrsla 2006*

Aðalfundur Sundfélagsins Óðins var haldinn í kaffiteríu Íþróttahallarinnar á Akureyri 3. apríl 2006.

Ný stjórn var kjörin á fundinum, hana skipa:

Ásta Birgisdóttir	formaður
Ólína Freysteinsdóttir	varaformaður
Halldór Arinbjarnarson	gjaldkeri
Unnur Kristjánsdóttir	ritari
Ólöf Magnúsdóttir	meðstjórnandi
Ágústa Kristjánsdóttir	meðstjórnandi
Stefán Hallgrímsson	meðstjórnandi

Árið 2006 var viðburðarríkt ár í sögu félagsins. Haldnir voru yfir 20 stjórnarfundir fyrir utan þá fjölmörgu fjarfundi sem áttu sér stað með póstsendingum eða símtölum, auk þess voru formannafundir ÍBA og súpu fundir Þórs vel sóttir. Sundþing SSÍ og ýmis námskeið á vegum Sundsambandsins voru einnig vel sótt en þar voru haldin t.d. stjórnunarnámskeið og fararstjórnarnámskeið auk hefðbundina þjálfarnámskeiða sem stjórnarmenn og þjálfarar voru duglegir að sækja. Það er ljóst að stækkun félagsins, sem telur nú um 230 iðkendur, veldur því að stjórn og rekstur verður stöðugt viðameiri og töluvert hefur verið rætt um að ráða framkvæmdarstjóra í 50% launað starf.

Á árinu störfuðu eftirtaldir þjálfarar hjá félaginu:

Vladislav Manikhin yfirþjálfari	Afrekshóps og Úrvalshóps, Akureyrarlaug
Karen Malmquist	Aðstoðarþjálfari Afrekshóps, Akureyrarlaug
Dýrleif Skjöldal	Krossfiskar, Höfrungar, Gullfiskar, Sæhestar og Skjaldbökur, Glerárlaug
Jóhanna Jessen	Krossfiskar, Glerárlaug
Jón H. Jónsson	Krókódílar
Halldór S. Guðbergsson	Krókódílar
Gunnar Eiríksson	Garpar
Unnur Kristjánsdóttir	Sæhestar, Akureyrarlaug
Sigfríð Einarssdóttir	Gullfiskar, Akureyrarlaug
Svetlana Manikhina	landæfingar
Sævar og Steinar Logi Rúnars og Dillu synir voru til aðstoðar í laug ásamt Hafdísí Sigurðardóttur, Sigrúnu Benediktsdóttur og Svavari Skúla Stefánssyni.	

Vikulegar æfingar

Iðkendum félagsins er skipt í 17 hópa. Í Akureyrarlaug æfa 7 hópar, þau eldri í útilauginni og þau yngri í innilauginni. Í Glerárlaug æfa 7 hópar.

Afrekshópur	syndir 6-8x í viku 2 tíma í senn og er í þreki 2x í viku
Úrvalshópur	syndir 5-6x í viku 1.5 tíma í senn og er í þreki 2x í viku
Framtíðarhópur	syndir 4x í viku 1 tíma í senn og þreki 2x í viku
Krókódílar	synda 3x í viku 1.5 tíma í senn
Höfrungar	synda 3x í viku
Gullfiskar, Sæhestar, Skjaldbökur og Krossfiskar	synda 2x í viku
Garpar	synda 3x í viku

Að auki eru æfingabúðir og sérverkefni landsliðshópa.

Á árinu 2006 átti Sundfélagið Óðinn 11 sundmenn í hinum ýmsu landsliðsverkefnum SSÍ

Unglingalandslið:

Arnór Ingi Hansen
Stefán Hannibal Hafberg
Svavar Skúli Stefánsson
Þórir Gunnar Valgeirsson
Sindri Þór Jakobsson
Tómas Leó Halldórsson

Aldursflokkahópar 1 og 2:

Bryndís Rún Hansen
Erla Hrönn Unnsteinsdóttir
Freysteinn Viðar Viðarsson
Elín Erla Káradóttir
Halldóra Sigríður Halldórsdóttir



Unglingalandslið SSÍ í Lúx.

Á móti í Lúxemborg í apríl áttum við þrjá sundmenn þá Sindra Þór, Arnór Inga og Þórir Gunnar. Þar kepptu einnig þeir Svavar Skúli Stefánsson frá SH og Stefán Hannibal Hafberg frá Vestra sem seinna á árinu fluttust til okkar en var það góð viðbót við okkar unga og efnilega lið. Þá fór Karen Malmquist sem aðstoðar þjálfari hópsins.

Bryndís Rún og Tómas Leó skelltu sér til Malmö í Svíþjóð þar sem kepptu fyrir Íslandshönd á Norðurlanda móti æskunnar. Allir þessi krakkar skiluðu sínum sundum vel og voru félaginu til sóma.



Bryndís og Tómas.

Evrópuleikar Special Olympics

Vilhjálmur Konráð Ísleifsson og Sigrún Ísleifsdóttir frá Sundfélaginu Óðni á Akureyri fóru til keppni á Evrópuleikum ungmenna Special Olympics í Róm á Ítalíu á haustdögum.

Skemmst er frá því að segja að bæði stóðu þau sig mjög vel.

Iðkendum Óðins með skilgreinda fötlun fer ört fjölgandi og eru þessir krakkar mikil fyrirmynd félagsins.

Garpar

Karen Malmquist þjálfari fór til Danmerkur þar sem hún keppti á Norðurlandameistaramóti garpa. Karen náði sér í einn Norðurlandameistaratitil, setti tvö Íslandsmet, í 400m skriðsundi og 200m fjórsundi, þá fékk hún einnig 5 silfur. Góður árangur þar á ferð.

Óðinn fékk hvatningarbikar SSÍ

Á uppskeru hátíð SSÍ í nóvember fékk Óðinn Hvatningarbikar Sundsambands Íslands fyrir frábært uppbyggingarstarf á árinu 2006. Það er mikil viðurkenning sem félagið fékk með þessum bikar og sannar enn og aftur að gott starf er unnið í Óðni svo eftir er tekið.



Hér eru Krókódílar og Krossfiskar í góðum félagskap með Jónsa í svörtum fötum á Akureyrarflugvelli á leið í sömu vél til Reykjavíkur.

Árs- og uppskeruhátíð

Árs- og uppskeruhátíð félagsins fyrir árið 2006 var haldin í sal Brekkuskóla 10. mars 2007.

Sundfélagið Óðinn valdi Tómas Leó Halldórsson sundmann ársins. Tómas Leó er ein efnilegasti sundmaður félagsins og vel að titlinum komin ávalt til fyrirmyndar í laug og á landi.

Stigahæsta konan varð Sigrún Benediktsdóttir þegar hún synti 400 m fjórsund á ÍM 25.

Stigahæsti karlinn varð Svavar Skúli Stefánsson þegar hann synti 1500 m skriðsund á ÍM 25.

Aðrir viðburðir félagsins

Félagið hélt fjölmörg innanfélagsmót s.s. Gullmót, Páskamót, Langsundsmót, Fjórsundsmót, Vormót og Desembermót einnig voru sundsýningar – foreldrasýningar þar sem foreldrum gefst kostur á að sjá. Einnig er Óðinn með sundnámskeið fyrir fullorðna sem hafa slegið í gegn.

Fjáraflanir

Hefðbundnar fjáraflanir voru á árinu s.s. kökulottó, kaffisala, sólarhringssund o.fl. Þokkalegar viðtökur hafa verið við auglýsingaskiltum á sundlaugarbakknum við Akureyrarlaug en betur má ef duga skal. Sundfélagar hafa einnig skilað

inn í Endurvinnsluna, umbúðum af drykkjarvörum og látið skrá það á félagið. Hvað varðar þá finu fjáröflun og hópefli að steikja kleinur er því miður dottið uppfyrir þar sem ekki hefur fengist inni í kennslueldhúsum grunskólanna til verkfnisins.

Fjárhagur

Félagið er vel státt fjárhagslega þó nokkur halli hafi verið á síðasta ári sem skýrist af auknum launakostnaði þjálfara og kaupum á fatnaði sem á eftir að selja aftur. Það segir sig sjálft að með auknum fjölda keppenda á sundmótum og betri árangri þá hefur kostnaður félagsins vegna keppnisferða stóráukist. Það er eins með Sundfélagið Óðinn og önnur félög utan af landi að allar tekjur af fjáröflunum fara í að sækja mót á suðvesturhorninu í stað þess að geta nýtt þær í uppbyggingu starfsins.

Þrátt fyrir þau fjölmörgu ferðalög sem farin eru innanlands er það stefna stjórnar að farið verði með elstu iðkendumna í æfingaferð til útlanda annað hvert ár.

Ferðakostnaður síðasta árs var um þrjár milljónir króna. Með fjáröflunum er hægt að greiða þann kostnað nokkuð niður en verulegur kostnaður lendir einnig á foreldrum. Það er nokkuð ljóst að félagið þarf á auknu fjármagni að halda til að bæta starfið enn frekar og best af öllu væri að koma á stóru félagsmóti ár hvert sem gæfi félaginu tekjur því Óðinn fær ekki AMÍ á hverju ári.

50 metra Sundlaug á Akureyri

Árið 2006 var mikið baráttuár hjá félaginu þar sem tekist var á um fyrirhugaðar framkvæmdir á lóð sundlaugar Akureyrar. Skiptar skoðanir voru á afskiptum félagsins af fyrirhugaðri byggingu 2000m líkamsræktarstöðvar á lóðinni en stjórn félagsins taldi það bæði skerða frekari uppbyggingu félagsins á svæðinu sem og rýra það svæði sem félagið hefur nú þegar til afnota hvað varðar mótahald. Farið var í undirskriftarsöfnun málstaðnum til stuðnings og söfnuðust rétt rúmlega 1400 undirskriftir einstaklinga og eru það ein mestu mótmæli gegn skipulagi bæjarins til þessa.

Í athugasemdum frá stjórn Sundfélagsins Óðins sagði meðal annars: „Að mati stjórnar Óðins er ótrúleg skamm-sýni fólgin í að heimila breytingu á hluta svæðisins með þessum hætti og í bókstaflegri merkingu girða með því fyrir framtíðar uppbyggingu sundlaugarmannvirkja í tengslum við Sundlaug Akureyrar og Íþróttahöllina.“ „Krafa okkar er að tillagan að breyttu deiliskipulagi á umræddri lóð verði dregin til baka og nýting svæðisins í heild skoðuð í samráði við íþróttaráð, skólanefnd, íþróttafélög og aðra þá sem eiga hagsmuni að gæta varðandi aðgengi og uppbyggingu á þessari sameiginlegu stofnanalóð Sundlaugar Akureyrar, Íþróttahallarinnar, Íþróttahússins við Laugargötu og Brekkuskóla.“

Ekkert miðaðist í viðræðum við bæjaryfirvöld um byggingu 50m laugar á Akureyri. Plássleysi er þegar farið að standa félaginu verulega fyrir þrífum hvað varða þjálfun elstu iðkendanna bæði í Afreksþjálfun og hjá þeim ungl-ingum sem stunda vilja holla og góða hreyfingu í góðum félagsskap.

Ekki hefur en verið gerður viðaukasamningur varðandi rekstrarsamning þann er félagið undirritaði við bæinn í janúar 2005 og hefur það ekki strandað á Óðni. Ekki er auðvelt að ná fram þeim tímafjölda í sundlaugum bæjarins sem félagið þarfnast til að standa undir auknum fjölda iðkenda og umsvifum félagsins undanfarin ár.

Það hefur ávalt verið mikið baráttu mál hjá okkar unga en efnilega liði að halda í unglingana sem komnir eru á framhaldsskólaaldurinn. En aðstaðan sem félaginu er búin til Afreksþjálfunar er ekki til staðar og reynist því róðurinn erfiður.

Plássleysið í eldri hópum hefur einnig keðjuverkandi áhrif í þá veru að ekki er hægt að færa börn upp um hóp á því mæli sem æskilegt væri, sem aftur veldur plássleysi og biðröðum í yngstu hópanna. Það er sannarlega sorglegt að vera með biðlista af börnum sem vilja æfa sund hjá okkur þegar aðstaðan til þess er í raun til staðar.

Fyrirmyndarfélag

Í nóvember afhenti Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ félaginu viðurkenningu þess efnis að það uppfyllti öll skilyrði fyrirmyndarfélags. Óðinn hefur lengi unnið eftir þeirri stefnu og þeim kröfum sem gerðar eru varðandi viðurkenninguna og vonar sannalega að það geti haldið því áfram. Að fá slíka viðurkenningu er ekki einungis gerð krafa á að félagið standi sig gangvart félagsmönnum sínum heldur verður bæjarfélagið að gera félaginu kleift að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til þess.

Heimasíða

Heimasíða Óðins www.odinn.is er fréttar- og upplýsingamiðill félagsins þar er m.a. að finna upplýsingar um stjórn, þjálfara, nefndir, tímátöflu, metaskrá og Garpa svo eitthvað sé nefnt. Allar fréttir um starfið hverju sinni s.s. mót og aðrar upptakomur eru þar aðgengilegar og ekki má gleyma öllum þeim myndum sem teknar hafa verið sem gaman er að skoða aftur og aftur. Félagið tekur hér á eftir formlega í notkun nýja heimasíðu sem auðvelda mun vinnu við viðhald og uppfærslu efnis og gera þannig odinn.is að enn öflugri upplýsingamiðli.

Starfið framundan

Starfið það sem af er árinu 2007 hefur farið með krafti sem sannarlega gefur tilefni til bjartsýni. Við höfum tekið þátt í ýmsum mótum og ný afrek unnist. Næstu vikur eru mikilvæg mót á dagskrá sem ná hámarki í lok júní þegar við í Óðni höldum AMÍ hér á Akureyri. Undirbúningsnefnd vegna mótsins hefur þegar tekið til starfa. Þeir sem komið hafa að AMÍ vita þvílík hátíð það er fyrir sundfólk og má e.t.v. líkja stemningunni við Andrésarleikanna á skíðum. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur, bæði fjárhagslega og félagslega, að vel takist til. Því þurfa allir að leggjast á eitt og skora ég á foreldra allra barna í Óðni að svara kalli um vinnu við AMÍ, því margar hendur vinna létt verk. Ég veit að ég tala fyrir munn allra sem starfað hafa við AMÍ að þetta er eitt það skemmtilegasta sem maður gerir. Þarna kynnast foreldrar innbyrðis og félagsandinn eflist. Þótt börn ykkar sé ekki komin með aldur til að keppa á AMÍ þá mun sá tími koma. Sameinumst um að gera AMÍ 2007 á Akureyri það flottasta frá upphafi.

Eins og ég kom að í upphafi máls míns þá hefur stjórn nokkuð rætt þann möguleika að ráða framkvæmdastjóra í hlutastarf. Að vel athuguðu máli urðum við ásaðtt um að leggja það ekki til að svo komnu máli. Ljóst er m.a. að afkoma síðasta árs gefur okkur ekki svigrúm til aukinna fjárútláta. Þess í stað viljum við freista þess að dreifa starfinu betur innan stjórnar og einnig fá fleira fólk til að taka að sér hluta þeirrar vinnu við rekstur félagsins sem nú hvílir öll á stjórninni. Virk fjáröflunarnefnd, móta- eða framkvæmdanefnd og foreldraráð er meðal þess sem við sjáum fyrir okkur. En þetta veltur vissulega einnig á því að við í stjórninni berum gæfu til að virkja fólk og dreifa verkefnum.

Ágústa Kristjánsdóttir hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér í stjórn á komandi starfsári og er henni þökkúð vel unnin störf fyrir félagið.

Að lokum þakkar stjórn Óðins öllum sem komu að starfi Sundfélagsins á einhvern hátt á árinu 2006 fyrir aðstoðina. Þátttaka og stuðningur frá foreldrum skiptir félagið mjög miklu máli. Frábært starf á árinu 2006 hefur skilað sér í bættum árangri sundfólks og félagsins. Foreldrar eru hvattir til að taka áfram vel í þegar stjórnin kallar til fólk í sérverkefni því margar hendur vinna létt verk.

Akureyri 13. apríl 2007,
Sundfélagið Óðinn,
Ásta Birgisdóttir,
formaður.



Sundfélagið Óðinn Akureyri Ársskýrsla 2007

Aðalfundur Sundfélagsins Óðins var haldinn í kaffiteríu Íþróttahallarinnar á Akureyri 5. apríl 2007. Ný stjórn var kjörin á fundinum, hana skipa:

Ásta Birgisdóttir	formaður
Ólína Freysteinsdóttir	varaformaður
Halldór Arinbjarnarson	gjaldkeri
Unnur Kristjánsdóttir	ritari
Ólöf Magnúsdóttir	meðstjórnandi
Stefán Hallgrímsson	meðstjórnandi
Ragnheiður Júlíusdóttir	meðstjórnandi

Þegar lítið er á árið 2007 má sjá að uppbygging undanfarinna ára er að skila okkur einu besta ári í sögu félagsins hvað varðar fjölda iðkennda, árangur og met. Þegar sundmenn Óðins stinga sér til sunds til keppi eru Akureyrarmet iðulega margbætt, fjöldi metanna er svo mikill eftir hvert mót að það hefur frekar en ekki verið dregið úr upptalningu í fjölmiðlum svo metin virðist ekki auðslegin. Það er mikil vinna sem liggur að baki uppbyggingu félags eins og Óðins og viljum við hér með koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem tekið hafa þátt í uppbyggingu félagsins undanfarin ár og þá sérstakar þakkir til Dýrleifar Skjöldal og Karenar Malmquist sem þjálfað hafa hjá félaginu í 10 ár og komið að starfinu í enn fleiri. Einnig eru mót eru ekki haldin án þess að Gunnar Viðar Eiríksson yfirdómari sjái um að allt fari nú eftir reglum og kunnum við þessu fólki miklar þakkir fyrir, að öðrum velunnurum ólöstuðum.

Á árinu 2007 átti Sundfélagið Óðinn 10 sundmenn í landsliðsverkefnum SSÍ

Unglingalandslið:

Bryndís Rún Hansen
Erla Hrönn Unnsteinsdóttir
Stefán Hannibal Hafberg
Sindri Þór Jakobsson

Aldursflokkahópar 1 og 2:

Elin Erla Káradóttir
Freysteinn Viðar Viðarsson
Halldóra Sigríður Halldórsdóttir
Karen Konráðsdóttir
Hildur Þ Ármansdóttir
Oddur V. Malmquist



Halldóra, Bryndís, Erla og Elin.

Keppt fyrir Íslands hönd

Mót í Lúxemborg, Sindri Þór og Stefán Hannibal.

Ólympíuhátíð evrópuæskunnar

Mót í Serbíu, Bryndís Rún og Sindri Þór.

Evrópuleikar Special Olympics

Mót í Shanghai, Guðný Halla.

Norðurlandameistaramót unglinga

Mót í Færeyjum, Bryndís Rún Hansen og Sindri Þór.



Svavar, Magnús, Hannibal og Tómas.

Íslandsmet

Það var komin tími á að Óðinn ætti fleiri Íslandsmethafa en fram að þessu var það Þórir Gunnar úr Óðni sem á Íslandsmet í sem hann setti í 50m baksundi sveina 2003. Á árinu 2007 bættust við met í 200 metra flugsundi pílta sem Sindri Þór

bætti, og þá voru það Bryndís Rún, Erla Hrönn, Elín Erla, Halldóra Sigríður og Hildur Þórbjörg sem gerðu sér lítið fyrir og settu met í 4x50m skriðsundi telpna og stúlkna, 4x100m skriðsundi telpna og 4x50m fjórsundi.

Garpar

Karen Malmquist þjálfari fór til Svíþjóðar þar sem hún keppti á Norðurlandameistaramóti garpa. Karen náði sér í tvo Norðurlandameistaratitla, setti eitt Íslandsmet, í 200m baksundi, þá fékk hún einnig 3 silfur. Góður árangur þar á ferð.

Krossfiskar og Krókódílar

Hjá Óðni æfa nú um 22 börn með skilgreinda fötlun. Þessir krakkar eru stolt okkar í Óðni og hefur verið ákaflega gaman að fylgjast með þeim þroskast sem einstaklingar og sundmenn. Við eru sannfærð um að með sundinu eru þau enn frekar tilbúin út í lífið með aukið sjálfsstraust. Á nýársmóti fatlaðra í byrjun janúar 2008 átt Óðinn flesta keppendur og eigum við nú tvo sundmenn sem unnið hafa sér þátttökurétt með unglingalandsliði FÍ á nýju ári, það eru þeir Vilhjálmur Ísleifsson og Jón Gunnar Halldórsson og verður gaman að fylgjast með þeim sem og öðrum sundmönnum í þessum hópum í framtíðinni.

Viðburðir félagsins

Félagið hélt fjölmörg innanfélagsmót s.s. Gullmót, Páskamót, Langsundsmót, Fjórsundsmót, Vormót og Desembermót einnig voru sundsýningar – foreldrasýningar. Einnig er Óðinn með sundnámskeið fyrir fullorðna sem hafa slegið í gegn.

Haustið 2007 héldum við okkar fyrsta Sprengisundmót og fengum til okkar lið frá ÍA, ÍRB, Völsung og Rán. Við vonumst til að geta fest þetta mót í sessi svo hefð skapist hjá félögum af öllu landinu að heimsækja okkur norður.

Árs- og uppskeruhátíð

Árs- og uppskeruhátíð félagsins fyrir árið 2007 var haldin í sal Brekkuskóla 13. febrúar 2008.

Sundfélagið Óðinn valdi Bryndísi Rún Hansen sundmann ársins. Bryndís hefur æft sund hjá félaginu frá fimm ára aldri. Hér er ung og efnileg sundkona á ferð sem gaman verður að fylgjast með í framtíðinni og hún er vel að titlinum komin.

Stigahæsta konan Bryndís Rún Hansen.
Stigahæsti karlinn Sindri Þór Jakobsson.
Mesta bæting kvenna, Karen Konráðsdóttir
Mesta bæting karla, Arnór Ingi Hansen.

Stigahæsta sund kvenna – fatlaðir Kristín Jónsdóttir.
Stigahæsta sund karla – fatlaðir Vilhjálmur Konráð Ísleifsson.



Sindri, Bryndís, Villi og Kristín.

Fjárafilanir

Hefðbundnar fjárafilanir voru á árinu. Þökkalegar viðtökur hafa verið við auglýsingaskiltum á sundlaugarbakkanum við Akureyrarlaug en betur má ef duga skal. Sundfélagar hafa einnig skilað inn í Endurvinnsluna, umbúðum af drykkjarvörum og látið skrá það á félagið. Ekki hefur enn tekist að endurvekja fjáröflunina og hópeflið að steikja kleinur þar sem ekki hefur fengist inni í kennslueldhúsum grunnskólanna til verkefnisins. Sundmenn hafa einnig verið að selja WC pappír sem gengur nokkuð vel. Nokkrar fjárafilanir á ári eru persónubundnar en aðrar sameiginlegar. Í sameiginlegum fjáröflunum er ekki einungis verið að safna fé vegna keppnisferða heldur til reksturs félagsins. Fjáröflunarnefnd félagsins hefur unnið gott starf á starfsárinu og tekið að sér verkefni sem áður voru á herðum stjórnar.

Rekstur félagsins

Það er alltaf kostnaður við rekstur félags þó stjórn vinni allt sitt starf í sjálfsboðavinnu.

Námskeið á vegum SSÍ og ÍSÍ eru sótt á hverju ári hvort heldur er þjálfaranámskeið, stjórnunarnámskeið, fararstjórnarnámskeið eða annað sem er í boði. auk kostnaðar við að halda úti heimasíðu, skrifstofukostnaður, leiga á sal vegna viðburða félagsins, kostnaður vegna viðurkenninga o.s.frv.

Fjárhagur

Félagið er ágætlega státt fjárhagslega þó nokkur halli hafi verið á síðasta ári sem skýrist af auknum umsvifum í launum og rekstri. Það verður fróðlegt að sjá hvernig ferðajöfnunarsjóður Ríkisins kemur út þegar til úthlutunar kemur í fyrsta skipti nú í ár því mikill kostnaður leggst á heimili íbóttafólks af landsbyggðinni. Ég mundi vilja sjá þann kostnað sem til fellur við íbóttaiðkun væri frádráttarbær frá skatti að einhverju leyti.

Áfram er það stefna stjórnar Óðins að farið verði með elstu iðkendurnar í um tveggja vikna æfingaferð til útlanda annað hvert ár. Einnig hefur það töluvert verið rætt að bjóða afreksmönnum félagsins árlega upp á að fara í styttri ferð á vegum til útlanda að keppa til að búa þau enn frekar undir þau verkefni sem þau eiga möguleika á í landsliðsverkefnum SSÍ.



Stefnán Árni og Bryndis Bolladóttir.

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Óðinn hlaut nafngiftina fyrirmyndarfélag í nóvember 2006. Vel hefur gengið að vinna eftir þeirri handbók. Það sem hins vegar hefur valdið stjórn Óðins hvað mestu hugarangi er það plássleysi sem við glímum við í laugum bæjarins. Félaginu ber að hafa æfingar fyrir alla hvort sem það á við um þann lífstíl sem afreksþjálfun krefst eða að sundið sé stundað sem líkamsrækt. Hvoru tveggja er mikilvægt en við megum ekki gleyma okkur um of í meðalmennskunni og að allir séu jafnir. Það er komin tími til að sá fjöldi afreksmanna sem Óðinn á fá að njóta sín og fá sérstakar æfingar og verkefni á vegum félagsins við hæfi. Að stokka upp í hópi elstu sundmanna þar sem áherslur eru misjafnar er ekki auðvelt. Breytt hópafyrirkomulag hjá sundmönnum

verður því miður ekki gert án þess að upp komi athugasemdir og er því nauðsýnlegt að sundmaðurinn sé ávalt meðvit-aður um íþróttina og geri upp við sig hvert skal stefna.

Uppskeruhátíð SSÍ

Á uppskeruhátíð SSÍ sem haldin var á Brodway í nóvember var Vladislav kosin unglingaþjálfari ársins. Það er mikil heiður að vera valin besti unglingaþjálfarinn 2007 og sýnir en frekar hversu góður þjálfari hann er svo eftir er tekið.

Heimasíða

Heimasíða Óðins www.odinn.is er fréttar- og upplýsingamiðill félagsins þar er m.a. að finna upplýsingar um stjórn, þjálfara, nefndir, tímatöflu, metaskrá og Garpa svo eitthvað sé nefnt. Allar fréttir um starfið hverju sinni, s.s. mót og aðrar upptökur, eru þar aðgengilegar og ekki má gleyma öllum þeim myndum sem teknar hafa verið á mótum eða viðburðum sem gaman er að skoða aftur og aftur.

Starfið framundan



Dæmigerð mynd frá sundmóti í Akureyrarlaug að vetri. Einar og Ásdís dóttir hans.

Fyrir utan hefðbundna uppbyggingu og utenumhald er það æfingaaðstaðan sem fer að standa Óðni fyrir þrifum. Félagið er löngu búið að sprengja utan af sér það pláss og þann æfingartíma sem það hefur yfir að ráða. Frá því að nýja innisundlaugin í Laugardalnum í Reykjavík var tekin í notkun í upphafi árs 2005 hafa önnur bæjarfélög tekið við sér og eru að stórbæta æfinga-, keppnis- og kennsluáðstöðu sína í sundi. Það er einlæg ósk stjórnar Óðins að stofnuð verði fagleg nefnd sem allra fyrst til að fara yfir hvar bæjarbúar geta hugsað sér að byggð verði æfinga- og kennslulaug sem Akureyringar væru stoltir af um ókomin ár. Sundsamband Íslands hefur þegar skipað mannvirkjanefnd sem heldur utan um þær framkvæmdir sem önnur bæjarfélög hafa ráðist í og er ávallt hægt að óska efir samvinnu nefndarinnar af hálfu bæjarins og félagsins.

Framkvæmdarstjóri

Daglegur rekstur og umfang Óðins er orðið það viðamikill að stjórnin lítur svo á að ekki verði hjá komist að ráða framkvæmdarstjóra í 50% starf með haustinu 2008. ÍBA hefur þegar verið sent bréf þar sem óskað er eftir Akureyrarbær styrki félagið um laun framkvæmdarstjóra. Ef Akureyrarbær hefur ekki tök á að aðstoða félagið liggur ljóst fyrir að hækkun æfingagjalda tekur mið af þeim breytigum sem fylgja í kjölfarið.

Stjórn Óðins þakkar öllum þeim sem komu að starfi Sundfélagsins á einhvern hátt á árið 2007 fyrir samvinnuna. Þátttaka og stuðningur frá foreldrum og velunnurum skiptir félagið mjög öllu máli.

Akureyri 13. mars 2008,
Sundfélagið Óðinn,
Ásta Birgisdóttir,
formaður.



Nökkvi félag siglingamanna Ársskýrsla 2006

Í byrjun árs var gengið frá kaupum klúbbsins á Paradís, 25 feta Hunter Delta seglbáti í ágætis standi af félaga okkar Heiðari Jóhannssyni. Því miður lést Heiðar síðar á árinu og við minnumst látins félaga með mikilli virðingu, enda fáir jafn duglegir við að sigla síðustu 2 árin eins og hann. (Læt félaga standa á fætur stutta stund). Styrkur fékkst frá Íþróttasjóði Ríkisins til þessara kaupa ásamt öðrum styrk til kaupa á nýjum tveggjamanna kenum, Topper Topas og verð ég að segja að án þessara styrkja veit ég ekki hvort nokkuð af þessu hefði verið framkvæmanlegt. Sameiginlegt innkaupsverkefni flestra siglingaklúbba landsins á nýjum bátum hafði farið af stað síðla árs 2005 og leiddi til innkaupa á 18 tveggjamanna kenum sem komu til landsins í byrjun maí 2006. Norður til Akureyrar komu 2 bátar. Styrkur fékkst einnig í byrjun ársins frá ÍTA til endurbóta á búnaði klúbbsins sem er orðinn talsvert úr sér genginn og kom það sér ákaflega vel. Aðalfundur var haldinn í mars og voru kosnir í stjórn, Rúnar Þór Björnsson formaður, Hörður Finnbogason, Jón Magnússon, María Ólafsdóttir Greno og Herdís Jónsdóttir. Undirbúningur undir sumarið er alltaf fyrstu verk stjórnar og Hörður tók að sér að vera starfsmaður enn eitt árið og hóf störf í lok maí. Æfingahópurinn var kallaður saman snemma og hófust siglingar fyrr en venjulega og fórum við með hóp á opnunarmótið í Hafnarfirði. Samið var við Vélasöluna í Reykjavík að taka mótorinn af Verðinum upp í nýjan mótor enda höfðum við verið í endalausum vandræðum sl ár vegna bilana og fengum við nýjan og öflugari mótor í byrjun sumars.

Námskeiðin hófust hjá Nökkva í júní og var aðsóknin alveg frá byrjun mjög góð og var svoleiðis allt sumarið. Æfingabúðir voru í Hrísey á vegum Nökkva og SÍL með stuðningi norðlenskra fyrirtæja og heppnuðust frábærlega vel og enduðum við á stóru siglingamóti, Avionmótinu svokallaða. Fengum góða umfjöllun á báðum sjónvarpsstöðvum og er það í fyrsta skipti sl ár sem siglingar hafa fengið svona góða umfjöllun. Nökkvi, með styrk frá SÍL, stóð fyrir viku námskeiðahaldi í siglingum á Ólafsfirði, Dalvík og Húsavík, ásamt því að vera með kynningar í Hrísey, Kópaskeri og Raufarhöfn og voru hátt í 100 börn sem fengu að kynna siglingasportinu þetta sumarið og nú þegar eru fyrirhuguð námskeið á fleiri stöðum og jafnvel stofnun nýrra klúbba í farvatninu. Stjórn Nökkva ákvað á árinu að aðskilja fullorðinstarfið frá barna og unglingastarfinu og var Jón Magg settur formaður Kjölbatadeildar sem hefur sinn eigin fjárhag og sjálfstæði, námskeið voru haldin og góður styrkur fékkst frá Landsbankanum til deildarinnar en hugmyndir eru um að fjárfesta í nýjum seglum á Paradís. Íslandsmótið var haldið í Kópavogi í ágúst og er skemmst frá því að segja að siglingamenn frá Nökkva fengu flest verðlaunin á mótinu og voru lang fjölmennastir þáttakenda.

Í september fóru Rúnar og Hörður til Englands með nokkra siglara á Laseræfingabúðir í Weymouth í suður Englandi þar sem Olympiuleikarnir verða haldnir 2012 og vonandi verður hægt að fara þangað með bestu siglarana okkar á hverju ári og hver veit nema einhver af þessum drengjum verði þáttakandi í Weymouth 2012. Í lok október fóru optimistsiglarar til Svíþjóðar ásamt Haffa á æfingabúðir með bestu siglurum frá öllum norðurlöndunum og heppnaðist ferðin mjög vel. Birta Gunnarsson (Ólafsdóttir), systir Bjarka, kom frá Bandaríkjunum til að vera með en hún var einnig með á Íslandsmótinu þar sem hún keppti sem gestur undir merkjum Nökkva og í sumar mun hún keppa ásamt Akureyringunum, Valgeiri, Birni Heiðari og Gauta, ásamt öðrum á smáþjóðaleikunum í Mónarco. Mikil og góð starfsemi og miklar fjárfestingar klúbbsins sl ár sýna að klúbburinn hefur hörku meðbyr og nýtur meiri stuðnings bæjarinnar en nokkru sinni áður. Áfram er unnið með hugmyndirnar um nýja aðstöðu og vonandi verður hafist handa við framkvæmdir í ár, þótt ekki væri nema hluta af svæðinu.

Ég vil enn og aftur koma því á framfæri við félaga að ef við erum dugleg, hvert og eitt okkar við að efla klúbbinn okkar, koma nýjum siglurum á flot og sýnum mikla og góða starfsemi, þá verður mikið auðveldara að byggja upp draumaaðstöðu fyrir siglingamenn við Eyjafjörð og jafnvel koma á fót siglingaakademíu Íslands hér í bænum.

Akureyri 15. mars 2007,
Rúnar Þór Björnsson, formaður Nökkva.



Nökkvi félag siglingamanna Ársskýrsla 2007

Árið 2007 var eitt af stóru árunum í sögu Nökkva, ekki aðeins erum við lang fjölmennasti klúbbur landsins þegar kemur að siglingum barna og unglinga, heldur er árangur siglingamanna okkar einstakur. Á íslandsmóttinu sem haldið var á Akureyri í ágúst átti Nökkvi alla íslandsmeistara í öllum flokkum og flesta verðlaunahafa, frábær árangur og svo var siglingamaður Íslands valinn Valgeir Torgason einnig úr Nökkva.

Annars var árið eitthvað á þessa leið: Æfingar í líkamsræktinni Bjargi eru orðin fastur liður yfir vetrarmánuðina og stóðu fram á vor. Aðalfundurinn var haldinn í lok febrúar og var stjórnin endurkjörin, Hörður Finnbogason, Herdís Jónsdóttir, María Grenó, Jón Magnússon og Rúnar Þór Björnsson formaður. Siglingaæfingar hófust mjög snemma vegna smáþjóðaleikana sem fram fóru í Monaco í byrjun júní og var Hörður þjálfari Nökkva, útnefndur landsliðsþjálfari. Hann kallaði strákana saman á æfingar í endaðan apríl og svo voru einar sameiginlegar æfingabúðir með í þáttakendum að sunnan og norðan um miðjan maí hér á Akureyri. Þáttakendur í Monaco voru frá Nökkva, Valgeir Torfason, Gauti Arnarsson, Björn Heiðar Rúnarsson og Birta Gunnarsson, en hún kemur frá Bandaríkjunum og keppir fyrir hönd Nökkva. Námskeið klúbbsins hófust í byrjun júní að venju og stóðu fram í miðjan ágúst og var þáttaka með ágætum en um 170 krakkar sóttu námskeiðin og voru sum 4-5 vikur samfleitt. Starfsmenn voru 3 ungir menn og svo voru 7 krakkar sem komu frá Akureyrarbæ á vegum unglingavinnunar. Nýju átaki var hleypt af stokkunum en það snérist um að fá fyrirtæki í bænum til að kaupa seglbretti handa klúbbum sem þau gátu svo merkt að vild, endaði það með að 9 fyrirtæki keyptu 7 seglbretti og svo keypti klúbburinn tvö till viðbótar. Dönsk seglbrettakona kom og dvaldi hjá okkur í tvær vikur við brettakennslu og sýndi meðal annars kitesurfing (risa flugdreki og smá bretti sem dregið er eftir sjónum) og voru nokkrir áhugasamir farnir að ná lagi á brettunum þegar hún fór.

Æfingabúðir Nökkva og SÍL voru haldnar aftur í Hrísey í síðustu viku júní mánaðar í hávaða roki og látum, vindhraði sló upp í 20 m.á sek og var ótrúlegt að horfa á siglarana hafa stjórn á bátunum við þessar aðstæður en um þjálfunina sáu þeir Hörður og Tryggvi Heimisson. Eimskip, Norðlenska, MS, Kristjánsbakari og Norðurskel í Hrísey eru styrktaraðilar æfingabúðanna sem tókust einstaklega vel og er þegar farið að huga að næsta ári. Að venju var haldið siglingamót á laugardeginum með tilheyrandi grillveislu og verðlaunaafhendingu.

Nökkvi stóð að siglinganámskeiðum ásamt heimamönnum á Sauðárkróki, Dalvík, Hrísey og Húsavík með styrk frá SÍL og þegar er búið að stofna siglingaklúbb á Húsavík sem vonandi með stuðningi Nökkva og SÍL getur dafnað, en fyrirlugað er að selja þeim 5 segbáta frá okkur til að byrja með. Þrír ungir menn frá Nökkva skiptust á við siglingakennslu á Stykkishólmi sl. sumar og stóðu sig ágætlega og þegar er búið að óska eftir þeim aftur og einnig hefur siglingaklúbb-



Mynd: Rúnar Þór Björnsson.

urinn Brokey í Reykjavík óskað eftir siglingamönnum til kennslustarfa í sumar. Það er eftirtektarvert að Nökkvi skuli vera eini klúbburinn sem hefur þetta mikið af ungum siglingamönnum sem hægt er að senda vítt og breytt um landið til kennslustarfa og kanski enn eitt dæmið hversu mikið starf hefur verið unnið hér sl. ár. Það er alveg ljóst að með því að fleiri klúbbar og einstaklingar komast í gang með siglingar hér á norðurlandi muni það til framtíðar stykja Nökkva og gera siglingar meira aðlaðandi fyrir allan almenning.

Íslandsmótið í siglingum fór fram á Pollinum í ágúst og heppnaðist einstaklega vel. Keppendur hafa sjaldan verið fleiri sl. ár og átti Nökkvi meira en helming siglara á mótinu eða 23 og árangurinn var eins og áður hefur verið sagt, einstakur. Samið var við Norðursiglingu á Húsavík að flaggskip þeirra og hvalaskoðunarbáturinn Haukurinn, eitt glæsilegasta seglskip landsins yrði hér á meðan á keppninni stóð. Boðið upp á siglingu fyrir foreldra og aðra sem áhuga höfðu að fylgjast með keppninni og talsvert margir nýttu sér það. Glæsileg verðlaunaafhending fór svo fram um borð í skútunni úti á sjó eftir keppnina og stemmingin var alveg frábær og umgjörðin um lokaathöfnina eitthvað sem lengi lifir í minningu ungra siglara og foreldra þeirra hvaðan að af landinu.

Í lok september fóru þrír siglingamenn frá Nökkva ásamt Herði þjálfara til Weymouth í Englandi eins og árið áður og sigldu þar undir stjórn frábærs þjálfara, stóra spurningin er sú hvort Nökkvi muni eiga einhverja siglara þar þegar Olympíuleikarnir 2012 verða haldnir, en siglingahluti leikanna fer einmitt fram þar.

Fjárhagur Nökkva hefur verið með ágætum, við keyptum tvo eldri Topper seglbáta, 1 árabát og fengum annan gefins frá Ellingsen, 3 litla straumkayaka og svo tvö seglbretti. Gerðum stóran styrktarsamning við Glitni sem gefur okkur talsverða fjármuni og svo erum við með styrktarsamning við Edduhótel. Rekstursamningur bæjarins er þokkalegur en dekkar ekki ein laun, þessa 4 mánuði sem starfsemin stendur yfir. Rekstrarkostnaður er talsverður og erum við í talsverðu brasi með björgunarbátinn okkar sem er farinn að eldast og þótt motorinn sé nýlegur hafa bilanir verið algengar og það er eitthvað sem algerlega óásættanlegt. Björgunarsveitin Súllur hafa reynst klúbbnum vel og lánað okkur bátinn sinn nokkur skipti. Tilfinnanlegt tjón var svo í haust þegar stangveiðibáturinn Haffari bilaði og sigldi á allar skúturnar við Torfunefsbyggju og skemmdi talsvert nokkra báta og þar með báða kjölbátana okkar. Ekki er enn komið í ljós hvort klúbburinn þurfi að bera skaðan eða hvort eitthvað fáist bætt hjá tryggingafélaginu. Á síðasta ári fengum við þá gleðilegu frétt að áætlað hefði verið að leggja pening í fyrirhugaðar framkvæmdir Nökkva sem hafa verið í farvatninu sl. ár og erum við klár með teikningar sem kynntar hafa verið fyrir félagsmönnum og Íþróttaráði Akureyrar.

Gríðarlegt starf hefur verið unnið sl ár og nú er svo komið að starfsemin er komin langt út fyrir öll eðlileg mörk sjálfboðastarfs, mikil eignaumsýsla, fjöldi starfsmanna og annað eins og um væri að ræða sæmilegt smáfyrirtæki. Núna erum við komin að þeim tímamarki að gera þetta að alvöru rekstrareiningu með launuðu starfsfólki og framkvæmdastjórn, við höfum frábærar landfræðilegar aðstæður, við höfum þekkinguna, það eina sem vantar er vilji bæjaryfirvalda til að taka að sér yfirstjórn þessarar afþreyingarmiðstöðvar og gera þetta enn betra og öflugra, eitthvað sem er alveg einstakt á landinu. Ég vil þakka stjórnarmönnum vel unnin störf og sérstaklega Jóni Magnússyni sem nú hættir eftir 8 ára stjórnarsetu og mikið og óeigingjarnt starf í þágu klúbbsins.



Mynd: Rúnar Þór Björnsson.



Verðlaunahafar 2007. Þau unnu alla Íslandsmeistararitla í siglingum barna og unglinga ásamt því að taka flesta verðlaunapeningana líka. Einstakt í sögu siglinga á Akureyri.

Mynd: Rúnar Þór Björnsson.

Akureyri 6. mars 2008,
Rúnar Þór Björnsson,
formaður Nökkva félags siglingamanna á Akureyri.



Íþróttafélagið Eik Ársskýrsla 2006

Aðalfundur félagsins var haldinn 13. maí 2006.

Í aðalstjórn voru kjörnir eftirtaldir aðilar:

Haukur Þorsteinsson, formaður.

Ragnheiður Austfjörð, varaformaður

Þorgeir Jóhannsson, ritari

Björg Konráðsdóttir, gjaldkeri.

Höskuldur Stefánsson, meðstjórnandi

Í varastjórn voru kjörnir eftirtaldir aðilar:

Aðalheiður Gísladóttir.

Guðrún Helgadóttir.

Valdimar Sigurðsson.

Skoðunarmenn voru kjörnir:

Bjarni Guðmundsson og Margrét Alfreðsdóttir



Vinirnir Kristín Ólafsdóttir og Magnús Ásmundsson á Íslandsmóti í Reykjavík.

Starfsemi félagsins

- Starf félagsins hefur með hefðbundnum hætti á árinu.
- Haldnir voru 8 stjórnarfundir á árinu
- Formaður sat formannafundi Í.B.A.
- Þing ÍBA, það 57. í röðinni var haldið 18. apríl, fulltrúar félagsins voru Haukur Þorsteinsson, Ragnheiður Austfjörð og Unnur María Hjálmarasdóttir.
- Formannafundur Í.F. var haldin 10. nóvember í Reykjavík, Haukur Þorsteinsson sat fundinn f.h. félagsins.
- Þann 30. janúar undirritaði formaður rekstrarsamning milli félagsins og Akureyrarbæjar, hann felur m.a. í sér að íþróttamannvirki Akureyrarbæjar til æfinga og keppni er endurgjaldslaust, því til viðbótar er 100.000 kr. rekstrarstyrkur sem tekur breytingum á neysluvísitölu.
- Æfingar voru stundaðar á mánudögum, miðvikudögum, og laugardögum.
- Æfingar fóru fram í Íþróttahúsinu við Laugargötu, Íþróttahúsi Glerárskóla, Glerársundlaug, Akureyrarvelli og á túni við Giljaskóla.
- Íþróttagreinar sem lögð var stund á voru eins og undanfarin ár boccía, frjálsar íþróttir úti og inni, sund og fótboldi úti og inni.
- Þjálfarar sem störfuðu hjá félaginu á árinu eru, Fylkir Þór Guðmundsson, Ingibjörg Jónsdóttir, Anna Einarsdóttir, Egill Þór Valgeirson og Aðalheiður Gísladóttir.
- Vorfagnaður Eikar var haldinn á Botni í Eyjafjarðarsveit 13. maí. En það er árviss viðburður í starfsemi félagsins þar sem félagarnir koma saman og fagna árangri og um leið lokum vetrarstarfsins. Við það tækifæri voru afhentir tveir farandbikarar, þ.e. hvatningabikar Eikar sem Christian Bjarki Rainer hlaut fyrir góða ástundun og mestu framfarir á árinu. En Í. S.Í. bikarinn hlaut Sölvi Víkingsson, fyrir langa og farsæla veru sína í félaginu og einnig fyrir góða mætingu og ástundun.
- Íþrótt- og tómstundaráð Akureyrar hélt hóf milli jóla og nýárs til heiðurs þeim íþróttamönnum sem urðu íslandsmeistarar á árinu, Baldur Ævar Baldursson var eini félaginn að þessu sinni sem fékk viðurkenningu. Einnig fékk félagið styrk vegna ferða Baldurs á mót erlendis.

Mót innanlands

- **Síðumót** sem er innanfélagsmót Eikar var haldið þann 25. febrúar í íþróttahúsinu á Hrafnagili. Mótið hefur frá upphafi verið kennt við verslunina Síðu á Akureyri, vegna stuðnings við mótið frá upphafi þess í formi verðlauna. Félagar í Kiwanisklúbbnum Kaldbak sáu um dómgæslu á þessu móti eins og undanfarin ár. Keppendur mótsins voru 25 að þessu sinni.



Nanna Kristín Antonsdóttir biður eftir næsta leik á Íslandsmóti í Reykjavík.

- Úrslit mótsins voru þau að í sveitakeppni varð G sveit í 1. sæti, hana skipuðu Baldur Ævar Baldursson, Guðmundur Adólfsson og Sölvi Víkingsson.
- Í 2. sæti varð A sveit, hana skipuðu Christian Bjarki Rainer og Kristín Ólafsdóttir.
- Í 3. sæti varð H sveit, hana skipuðu Elísabet Hannesdóttir, Sævar Bergsson og Valdimar Sigurðsson.
- Í einstaklingskeppni varð Vignir Hauksson í 1. sæti., Magnús Ásmundsson í 2. sæti og Kristín Ólafsdóttir í 3. sæti.
- **Íslandsmót Í.F.** í frjálsum íþróttum, innanhúss, var haldið í Reykjavík 18. febrúar, keppendur voru 8.
 - Í flokki 35-38 hreyfihamlaðra varð Baldur Ævar Baldursson í 1. sæti í kúluvarpi, hástökki, langstökki og 60 m hlaupi og 2. sæti í 200 m hlaupi.
 - Sigfús Jóhannesson varð í 2. sæti í 200 m hlaupi, í flokki 35 ára og eldri.
 - Heiðar Hjalti Bergsson í flokki 35-38 hreyfihamlaðra, varð í 2. sæti í kúluvarpi og 3. sæti í 60 m hlaupi
 - Elma Stefánsdóttir varð í 2. sæti í kúluvarpi kvenna í 23.-29 ára.
- **Íslandsmót Í.F.** í boccía, sveitakeppni, var haldið í Reykjavík 24.-26. mars, 29 keppendur tóku þátt í mótinu.
 - Í 1. deild hafnaði B sveit Eikar í 3. sæti, hana skipuðu Matthías Ingimarsson, Sölvi Víkingsson og Valdimar Sigurðsson.
- **Íslandsleikar Special Olympics** í knattspyrnu, innanhúss, voru haldnir 2. apríl í Reykjavík, keppendur félagsins voru 6. Lið Eikar varð í 3. sæti í B riðli.
- **Hængsmótið** það 24. í röðinni var haldið í Íþróttahöllinni á Akureyri 29. og 30. apríl, keppendur félagsins voru 30.
 - Valdimar Sigurðsson varð í 2. sæti í einstaklingskeppni þroskaheftra.
- **Íslandsmót Í.F.** í boccía einstaklingskeppni var haldið á Húsavík 20.- 22. október, 23 keppendur tóku þátt í mótinu.
 - Heiðar Hjalti Bergsson varð í 2. sæti í 1. deild.
- **Norðurlandsmót** í boccía sveitakeppni, var haldið á Húsavík þann 18. nóvember. Boccíadeild Völsungs sá um framkvæmd mótsins að þessu sinni, keppendur félagsins voru 27.
 - A sveit félagsins hafnaði í 2. sæti, hana skipuðu Nanna Haraldsdóttir og Valdimar Sigurðsson en B sveit félagsins hafnaði í 3. sæti, hana skipuðu Heiðar Hjalti Bergsson og Matthías Ingimarsson.
- **Vígslumót** nýju Laugardalshallarinnar var haldið 28. janúar
 - Baldur Ævar Baldursson tók þátt í mótinu og varð í 2. sæti í 200 m. hlaupi.

Mót erlendis

- **Opna Breska** meistaramótið í frjálsum íþróttum var haldið í Manchester á Englandi 8.-12 í júní, Baldur Ævar Baldursson tók þátt í mótinu. Hann keppti í flokkum F37 og T37 og setti tvö Íslandsmet utanhúss á mótinu. Hann stökk 5.10 m, í langstökki, í kúluvarpi lenti hann í 2. sæti með því að kasta 10.63 m. Í 100 m hlaupinu lenti hann í 4. sæti er hann hljóp á 13.89 sekúndum. Mótið var einn liður í undirbúningi hans fyrir heimsmeistaramótið sem fram fór í Assen í Hollandi í september.
- **HM fatlaðra** í frjálsum íþróttum innanhúss var haldið í mars í Svíþjóð. Baldur Ævar Baldursson tók þátt í mótinu og hafnaði í 2. sæti í langstökki, hann stökk 5.03 m og leiddi keppnina fram í síðustu umferð í flokkum 36-37. Í kúluvarpi hafnaði Baldur í 4. sæti, kastaði kúlunni 10.72 m, sem er nýtt Íslandsmet í flokki 37 bæði innan- og utanhúss. Þetta var í fyrsta sinn sem heimsmeistaramót fatlaðra í frjálsum íþróttum innanhúss var haldið og kærkomin viðbót við þau mót sem fötluðum frjálsíþróttamönnum stendur til boða.
- **Opna Þýska** meistaramótið frjálsum íþróttum var haldið í Leverkusen í Þýskalandi dagana 25.-27. ágúst. Baldur Ævar Baldursson tók þátt í mótinu, hann sigraði í kúluvarpi, kastaði 10.51 m og hafnaði í 2. sæti í langstökki, stökk 5.22 sem er nýtt Íslandsmet í flokki 37. Þátttaka hans í þessu móti var síðasti liður í undirbúningi fyrir heimsmeistaramót fatlaðra í Assen í Hollandi 2. – 11. ágúst.
- **HM fatlaðra** í frjálsum íþróttum var haldið í Assen í Hollandi 2. - 10. september. Baldur Ævar Baldursson tók þátt í mótinu fyrir hönd Íslands í flokki 37, hann varpaði kúlunni 10.83 m. sem er nýtt Íslandsmet, þrátt fyrir að hafna í 8. sæti. Baldur varð í 6. sæti í langstökki en hann stökk 4,87 m. sem var nokkuð frá hans besta árangri.

Lokaorð

- Árangur okkar frábæra íþróttafólks á s.l. ári var afar góður þegar á heildina er litið, eflaust hefðu margir kosið að unnist hefðu fleiri og stærri sigrar. En eins og þið vitið kæra íþróttafólk þá er kjörorð okkar allra það sama, að stærsti sigurinn sé að vera með og hafa ánægju og gaman af öllu því sem við erum að gera saman.
- Að síðustu vil ég þakka samstarfsfólki mínu í stjórn, keppendum, þjálfurum og félagsmönnum öllum fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf á s.l. ári. Einnig vil ég nota tækifærið og þakka öllum þeim sem stutt hafa starfsemi félagsins á einn eða annan hátt með ómetanlegri sjálfboðavinnu og fjárframlögum.

Haukur Þorsteinsson, formaður.



Íþróttafélagið Eik Ársskýrsla 2007

Aðalfundur félagsins var haldinn 12. maí 2007.

Í aðalstjórn voru kjörnir eftirtaldir aðilar:

Haukur Þorsteinsson, formaður.

Ragnheiður Austfjörð, varaformaður

Þorgeir Jóhannsson, ritari

Stefán Jónason, gjaldkeri.

Höskuldur Stefánsson, meðstjórnandi

Í varastjórn voru kjörnir eftirtaldir aðilar:

Aðalheiður Gísladóttir.

Guðrún Helgadóttir.

Valdimar Sigurðsson.

Skoðunarmenn voru kjörnir:

Bjarni Guðmundsson og Margrét Alfreðsdóttir

Starfsemi félagsins

Starf félagsins hefur með hefðbundnum hætti á árinu.

- Haldnir voru 12 stjórnarfundir á árinu.
- Formaður sat formannafundi Í.B.A.



Gullverðlaun í sveitakeppni á Hængsmóti 2007.

F.v. Sigfús Jóhannesson, Anna Ragnarsdóttir og Matthías Ingimarsson.

- Sambandsþing Í.F. það 13. var haldið 14. apríl 2007 í Reykjavík. Fulltrúar félagsins voru Ragnheiður Austfjörð, Höskuldur Stefánsson, Þorgeir Jóhannesson og Bjarni Rúnar Guðmundsson, varamaður.
- Æfingar voru stundaðar á mánudögum, miðvikudögum, og laugardögum.
- Æfingar fóru fram í Íþróttahúsinu við Laugargötu, Íþróttahúsi Glerárskóla, Glerársundlaug, Akureyrarvelli og á sparkvelli við Brekkuskóla.
- Íþróttagreinar sem lögð var stund á voru eins og undanfarin ár boccía, frjálsar íþróttir úti og inni, sund og fótbolti úti og inni.
- Þjálfarar sem störfuðu hjá félaginu á árinu voru, Fylkir Þór Guðmundsson, Anna Einarsdóttir, Egill Þór Valgeirson, Aðalheiður Gísladóttir og Stefán Guðnason.
- Vorfagnaður Eikar var haldinn á Botni í Eyjafjarðarsveit 12. maí. En það er árviss viðburður í starfsemi félagsins þar sem félagarnir koma saman og fagna árangri og um leið lokum vetrarstarfsins. Við það tækifæri voru afhentir tveir farandbikarar, þ.e. hvatningabikar Eikar sem Guðmundur Bjarnason hlaut fyrir góða ástundun og mestu framfarir á árinu. En Í.S.Í. bikarinn hlaut Vignir Hauksson, fyrir langa og farsæla veru sína í félaginu og einnig fyrir góða mætingu og ástundun.
- Íþrótta- og tómstundaráð Akureyrar hélt hóf milli jóla og nýárs til heiðurs þeim íþróttamönnum sem urðu Íslandsmeistarar á árinu. Íslandsmeistarar félagsins voru Baldur Ævar Baldursson, Elísabet Hannesdóttir, Kristín Björnsdóttir, Sigfús Jóhannesson og Telma Axelsdóttir. Einnig fékk félagið styrk vegna ferða Baldurs Ævars á mót erlendis.

Mót innanlands

- **Síðumót** sem er innanfélagsmót Eikar var haldið þann 3. febrúar í íþróttahúsinu á Hrafnagili. Mótið hefur frá upphafi verið kennt við verslunina Síðu á Akureyri, vegna stuðnings við mótið frá upphafi þess í formi verðlauna. Félagar í Kiwanisklúbbum Kaldbak sáu um dómgæslu á þessu móti eins og undanfarin ár. Keppendur mótsins voru 33.
 - Úrslit mótsins voru þau að í sveitakeppni varð F sveit í 1. sæti, hana skipuðu Héðinn Skjaldarson, Magnús Ásmundsson, og Nanna Haraldsdóttir.
 - Í 2 sæti varð D sveit, hana skipuðu Baldur Ævar Baldursson, Elísabet Hannesdóttir og Guðmundur Adólfsson.
 - Í 3. sæti varð J sveit, hana skipuðu Anna Ragnarsdóttir, Áskell Traustason og Sævar Bergsson.
 - Í einstaklingskeppni varð Magnús Ásmundsson í 1. sæti, Kristín Ólafsdóttir í 2. sæti og Baldur Ævar Baldursson í 3. sæti.
- **Íslandsmót Í.F.** í frjálsum íþróttum, innanhúss, var haldið í Reykjavík 23. mars, keppendur voru 2. Í flokki 35-38 hreyfi-



Frá vorfagnaði félagsins 2007.
F.v. Vignir Hauksson. með ÍSÍ bikarinn og Guðmundur Bjarnason með Hvatningarbikarinn.

hamlaðra varð Baldur Ævar Baldursson í 1. sæti í kúluvarpi, hástökki, langstökki, 60 og 200 m hlaupi. Sigfús Jóhannesson varð í 1. sæti í langstökki, í flokki 40 ára og eldri.

- **Íslandsmót Í.F.** í boccía, sveitakeppni, var haldið í Reykjavík 23.-25. mars, 28 keppendur tóku þátt í mótinu.
 - Í 3. deild hafnaði F sveit Eikar í 1. sæti, hana skipuðu Elísabet Hannesdóttir Kristín Björnsdóttir og Telma Axelsdóttir. Í 3. sæti varð G sveit Eikar, hana skipuðu Helgi Jóhannsson, Kristbjörg Jóhannesdóttir og Sævar Bergsson.
- **Íslandsleikar Special Olympics** í knattspyrnu, innanhúss, voru haldnir 1. apríl í Reykjaneshöll, keppendur félagsins voru 6. Lið Eikar varð í 4. sæti í B riðli.
- **Hængsmótið** var haldið í Íþróttahöllinni á Akureyri 28.-30. apríl, keppendur félagsins voru 30. Þetta var 25. skiptið sem Lionsklúbburinn Hængur, Akureyri hefur staðið fyrir þessu móti.
 - Í sveitakeppni varð C sveit Eikar í 1., hana skipuðu Anna Ragnarsdóttir, Matthías Ingimarsson og Sigfús Jóhannesson, í 2. sæti varð A. Sveit Eikar, hana skipuðu Baldur Ævar Baldursson, Kristín Ólafsdóttir og Vignir Hauksson.
- **Íslandsmót í frjálsum íþróttum utanhúss** var haldið á Laugardalsvelli 9 júní. Baldur Ævar Baldursson og Sigfús Jóhannesson kepptu á mótinu.
- **Landsmót UMFÍ** var haldið 5. - 8. júlí í Kópavogi, Baldur Ævar Baldursson keppti á mótinu í frjálsum íþróttum. Hann setti glæsilegt Íslandsmet í langstökki, flokki F 37, er hann stökk 5,42 m. Þessi árangur á að duga til að hann komist á Ólympíumót fatlaðra í Peking 2008.
- **Íslandsleikar Special Olympics** í knattspyrnu og frjálsum íþróttum var haldið á Ísafirði 31. ágúst og 1. september. Keppendur félagsins voru 5. Þetta var í fyrsta skipti sem þessar íþróttagreinir eru haldnar sameiginlega á Íslandsleikum. Íþróttafélagið Ívar á Ísafirði var umsjónaraðili að þessu móti og voru móttökur félagsins sérstaklega góðar og skemmtilegar, bæði fyrir keppendur og fararstjóra.
- **Íslandsmót Í.F.** í boccía einstaklingskeppni var haldið á Akureyri 2.-3. nóvember. Íþróttafélagið Eik sá um framkvæmd mótsins í samvinnu við boccíaneftnd Íþróttasambands fatlaðra. Dómarar á mótinu voru félagar í Kiwanisklúbbunum Kaldbaki og Emblu á Akureyri, ásamt nokkrum nemendum úr Verkmenntaskólanum á Akureyri og yfirdómari var Þröstur Guðjónsson. Keppendur voru hátt í 200 talsins auk þjálfara og fararstjóra. Í lok mótsins var haldið glæsilegt og fjölmennt lokahóf. Þetta mun vera stærsta verkefni sem félagið hefur ráðist í frá upphafi og þótti mótið takast í alla staði mjög vel.

Mót erlendis

- **Alþjóðaleikar Special Olympics** voru haldnir í Shanghai í Kína 2.-11. október Sigfús Jóhannesson var valinn til að keppa í frjálsum íþróttum fyrir hönd Íslands, árangur hans var mjög góður. Einnig var félagi okkar og þjálfari Fylkir Þór Guðmundsson einn af fararstjórum hópsins.
- **Opna Breska meistaramótið** í frjálsum íþróttum var haldið í Manchester á Englandi 15.-17. júní. Baldur Ævar Baldursson tók þátt í mótinu. Hann keppti í flokkum F37 og T37, hann setti Íslandsmet á mótinu og varð í 1. sæti í langstökki með því að stökkva 5.10 m, Í kúluvarpi lenti hann í 2. sæti með því að kasta 10.54 m. Í 100 m hlaupinu lenti hann í 5. sæti er hann hljóp á 13.58 sekúndum.
- **Opna danska meistaramótið** í frjálsum íþróttum var haldið í 15. júlí. Baldur Ævar Baldursson tók þátt í mótinu og keppti í flokki F 37 og var árangur hans nokkuð undir væntingum. Hann hafnaði í 5. sæti í kúluvarpi, kastaði 10.09 m, í 100 m hlaupi hafnaði hann í 4. sæti á tímanum 13,80 og einnig í 4. sæti í langstökki, stökk 5.08 m..

Lokaorð

- Árangur okkar frábæra íþróttafólks á s.l. ári var afar góður þegar á heildina er litið, þótt eflaust hefðu margir keppendur kosið að vinna fleiri og stærri sigrar. En eins og þið vitið kæra íþróttafólk þá er kjörorð okkar allra það sama, að stærsti sigurinn sé að vera með og hafa ánægju og gaman af öllu því sem við erum að gera saman.
- Að síðustu vil ég þakka samstarfsfólki mínu í stjórn, keppendum, þjálfurum og félagsmönnum öllum fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf á s.l. ári. Einnig vil ég nota tækifærið og þakka öllum þeim sem stutt hafa starfsemi félagsins á einn eða annan hátt með ómetanlegri sjálfböðavinnu og fjárframlögum, ekki síst við framkvæmd Íslandsmóts Í.F. í einstaklingskeppni sem félagið stóð fyrir.

Haukur Þorsteinsson, formaður.



Íþróttafélagið Akur Ársskýrsla 2006

Aðalfundur félagsins var haldinn 3.5.2006.

Stjórn Akurs: Formaður Jósep Sigurjónsson, gjaldkeri Elvar Thorarensen, ritari Jón Heiðar Jónsson, meðstjórnendur Sigríður Þórunn Jósepsdóttir og Jóhanna Valborg Kolbeinsdóttir.

Æfingar félagsins fara nú fram á fleiri stöðum en áður, undir handleiðslu okkar gamalreynðu þjálfara. Boccia æfingar eru í Íþróttahúsi Glerárskóla en þar og í Boganum æfum við einnig frjálsar íþróttir. Borðtennis og bogfimi æfingar eru í kjallara Sjafnarhússins við Austursíðu ásamt golfhermi og púttvelli.

Þrekæfingar eru áfram stundaðar á Bjargi undir handleiðslu Jóns Heiðars.

Við þurfum að rýma húsnæðið í Þórsstígnum og erum nú á hrakhólum með geymslupláss.

Akur átti keppendur á eftirtöldum mótum frá síðasta aðalfundi,

Norðurlandsmót í Boccia á Húsavík,

Íslandsmót í frjálsum innanhúss,

Íslandsmót í Boccia sveitakeppni,

Íslandsmót ÍF í borðtennis,

Íslandsmeistaramót unginga í Borðtennis,

Hængsmóti á Akureyri.

Einnig héldum við Desembermót og þorramót.

Í öllum þessum mótum stóðu félagarnir sig vel og oft ágætlega.

Eftirtaldir gullverðlaunahafar félagsins voru heiðraðir í hófi ÍTA í desember 2006:

Aðalsteinn Friðjónsson	1 gull	Frjálsar innanhúss, hástökk
Egill Andrés Sveinsson	1 gull	Boccia einstaklingskeppni 3. deild
Elvar Thorarensen	1 gull	Borðtennis hreifih. standandi
Helga Helgadóttir	4 gull	Frjálsar innanhúss, langstökk, hástökk, 60 m hlaup
Helga		Boccia sveitakeppni 1. deild
Hildur Marínósdóttir	1 gull	Boccia einstaklingskeppni U-flokkur
Sigurrós Ósk Karlsdóttir	1 gull	Boccia sveitakeppni 1. deild
Stefán Thorarensen	8 gull	Borðtennis þroskah.
Stefán		Frjálsar innanhúss, langstökk, 60 m hlaup, 200 m hlaup
Stefán		Frjálsar utanhúss, 200 m hlaup, langstökk
Stefán		Boccia sveitakeppni 1. deild
Stefán		Boccia einstaklingskeppni 1. deild

Alls 7 einstaklingar með 17 gull á Íslandsmótum 2006.



Jóhann, Sigrún og Egill með verðlaun í sveitakeppni í Boccia.



Stefán og Guðbjörg Elly með verðlaunagripi á Hængsmóti 2007.

Í kjöri um Íþróttamann Akureyrar árið 2006, lenti Stefán Thorarensen Akri, í 4. sæti.

Haustið 2006 héldum við námskeið eða æfingar fyrir ung fötluð börn í Íþróttahúsi Oddeyrarskóla undir leiðsögn Rainer Jessen íþróttakennara og var það þökkalega sótt.

Haustið 2006 var einnig stofnuð deild um vetraríþróttir og útivist, hópurinn nefnir sig „Klakarnir“, Jón Harðarson sjúkrapjálfi á Bjargi og Jón Heiðar Jónsson frá Akri hafa staðið bak við þennan hóp með dyggri aðstoð nokkurra annara.

Í lok árs 2006 eignuðust félagarnir nýja keppnisgalla ásamt æfingatöskum og hlutum við nokkra styrki til að auðvelda okkur fjármögnunina.

Félagið keypti ný Bocciasett um síðustu áramót og aðstoðaði einnig nokkra féлага sem vildu eignast eigin sett.

Akur hefur notað opnu sína í Leó, félagsblaði Hængs og er það góður vettvangur til kynningar á félaginu.

Jóla kortasala gekk vel um síðustu jól og skilaði félaginu talsverðum tekjum, einnig fengu nokkrir félagar umtalsverðar tekjur í formi sölulauna, þar sem nokkrir seldu mikið.

Jósep Sigurjónsson, formaður.



Hluti Akurshópsins á 25. Hængsmóti.



Guðbjörg Elly, Jóhanna og Hildur.



Akursliðið á Landsmóti UMFÍ 2007, Stefán, Helga, Sigurrós, Egill, Sigrún og Aðalsteinn



Glaðbeittur formaður, Jósep með Hængsbikarinn 2007.



Íþróttafélagið Akur Ársskýrsla 2007

Aðalfundur félagsins var haldinn 3.5.2007.

Stjórn Akurs: Formaður Jósep Sigurjónsson, gjaldkeri Elvar Thorarensen, ritari Jón Heiðar Jónsson, meðstjórnendur Sigríður Þórunn Jósepsdóttir og Jóhanna Valborg Kolbeinsdóttir.

Æfingar félagsins eru nú sömu stöðum og í fyrra, undir handleiðslu okkar gamalreyndu þjálfara. Boccia æfingar eru í Íþróttahúsi Glerárskóla en þar og í Boganum æfum við einnig frjálsar íþróttir. Borðtennis æfingar eru í kjallara Sjafnarhússins við Austursíðu, þar er einnig aðstaða fyrir Bogfimi og Golf, bogfimiæfingar hafa þó lítið farið í gang eftir flutningana úr Þórsstígunum.

Prekæfingar eru áfram stundaðar á Bjargi undir handleiðslu Jóns Heiðars.

Geymsluaðstaða er þó engin eftir brotthvarfið úr Þórsstígunum.

Við vonum að með byggingu nýs íþróttahúss fyrir fimleika, liðkist svo til að við fáum aftur varanlega æfingaaðstöðu á einum stað með þökkalegri geymsluaðstöðu til dæmis í Íþróttahúsi Glerárskóla. Núverandi aðstaða við Austursíðu er aðeins til bráðabyrgða og óvíst hvenær við missum hana, auk þess sem húsnæðið er talsvert útúr og ekki á besta stað fyrir unglinga undir bílprófsaldri. Þó verða sífelldir flutningar æfingaaðstöðu milli staða til að draga verulega úr vexti og viðgangi viðkomandi greinar.

Frammistaða Akursfólks í mótum árið 2007:

Þrír Akursfélagar, fóru sem keppendur á Spec. Ol. í Shanghai, 2.-11. okt. í haust. Það voru Arnfríður Stefánsdóttir í Boccia, Helga Helgadóttir í Frjálsum og Stefán Thorarensen í Borðtennis. Einnig fór Elvar Thorarensen sem borðtennisþjálfari á sama mót.

29. júní-5. júlí var norræna barna og unglingamótið haldið á Íslandi og mætti Jóhann Þór Hólmgrímsson þar frá okkar félagi og stóð sig vel.

Í sumar var landsmót UMFÍ haldið í Kópavogi og okkur boðin þátttaka í gegnum ÍBA.

Þau, Helga Helgadóttir, Sigrún Björk Friðriksdóttir og Sigurrós Karlsdóttir í kvennasveit Akurs og Aðalsteinn Friðjónsson, Egill Sveinsson og Stefán Thorarensen í karlasveit Akurs, stóðu sig með prýði og urðu báðar sveitirnar í 1. sæti hvor í sínum flokki

Á Íslandsmóti í frjálsum innanhúss voru 7 keppendur

Stefán Thorarensen (35-39 ára) 1. sæti í 60 m hlaupi og langstökki, 2. sæti í 200 m hlaupi.

Aðalsteinn Friðjónsson (40 ára +) 1. sæti í hástökki, 2. sæti í langstökki og 3. sæti í 60 m hlaupi.

Egill Sveinsson (23-34 ára) 3. sæti í hástökki.

Guðbjörg Ellý Gústafsdóttir (19-22 ára) 1. sæti í hástökki, 2. sæti kúluvarp.

Helga Helgadóttir (30+) 1. sæti í langstökki, 2. sæti í hástökki.



Í Kína 2007, Arnfríður með forsetahjónunum.



Þröstur Guðjónsson sæmdur Melvin Jones, fyrir frábæra vinnu við íþróttir fatlaðra

Íslandsmót í frjálsum utanhúss

Íslandsmót í Boccia sveitakeppni 5 sveitir = 15 keppendur:

1. deild, 1. sæti Akur A, Helga Helgadóttir, Sigurrós Karlsdóttir og Stefán Thorarensen.
1. deild, 3. sæti Akur B, Aðalsteinn Friðjónsson, Arnfríður Stefánsdóttir og Guðbjörg Ellý Gústafsdóttir.

Íslandsmót í Boccia einstaklingskeppni 19 keppendur:

1. deild, 2. sæti, Guðbjörg Ellý Gústafsdóttir.
1. deild, 3. sæti, Aðalsteinn Friðjónsson.
2. deild, 1. sæti, Egill A. Sveinsson.
4. deild, 1. sæti, Áslaug Eva Árnadóttir.

U-flokkur:

1. sæti, Hildur Marinósdóttir.
2. sæti, Anna Kristín Jónsdóttir.
3. sæti, Elíngunnur Birgisdóttir.

Íslandsmót ÍF í borðtennis 3 keppendur:

- Konur, 3. sæti, Sigurrós Karlsdóttir.
Karlar hreyfih. standandi, 3. sæti, Kolbeinn Pétursson.
Þroskah. Karlar, 1. sæti, Stefán Thorarensen.

Íslandsmeistaramót unglunga í Borðtennis, 5 keppendur:

Guðmundur E. Gunnarsson, Hlynur Sverrisson, Agnar Þrastarson, Hjörtur Þórðarson og Orri Filippusson.

Þeir kepptu í einliða og tvíliðaleik 16-18 ára. Guðmundur og Hlynur unnu brons í tvíliðaleik, aðrir stóðu sig nokkuð vel en komust ekki á verðlaunapall.

25. Hængsmótið var haldið með veglegum hætti dagana 28.-30. apríl 2007 þar áttum við 32 keppendur og stóð okkar fólk sig með miklum ágætum og hlutum við „Hængsbikarinn“ en hann er nú veittur að nýju fyrir besta samanlagðan árangur á mótinu. Bikarinn er veglegur farandbikar og verður alltaf hafður til sýnis á einhverjum opinberum stað á Akureyri ásamt upplýsingum um handhafa hans hverju sinni. Hængsmótin eru haldin af Lionsklúbbum Hæng í samvinnu við Íþróttafélagið Akur og hafa frá upphafi verið mjög vinsæl og mikið sótt af íþróttafélögum fatlaðra um allt land og eru það aðeins stærstu og fjölmennustu íþróttagreinar, eins og pollamót, sem skáka fjölda þáttakenda bæði keppenda og aðstoðarfólks.

Tveim dögum eftir Hængsmótið varð elsti félagi okkar Sigurður Ringsted Ingimundarson 95 ára, hann keppti með okkur á mótinu og stóð sig með þrýði. Sigurður er elsti keppandi í Íþróttum fatlaðra á Íslandi

Þann 26. apríl 2007 varð aðalþjálfari okkar, Þröstur Guðjónsson 60 ára og færðum við honum afmælisgjöld í Hængsmótshófinu 30. apríl en Þröstur hefur verið yfirdómari á Hængsmótum frá upphafi.

Við sama tækifæri útnefndi Lionsklúbburinn Hængur, Þröst Guðjónsson sem „Melvin Jones“ féлага fyrir ötult og óeigingjarnt starf að málum Hængsmótsins og fatlaðra íþróttamanna.

Einnig héldum við Desembermót og þorramót.

Ætlunin var að Akur héldi norðurlandsmót í Boccia og dagsetning ákveðin 17.11.2007. Vegna illviðris var ófært fyrir Siglfirðinga og Skagfirðinga að mæta til keppni og mótinu því frestað á síðustu stundu. Sá frestur lengdist fram yfir áramót.

Æfingar þær sem við hófum í íþróttahúsinu við Oddeyrarskóla hausti 2006 fóru ekki í gang í ársbyrjun 2007 þar sem við misstum þjálfarann og síðan húsnæðið. Við komumst síðan í samband við Guðnýju Backman sem tók að sér málið og hófust æfingar hennar í Íþróttahúsi Glerárskóla stuttu fyrir jól.

Akur átti fulltrúa á þingi Íþróttasambands fatlaðra í Reykjavík 14.4.2007

Akur hefur notað opnu sína í Leó, félagsblaði Hængs og er það góður vettvangur til kynningar á félaginu.

Félagið hefur nú eins og áður átt stuðning ímissa fyrirtækja og féлага vísan til að fjármagna starfsemi sína auk þess sem íbúar á félagssvæðinu hafa styrkt okkur með kaupum á Jólakortum.



Hængur ber fram veitingar í lokahófi 25. Hængsmótsins.

Jósep Sigurjónsson, formaður.



Golfklúbbur Akureyrar

Ársskýrsla 2006

Skýrsla stjórnar 2006

1. nóvember 2005.-31. október 2006

Golfklúbbur Akureyrar, stjórn og nefndir 2006.

Aðalstjórn:

Formaður: Halldór M. Rafnsson
Varaformaður: Rúnar Antonsson
Ritari: Gunnar Vigfússon
Gjaldkeri: Arnar Árnason
Meðstjórnandi: Örn Viðar Arnarson

Varamenn í stjórn:

1. varamaður: Halla Sif Svavarsdóttir
2. varamaður: Svanhvít Ragnarsdóttir

Fjáröflunarnefnd:

Formaður: Arnar Árnason
Rúnar Antonsson

Vallarnefnd:

Formaður: Örn Viðar Arnarson
Eyjólfur Ívarsson
Sigurður Samúelsson
Steindór Kr. Ragnarsson
Kjartan Sigurðsson
Haraldur Júlíusson

Kappleikjanefnd:

Formaður: Halla Sif Svavarsdóttir
Sigurður Ringsted
John Júlíus Cariglia
Kári Guðmundsson
Svanhvít Ragnarsdóttir
Halldór M. Rafnsson
Rúnar Antonsson
Ólafur Auðunn Gylfason
Gógó (Guðmunda)
Stefán Haukur Jakobsson
Kári Már Jósavínsson

Forgjafarnefnd (GSÍ):

Formaður: Stefán Jónsson
Halla Sif Svavarsdóttir

Afreksnefnd:

Formaður: Björn Axelsson
Birgir Haraldsson
Jón Steindór Árnason

Aganefnd:

Formaður: Björn Axelsson
Ólafur Búi Gunnlaugsson
Bjarni F. Jónasson

Arctic open:

Formaður: Jón Birgir Guðmundsson
Guðmundur Ó. Pétursson
Gestur Geirsson
Hanna Dögg Maronsdóttir

Nýliðanefnd:

Formaður: Rúnar Antonsson
Páll Jóhannsson
Aðalsteinn Þorláksson
Albert Hörður Hannesson

Unglinganefnd:

Formaður: Gunnar Vigfússon
Bryndís Ýr Viggósdóttir
Sigurður Jónsson
Alda Stefánsdóttir

Húsnefnd:

Formaður: Halldór M. Rafnsson
Kári Guðmundsson
Leó Fossberg Júlíusson
Kári Már Jósavínsson

Skoðunarmenn

ársreiknings:

Ómar Halldórsson
Jón Steindór Árnason

Starfsárið hófst með því að formaður og framkvæmdastjóri sátu þing GSÍ í Reykjavík og þar var Ómar Halldórsson GA kosinn í varastjórn GSÍ. Í nóvember hafði Akureyrarbær samband við stjórn klúbbsins vegna fyrirhugaðrar breytingar á legu nýrrar brautar sem átti að leggja yfir þriðja grínið. Margir fundir voru haldnir vegna þess og einnig vegna þess að bærinn vildi að völlurinn fengi aukið land austan núverandi legu hans. Edwin Rögnvaldsson hannaði breytingar á vellinum í samráði við starfsmenn bæjarins. Eithvað hefur þetta samt dregist þar sem ekki hefur enn tekist að ljúka viðbótarsamningi við Akureyrarbæ. Á þessum tíma er búið að halda 9 fundi með starfsmönnum bæjarins og bæjarstjóra.

Það hefur síðan komið fram að ekkert verður af því að farið verði með veginn yfir völinn, þannig að ekkert er vitað enn hvert framhaldið verður.

Í desember var Árni Jónsson golfkennari endurráðinn til tveggja ára.

Tvær nýjar vélar voru keyptar af Vetrarsól í janúar en þessar vélar höfðum við haft að láni frá síðasta sumri.



Allir Akureyrarmeistararnir 2006.

Eins og kylfingar vita þá voraði seint hjá okkur og áttum við eftir að þökuleggja þrjár flatir og stór svæði í kringum þær. Þessu tókst að ljúka fyrir Artic open og má segja að þessar breytingar á vellinum hafi tekist mjög vel. Það var síðan farið í að gera seftjörn á milli 16. og 17. brautar í haust og er það fyrsta skrefið til þess að þurrka upp þau svæði þar sem mesta bleytan er á vellinum. Í hönnun Edwins Rögnvaldssonar sem hann hefur gert fyrir klúbbinn er gert ráð fyrir tólf tjörnum víðsvegar um völinn til að þurrka hann og fegra.

Það kemur fram í ársreikningi að töluverð aukning hefur verið á tekjum af mótum og er það vel, við höfum verið að fækka mótum en reynt að gera þau veglegri og auka þá um leið aðgengi að vellinum.

Í sumar fengum við að vita að klúbburinn okkar hafi verið útnefndur fyrirmyndafélag ÍSÍ og var okkur afhend sú viðurkenning 3. nóvember s.l. Þetta er mikil viðurkenning fyrir Golfklúbbinn og ekki síst fyrir unglingastarfið sem alla tíð hefur verið mjög öflugt.

Í júlí sagði framkvæmdastjórinn okkar upp störfum og flutti suður í september. Stjórnin réði Höllu Sif Svavarsdóttur til starfa og mun hún hefja störf 1. desember.

Stjórnin gekk frá nýjum starfssamningi til 3ja ára við vallarstjórnann, Steindór Ragnarsson.

Eins og sést á ársreikningi gekk nokkuð vel með reksturinn og er það von okkar að enn sé hægt að gera betur. Vandamál hefur komið upp með inni aðstöðu okkar í Þórstíg, en henni var lokað síðastliðið vor. Íþróttaráð er að leita að öðru húsnæði fyrir klúbbinn og vonumst við til að það skýrist fyrir áramót.

Á formannafundi hjá ÍBA var ákveðið að aðildarfélögin og ÍBA sameinuðust í gerð heimasíðu og var gengið til samnings við Stefnu, forritunarfyrirtæki og er von á heimasíðu GA nú fljótlega eftir áramót.

Skýrsla kappleikjanefndar

Starfsárið byrjaði með kvennamóti – Bleika bikarnum en það er kvennamótaröð sem haldin er á landsvísu til styrktar rannsóknnum á brjóstakrabbameini.

Arctic Open var að vanda glæsilegt og haldið dagana 21.-24. júní. (Nánar er fjallað um það hér í sér kafla í skýrslu stjórnar).

Carlsberg Open var haldið 1. júlí og voru þátttakendur um 100 talsins og sigraði Finnur Bessi þetta mót á 42 punktum. Glæsileg verðlaun voru í boði frá Carlsberg-Vífilfelli og vann Finnur Bessi ferðavinning og þátttökurétt í Carlsberg Club Championship.

Meistaramótið tókst með ágætum og voru þátttakendur 140 auk allra barnaflokkanna sem ekki voru skráðir á golf.is. Mótinu lauk með grillveislu og verðlaunaafhendingu.

Í aðalfundargögnum látum við fylgja með sigurvegara í mótum sumarsins.

Um miðjan júlí tókum við á móti tæplega 200 manns í Landsmóti 35+ og var það mál manna að sjaldan eða aldrei hafi jafn vel tekist til. Stjórnin þakkar öllum þeim sem komu að mótinu fyrir vel unnin störf.

Opna Heimsferðamótið var haldið 22. júlí og er þetta nýtt mót á mótaskránni hjá okkur og vonandi verður það árlegt. Meðþátttaka var í því eins og í öðrum mótum sumarsins eða um 120 manns. Keppt var í karla og kvennaflokki með forgjöf.

Næsta stórmót sumarsins var svo Verslunarmannahelgar Bomba, Hole in One og Ecco

Fjöldi þátttakenda var 202.

Veitt voru verðlaun fyrir 10 efstu sætin auk annarra verðlauna.

Helgina 12. og 13. ágúst voru haldin tvö mót. Laugardaginn 12. var haldið Opna 10-11 mótið, öldungamót þar sem keppt var í 4 flokkum, þarna komu saman tæplega 100 eldri kylfingar alls staðar að af landinu.

Sunnudaginn 13. var Bautamótið sem var glæsilegt að vanda, mættir voru til leiks yfir 100 manns og bauð Bautinn upp á glæsilegt veisluborð að móti loknu.

Sveitakeppni GSÍ, drengir 15 ára og yngri var haldin hér dagana 18.-20. ágúst.

Úrslit er að finna inn á fréttavef GA á golf.is

Mitsubishi Open var haldið helgina 30.-31. ágúst og var fjöldi þátttakenda tæplega 200. Fjöldi glæsilegra verðlauna var í boði.

Sumargleðin, mót til styrktar unglingastarfi okkar var haldið 2. september. Þar léku veðurguðirnir okkur grátt og var þátttakan fremur dræm.

Firmakeppni GA fór fram 16. september og var spilað fyrir um 60 fyrirtæki. Þeir Konráð Vestmann Þorsteinsson og Stefán Ernir Valmundarson unnu fyrir Lostæti.

Bændaglíman 2006 var svo sunnudaginn 17. september og voru þær Patricia Ann Jónsson og Guðrún Kristjánsdóttir bændur. Fjöldi GA félga var mættur til leiks og var þetta mikil spennan til loka en lið Guðrúnar sigraði með 14 ½ vinningi á móti 9 ½.

Í lokin bauð klúbburinn upp á glæsilegt veislukaffi.

Mótavertíðinni lauk svo með Nýliðamóti í lok september.

Auk þeirra móta sem tekin eru fyrir hér í þessari samantekt þá voru haldin fjöldi annarra móta, t.d. fyrirtækjamót, öldungamót, kvennamót og unglingamót og vill stjórnin þakka öllum þeim sjálfboðaliðum og starfsfólki GA sem komu að mótahaldinu á einn eða annan hátt kærlega fyrir.

Síðan en ekki síst skal þakka öllum þeim fjölmörgu styrktaraðilum sem þarna áttu hlut að máli, því án þeirra væri mótaskrá okkar ansi lítil og litlaus.

Skýrsla unglinganefndar

Fyrsta verkefni unglingaráðs var að koma að undirbúningi, vegna fyrirhugaðrar æfingaferðar til Englands. Farið var í fjáröflun til að létta á kostnaði vegna ferðarinnar. Í byrjun apríl var lagt af stað til Manor of Groves rétt hjá Stansted. Í ferðinni voru 12 unglingar frá GA ásamt Árna Þjálfara. Einnig komu með krakkar frá Sauðárkrók, Ólafsfirði og Dalvík. Samtals vorum við 27 og var samdóma álit allra þeirra sem fóru þessa ferð að hún hafi tekist vel og verið góður undirbúningur fyrir komandi sumar.

Íslandsmótið í holukeppni var haldið á Vífilstaðavelli og áttum við þar fimm fulltrúa. Örvar Samúelsson náði þar þeim frábæra árangri að verða Íslandsmeistari í 14-15 ára flokki.

Íslandsmótið í högggleik var haldið á Akranesi og þangað fóru 12 krakkar. Þar náði Björn Guðmundsson þeim glæsilega árangri að verða Íslandsmeistari í flokki 16-18 ára og er hann þar á sínu fyrsta ári. Örvar lenti í 5. sæti eftir að hafa verið í mikilli baráttu um verðlaunasæti.

Sveitakeppnir unglinga voru haldnar í Vestmannaeyjum og á Akureyri. Í Eyjum vorum við með tvær sveitir hjá strákunum, en enga stúlknasveit. Strákarnir stóðu sig mjög vel, báðar sveitir komust í A-úrslit. A sveitin lenti í 3. sæti og B sveitin í 7. sæti. Hér á Akureyri voru 14-15 ára krakkarnir í mikilli blíðu. Ein sveit keppti frá okkur hér fyrir norðan og komst hún einnig í A-úrslit en endaði síðan í 8. sæti.

Samtals kepptu 12 unglingar frá GA á KB-bankamótaröðinni og þar náði Björn Guðmundsson bestum árangri eða 8. sæti.

Síðla sumars hélt unglingaráðið hina árlegu Sumargleði og tókst hún vel. Mæting var dræm, enda veður frekar slæmt. Einnig verður að segja það að ekki tókst betur að fá kylfinga til að mæta á N4-Greifamótaröðina. Þetta var 9 holu mót sem haldið var á fimmtudögum í sumar til styrktar unglingaráði. Verður það verkefni nýrrar stjórnar að finna nýjar leiðir í fjáröflun þar sem þessar hefðbundnu leiðir eru ekki að skila árangri.

Að lokum viljum við þakka Árna Jónssyni fyrir gott samstarf í sumar og óska honum til hamingju með frábæran árangur.

Skýrsla Nýliðanefndar

Nýliðanefnd hélt 4 fundi á árinu sem fólust aðallega í því að halda þau 2 mót sem haldin voru fyrir nýliða síðastliðið sumar. Fyrri mótið fór fram um mitt sumar og mættu 40 keppendur, leikið var vanur/óvanur og þótti það takast mjög vel. Vegleg verðlaun voru fyrir 1-3. sæti með og án forgjafar.

Seinna mótið var haldið í september og þá voru eingöngu nýliðar sem áttu rétt á að keppa en þátttakan í því móti var ekki eins góð og í fyrri mótinu. Það má því kannski draga þá ályktun að nýliðum þyki betra að taka þátt í sínum fyrstu mótum með því að hafa vanan sér við hlið, en auðvitað er þetta einstaklingsbundið eins og svo margt annað í þessari skemmtilegu íþrótt.

Á fundi nefndarinnar síðastliðið vor kom upp sú hugmynd að reyna að ná á einhvern hátt inn í skólana til að kynna golfið betur, en því miður náðist ekki að útfæra það áður en skólanum lauk. Nýliðanámskeið voru auglýst með hefðbundnum hætti og mæting í þau var góð. Þá hafði reynslan af tilrauninni sumarið 2005 um að klúbbfélagar mættu koma með gest með sér til að spila og kynna fyrir golfíþróttinni ekki gefist nógu vel og þess vegna var ekki haldið áfram á þeirri braut.

Engu að síður varð fjölgun nýliða í klúbbnum 106 og hafa þeir aldrei verið fleiri.

Að síðustu viljum við þakka þeim sem aðstoðuðu okkur við framkvæmd móta, kennara nýliðanna Árna Jónssyni og þeim fyrirtækjum sem gáfu verðlaun ss. Kjarnafæði, Bautanum og Veitingastaðnum Strikinu.

Skýrsla Vallarnefndar

Undirbúningur sumarsins hófst með vinnudegi þann 27. maí. Þar mættu fjölmargir félagar og hjálpuðu til við hin ýmsu störf, hæst bar þá frágangur á 18. braut.

Golfvartiðin byrjaði seint í ár. Völlurinn var ekki opnaður fyrr en þann 3.júní en þrátt fyrir það komst hann í mjög gott stand þegar leið á sumarið. Miklar framkvæmdir voru þetta sumarið eða eins og flestir vita þá voru þrjár nýjar flatir endurnýjaðar og einnig hluti af 7. braut endurnýjaður. Framkvæmdartíminn lengdist og var orðið tvísýnt hvort að til tækist að opna flatirnar fyrir Arctic Open. Til allrar lukku tókst sú áætlun og gott betur en það.

Ekki hefur fengist samþykki frá bæjaryfirvöldum um áframhaldandi styrk til endurbóta á vellinum. Golfklúbburinn tók þá ákvörðun að staðna ekki í uppbyggingu vallarins og réðst því í framkvæmd við tjörn milli 16. og 17. brautar og upphækkun á 16. brautinni með uppgreftri úr tjarnarstæðinu. Næsta sumar verður því leikið vinstra megin við núverandi braut, meðan að nýja brautin grær.

Starfsmenn vallarins: Steindór Ragnarsson, vallarstjóri, Arnór Jón Sveinsson, vélamaður, Ævar Knutsen, Valdimar Þengilsson, Andrés Már Magnússon, Jan Eric Jessen, Ólafur Már Þórisson, Elfar Halldórsson og Georg Óskar Manúelsson.

Skýrsla eldri kylfinga

Það verður að segjast að kalt vor setti sinn svip á fyrirhugaða mótaskrá eldri kylfinga sem gerði ráð fyrir „þriðjudagsmótum“ allt frá miðjum maí og fram í júlí.

Af þeim sökum voru ekki nema fjögur mót haldin og þau öll frekar illa sótt en þessi mót eru hugsuð sem styrktarmót fyrir okkur og rennur mótsgjaldið til greiðslu kostnaðar við þátttöku liða GA í sveitakeppni GSÍ, sem fram fór á golfvelli-
num á Hellu þetta sumarið.

Karlalið GA (55 ára+) stóð sig vel að vanda, og vann sveit GK (Keilis) í leik um 3ja sætið.

Kvennalið GA (50 ára+) hefur oft leikið betur en þetta árið og setur stefnuna á verðlaunasæti næsta sumar!!

Upp úr stendur fjölmennt öldungamót þetta sumarið, það er opið mót sem haldið var á Jaðarsvelli laugardaginn 12. ágúst í blíðu veðri og við frábærar aðstæður. Þar mættu um eitt hundrað manns, bæði konur og karlar víða af landinu.

Þetta opna mót kallaðist Opna 10-11 mótið og voru glæsileg verðlaun veitt, bæði í kvenna og karla flokki, auk glæsilegra nándarverðlauna. Verðlaun voru gefin af fyrirtækinu Högum hf. fyrir tilstilli Jóhannesar Jónssonar, kenndur við Bónus og eru honum færðar kærar þakkir fyrir velviljann. Geta má þess til gamans að hann var sjálfur meðal þátttakenda.

Daginn eftir, þann 13. ágúst var síðan hið árlega Bautamót, glæsilegt mót að vanda, eitt það fjölmennasta sem haldið hefur verið. Þótti þetta fyrirkomulag hafa tekist einstaklega vel, sértaklega fyrir þá sem langt voru að komnir að geta tekið þátt í tveim mótum í sömu ferðinni.

Þetta er það markverðasta frá liðnu sumri.

Skýrsla kvennanefndar

Hjá kvennadeild byrjaði árið á tiltekta deginum eins og hjá öðrum félagsmönnum. Í maílok fóru 22 konur í 3ja daga golfferð suður á land og var spilað á Flúðum og Kiðjabergi. Sú ferð var skemmtileg og vel heppnuð þó að það hafi skipst á skin, skúrir og eljagangur en á Flúðum tókum við þátt í fyrsta móti sumarsins. 6 sinnum vorum við með samspil í sumar vön og óvön og þar fjölgar nýliðum jafnt og þétt. Hatta og pilsamótið var í júlí og veðurguðirnir eru okkur alltaf hliðhollir og það mót er alltaf að stækka. Við störfuðum við Arctic Open í matartjaldi og við tilfallandi störf.

Við þökkum samstarfið á árinu.

Skýrsla Arctic Open nefndar

Í ár var tuttugasta Arctic Open mótið haldið dagana 21.-24. júní.

Undirbúningur hófst strax að loknu mótinu 2005 en aðal vinna við skipulag og sölu á mótið fór fram frá ársbyrjun 2006. Í Arctic Open nefndinni þetta árið sátu: Jón Birgir Guðmundsson formaður, G. Ómar Pétursson, Hanna Dögg Maronsdóttir, Gestur Geirsson, Björn Gíslason og Kristinn H. Svanbergsson. Tekjur af mótinu voru 4.079.622 krónur en gjöld 2.523.800. Hagnaður nam því 1.555.822 krónum. Tekjur vegna mótsins hækkuðu um tæp 30% frá árinu 2005.

Sala á mótið í ár gekk vel og voru þátttakendum 138 talsins þar af um 30 útlendingar. Útlendingar voru heldur færri en verið hefur en minni áhersla hefur verið á markaðs-setningu mótsins erlendis undanfarin ár vegna mikillar eftirspurnar hér heima fyrir. Íslensk fyrirtæki hafa í auknum mæli keypt sér aðgang að mótinu og boðið starfsmönnum og viðskiptavinum að njóta góðra daga á Akureyri í tengslum við mótið.

Að venju þurfti að leggja nótt við dag síðustu daga fyrir mót til að tryggja að allir hlutir væru í fullkomnu lagi. Fjölmargir GA félagar hjálpuðu til við undirbúning og framkvæmd mótsins og er þeim þakkað kærlega fyrir sína framgöngu. Framkvæmd mótsins tókst vel og voru aðstæður hinar bestu. Miðnætursólin lét sjá sig að venju en þó naut hennar ekki lengi við. Þrátt fyrir það voru þátttakendur yfir sig ánægðir með mótið og allar aðstæður.

Helstu styrktaraðilar Arctic Open 2006 voru: Flugfélag Íslands, Vodafone, Nevada Bob og Galloway. Öllum þessum aðilum þökkum við samstarfið og bindum miklar vonir við þátttöku þeirra í áframhaldandi uppbyggingu mótsins.

Í ágúst síðastliðnum fóru Jón Birgir og G. Ómar úr Arctic Open nefndinni til Aspen í Bandaríkjunum í boði aðstandenda Challenge Aspen golfmótsins sem þar er haldið árlega. Mótið er fjáröflunarmót til að styrkja og hvetja fatlaða einstaklinga til þátttöku í íþróttum en einnig styrkir mótið uppbyggingu unglingastarfs í golfi. Fjöldi atvinnu-kyllinga tekur árlega þátt í mótinu til að styðja gott málefni og má nefna að í ár léku þar með annarra Chris DiMarco og Stewart Cink. Aðstandendur Challenge Aspen hafa áhuga á samstarfi við Golfklúbbinn um að halda fjáröflunarmót sem þetta hér á landi og tengja það jafnvel Arctic Open. Ferðin til Aspen og þátttaka í mótinu var mjög lærdómsrík og viðræður við aðstandendur mótsins gefa tilefni til bjartýni um að hún geti verið upphafið að spennandi tækifæri fyrir Golfklúbbinn. Áfram verður unnið að þessu máli á næstu mánuðum.

Það er von og víska Arctic Open nefndarinnar að hér eftir sem hingað til megi treysta á stjórn og meðlimi Golfklúbbsins til þátttöku í að þróa og efla Arctic Open svo verði enn stærra og glæsilegra með hverju ári.

Skýrsla afreksnefndar

Á aðalfundi GA síðastliðið haust var tekin ákvörðun um stofnun afreksnefndar sem hefði það hlutverk að móta stefnu og framtíðarsýn fyrir afreksstarf GA auk þess að skilgreina markmið klúbbsins og marka leiðir að markmiðunum. Í nefndina voru valdir þeir Birgir Haraldsson, Björn Axelsson og Jón Steindór Árnason.

Í maí síðastliðnum leit svo meðfylgjandi skjal, „Stefna, markmið og leiðir í afreksstarfi“ (fylgir með í ársskýrslu) dagsins ljós. Það var lagt fyrir aðalstjórn GA og samþykkt þar, einnig voru þar samþykktar viðmiðunarreglur varðandi val á keppnisssveitum GA í karla og kvennaflokki. Kjarninn í stefnunni felst í því að allir einstaklingar í afrekshópi setji sér sjálfir markmið og skili til afreksnefndar og miðast allur stuðningur við að það sé uppfyllt.

Afreksnefnd opnaði einnig á árinu vefsíðu þar sem finna má allar upplýsingar um afreksstarf í GA. Slóðin er: ga.muna.is

Æfingar

Afrekskyllingar hafa aðgang að kennara klúbbsins eftir þörfum.

Skipulagðar golfæfingar voru tvisvar sinnum í viku í „Boganum“ frá nóvember og fram í apríl, auk þess sem æfinga-aðstaða við Þórsstig stóð til boða. Þegar vel viðraði voru æfingar á æfingasvæði klúbbsins.

Yfir sumarið voru tvær æfingar í viku, þar sem sérstaklega var lögð áhersla á að spila. Loks hafa afrekskyllingar ókeypis aðgang að æfingasvæðinu gegn því að skila inn markmiðum sínum fyrir keppnistímabilið og því að þeir vinni að þeim samviskusamlega með markvissum æfingum.

Árangur sumarsins

Send voru lið í sveitakeppni GSÍ, 1. deild í karla- og kvennaflokki. Karlasveitin endaði í 7. sæti af 8 liðum og féll niður um deild, en kvennasveitin endaði í 4. sæti og var í baráttu um verðlaun.

Sex keppendur mættu til leiks á Íslandsmótinu í högggleik, fjórir í karlaflokki og tveir í kvennaflokki. Í karlaflokki komust allir keppendur í gegnum niðurskurðinn og þegar upp var staðið varð Ómar Halldórsson í 15. sæti, Björn Guðmundsson í 30., Árni Már Harðarson í 66. og Örvar Samúelsson í 69. Í kvennaflokki varð Arna Rún Oddsdóttir í 9. sæti og Sunna Sævarsdóttir í því 11.

Nokkrir keppendur tóku þátt í KB Bankamótaröðinni í sumar, en ljóst er að þátttakan þarf að vera meiri og mikilvægt að ákveða hvaða leiðir verða farnar til að gera afreksmönnum kleift að sækja þessi mót í meira mæli en verið hefur.

GA eignaðist tvo Íslandsmeistara í unglingaflokki í sumar og sveitir í unglingaflokki náðu þeim markmiðum sem sett voru og í sumum tilfellum var árangurinn betri en væntingar stóðu til. Nánar er fjallað um árangur í unglingaflokkum í skýrslu unglinganefndar.

Markmið næstu ára

Stefna klúbbsins í afreksmálum er skýr, þar sem fram kemur að GA stefnir að því að vera í fremstu röð í íslensku keppnisgolfi. Markmiðin þarf að sjálfsögðu sífellt að endurskoða og þar er ekki einungis átt við afreksnefnd, heldur einnig þau markmið sem einstaklingarnir setja sér sjálfir, því það er fyrst og fremst einstaklinganna sjálfra að setja sér markmið og vinna að því að ná þeim. Hlutverk GA og afreksnefndar er því fyrst og fremst að skapa þannig umhverfi að einstaklingarnir hafi tækifæri til að ná þeim markmiðum sem þeir setja sér. Þar má nefna að skapa þarf æfingaaðstöðu yfir vetrartímann, skilgreina fjárhagslegan stuðning og fleira.

Að lokum vil ég nota tækifærið og þakka fráfarandi stjórn, nefndarmönnum og starfsfólki klúbbsins fyrir ánægjulegt samstarf. Ómetanlegt starf félagsmanna sem og annarra við mót og aðrar upptakur hjá Golfklúbbnum er einnig þakkað af heilum hug.

Halldór M. Rafnsson
formaður



Golfklúbbur Akureyrar

Ársskýrsla 2007

Skýrsla stjórnar 2007

1. nóvember 2006.-31. október 2007

Golfklúbbur Akureyrar, stjórn og nefndir starfsárið 2007.

Aðalstjórn:

Formaður: Halldór M. Rafnsson
Varaformaður: Rúnar Antonsson
Ritari: Gunnar Vigfússon
Gjaldkeri: Arnar Árnason
Meðstjórnandi: Örn Viðar Arnarson

Varamenn í stjórn:

1. varamaður: Sveindís Almarsdóttir
2. varamaður: Svanhvít Ragnarsdóttir

Vallarnefnd:

Formaður: Örn Viðar Arnarson
Kjartan Sigurðsson
Sverrir Þorvaldsson
Magnús Ingólfsson
Eyjólfur Ívarsson

Kapleikjanefnd:

Formaður: Sigurður H. Ringsted
Guðmunda (Gógó) Jóhannsdóttir
Unnur Hallsdóttir

Yfirræsir: Stefán Haukur Jakobsson

Forgjafarnefnd:

Formaður: Stefán Jónsson

Afreksnefnd:

Formaður: Björn Axelsson
Birgir Haraldsson
Jón Steindór Árnason
Halla Berglind Arnardóttir

Aganefnd:

Formaður: Björn Axelsson
Ólafur Búi Gunnlaugsson
Aðalheiður Alfreðsdóttir

Arctic open:

Formaður: Jón Birgir Guðmundsson
Guðmundur Ómar Pétursson
Gestur Geirsson
Hanna Dögg Maronsdóttir
Kristinn H. Svanbergsson
Björn Gíslason

Nýliðanefnd:

Formaður: Sveindís Almarsdóttir
Páll Jóhannsson
Aðalsteinn Þorláksson
Svandís Gunnarsdóttir

Unglinganefnd:

Formaður: Gunnar Vigfússon
Halla Berglind Arnardóttir
Sigurður Jónsson
Alda Stefánsdóttir

Húsnefnd:

Formaður: G. Kári Guðmundsson
Júlíus Fossberg Arason
Kári Már Jósavínsson
Ingólfur Bragason

Skoðunarmenn

ársreiknings: Jón Steindór Árnason
Ómar Halldórsson

Ágætu kylfingar lokið er enn einu starfsári hjá Golfklúbbi Akureyrar og einu að því merkasta, margt hefur gerst á árinu. Þann 5. nóvember 2006 var klúbbum veitt viðurkenning sem fyrirmyndarfélag Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og 1. desember var Halla Sif Svavarsdóttir ráðin framkvæmdarstjóri GA.

Þann 26.mars var skrifað undir samning við Akureyrarbæ um lagfæringar á golfvellinum að Jaðri að upphæð kr.229 milljónir. Það má segja að þarna hafi verið að ljúka þriggja ára vinnu formanns og Ómars Halldórssonar, en hann hefur unnið mest með formanninum í þeirri vinnu að sannfæra bæjarstjórn og íþróttaráð um nauðsyn þess að hafa góðan golfvöll hér á Akureyri. Þetta hefur verið þreytandi á köflum t.d. hefur Ómar komið norður ellefu sinnum á þessum tíma til að funda með bæjarstjórnarmönnum og starfsmönnum bæjarins. Á bakvið þennan samning er frábær hönnun á vellinum sem unnin var af Edwin Rögnvaldssyni og framkvæmdaráætlun sem unnin var af Ómari Halldórssyni, eru þetta fylgiskjöl samningsins og ber okkur að virða þau gögn.

Það er ekki sjálfgefið að íþróttafélög geti gengið í sjóði bæjarfélagsins, þess vegna er okkur nauðsynlegt að standa okkur og sýna að okkur er treystandi í þetta verkefni.

Það verður ekki skilið svo við að minnst ekki á Kristinn Svanbergsson, íþróttafulltrúa en hann hefur reynst okkur frábærlega vel í allri þessari vinnu.

Þetta er fjórða árið sem ég sit sem formaður GA og um leið er þetta okkar besta rekstrarár, en varlega skal farið, margt þarf að bæta og allt kostar þetta peninga.

Enn og aftur vil ég þakka þeim sem hafa lagt klúbbnum lið í sjálfböðavinnu, þau störf eru okkur ómetanleg.



Halldór formaður að handsala samninginn við Akureyrarbæ.

Skýrsla Vallarnefndar

Undirbúningur vallarins byrjaði með fjölmönnum vinnudegi þann 1.maí. Vel yfir 50 manns mættu og tókust á við hin ýmsu verkefni. Annar vinnudagur var svo haldinn 12. maí þar sem svipaður fjöldi mætti og þakkar vallarnefnd félögum fyrir vel heppnaða vinnudaga þar sem mörg verk voru unnin.

Völlurinn opnaði svo þann 12. maí að vinnudegi loknum. Völlurinn komst snemma í gott stand og eru flestir sammála um að hann hafi verið í mjög góðu standi allt sumarið.

Miklar framkvæmdir voru þetta árið, sáð var í 16. braut, nýr skurður grafinn frá 15. braut og niður að 11.braut þar sem tunnur höfðu lagst saman í gamla skurðinum. Nokkrir teigar hafa verið stækkaðir með uppgreftri úr skurðinum. Ráðist var í endurbyggingu á flötum 3, 12, 13, 15 og 17 og þrem æfingaflötum við bílastæðið. Flatir 3 og 12 verða svo þökulagðar næsta sumar en sáð verður í hinar flatirnar þar sem verður hægt að spila inn á eldri flatirnar. Einnig hafa verið gróðursett fjölmörg tré inn á vallarsvæðið sem komu úr vegstæði Miðhúsabrautar og hafa þau verið sett meðfram girðingu á 14. braut, 3. braut og milli 1. og 2. brautar.

Í sumar fjárfesti klúbburinn í gröfu sem notuð hefur verið við völinn og ætlað að verða fljót að borga sig, einnig var keyptur nýr Jakobsen pallbill í staðin fyrir þann gamla sem var farinn að nálgast tvítugsaldurinn.

Völlurinn var opinn óvenjulengi þetta árið, tekið var útaf sumarflötum 15. október og sett á vetrarflatir og teiga.

Hautmánudir voru mjög blautir og bar á að kylfingar væru ekki að virða almennar umgengnisreglur t.d. eins og að laga kylfu- og boltafö, og slá á sumarflatir sem ekki voru í leik.

Vonum við því að kylfingar virði reglur því að þó að langt sé liðið á golfárið er enn brýnna að fara varlega um völinn okkar vegna bleytu ofl.

Starfsmenn vallarins sumarið 2007: Steindór Ragnarsson, vallarstjóri, Arnór Jón Sveinsson, vélamaður, Ævar Knutsen, Valdimar Þengilsson, Andrés Már Magnússon, Jan Eric Jessen, Ólafur Már Þórisson, Elfar Halldórsson, Lars Óli Jessen og Kristófer Knutsen.

Skýrsla unglínganefndar

Fyrsta verkefni unglíngaráðs var að koma að undirbúningi, vegna fyrirhugaðrar æfingaferðar til Danmörku. Farið var í fjáröflun til að létta á kostnaði. Þegar Golfbær opnaði í lok janúar þá sá unglíngaráðið um að koma á fót púttmótaröð, sem tókst með ágætum, en þátttaka hefði mátt vera meiri.

Í byrjun apríl var lagt af stað til Dragsholm golf club á vestursrönd Sjálands. Í ferðinni voru 13 unglíngar frá GA ásamt Árna Þjálfara. Einnig komu með krakkar frá Dalvík. Samtals vorum við 21 og var samdóma álit allra þeirra sem fóru þessa ferð að hún hafi tekist vel og verið góður undirbúningur fyrir komandi sumar. Þarna var 18 holu keppnisvöllur, 9 holu völlur, 9 holu þar 3 völlur og fullkomið æfingasvæði. Veðrið var mjög gott allan tíman.

Hin árlega Sumargleði unglíngaráðs var svo fyrsta mót sumarsins og tókst mjög vel. Þátttaka var mjög góð og síðan var endað á kaffihlaðborði.

Íslandsmótið í holukeppni var haldið í Þorlákshöfn og áttum við þar 3 keppendur. Björn Guðmundsson náði þar ágætum árangri og varð í öðru sæti.

Íslandsmótið í höggleik var haldið á Leirunni og þangað fóru 12 krakkar. Enginn náði þar verðlaunasæti, en Petrea varð áttunda í sínum flokki. Björn og Örvar lentu í 10. og 11. sæti á sama höggfjölda.

Sveitakeppnir unglínga voru haldnar á Leirunni og á Vífilstaðavelli. Á Leirunni vorum við með tvær sveitir hjá 16-18 strákunum, en enga stúlkunasveit. Strákarnir í A sveitinni lenti í 8. sæti og B sveitin í 11. sæti. Á Vífilstaðavellinum voru 14-15 ára stákarnir. Ekki komust þeir í A-úrslitin og enduðu í 13. sæti.

Við í unglíngaráðinu vildum prufa eitthvað nýtt í fjáröflun fyrir unglíngaráðið. Við komum á fót holukeppni sem tókst mjög vel og ákveðið hefur verið halda þessu áfram á næsta sumri og skorum við á sem flesta til að taka þátt í þessari skemmtilegu keppni.

Þegar leið á sumarið þá var farið með yngstu krakkana til Dalvíkur og þeim leyft að keppa við jafnaldra sína þar. Þetta tókst mjög vel og Dalvíkingarnir komu svo til okkar og spiluðu hér á Jaðri. Þennan sama dag var síðan haldið lokahóf unglíngaráðs þar sem verlaun voru veitt og pylsur grillaðar.

Að lokum viljum við þakka Árna Jónssyni fyrir gott samstarf í sumar.

F. h. Unglínganefndar G.A.
Gunnar Vigfússon.



Myndin er tekin á aðalfundi 2007 þar sem veitt voru silfurmerki til félaga.

Skýrsla afreksnefndar GA

Starf nefndarinnar byggði áfram á þeim kjarna sem fram kemur í afreksstefnu GA sem samþykkt var 2006, þ.e. að allir einstaklingar í afrekshópi setji sér persónuleg markmið og skili þeim til afreksnefndar og/eða þjálfara. Stuðningur við þessa einstaklinga miðast við að þessi skilyrði séu uppfyllt.

Kylfingum í afrekshópum var sent bréf í aprílmánuði þar sem þeir voru beðnir að skila útfylltu eyðublaði með markmiðum sínum fyrir sumarið. Innheimtur markmiða voru ekki jafngóðar og árið áður og er umhugsunarvert hverjar ástæður eru að baki þeirri staðreynd.

Í apríl sendi afreksnefnd erindi til stjórnar drög að „fjárhagsáætlun vegna afreksstarfs“. Stjórnin fól formanni GA að skoða áætlunina samhliða öðrum málum tengdum afreksstarfi. Svar barst í júní þegar stjórn afreksnefndar var boðuð til fundar með formanni GA þar sem fjárhagsáætlunin var staðfest, auk þess sem boðaðar voru auknar kröfur til afreksmanna.

Á heimasíðu klúbbsins má finna allar upplýsingar um afreksstarf GA.

Vetraræfingar

Skipulagðar golfæfingar síðasta vetur voru tvisvar sinnum í viku í „Boganum“ frá nóvember og fram í apríl, auk þess sem æfingaaðstaða í „Sjafnarhúsinu“ við Austursíðu stóð til boða. Þegar vel viðraði voru æfingar á æfingasvæði klúbbsins.

Í apríl fóru hópur kylfinga ásamt kennara klúbbsins í æfingaferð til Danmerkur og tókst ferðin í alla stað vel. Einnig fóru fjórir kylfingar úr afrekshóp í æfingaferð til Florida á eigin vegum í maí, og heppnaðist sú ferð einnig í alla staði vel.

Sumaræfingar

Yfir sumarið voru tvær æfingar í viku, þar sem sérstaklega var lögð áhersla á að spila. Loks hafa afrekskylfingar ókeypis aðgang að æfingasvæðinu gegn því að skila inn markmiðum sínum fyrir keppnistímabilið og því að þeir vinni að þeim samviskusamlega með markvissum æfingum. Einnig var í sumar nokkrum sinnum efnt til holukeppni milli „eldri“ og „yngri“ kylfinga. Þetta tókst sérstaklega vel, þar sem keppni var skemmtileg og spennandi og er það von okkar að þetta fyrirkomulag verði þróað enn frekar á næstu árum.

Loks ber að nefna að í haust hefur hluti afrekshóps stundað þrekæfingar í líkamsræktarstöðinni Átaki, og er ánægjulegt að sjá að í auknum mæli unnið í anda þeirrar stefnu sem mörkuð var af afreksnefnd.

Árangur sumarsins

Klúbbmeistarar GA urðu Sunna Sævarsdóttir í kvennaflokki og Björn Guðmundsson í karlaflokki.

Send voru lið til keppni í 1. deild sveitakeppni GSÍ í karla- og kvennaflokki. Karlasveitin endaði í 8. sæti af 8 liðum og féll niður um deild, en kvennasveitin endaði í 4. sæti og var í baráttu um verðlaun.

Átta keppendur mættu til leiks á Íslandsmótinu í högggleik, allir í karlaflokki, tveir þeirra komust gegnum niðurskurðinn og þegar upp var staðið varð Björn Guðmundsson í 15. sæti og Ingvar Karl Hermannsson í 40. sæti.

Nokkrir keppendur tóku þátt í Kaupþings banka mótariðinni í sumar, bestum árangri náði Finnur Bessi Sigurðsson sem endaði í 9. sæti á 2. mótinu á mótariðinni sem haldið var á Korpuvelli. Ljóst er að gera þarf átak í að auka þátttöku okkar fólks á mótum á mótariðinni og mikilvægt er að ákveða hvaða leiðir verði farnar til að hvetja afrekskylfinga okkar til að sækja þessi mót í meira mæli en verið hefur.

Markmið næstu ára

Stefna klúbbsins í afreksmálum er skýr, þar sem fram kemur að GA stefni að því að vera í fremstu röð í íslensku keppn-

isgolfi. Markmiðin þarf að sjálfsögðu sífellt að endurskoða og er þar er ekki einungis átt við markmið klúbbsins, heldur einnig þau markmið sem einstaklingarnir setja sér sjálfir, því það er fyrst og fremst einstaklinganna sjálfra að setja sér markmið og vinna að því að ná þeim með markvissum hætti. Hlutverk GA og afreksnefndar er fyrst og fremst að skapa þannig umhverfi að einstaklingarnir hafi tækifæri til að ná þeim markmiðum sem þeir setja sér.

Að lokum vill stjórn afreksnefndar þakka Árna Jónssyni fráfarandi kennara klúbbsins ánægjulegt samstarf til margra ára.

Skýrsla Nýliðanefndar

Á síðasta starfsári voru haldnir tveir fundir í nýliðanefnd. Þar var ákveðið að halda áfram á sömu braut og sumarið 2006 og vera með mót fyrir nýliða en því miður þá féll það niður vegna dræmrar þátttöku. Síðastliðinn vetur var farið í nokkur fyrirtæki þar sem fólki var boðið að koma í Golfbæ og kynna íþróttinni. Sú tilraun var ekki að skila sér nógu vel því þarf að leita nýrra leiða til að styrkja og efla nýliðastarfið innan klúbbsins. Nokkur námskeið voru haldin í sumar og voru vel sótt. Nýskráningar í klúbbinn voru 57 á árinu. Við kveðjum Árna golfkennara með þökk fyrir hans stuðning og óskum honum velfarnaðar um ókomin ár.

Formaður nýliðanefndar,
Sveindís Almarsdóttir.

Skýrsla kappleikjanefndar 2007

Starfsárið byrjaði með móti til styrktar unglingastarfi GA – Sumargleði EJS, Coca Cola & Danól sem var haldið 10. júní. Keppt var í karla-, kvenna- og unglingaflokk. Þátttakendur voru tæplega 100 talsins. Í mótslok bauð unglingaráð keppendum í glæsilegt kaffihlaðborð.

Carlsberg Open var haldið 16. júní og voru þátttakendur 108 talsins – glæsileg verðlaun voru í boði frá Carlsberg og Vífilfelli.

Stórmót Heimsferða og Karls K. Karlssonar var haldið 30. júní. Heimsferðamótið var haldið í fyrsta sinn í fyrra og tókst með ágætum og nú í ár gerðum við enn betur og kom Heildverslun Karls K. Karlssonar með okkur í þetta mót ásamt Heimsferðum – metþátttaka var og var boðið upp á glæsilegar veitingar um kvöldið við verðlaunaafhendingu. Keppt var í karla og kvennaflokk með forgjöf.

Arctic Open var að vanda glæsilegt og haldið dagana 21.-23. júní nánar er fjallað um það hér í sér kafla í skýrslu stjórnar.

Meistaramótið tókst með ágætum og voru þátttakendur yfir 200 þar með eru taldir allir barnaflokkarnir sem ekki voru skráðir á golf.is sem Árni kennari stjórnaði ásamt sínu fólki. Meistaramótið var haldið í fyrsta sinn í samvinnu við Heilsuræktarstöðina Átak en Golfklúbburinn, Átak & Aqua Spa gerðu með sér samning um Meistaramótið til þriggja ára og kemur fyrirtækið að kostun verðlauna í mótið sem fyrir vikið er með miklum glæsibrag.

Mótinu lauk með grillveislu og verðlaunaafhendingu.

Björn Guðmundsson sigraði í Meistaraflokk karla á 289 höggum. Sunna Sævarsdóttir sigraði í Meistaraflokk kvenna á 326 höggum. Jón Svavar Árnason lék best í 1. flokki karla á 309 höggum og Kristín Lilja í 1. flokki kvenna á 364 höggum. Í öldungaflokk karla 70 ára og eldri lék best Árni Björn Árnason og í flokki 55 ára og eldri karla lék Viðar Þorsteinsson best. Í flokki eldri kvenna sigraði Hulda Vilhjálmisdóttir. Önnur úrslit er að finna á www.golf.is

Næsta stórmót sumarsins var svo Hjóna- og parakeppni GA, Hótel Akureyrar & Lostætis, þetta er nýtt mót á móta-skránni og tókst það með miklum ágætum og er það trú okkar að þetta mót eigi eftir að stækka mikið á næstu árum.

Opið kvennamót í boði Karls K. Karlssonar heildverslunar og Kanebo var haldið 22. júlí. Aldrei hefur verið meiri þátttaka í opnu kvennamóti í sögu GA og er það gleðilegt. Það voru um 60 konur sem tóku þátt í þessu glæsilega móti. Karl. K. Karlsson bauð upp á hressingu að leik loknum.

Landsmót Oddfellow var haldið að Jaðri 28. júlí.

Verslunarmannahelgar-Bomba Hole in One og Ecco er komið með fastan sess í mótaskrá GA og var það haldið 5. ágúst. Fjöldi þátttakenda var 162.

Veitt voru verðlaun fyrir 6 efstu sætin auk annarra verðlauna.

Dagana 10.-12. ágúst var hér haldin sveitakeppni GSÍ – 1. og 2. deild kvenna. Golfklúbburinn Kjölur sigraði Golfklúbb Reykjavíkur í úrslitaleik í 1. deild kvenna, Keilir varð í þriðja sæti og GA í því fjórða. Nesklúbburinn vann 2. deildina.

Helgina 18. og 19. ágúst voru haldin 2 stór mót. Opið öldungamót og hið árlega Bautamót. Að þessu sinni voru bæði þessi mót til viðmiðunar fyrir LEK og tókst það með ágætum.

Opna 10-11 mótið – Opið öldungamót þar sem keppt var í 4 flokkum – keppendur voru 145 alls staðar af landinu.

Bautamótið var glæsilegt að vanda – keppendur voru 143 ræst var út frá 1 og 10. teig og bauð Bautinn upp á glæsilegt veisluborð að móti loknu.

Kvennameistari Bautans var Þórunn Bergsdóttir.

Mitsubishi Open var haldið helgina 25.-26. ágúst og var fjöldi þátttakenda tæplega 200, lengi vel var langur biðlisti en hægt var að koma flestum þeim keppendum að. Mót þetta var hið glæsilegasta eins og undanfarin ár.



Halldór og David Barnwell nýráðinn golfkennari.

Fyrstu helgina í september var hér haldið 5. Stigamót unglunga í Kaupþingsmótaröðinni. Tókst það með miklum ágætum og lék veðrið við þá 148 keppendur sem skráðir voru til leiks, þó komið væri fram í september.

Bleiki bikarinn var síðasta opna mótið sem haldið var í sumar en það er kvennamótaröð sem haldin er á landsvísu til styrktar rannsóknum á brjóstakrabbameini. Aðalheiður Guðmundsdóttir og Guðfinna Guðmundsdóttir unnu mótið. Með því unnu þær sér þátttökurétt á lokamóti Bleika bikarsins sem haldið var í Borgarnesi.

Bændaglíman og Firmakeppnin voru helgina 15. og 16. sept.

Bændur voru þeir feðgar Halldór Rafnsson og Elfar Halldórsson. Góð þátttaka var þó veðrið væri all hrissingslegt en kylfingar láta það nú ekki aftra sér. Glíman var mjög spennandi alveg þar til síðustu menn komu í hús og endaði hún á jöfnu. Rétt um 60 fyrirtæki voru skráð til leiks í Firmakeppninni og var það Albert Hannesson sem spilaði til sigurs fyrir Glitni og fá þeir til varðveislu í eitt ár elsta og verðmætasta bikar í eigu klúbbsins gefinn af Helga Skúlasyni augnlækni - hefur verið spilað um hann síðan 1945 en þá vann Smjörlikisgerð KEA. Í öðru sæti var svo Brimborg en Arnar Pétursson lék fyrir þá og þurftu þeir Albert að fara í bráðabana til að útkljá leikinn þar sem þeir komu inn með sama punkta fjölda og voru jafnir holu eftir holu. Í 3. sæti var svo Ýmir en fyrir þá spilaði Kári Már Jósavínsson. Boðið var upp á kaffi og kökur í mótslok á sunnudaginn.

Auk þeirra móta sem tekin eru fyrir hér í þessari samantekt þá var haldin hér fjöldi fyrirtækjamóta bæði stór og smá svo mikið hefur verið um að vera hjá okkur í sumar, auk Landsmóts Oddfellow þá var haldið hér fjölmennt mót Oddfellow reglanna hér á Akureyri undir styrki stjórn Haraldar Sigurðssonar en hann hefur átt veg og vanda að því móti undanfarin ár og fleiri mótum s.s. bankamóti sem haldið er árlega, það heitir nú mót fjármála-fyrirtækja á Akureyri. Vill mótanefnd þakka öllum þeim sjálfsboðaliðum og starfsfólki sem komu að mótahaldinu á einn eða annan hátt kærlega fyrir þeirra störf.

Síðan en ekki síst skal þakka öllum þeim fjölmörgu styrktaraðilum sem þarna áttu hlut að máli – því án þeirra væri mótaskrá okkar ansi lítil og litlaus.

Skýrsla Arctic Open nefndar

Arctic Open mótið var haldið dagana 21.-23. júní.

Að venju hófst undirbúningur strax að loknu mótinu 2006 en aðal vinna við skipulag og sölu á mótið fór fram frá ársbyrjun 2007. Markaðssetning mótsins undanfarin ár hefur nú skilað sér þannig að eftirspurn eftir þátttöku er mjög mikil og komust færri að en vildu í mótið að þessu sinni. Þátttakendur voru 203 og hafa aldrei verið fleiri. Þátttakendur úr GA voru 53 og erlendir þátttakendur 35.

Að venju þurfti að leggja nótt við dag síðustu daga fyrir mót til að tryggja að allir hlutir væru í fullkomnu lagi. Fjölmargir GA félagar hjálpuðu til við undirbúning og framkvæmd mótsins og er þeim þakkað kærlega fyrir sína framgöngu. Framkvæmd mótsins tókst vel og voru aðstæður hinar bestu.

Helstu styrktaraðilar Arctic Open 2007 voru Flugfélag Íslands og Landsbankinn og verðlaun voru gefin af Gólfbúðinni Hafnarfirði og NTC verslunum. Öllum þessum aðilum þökkum við samstarfið og bindum miklar vonir við þátttöku þeirra í áframhaldandi uppbyggingu mótsins.

Á mótinu í ár var í fyrsta sinn efnt til styrktar góðu málefni. Að þessu sinni var ákveðið að styrkja Klakana, útivistarhóp Sjálfsbjargar sem vinnur að því að efla útivist og íþróttaiðkun fatlaðra einstaklinga. Safnaðist alls

rúm ein milljón króna. Þessi nýbreytni mæltist vel fyrir og voru þátttakendur ánægðir með að geta látið gott af sér leiða með þessum hætti.

Tekjur af mótinu voru rúmar 5,2 milljónir en gjöld rúmar 1,9 milljónir. Hagnaður nam því um 3,3 milljónum og ljóst að mótið skiptir miklu máli fyrir klúbbinn og mikilvægt að áfram sé haldið með uppbyggingu þess.

Í Arctic Open nefndinni þetta árið sátu Jón Birgir Guðmundsson formaður, G. Ómar Pétursson og Kristinn H. Svanbergsson.

F.h. Arctic nefndar,
G. Ómar Pétursson

Skýrsla SEK – GA (Samtök eldri kylfinga – Ak.)

Vorið var gott og völlurinn góður en ekki var það nægilegt til að bæta þátttöku í þriðjudagsmótum þetta sumarið. Sjö mót voru auglýst og haldin, en þau voru mjög illa sótt og verður varla reynt aftur að halda þau, a.m.k. í bili.

Þessi mót voru hugsuð sem fjáröflunarleið fyrir sveitir GA sem keppa á Íslandsmóti eldri kylfinga. Hugsanlega þarf að finna annað form á slíkum fjáröflunarmótum og verður það þá auglýst síðar.

Mikið vatnsveður var þegar Íslandsmótið fór fram, en karlalið GA stóð sig þokkalega og lenti í fjórða sæti.

Kvenna lið GA lék vel þrátt fyrir vatnsveðrið og setur nú stefnuna á veðlaunasæti á næsta sumri!

Tvö fjölmenn öldungamót voru haldin á sumrinu, þ.e. opin mót sem haldin voru helgina 18.-19. ágúst í blíðu veðri við frábærar aðstæður. Þar mættu á annað hundrað manns, konur og karlar víða að af landinu.

Þessi opnu mót voru – Opna 10-11 mótið- haldið á laugardeginum, en þar voru glæsileg verðlaun veitt að vanda, bæði í karla og kvenna flokkum. Öll verðlaun voru gefin af Högum h.f. fyrir tilstilli Jóhannesar Jónssonar í Bónus. Eru honum færðar þakkir fyrir rausnarskapinn.

Á sunnudeginum var svo hið árlega Bautamót, glæsilegt mót og það fjölmennasta frá upphafi.

Bæði þessi mót voru viðmiðunarmót til landsliðs LEK fyrir næsta ár. Almenn ánægja var með þetta fyrirkomulag, sérstaklega hjá þeim sem langt að voru komnir og gátu tekið þátt í tveimur mótum í sömu ferðinni.

Þetta er það markverðasta frá sumrinu 2007.

Bestu kveðjur frá SEK.

Skýrsla kvennanefndar

Við golfkonur höfum verið þekktar fyrir að standa saman og kunna að skemmta okkur. Okkur þótti ótækt að hittast lítið yfir veturinn og því var ákveðið að stofna spilaklúbb. Strax í janúar fórum við að mæta öll miðvikudagskvöld á Jaðri og spila Bridge. Fáar höfðu nokkra reynslu á því sviði enda skárri með kylfurnar. Þórunn Bergs tók okkur í kennslu og skemmt er frá því að segja að við skemmtum okkur konunglega, þótt deila megi um hversu góðir spilamenn við erum.

Helgina 2.-3. júní lögðum við svo upp í okkar árlegu vorferð. Lagt var af stað frá Jaðri á laugardagsmorgun og keyrt á hótél Reynihlíð í Mývatnssveit. Kl.11 vorum við svo mættar á teig á Golfvelli Mývatnssveitar þar sem við spiluðum 18 holur í blíðskaparveðri. Reyndar var dálítið hvasst en allir voru kátir með það því að engar flugur létu sjá sig og öll flugnanet voru óþörf.

Eftir spilið var svo haldið í Jarðböðin við Mývatn og síðan var kvöldverður á Hótél Reynihlíð. Eftir matinn var svo margt til gamans gert og skemmt sér fram eftir nóttu. Ekki stóð á því að enginn missti af morgunmatnum á sunnudeginum og kl. 11 voru allir mættir á teig á Katlavelli á Húsavík þar sem spilaðar voru 18 holur. Þetta var hin ánægjulegasta ferð og rútan skilaði okkur að Jaðri rétt fyrir kvöldmat.

Í sumar hittumst við 4 miðvikudaga og spiluðum 9 holur. Við þessi tækifæri höfum við reynt að taka vel á móti konum sem eru að byrja í golfi. Við spilum vanur-óvanur og hin ýmsu afbrigði golfþróttarinnar. Þetta finnst okkur virka vel á nýliða, konurnar finna að þær eru velkomnar og halda frekar áfram að koma á Jaðar og spila golf.

22. júlí var svo opið kvennamót sem flestar golfkonur í GA voru með í. Þátttaka var góð og hingað komu konur víðsvegar af landinu Mótið stóð í alla staði undir væntingum og verður vonandi fastur liður á hverju sumri hér eftir.

Hið árlega Hatta-og pilsamót var svo haldið 3. ágúst og þar var mikið gaman eins og venjulega. Reyndar sögnuðum við vinkvenna okkar frá Dalvík, en þannig hittist á að stórmót var hjá GHD daginn eftir og konurnar bundnar af undirbúningi fyrir það mót.

Lokahóf sumarsins hjá kvennanefndinni var svo 5. september en þá hittumst við og spiluðum 9 holur og þegar við komum í hús beið okkar uppáklæddur þjónn með hvítvín og svo fengum við súpu ásamt fleiru góðgæti. Allir skemmtu sér vel og þetta var góður endir á frábæru golfsumri.

Í október tókum við svo fram spilin afur og munum hittast kl 19.30 á miðvikudögum í vetur.

Um leið og ég vil þakka öllum sem komu að stjórn og rekstri klúbbsins á árinu vil ég þakka Árna Jónssyni golfkennara fyrir samstarfið sl.fimm ár sem hefur verið mjög ánægjulegt.

Halldór M. Rafnsson
Formaður GA



Ungmennafélag Akureyrar Ársskýrsla 2006

Ungmennafélag Akureyrar, UFA var stofnað 5. apríl 1988 og voru stofnfélagar tæplega 60. Tilgangur félagsins er að efla frjálsar íþróttir á Akureyri, þroska félagsanda og stuðla að heilbrigðu lífni.

Hér á eftir fer ársskýrsla félagsins fyrir starfsárið 2006.

Aðalstjórn:

Gísli Pálsson	formaður
Katrín Pálsdóttir	varaformaður
Rannveig Oddsdóttir	ritari
Guðmundur Viðir Gunnlaugsson	gjaldkeri
Svanhildur Karlsdóttir	meðstjórnandi
Birna Ingólfssdóttir	meðstjórnandi
Kristín Konráðsdóttir	meðstjórnandi
Arna Brynja Ragnarsdóttir	varamaður
Stefán Gíslason	varamaður
Valgerður Þorsteinsdóttir	fulltrúi iðkenda

Skoðunarmenn reikninga:

Hrönn Einarsdóttir	
Drífa Matthíasdóttir	
Sigþór Heimisson	varamaður
Magnús Arnarson	varamaður

Fundarhöld

Aðalfundur UFA vegna ársins 2005 var haldinn 22. febrúar 2006 í kaffiteríu Íþróttahallarinnar. Fundarstjóri var Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri. Fundarritari Rannveig Oddsdóttir. Gestir fundarins voru Viðar Sigurjónsson starfsmaður ÍSÍ, Sigfús Helgason varaformaður ÍBA, Sæmundur Runólfsson framkvæmdastjóri UMFÍ, Ómar Bragi Stefánsson landsfulltrúi UMFÍ, Árni Arnsteinsson formaður UMSE, Hringur Hreinsson stjórnarmaður UMFÍ, Björn Snæbjörnsson formaður ÍTA og Kristinn Svanbergsson íþrótta og tómstundafulltrúi ÍTA.

Á fundinum var Ungmennafélag Akureyrar sæmt titlinum Fyrirmyndarfélag ÍSÍ.

Úr stjórn gengu Hugufrún Sigurbjörnsdóttir, Hólmfríður Erlingsdóttir og Jenný Karlsdóttir. Í þeirra stað voru kjörin Birna Ingólfssdóttir, Kristín Konráðsdóttir og Stefán Gíslason. Viðurkenningar voru veittar íþróttafólki félagsins fyrir góðan árangur og ástundun og bar hæst val á íþróttamanni UFA árið 2005 en þá nafnbót hlaut Rannveig Oddsdóttir.

Stjórnarfundir voru 23 á starfsárinu, sóttir allir formannafundir ÍBA, báðir sambandsráðsfundir UMFÍ sem fram fóru að Laugum í Reykjadal og að Flúðum í Árnessýslu auk margra annarra funda í heimabyggð.

Skýrsla stjórnar

Starfið gekk vel á árinu og verður að flestu leyti að teljast öflugt.

Hyllir nú undir bættar aðstæður til iðkunnar frjálsra íþróttar og er umræða um vallaruppbyggingu á fulli skriði. Rætt er um að byggja upp á íþróttasvæði Þórs, sunnan Hamars. Þar rís væntanlega á næsta ári fullbúinn frjálsíþróttavöllur sem gert er ráð fyrir að standist alla alþjóðlega staðla. Stefnt er að verklokum haustið 2008.

Með tilkomu þessa mannvirkis verður breytingin fyrir frjálsíþróttaiðkendur gífurleg.

Einnig styrkir tilkoma vallarins rekstur UFA verulega, því með tilkomu hans verður komin boðleg aðstaða til mót-halds hér heima. Einnig er áformað að einangra vegg Bogans á komandi sumri og hita húsið að nokkru upp. Verður þar einnig um mikla bót að ræða. Má því segja að nú hylli undir langþráða drauma okkar frjálsíþróttáhugamanna.

Heimasíðu UFA, ufa.is, var haldið úti sem fyrr. Má þar fylgjast með því sem á döfinni er á hverjum tíma, sem og árangri og helstu afrekum okkar íþróttafólks. Þó er það svo að jafnan má gera betur og til bóta væri að leggja enn meiri rækt við þetta nútímatæki, sem er nú þegar besti upplýsingamiðill félagsins.

Það er skoðun stjórnar UFA að æfingagjöldum hjá félaginu sé mjög í hóf stillt og þá stuðst við samanburð við þátt-tökugjöld í öðrum íþróttagreinum. Æfingasókn iðkenda var lengst af með ágætum. Ljóst er að margt af okkar helsta

íþróttafólki tók miklum framförum á árinu og eru okkar sterkustu einstaklingar komnir í fremstu röð á Íslandi í sínum greinum.

Fjárhagur UFA verður að teljast góður, en mikill tími og orka forystufólksins fer í að halda honum á réttum kili. Gefið var út kosningablað, nú í tengslum við kosningar til sveitastjórnar og var blaðinu dreift á hvert heimili á Akureyri. Gekk útgáfan vel og er hún stærsta einstaka fjáröflunarleið félagsins. Við öflun auglýsinga í blaðið má glöggst finna þá velvild sem félagið nýtur í bænum.

Ýmsar hefðbundnar fjáröflunarleiðir voru farnar. Má nefna sölu á pennum fyrir Krabbameinsfélag Akureyrar og sölu á dagatölum fyrir Þroskahjálpi, en þessi verkefni voru unnin í samvinnu við framangreind félög. Kleinur voru bakaðar og seldar í dyragáttum og klósetpappír var seldur vinum og velunnurum frjálsíþróttaiðkenda og sem fyrr skilaði það drjúgu. Blóm voru seld fyrir páska, staðið í sölu á sokkum og fleira af þessum toga má tína til.

Mótahald er ein af þeim fjáröflunarleiðum sem gefur félögum af þessum toga tekjur. Nær engir slíkir möguleikar eru til staðar í okkar félagi vegna aðstöðuleysis. Nú þykir ekki ásættanlegt að keppa á öðrum brautum en lögðum gerviefnum og öll innanhúsmót á vegum FRÍ fara nú orðið fram í nýrri og glæsilegri frjálsíþróttahöll í Laugardalnum í Reykjavík. Bóginn er þó besta innanhúsaðstaðan á Norðurlandi og við að fá yl í húsið verður stigið gott skref í rétta átt.

Helstu viðburðir og verkefni

Hér á eftir er fjallað um helstu viðburði og verkefni úr starfi UFA á árinu. Starfi langhlauparadeildarinnar verður þó gerð skil sérstaklega aftast í skýrslunni. Úrslit í flestum mótum sem hér er fjallað um má finna á heimasíðu Frjálsíþróttasambands Íslands, www.fri.is.

Stórmót ÍR og víglumót nýju hallarinnar í Laugardal

Mótið var haldið helgina 27.-28. janúar. Þetta var góð ferð, okkar fólk stóð sig með sóma og unnust 19 verðlaunasæti. Frábært var að koma í nýju höllina og keppa við aðstaður eins og þær gerast bestar.

Þessa sömu helgi var einnig Framhaldsskólamótið haldið í Reykjavík og var UFAfólk aðaluppistaðan í liði MA. Þar sigraði lið MA bæði í kvenna- og karlaflokki.

Meistaramót Íslands 15 til 22 ára

MÍ 15-22 ára var haldið í Reykjavík helgina 4.-5. febrúar. UFA keppendur voru 19 og var árangur okkar fólks frábær. Unnust 6 Íslandsmeistaratitlar, en til þeirra unnu Hulda Rún Ingvarsdóttir, Bjarki Gíslason, Inga Vala Gísladóttir og Hjalti Rögnvaldsson. Einnig unnust 7 silfur og 11 brons og í heildarstigakeppninni varð lið UFA í 5. sæti.

Meistaramót Íslands í fjölbrautum

Mótið var haldið í Reykjavík 12.-13. febrúar. UFA átti 3 keppendur á mótinu og stóðu þeir sig ágætlega, hlutu 3., 5. og 8. sæti.

Meistaramót öldunga innanhúss

Einn keppandi fór á vegum UFA á mótið og náði hann nokkrum verðlaunasætum.

Meistaramót Íslands

MÍ aðalhluti var haldið í Laugardalshöllinni 18. og 19. febrúar. UFA átti 8 keppendur á mótinu og komu ein silfurverðlaun í þeirra hlut.

Aðalfundur UFA

Hinn árlegi aðalfundur var haldinn þann 22. febrúar í kaffiteríu Íþróttahallarinnar. Enn og aftur sýndi Kristján Þór Júlíusson, þáverandi bæjarstjóri, UFA þá velvild og virðingu að stýra fundinum. Fundarsókn var ágæt og margt góðra gesta var á fundinum.

Nánari umfjöllun um fundinn er annars staðar í skýrslunni.

Meistaramót Íslands 12-14 ára

Mótið var haldið í Laugardalshöllinni 25. og 26. febrúar.

Keppendur frá UFA voru aðeins 8 þau náðu frábærum árangri, hlutu 7 Íslandsmeistaratitla, en til þeirra unnu Agnes Eva Þórarinsdóttir, Snorri Björn Atlason og Örn Dúi Kristjánsson, 13 ára strákarirnir urðu Íslandsmeistarar í 4x200 m boðhlaupi (Örn Dúi, Snorri, Sindri og Ómar) og í heildarstigakeppninni urðu 13 ára strákarirnir stigahæstir. Einnig unnust 3 silfur og 1 brons.

Bikarkeppni Norðurlands

UFA hélt mótið helgina 1. og 2. apríl. Á annað hundrað keppendur tóku þátt í mótinu sem tókst í alla staði mjög vel. Keppendur komu frá UFA, HSB og UMSS. UFA sigraði heildarstigakeppnina. Seinni part laugardagsins var keppt í nokkrum greinum í flokki 11 ára og yngri. Í tengslum við mótið voru haldnar æfingabúðir fyrir iðkendur frjálsra íþróttar hér á Norðurlandi sem ágæt þátttaka var í.

Æfingaferð til Kanaríeyja

Ferðin var farin 5. apríl og komið til baka 19. apríl. Undirbúningur hafði staðið yfir í eitt og hálft ár. Fimmtán iðkendur fóru frá UFA, 5 frá HSB, 5 frá UMSE og 1 frá UMSB ásamt þjálfurunum Unnari og Gísla. Aldur miðaðist við 10. bekk- inga og eldri. Ferðin tókst mjög vel.

1. maí hlaupið

Fjögur hundruð og fimmtíu manns á öllum aldri tóku þátt í hlaupinu þetta árið sem er mun betri þátttaka en verið hefur undanfarin 3-4 ár. Vonandi helst þessi góða þátttaka. Valsárskóli sigraði í stigakeppninni, 3. árið í röð.

Kosningablað UFA

Kosningablað var gefið út í tilefni bæjar- og sveitastjórnarkosninga. Blaðið var hið vandaðasta og var því dreift inn á öll heimili á kosningasvæðinu. Útgáfa blaðsins skilar félaginu drjúgum tekjum auk þess sem það kynnir starf félagsins.

Vormót UFA

Mótið var haldið laugardaginn 5. júní. Á annað hundrað þátttakendur kepptu og komu þeir frá UFA, UMSE, HSB og UMSS.

Frjálsíþrótta- og leikjanámskeið

Dagana 6.-16. júní og 19.-30. júní stóð UFA fyrir frjálsíþrótta- og leikjanámskeiðum fyrir börn 8 ára og yngri, í umsjá Birgittu Guðjónsdóttur og Unnars Vilhjálmssonar. Rúmlega tíu börn voru á hvoru námskeiði og héldu mörg þeirra áfram að mæta á æfingar hjá UFA eftir námskeiðið.

Æfingabúðir FRÍ

Dagana 10. og 11. júní voru æfingabúðir FRÍ haldnar í Vík í Mýrdal og fóru 2 iðkendur frá UFA þangað.

Vormót UMSE

Mótið var haldið á Dalvík dagana 13. og 15. júní og átti UFA margt manna þar á verðlaunapalli.

Fimmtarþrautarmót UMSS

Mótið var haldið á Sauðárkróki 23. júní. Keppendur frá UFA voru 12 þar af 3 í fimmtarþrautinni en hinir í langstökki og 100m hlaupi, sem einnig var keppt í. Okkar fólki gekk ágætlega á þessu móti og unnust nokkur verðlaun.

Gautaborgarferð

Þetta var ferð á Världsongdomsspelen (Gautaborgarleikarnir) í Gautaborg 5.-13. júlí. Mótið er stærsta alþjóðlega mótið í frjálsum íþróttum á Norðurlöndunum, með um 3000 keppendur frá 12-15 löndum og er haldið á hinum glæsilega Ullevi leikvangi.

Aldur þátttakenda frá UFA miðaðist við 12-15 ára. Keppendur frá UFA voru 13, en einnig voru í hópnum 3 frá UMSE og 1 frá HSB, en þeir krakkar höfðu mætt á æfingar hjá UFA. Þjálfarar hópsins voru Unnar og Inga Vala. Einnig voru 4 mæður með í ferðinni. Þetta var frábær ferð í alla staði. Margir bættu árangur sinn og má nefna að Snorri Björn Atlason komst í úrslit í langstökki og Örn Dúi Kristjánsson setti Íslandsmet í sínum aldursflokki í 60 m grindahlaupi. Okkar fólki var félaginu til sóma í einu og öllu í þessari ferð.

Meistaramót Íslands 15-22 ára

Mótið var haldið í Kópavogi 22. og 23. júlí. Frá UFA voru 15 keppendur. Okkar fólki gekk vel. Íslandsmeistaratitlarnir urðu 5, en til þeirra unnu Bjartmar Örnuson, Inga Vala Gísladóttir og Bjarki Gíslason einnig sigraði UFA í flokki ung- kvenna 19-22ja ára. Mörg silfur og brons unnust einnig.

Sumarhátíð ÚÍA

Mótið var haldið á Vilhjálmsvelli á Egilsstöðum 22.-23. júlí.

Um 10 keppendur fóru frá UFA og unnust fjölmörg verðlaunasæti.

Meistaramót Íslands, aðalhluti

Mótið var haldið á Laugardalsvelli 29.-30. júlí. Sjö keppendur fóru frá UFA og unnust tvenn bronsverðlaun.

Unglingalandsmót á Laugum

Að þessu sinni var unglingalandsmótið haldið að Laugum í Reykjadal. Mótið var haldið um verslunarmannahelgina eins og verið hefur undanfarin ár. UFA var með sameiginlegar tjaldbúðir og stórt samkomutjald með UMSE og gekk sam- búðin vel. Í stóra tjalddinu voru samverustundir þar sem farið var yfir árangur dagsins og fólk skemmti sér saman. Einnig voru veitingar í boði félaganna alla dagana. Sameiginlegt grill var svo eitt kvöldið í boði félagana með stuðningi kjöt- vinnslustöðva og brauðgerða á Akureyri. Eru þeim færðar þakkir fyrir framlög sín. UFA átti 25 keppendur á mótinu sem allir stóðu sig mjög vel, margir voru í verðlaunasætum og þar af urðu 5 unglingalandsmótsmeistarar.

Þetta var skemmtilegt mót og frábært að vera á samkomu sem þessari um verslunarmannahelgina. Um átta þúsund manns voru talin vera að Laugum þessa helgi og hátíðin með öllu vímulus.

Akureyrarmót UFA og aldursflokkmót UMSE

Mótið var haldið dagana 9. 16. og 17. ágúst á Akureyrarvelli. Nú voru þessi mót í fyrsta skipti haldin sameiginlega og þótti það takast ágætlega og úr varð hið skemmtilegasta mót með á þriðja hundrað þátttakendum.

Meistaramót Íslands 12-14 ára

Mótið var haldið á Sauðárkróki helgina 17.-18. ágúst. Frá UFA fóru aðeins 8 keppendur, en líklegt er að einhver þreyta hafi verið komin í mannskapinn eftir mörg mót þarna á undan. UFA menn stóðu sig ágætlega þótt enginn næði Íslandsmeistaratitli.

Bikarkeppni FRÍ 2. deild

Mótið fór fram í Vik í Mýrdal 26. ágúst. UFA og UMSE voru með sameiginlegt lið og kepptu við þrjú lið um sæti í 1. deild að ári. Keppendur UFA/UMSE voru 20 og Unnar var þjálfari liðsins í ferðinni. Hafnaði okkar fólk í 2. sæti, svo við verðum áfram í 2. deild eitt árið til. Sigur vannst í 7 greinum.

Bikarkeppni FRÍ, 16 ára og yngri

Mótið var haldið í Mosfellsbæ 2. september. UFA var með sameiginlegt lið með UMSE. Liðið hafnaði í 3ja sæti í heildarstigakeppninni sem telst góður árangur.

Haustofnaður UFA

Hinn árlegi haustofnaður UFA var loks haldinn 7. september í Kjarnaskógi, í fínu veðri, en áður hafði honum verið frestað vegna mikillar rigningar. Ágætis þátttaka var og skemmtu foreldrar og börn sér saman í leikjum og borðuðu pizzur frá Jóni Spretti.

Akureyrarhlaupið

Hlaupið fór fram þann 16. september í ágætis veðri. Þátttakendur voru um 200 og var það aukning frá fyrra ári, sérstaklega var aukið þátttaka í 10 km hlaupinu, en 105 manns hlupu þá vegalengd. Aðrar vegalengdir sem boðið er upp á í þessu hlaupi eru hálfmarabon og 3 km.

Haustofundur UFA

Haustofundur UFA var haldinn í kaffiteríu Íþróttahallarinnar fimmtudagskvöldið 5. október. Farið var yfir starf vetrarins og veittar viðurkenningar fyrir Akureyrarmótið.

Nóvembermót UFA, Landsbankamót

Mótið var haldið helgina 11.-12. nóvember. Það var að þessu sinni styrkt af Landsbankanum og kallaðist því Landsbankamót. Keppendur voru á annað hundrað og auk okkar fólks voru keppendur frá HSP, UMSE, UMSS og USAH. Mótið tókst í alla staði vel og samkvæmt venju voru veitingar í boði UFA. Bakariin í bænum gáfu okkur brauðið og heitt kakó var veitt með, enda veitti ekki af í kuldinum í Boganum.

Silfurleikar ÍR

Mótið var haldið þann 18. nóvember í Laugardalshöllinni. Það var haldið til heiðurs Vilhjálmi Einarssyni, en nú eru liðin 50 ár frá því að hann hlaut silfur á Ólympíuleikunum í Melbourne. Okkar fólk gekk vel á þessu móti og unnust nokkur verðlaun.

Nóvembermót HSP

Mótið var haldið á Húsavík, sunnudaginn 19. nóvember. UFA keppendur voru 7 og stóðu sig mjög vel.

Nóvembermót UFA, 10 ára og yngri

Mótið var haldið 26. nóvember í Boganum. Fyrir utan UFA keppendur komu keppendur m.a. frá UMSE, UMSS, og USAH samtals rúmlega 50 keppendur.

Bætingamót UFA

Mótið var tvískipt, fyrri dagurinn var 30. nóvember, og sá seinni 7. desember. Keppendur voru tæplega 40 talsins frá UFA, UMSS, UMSE og HSP.

Jólamót Samherja

Mótið var haldið í íþróttahúsinu að Hrafnagili 3. desember. UFA keppendur voru 11 og stóðu sig allir mjög vel.

Viðurkenningahóf Íþrótt- og tómstundaráðs Akureyrar

Árlegt hóf íþrótt- og tómstundaráðs var haldið 28. desember í Íþróttahöllinni. Fjórtán einstaklingar frá UFA urðu Íslandsmeistarar á árinu og hlutu viðurkenningar frá ÍTA fyrir þann glæsilega árangur.

Jólamót UMSS

Mótið var haldið 28. desember á Sauðárkróki.

UFA átti 4 keppendur á mótinu og setti Bjarki Gíslason Akureyrarmet í stangarstökki.

Áramót Fjölnis og Landsbankans

Mótið var haldið í Laugardalshöllinni þann 30. desember.

UFA keppendur voru 6 á mótinu. Bjarki Gíslason setti Íslandsmet í stangarstökki í flokki sveina 15-16 ára, stökk 3,81m og Bjartmar Örnuson var nokkrum sekúndubrotum frá Íslandsmeti í 800m hlaupi.

Gamlárshlaup og ganga

Samkvæmt venju fór Gamlárshlaupið fram á gamlárstag. Veður og færi var hið ákjósanlegasta, enda tóku um 70 manns þátt í hlaupinu og gengu eða hlupu 4 eða 10 km. Ljóst er að þátttaka í gamlárshlaupinu er að verða hefð hjá mörgum og er það ánægjulegt.

Þjálfarar

Unnar Vilhjálmsson og Gísli Sigurðsson störfuðu allt árið hjá félaginu og báru hitann og þungann af þjálfuninni. Einnig unnu að þjálfuninni leiðbeinendurnir Valgerður Þorsteinsdóttir, Inga Vala Gísladóttir og Íris Eva Hauksdóttir. Birgitta Guðjónsdóttir kom að námskeiðshaldi í júní mánuði. Er öllu þessu fólki þökkun afar vel unnin og fórnfús störf.

Úrvalshópur FRÍ

Í árslok höfðu eftirtaldir iðkendur UFA náð þeim árangri sem krafist er, til að komast í úrvalshóp FRÍ en þar hefur UFA aldrei átt fleiri einstaklinga en einmitt nú.

Arna Valgerður Erlingsdóttir

Bjarki Gíslason

Bjartmar Örnuson

Ebba Karen Garðarsdóttir

Elvar Örn Sigurðsson

Erla Rán Friðriksdóttir

Hulda Margrét Hauksdóttir

Hulda Rún Ingvarsdóttir

Þorsteinn Helgi Guðmundsson

Starfsemi Langhlauparadeildar UFA

Starfsemi Langhlauparadeildarinnar var með svipuðu sniði og árin á undan og var þungamiðjan í starfseminni reglulegar æfingar árið um kring og hlaupahald. Deildin stóð fyrir æfingum þrjá daga vikunnar. Skipulag æfinga var sem fyrr í höndum virkustu meðlima hverju sinni og hver og einn valdi hraða og vegalengd við sitt hæfi.

Fyrir Akureyrarhlaupið stóðu Langhlauparar fyrir 6 vikna hlaupanámskeiði fyrir byrjendur. Hátt í 40 hlauparar sóttu námskeiðið og luku því með þátttöku í Akureyrarhlaupi. Námskeiðið þótti takast afar vel og hafa margir þátttakendur þess sótt æfingar langhlauparadeildarinnar eftir að námskeiðinu lauk.

Langhlauparadeildin aðstoðaði við undirbúning þeirra hlaupa sem UFA stóð fyrir á árinu og stóð auk þess fyrir sól- arlagshlaupi í lok maí og vetrarhlaupasyrpu sem samanstendur af sex hlaupum yfir vetrarmánuðina. Langhlauparadeildin á sitt svæði á heimasíðu UFA. Þar er hægt að fylgjast með því helsta sem er á döfinni í hlaupum á norðurlandi hverju sinni, lesa greinar um hlaup og hlaupaferðir félagsmanna og ýmislegt annað sem tengist hlaupum.

Stjórn deildarinnar skipa:

Rannveig Oddsdóttir, formaður.

Valur Þór Hilmarsson, meðstjórnandi

Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, meðstjórnandi

Þengill Ásgrímsson, varamaður

Lokaorð

Hér að framan hefur verið hlaupið á því helsta sem borið hefur við hjá UFA á liðnu ári, þótt eflaust hafi eitthvað gleymst sem heima hefði átt í þessari skýrslu.

Forysta félagsins hefur lengst af verið störfum hlaðin og oft viljað gera meira og betur en hún hefur orkað. Þá er það mat stjórnar félagsins að flestir þættir í starfi UFA séu í góðu horfi.

Ef litið er um öxl og horft yfir liðið ár má sjá að flestir iðkendur, sem lagt hafa stund á íþróttina í einhverri alvöru hafa tekið umtalsverðum framförum. Þó er það svo ef UFA ætlar að státa af að eiga keppnislið í fremstu röð í fullorðinsflokki, þarf meiri fjöldi iðkenda í hópinn. Að því ber að vinna.

Sumarið 2009 verður haldið Landsmót UMFÍ hér á Akureyri. Verður það án efa langstærsti viðburður sem UFA hefur staðið að. Verður þetta mót jafnframt afmælistmót Landsmótanna, en árið 1909 var fyrsta landsmót UMFÍ haldið á Oddeyrartúni. Nú hefur landsmótsnefnd verið skipuð níu valinkunnum einstaklingum og hefur nefndin þegar haldið tvo fundi og lofa fyrstu skrefin afar góðu.

Undirbúningur byggingar nýs frjálsíþróttavallar er í fullum gangi og er horft til uppbyggingar vallarins á félagssvæði Íþróttafélagsins Þórs, sunnan félagsheimilisins Hamars. Ætlunin er að þar komi fullkominn 8 brauta völlur sem standast mun alla alþjóðlega staðla. Stefnt er að því að völlurinn verði tilbúinn haustið 2008.

Einnig hefur verið ákveðið, að nú í sumar verði veggir Bogans einangraðir og á komandi hausti verði unnt að hita húsið í að minnsta kosti 10 gráður í kaldari veðrum.

Verður það stór bót fyrir frjálsíþróttaiðkendur þótt ósk UFA gangi lengra og kjörhiti til iðkunnar frjálsra íþróttá sé nokkru hærri.

Það eru því spennandi tímar framundan hjá Ungmennafélagi Akureyrar og öllum frjálsíþróttaiðkendum hér í Eyja-firði.

Stjórn UFA færir öllum þeim sem með einum eða öðrum hætti hafa lagt félaginu lið á liðnu ári þakkir sínar. Sérstakar þakkir færur við þjálfurum félagsins sem sýnt hafa óvenjulegan dugnað og förnýsi í störfum fyrir félagið enda er UFA víða um land öfundað af starfsmönnum sínum.

Fyrir hönd Ungmennafélags Akureyrar,

Gísli Pálsson,

Rannveig Oddsdóttir,

Svanhildur Karlsdóttir.

Íslandsmeistarar UFA í frjálsum íþróttum 2006

Agnes Eva Þórarinsdóttir	60 m, 60 m gr., langstökk innanhúss
Bjarki Gíslason	800 m innan- og utanhúss
Bjartmar Örnusson	800 m, 1500 m utanhúss
Hjalti Rögnvaldsson	hástökk innanhúss
Hulda Rún Ingvarsdóttir	60 m gr., langstökk án atr. innanhúss
Inga Vala Gísladóttir	800 m innan- og utanhúss, 1500 m
Sigurður Magnússon	kúluvarp öldunga innanhúss
Snorri Björn Atlason	langstökk innanhúss
Örn Dúi Kristjánsson	60 m gr. innanhúss

13 ára piltar 4x200 m boðhlaup innanhúss

Ómar Friðriksson,
Sindri Freyr Kristinsson,
Snorri Björn Atlason,
Örn Dúi Kristjánsson,

13 ára piltar unnu liðakeppni innanhúss í sínum flokki.

Ungkonur unnu liðakeppni síns flokks í utanhúsmótinu.

Eitt íslenskt piltamet sett af iðkanda UFA árið 2006:

Örn Dúi Kristjánsson 60 m grindahlaup 10,56 sek.



Ungmennafélag Akureyrar Ársskýrsla 2007

Ungmennafélag Akureyrar, UFA var stofnað 5. apríl 1988 og voru stofnfélagar tæplega 60. Tilgangur félagsins er að efla frjálsar íþróttir á Akureyri, þroska félagsanda og stuðla að heilbrigðu lífni.

Hér á eftir fer ársskýrsla félagsins fyrir starfsárið 2007.

Aðalstjórn

Guðmundur Viðir Gunnlaugsson	formaður
Katrín Guðrún Pálsdóttir	varaformaður, formaður
Rannveig Oddsdóttir	ritari
Kristinn Hreinsson	gjaldkeri
Svanhildur Karlsdóttir	meðstjórnandi
Ragnheiður Júlíusdóttir	meðstjórnandi
Birna Ingólfssdóttir	meðstjórnandi
Arna Brynja Ragnarsdóttir	varamaður
Stefán Gíslason	varamaður
Inga Vala Gísladóttir	fulltrúi iðkenda
Þorsteinn Helgi Guðmundsson	fulltrúi iðkenda, varamaður

Skoðunarmenn reikninga

Hrönn Einarsdóttir	
Drífa Matthíasdóttir	
Sigþór Heimisson	varamaður
Magnús Arnarson	varamaður

Fundarhöld

Aðalfundur UFA vegna ársins 2006 var haldinn 28. febrúar í kaffiteríu Íþróttahallarinnar. Fundarstjóri var Kristján Þór Júlíusson. Fundarritari Rannveig Oddsdóttir. Gestir fundarins voru Ómar Bragi Stefánsson UMFÍ, Sæmundur Runólfsson UMFÍ, Kristinn Svanbergsson deildarstjóri íþróttadeildar Akureyrarbæjar, Birgir Ari frá landsmótsnefnd í Kópavogi, Hringur Hreinsson UMFÍ, Árni Arnsteinsson formaður UMSE, Viðar Sigurjónsson starfsmaður ÍSÍ á Akureyri og Ólafur Jónsson formaður ÍRA.

Úr stjórn gengu, Gísli Pálsson og Kristín Konráðsdóttir. Ragnheiður Júlíusdóttir og Kristinn Hreinsson komu inn í þeirra stað. Viðurkenningar voru veittar íþróttafólki félagsins fyrir góðan árangur og ástundun og íþróttamaður UFA 2006, Bjartmar Örnusson heiðraður.

Stjórnarfundir voru 26 á árinu. Formannafundir ÍBA voru sóttir, sambandsþing UMFÍ á Þingvöllum, auk fjölmargra funda um vallarmál og uppbyggingu frjálsíþróttaaðstöðu í bænum. Samþykkt að rukka félagsgjöld á 18 ára og eldri 1000 kr.

Skýrsla stjórnar

Starfið gekk vel á árinu og verður að flestu leyti að teljast öflugt.

Hyllir nú undir bætтар aðstaður til iðkunnar frjálsra íþróttar og er vallaruppbygging á fulli skriði. Hafin er bygging 8 brauta fullbúins frjálsíþróttavallar á íþróttasvæði Þórs, sunnan Hamars. Gert er ráð fyrir að völlurinn standist alla alþjóðlega staðla og stefnt er að verklokum haustið 2008.

Með tilkomu þessa mannvirkis verður breytingin fyrir frjálsíþróttaiðkendur gífurleg.

Einnig styrkir tilkoma vallarins rekstur UFA verulega, því með tilkomu hans verður komin boðleg aðstaða til mót-halds hér heima. Einangrun veggjum Bogans er í gangi en hiti ekki enn komin á, vonir standa til að úr rætist innan skamms. Verður þar einnig um mikla bót að ræða. Má því segja að nú hylli undir langþráða drauma okkar frjálsíþróttahugamanna.

Hemasíðu UFA, ufa.is, var haldið úti sem fyrr. Í maí var síðunni breytt og flutt yfir til Stefnu, síðan er tengt síðu ÍBA iba.is og birtast allar fréttir sem skráðar eru á síðuna einnig á iba.is. Má þar fylgjast með því sem á döfinni er á hverjum



Bjarki Gíslason setti Íslandsmet í drengjaflokki sem er jafnframt glæsilegt Akureyrarmet.

tíma, sem og árangri og helstu afrekum okkar íþróttafólks. Heimsóknir á síðuna eru yfir 313.000 þ.a. reikna má með 5-600.000 heimsóknum á ári. Frjálsíþróttafólk af öllu landinu fylgjist með síðunni, auk þess sem fréttamiðlar á svæðinu miðla fréttum af henni.

Það er skoðun stjórnar UFA að æfingagiöldum hjá félaginu sé mjög í hóf stillt og þá stuðst við samanburð við þátttökgjöld í öðrum íþróttagreinum. Æfingasókn iðkenda var lengst af með ágætum. Ljóst er að margt af okkar helsta íþróttafólki tók miklum framförum á árinu og eru okkar sterkustu einstaklingar komnir í fremstu röð á Íslandi í sínum greinum.

Nýir utanyfirgallar voru keyptir fyrir Landsmótið í Kópavogi og voru eldri krakkarnir með í ráðum

Fjárhagur UFA verður að teljast nokkuð góður, þótt aðeins hafi hallað undan fæti, en mikill tími og orka forystufólksins fer í að halda honum á réttum kili. Gefið var út kosningablað, nú í tengslum við kosningar til alþingis og var blaðinu dreift á hvert heimili í Eyjafirði. Gekk útgáfan vel og er hún stærsta einstaka fjáröflunarleið félagsins. Við öflun auglýsinga í blaðið má glöggft finna þá velvild sem félagið nýtur í bænum.

KEA kom inn sem bakhjarl í Akureyrarhlaupið og færur við þeim þakkir fyrir.

Ýmsar hefðbundnar fjáröflunarleiðir voru farnar. Má nefna sölu á pennum fyrir Krabbameinsfélag Akureyrar. Kleinur voru bakaðar og seldar í dyragáttum og klósettpappír var seldur vinum og velunnurum frjálsíþróttaiðkenda og sem fyrr skilaði það drjúgu. Blóm voru seld fyrir páska, staðið í sölu á harðfiski og fleira af þessum toga má tína til.

Mótahald er ein af þeim fjáröflunarleiðum sem gefur félögum af þessum toga tekjur. Nær engir slíkir möguleikar eru til staðar í okkar félagi vegna aðstöðuleysis. Nú þykir ekki ásættanlegt að keppa á öðrum brautum en lögðum gerviefnum og öll innanhúsmót á vegum FRÍ fara nú orðið fram í nýrri og glæsilegri frjálsíþróttahöll í Laugardalnum í Reykjavík. Boginn er þó besta innanhúsaðstaðan á Norðurlandi og við að fá yl í húsið verður stigið gott skref í rétta átt.

Félagið tók þátt í fjölgreinafjöri á vegum Akureyrarbæjar, þar er börnum í vistun gefinn kostur á að kynnst hinu ýmsu íþróttagreinum á vistunartíma.

Send voru bréf til félagsmanna í byrjun vetrar þar sem þeir voru hvattir til að greiða félagsgjald inn á reikning félagsins, viðbrögð voru lítil og þarf að huga betur að þeim málum.

Helstu viðburðir og verkefni

Hér á eftir verður fjallað um helstu viðburði og verkefni UFA á árinu. Langhlauparadeild og glímudeild eru gerð skil sér aftast í skýrslunni. Úrslit mótanna má finna á heimasíðu FRÍ www.fri.is undir mótaforrit.



Valgerður Þorsteinsdóttir, Bjarki Gíslason, Bjartmar Örnusson og Agnes Eva Þórarinsdóttir hlutu viðurkenningar á aðalfundi.

Stórmót ÍR

Stórmót ÍR-100 ára afmælistótt var haldið í Laugardalshöllinni 20.-21. janúar. Tvö Íslandsmet UFA manna. Bjarki Gíslason setti Íslandsmet í stangarstökki í 17-18 ára flokki(drengja) 4,30 m og Bjartmar setti Íslandsmet í 800 m hlaupi í 19-20 ára flokki á 1.55,39 mín þar sem hann varð í 2. sæti. Keppendur okkar voru 24 og unnust 17 verðlaun.

Meistaramóti Íslands 15-22 ára

Var haldið í Laugardalshöllinni 27.-28. janúar. 4 Íslandsmeistaratitlar unnust Bjartmar varð Íslandsmeistari í 800 og 1500 m hlaupi ungkarla 19-22 ára, Elvar Örn í langstökki sveina 15-16 ára og Bjarki í stangarstökki 17-18 ára drengja einnig unnust 3 silfur og 10 brons. UFA varð í 6. sæti í heildarstigakeppninni.

Meistaramót Íslands

MÍ aðalhluti í Laugardalshöllinni 10. -11. febrúar. Tíu keppendur frá okkur. Bjarki tvöfaldur Íslandsmeistari í stangarstökk með stökki upp á 4,20 m og þristökki með 13,52 m.

MÍ í fjölþrautum

MÍ í fjölþrautum í Laugardalshöllinni 17.-18. febrúar. Fjórir þátttakendur á föru frá okkur á mótið. Bestum árangri náði Elvar Örn sem varð Íslandsmeistari í sveinaflokki með 4098 stig, en hann sigraði í 4 greinum af 7, Valgerður Þorsteinsdóttir náði bronsi í kvennaflokki með 2850 stig,

Aðalfundur UFA

Um 60 manns sóttu aðalfund UFA sem haldinn var í Íþróttahöllinni 28. febrúar. Kristján Þór Júlíusson var fundarstjóri. Nánari umfjöllun annars staðar í skýrslunni.

Meistaramóti 12-14 ára

Meistaramóti 12-14 ára var haldið í Laugardalshöllinni 3.-4. mars. 12 krakkar kepptu á mótinu. Einn Íslandsmeistartitill vannst Andri Már Bragasoni 60m grindahlaupi í flokki 13 ára piltar en hann hljóp á tímanum 10,24 sek, 6 silfur og 4 brons. UFA hafnaði í 5. sæti í heildarstigakeppninni.

Metabætingamót Samherja

17.-18.mars kepptu 19 krakkar frá okkur á móti á Hrafnagili, sum hver voru að keppa á sínu fyrsta móti. Uppskeran var mjög góð 10 gull, 9 silfur og 11 brons.

Æfinga- og keppnisferð á Laugum 31. mars-1.apríl hjá 14 ára og eldri

Sjö keppendur kepptu á Héraðsmótinu og æfðu í íþróttahúsinu á Laugum.

Bikarkeppni Norðurlands 14. apríl í Boganum

Fjögur félög tóku þátt og voru keppendur alls 55. UFA vann stigakeppnina.

1. maí hlaup

Góð þátttaka var í 1. maí hlaupi UFA sem fram fór í blíðskaparveðri í dag. Þátttakendur voru alls um 450, svipuð þátttaka og árið áður. Flestir hlupu 2 km, 29 hlupu 4 km og 41 hljóp 10 km. Enn og aftur var að það Valsárskóli sem landaði bikarnum góða í skólakeppninni með 33% þáttöku nemenda fjórða árið í röð.

Kosningablað UFA

Kosningablað var gefið út í tilefni alþingiskosninga. Blandað var hið vandaðasta og var borið út í öll hús á Eyjafjarðarsvæðinu. Útgáfa blaðsins var ein aðal tekjulind félagsins auk þess að kynna starfssemi félagsins.

Meistarmótið í fjölþrautum

Meistarmótið í fjölþrautum fór fram á Laugardalsvelli 26.-27. maí. Elvar Örn varð Íslandsmeistari í tugþraut sveina (15-16 ára) með 5450 stig, Bjarki Gíslason varð annar í tugþraut drengja (17-18 ára) með 6074 stig sem er árangur sem er yfir lágmarkinu á Norðurlandamótið í fjölþrautum. Þorsteinn Helgi varð þriðji í drengja þrautinni með 5311 stig. Hulda Margrét Hauksdóttir varð þriðja í sjöþraut meylla með 3093 stig, Valgerður varð þriðja í sjöþraut kvenna með 3590 stig.

Vormót UFA

Vormót UFA fór fram sunnudaginn 5. júní á Akureyrarvelli í miklum með eða mótvindi. Keppendur voru rúmlega 112 flestir frá UFA en einnig frá UMSE, HSB, UMSS og Eik. Margir voru að keppa í sínu fyrsta móti og höfðu gaman af.

Vormót ÍR

Fór fram á Laugardalsvelli 12. júní, UFA átti þrjá keppendur á mótinu, Bjartmar vann 800 m hlaupið.

Júnímót HSB

Haldið 8. júní á Laugum, 11 keppendur sem unnu 10 gull auk fleiri verðlauna.

Fimmtarþrautamót UMSS

Fór fram á Sauðárkróki 15. júní, 8 keppendur frá okkur. Bjarki sigraði í sínum flokki.

Vormót UMSE 19. og 21. júní

Fór fram á Dalvík, keppendur frá okkur voru 43 og unnu þeir til fjölda verðlauna.

Stórhátið Gogga galvaska

Mót fyrir krakka 14 ára og yngri og haldið í Mosfellsbæ 22.-24.júní. Fimm iðkendur frá UFA tóku þátt í mótinu, sigur vannst í tveimur greinum.

Landsmót UMFÍ

Fór fram í Kópavogi 5.-8. júlí. Keppendur í frjálsum voru 15 og 5 í skák.

MÍ 12-14 ára

Var haldið í Borgarnesi 14.-15. júlí. Þrettán krakkar fóru með Unnari og tveimur foreldrum. Andri Már Bragason varð Íslandsmeistari í flokki 13 ára piltar í tveimur greinum; í 100m hlaupi á 13,89sek og í 80m grindahlaupi á 14,78sek.

Sumarleikar HSB

Fóru fram á Laugum 21. og 22. júlí. UFA sendi 39 keppendur á mótið, sem sópuðu að sér verðlaunum, 34 gull, 19 silfur og 12 brons.

MÍ aðalhluti

Fór fram á Sauðárkróki 28.-29. júlí, 12 keppendur frá UFA, 1 silfur og 9. sæti í stigakeppninni.

Unglingalandsmót

Fór fram á Höfn í Hornafirði 3.-5. ágúst. 18 keppendur frá UFA ásamt fjölskyldum sínum sem stóðu sig með þryði, 8 landsmótsmeistarar auk annarra verðlauna.

Akureyrarmót

Var haldið 14., 16. og 21. ágúst með UMSE eins og í fyrra. Keppendur frá UFA voru 75 á aldrinum 4-45 ára.

Norðurlandsleikar á Sauðárkróki

Fjórtán UFA krakkar tóku þátt í Norðurlandsleikunum á Sauðárkróki um helgina 18. - 19. ágúst. Þau stóðu sig með sóma og sópuðu að sér verðlaunum.

MÍ 15-22 ára

Fór fram á Laugum í Reykjadal 25.-26. ágúst. UFA átti þar 15 keppendur og stóðu þau sig með sóma. Íslandsmeistarar urðu Bjartmar Örnuson í 800 m hlaupi og Eygló Ævarsdóttir í kúluvarpi bæði í flokki 19-22 ára. UFA varð í 6. sæti í stigakeppninni.

MÍ öldunga

Fór fram í Reykjavík 25.-26. ágúst. Sigurður Magnússon varð Íslandsmeistari í langstökki, hástökki og stangarstökki í 45-49 ára flokki og vann stigakeppnina í þeim flokki.

Hautfagnaður UFA

Um 150 iðkendur foreldrar og systkini lögðu leið sína í Kjarnaskóg á fimmtudagskvöldið 30. ágúst í ágætis veðri. Áttum við þar góðar stundir í löngu og bófa, kubbaspili og fleiri leikjum, milli leikja var svo boðið upp á pizzur frá Jóni Spretti.

Bikarkeppni 16 ára og yngri

Fór fram á Kópavogsvelli 8. sept, krakkarnir stóðu sig ágætlega en UFA var með sameiginlegt lið með UMSE eins og venja er í Bikarnum. Elvar Örn sigraði í langstökki

Akureyrarhlaup

Á vordögum undirrituðu UFA og KEA þriggja ára samstarfssamning vegna Akureyrarhlaups. KEA mun verða aðalstyrktaraðili hlaupsins þessi þrjú ár og mun hlaupið heita Akureyrarhlaup KEA. Markmið samstarfssamningsins er að efla umfang hlaupsins og gera það að meiri og stærri viðburði á landsvísu.

Mikil vinna var lögð í undirbúning hlaupsins, kynningu og auglýsingar og lagt upp úr því að gera umgjörð hlaupsins íburðarmeiri, með lifandi stemningu á íþróttavellinum og aðkeyptum skemmtikröftum. Hlaupið fór fram 15. september og tókst framkvæmd þess í alla staði vel. Þátttakan hefði þó mátt vera betri miðað við þann kraft sem settur var í kynningu og auglýsingastarf. Það var kalt á hlaupadag sem trúlega hefur fælt einhverja frá því að vera með. Þátttakan var svipuð og árið á undan eða í heildina 250 manns. Flestir voru þátttakendur í 10 km. eða rúmlega hundrað, 40 hlupu hálf tónni og 70 tóku þátt í 3 og 5 km. skemmtiskokki. Auk þess tóku 27 manns þátt í þríþraut.

Bikarkeppni 2. deild

Sauðárkróki 16. september, sameiginlegt lið UFA og UMSE. Ekki tókst okkur að komast upp í 1. deild. Karlaliðið sigraði en UMSS sigraði kvennakeppnina og samanlagt. Aðstæður voru erfiðar kuldi, vindur og haglél á köflum.

Nóvembermót UFA

Fór fram í Boganum 10. og 11 nóvember. Mótið fór vel fram voru keppendur 110 frá 6 félögum.

Nóvembermóti HSB

20 keppendur frá UFA tóku þátt í Nóvembermóti HSB 18. nóv og stóðu sig mjög vel. 14 gull, 15 silfur og 12 brons voru uppskera dagsins.

Bætingamót UFA

Haldið í Boganum 20. desember. Keppendur voru 25 frá 4 félögum tóku þátt. Nokkrir bættu sig og Baldur Ævar bætti Íslandsmetið í langstökki um 1 sm.

Jólamót UMSS

Haldið á Sauðárkróki 22. desember. Bjarki Gíslason var eini keppandinn frá UFA og sigraði hann í sinni grein, stangarstökki.



Bjarki Kjartansson í hástökki á Egilsstöðum.

Viðurkenningahóf Íþróttaráðs Akureyrar

Árlegt hóf Íþróttaráðs var haldið 28. desember í Íþróttahöllinni. Sex einstaklingar frá UFA urðu Íslandsmeistarar á árinu og hlutu viðurkenningar frá ÍRA fyrir þann glæsilega árangur.

Áramót Fjölnis

Haldið í Laugardalshöllinni 29. desember, 6 keppendur frá okkur tóku þátt. Bjartmar sló Íslandsmet í 1000 m hlaupi í flokki 19-20 ára þegar hann hljóp á 2:37,23 mín.

Gamlárshlaup og ganga

Metþátttaka var í Gamlárshlaupi og göngu þetta árið. Um hundrað manns tóku þátt og hlupu eða gengu 4 eða 10 km. Flestir voru þátttakendur í 10 km hlaupi en 61 hlaupari hljóp þá vegalengd, sem er tvöföldun frá síðasta ári -sem taldist þó gott ár. Í 4 km hlaupi voru þátttakendur 28 og 10 manns gengu 10 km. Árið var á heildina litið gott ár í almenningshlaupum á Akureyri og greinilegt að æ fleiri hlaupa sér til ánægju og heilsubótar.

Þjálfarar

Unnar Vilhjálmsson og Gísli Sigurðsson störfuðu allt árið hjá félaginu og báru hitann og þungann af þjálfuninni. Einnig unnu að þjálfuninni leiðbeinendurnir Valgerður Þorsteinsdóttir, Inga Vala Gísladóttir, Íris Eva Hauksdóttir, Elvar Freyr Pálsson, Bjartmar Örnuson, Heiðrún Dís Stefánsdóttir og Agnes Eva Þórarinsdóttir. Auk þeirra hafa Birgitta Guðjónsdóttir og Sonja Sif Jóhannsdóttir tekið afleysingar. Er öllu þessu fólki þökkun vel unnin störf.

Úrvalshópur FRÍ

Í árslok höfðu eftirtaldir iðkendur náð árangri inn á úrvalshópinn:

Bjarki Gíslason
Bjartmar Örnuson
Erla Rán Friðriksdóttir
Elvar Örn Sigurðsson
Hulda Margrét Hauksdóttir



Keppnishópur UFA ásamt hjálfa sínum.

Landsmót UMFÍ á Akureyri í júlí 2009

31. janúar fór fram fyrsti fundur nýskipaðrar Landsmótsnefndar, sem skipuð er fulltrúum UFA, UMSE og UMFÍ. Nefndin hefur fundað reglulega síðan.

Þann 9. október fór fram formleg undirritun á samingi vegna Landsmótsins á Akureyri 9.-12. júlí 2009 milli Akureyrarbæjar og UFA og UMSE.

Starfsemi Langhlauparadeildar UFA

Starfsemi Langhlauparadeildarinnar var með svipuðu sniði og árin á undan og var þungamiðjan í starfseminni reglulegar æfingar árið um kring og hlaupahald. Deildin stóð fyrir æfingum þrjá daga vikunnar.

Skipulag æfinga var sem fyrr í höndum virkustu meðlima hverju sinni og hver og einn valdi hraða og vegalengd við sitt hæfi.

Á vormánuðum stóð deildin fyrir nokkurra vikna hlaupanámskeiði fyrir byrjendur. Það var vel sótt og skilaði nokkrum nýjum hlaupurum á götur bæjarins.

Langhlauparadeildin aðstoðaði við undirbúning þeirra hlaupa sem UFA stóð fyrir á árinu og stóð auk þess fyrir sól-arlagshlaupi í byrjun júní, þar sem hlaupið var upp í Hlíðarfjall og vetrarhlaupasýrpu sem samanstendur af sex hlaupum yfir vetrarmánuðina. Vetrarhlaupin hafa náð góðri fótfestu og hefur þátttakendum fjölgað frá ári til árs.

Langhlauparadeildin á sitt svæði á heimasíðu UFA. Þar er hægt að fylgjast með því helsta sem er á döfinni í hlaupum á norðurlandi hverju sinni, lesa greinar um hlaup og hlaupaferðir félagsmanna og ýmislegt annað sem tengist hlaupum.

Stjórn deildarinnar skipa:

Rannveig Oddsdóttir, formaður.

Valur Þór Hilmarsson, meðstjórnandi

Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, meðstjórnandi

Pengill Ásgrímsson, varamaður

Lokaorð

Hér að framan hefur verið hlaupið á því helsta sem borið hefur við hjá UFA á liðnu ári, þótt eflaust hafi eitthvað gleymst sem heima hefði átt í þessari skýrslu.

Forysta félagsins hefur lengst af verið störfum hlaðin og oft viljað gera meira og betur en hún hefur orkað. Þá er það mat stjórnar félagsins að flestir þættir í starfi UFA séu í góðu horfi.

Ef lítið er um öxl og horft yfir liðið ár má sjá að flestir iðkendur, sem lagt hafa stund á íþróttina í einhverri alvöru hafa tekið miklum framförum. Í fyrsta sinn átti félagið landsliðsmann í karlalandslipinu. Þó er það svo ef UFA ætlar að státa af að eiga keppnislið í fremstu röð í fullorðinsflokki, þarf meiri fjöldi iðkenda í hópinn. Að því ber að vinna.

Sumarið 2009 verður haldið Landsmót UMFÍ hér á Akureyri. Verður það án efa langstærsti viðburður sem UFA hefur staðið að. Verður þetta mót jafnframt afmælistmót Landsmótanna, en árið 1909 var fyrsta landsmót UMFÍ haldið á Oddeyrartúni. Nú hefur landsmótsnefnd verið skipuð níu valinkunnum einstaklingum frá UMFÍ, UFA og UMSE. Undirbúningur mótsins gengur vel

Undirbúningur byggingar nýs frjálsíþróttavallar er í fullum gangi á félagssvæði Íþróttafélagsins Þórs, sunnan félagsheimilisins Hamars. Rís þar fullkominn 8 brauta völlur sem standast mun alla alþjóðlega staðla. Stefnt er að því að völlurinn verði tilbúinn haustið 2008. Höfum við í félagi við UMSE sótt um MÍ 15-22 ára í lok ágúst í trausti þess að það standist. Því er ljóst að þjálfun starfsfólks þarf að fara fram fljótlega.

Einangrun veggja Bogans er að ljúka og er von okkar að von bráðar verði unnt að hita húsið í að minnsta kosti 10 gráður í kaldari veðrum.

Verður það stór bót fyrir frjálsíþróttaiðkendur þótt ósk UFA gangi lengra og kjörhiti til iðkunnar frjálsra íþróttará sé nokkru hærri.

Það eru því spennandi tímar framundan hjá Ungmennafélagi Akureyrar og öllum frjálsíþróttaiðkendum hér í Eyjafirði.

Stjórn UFA færir öllum þeim sem með einum eða öðrum hætti hafa lagt félaginu lið á liðnu ári þakkir sínar. Sérstakar þakkir færum við þjálfurum félagsins sem sýnt hafa óvenjulegan dugnað og förnýsi í störfum fyrir félagið enda er UFA víða um land öfundað af starfsmönnum sínum.

Fyrir hönd Ungmennafélags Akureyrar,

Katrín G. Pálsdóttir,

Rannveig Oddsdóttir,

Svanhildur Karlsdóttir.

Íslandsmeistarar UFA í frjálsum íþróttum 2007

Andri Már Bragason
Bjarki Gíslason
Bjartmar Örnuson
Eygló Ævarsdóttir
Elvar Örn Sigurðsson
Sigurður Magnússon

60 m grindahlaup 13 ára inni, 80 m grind og 100 m úti
Þrístökk karla og stangarstökk 17-18 ára drengja og karla innanhúss
800 m inni og úti og 1500 m hlaupi ungkarla 19-22 ára innanhúss
Kúluvarpi ungkvenna 19-22 ára utanhúss
Langstökki sveina 15-16 ára og sjöþraut innanhús og tugþraut sveina
Langstökki, hástökki og stangarstökki í 45-49 ára flokki utanhúss



*Bjarki Gíslason og Bjartmar Örnuson,
landsliðsmenn UFA.*

Bjarki Gíslason setti Íslandsmet í stangarstökki 17-18 ára þegar hann stökk 4,30 m, Bjartmar Örnuson setti Íslandsmet í 800 m hlaupi innanhúss í 19-20 ára flokki þegar hann hljóp á 1:55,39 mín og í 1000 m hlaupi innanhúss þegar hann hljóp á 2:37,23 mín.

Landsliðsmál

Bjartmar Örnuson var valinn í A-Landsliðið til keppni í 800 m hlaupi á Evrópubikarnum í Odense Danmörku 23.-24. júní. Bjarki Gíslason keppti á Norðurlandamóti í fjölþrautum í Velje í Danmörku.

Bjarki Gíslason heldur á laugardaginn til Belgrad í Serbíu á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar þar sem hann mun keppa í stangarstökki 21. júlí og 80 m grindahlaupi.

Bjartmar er að fara í sína aðra landsliðsferð í sumar en hann keppir í 800 og 1500 m hlaupi á Norðurlandamóti 19 ára og yngri í Esbjerg í Danmörku helgina 1.-2. september.

Ársskýrsla glímudeildar

Glímudeild Ungmennafélags Akureyrar var stofnuð í febrúar á síðasta ári eftir að stjórn félagsins hafði af gæsku sinni veitt til þess tilskilin leyfi.

Glímuæfingar hófust strax undir stjórn Halldórs Óla og sendum við keppendur á Grunnskólamót GLÍ og Íslandsmeistaramótið, en bæði mótin voru haldin sömu helgina. Frá Glímudeild UFA fóru 4 keppendur; Reynir Dagur, Sveinbjörn, Þorlákur og Hjalti komust 2 þeir síðastnefndu í úrslit á Íslandsmeistaramótinu og náði Hjalti verðlaunasæti. Einn keppandi; Þorlákur Gunnarsson fór síðan á Landsmót Ungmennafélags Íslands á Höfn í Hornafirði og náði 3. sæti í sínum aldursflokki.

Æfingar lágu niðri yfir sumartímann en hófust aftur í byrjun október. Nýir þjálfarar Jóhanna Guðrún Magnúsdóttir frá K. R. og Silvía Ósk Sigurðardóttir frá H. S. Þ. tóku til starfa hjá deildinni í haust og er gott að geta notið krafta þeirra. Halldór Óli hefur eftir sem áður yfirumsjón með þjálfunarmálum.

Æfingabúðir voru haldnar í Reykjahlíð í október í samstarfi við Mývetninga og Reyðfirðinga. Tókust þær vel, en að ósekju hefði mátt vera meiri þátttaka frá UFA.

Nokkur tími hefur farið í að afla fés eins og kerlingin sagði, en Glímudeildin á nú 30 belti og fyrirhuguð eru kaup á dýnum.

*Jón Einar Haraldsson Lambi,
Formaður.*



Tennis- og badmintonfélag Akureyrar

Ársskýrsla 2006

Stjórn félagsins

Á árinu 2006 var haldinn aðalfundur í félaginu og ný stjórn kosin. Hún er þannig skipuð:

Formaður: Hjördís Sigursteinsdóttir

Ritari: Svavar Túliníus

Gjaldkeri: Jón Skjöldur Karlsson

Meðstjórnendur: Helgi Pálsson og Eyþór Gylfason

Varamaður: Leifur Þorsteinsson

Almennt um félagið

Fram til vors 2006 var fyrirkomulag æfinga óbreytt frá því sem lagt var upp með haustið áður. Æfingar voru þrjár í viku; 2 x 1 1/2 tími í Síðuskóla á þriðju- og fimmtudögum og 1 x 2 tímar í Íþróttahöllinni á sunnudögum. Astrid Jung Bendtsen sá um þjálfun fram í mars en þá hélt hún heim til Danmerkur. Þá tóku eldri félagar að sér þjálfarastarfið í sjálfböðavinnu. Hafður var sami háttur á að í tímunum í Síðuskóla voru 2 velli af 7 leigðir til eldri félaga. Nýting fimmtudagstímans í Síðuskóla var mjög góð, en þriðjudagstíminn sem var frá kl. 19.30 hentaði yngstu krökkunum frekar illa og mæting því frekar slök. Nýting sunnudagstímans í Höllinni var heldur ekki nægilega góð og virðist reynslan sýna að sunnudagurinn henti einfaldlega síður fyrir æfingar en aðrir dagar.

Haustið 2006 varð sú breyting á tímaúthlutun til TBA og æfingatímum fjölgaði um einn og allir tímar fluttir í Íþróttahöllina á Akureyri. Æfingartímar voru á þriðjudögum frá kl. 19.30 til kl. 21.00, fimmtudögum frá kl. 18.00 til kl. 19.15, föstudögum frá kl. 18.30 til kl. 20.00 og sunnudögum frá kl. 13.00 til kl. 15.00. Þessi breyting þýðir að við höfum nú átta velli á öllum æfingum í stað sjö áður en hins vegar eru þessir æfingartímar mjög óhentugir, sérstaklega fyrir yngstu krakkana. Einnig er það svo að óvenjumargar æfingar falla niður sökum þess að verið er að nota íþróttahöllina undir annars konar starfsemi en til íþróttaiðkunar, eins og skemmtanahald, sýningar, tónleika og árshátíðir. Í sumum tilfellum falla þá niður æfingar fimmtudaga, föstudaga og sunnudaga sem þýðir nær allar æfingar þessa vikuna og fyrir marga krakkana alla vikuna því yngstu krakkarnir mæta ekki á þriðjudagsæfingarnar þar sem þær eru svo seint.

Í vetrarbyrjun varð enn fremur sú breyting að aftur var ráðinn til starfa hjá félaginu launaður þjálfari í hlutastarfi, Sólveig Fríða Kjærnested og maðurinn hennar, Tryggvi Guðjón Ingason aðstoðaði hana. Sólveig er ekki þjálfaramenntun en hún hefur spilað og æft badminton frá unga aldri.

Um haustið bættust þó nokkrir byrjendur í iðkendahópinn en jafnframt skiluðu sér ekki allir krakkarnir frá síðasta vetri. Um 25 börn og unglingar sóttu æfingar reglulega um áramót, langflest í aldursflokknum U15.

Megin uppistaða tekna félagsins koma frá æfinga- og félagsgjöldum eða um 41,5% teknanna. Síðan koma tekjur af mótahaldi 28,7%. Fjórðungur teknanna koma sem styrkur frá ÍBA, ÍTA og BSÍ og um 4% frá öðrum aðilum. Veittur var systkina 30% systkinaafsláttur af æfingagjöldum. Engin skipulögð fjáröflun átti sér stað á árinu. Í staðinn voru það foreldrar sem báru megin þungann af kostnaði við keppnisferðir krakkanna.



Albert Sigurðsson og Eyþór Gylfason.

Mótahald og þátttaka í mótum

Á vordögum var haldið Akureyrarmót unglunga en vegna fámennis var ekki hægt að skipta niður í flokka á hefðbundinn hátt. Krökkunum var skipt í tvo hóp, yngri og eldri og spiluðu allir við alla. Einnig voru veitt verðlaun fyrir góða mætingu og mestu framfarir vetrarins þannig að allir krakkar fóru heim með einhver verðlaun.

Unglingahópar frá TBA fóru 3 keppnisferðir á mót í öðrum bæjum á árinu, til Hafnarfjarðar, Reykjavíkur og Siglufjarðar. Jafnframt tóku krakkar frá TBA þátt í íslandsmeistaramóti unglunga á Akranesi í marsmánuði. Árangur krakkanna á mótum ársins var nokkuð góður í heild, um helmingur þeirra keppti í A flokki og um helmingur í B flokki og stigu mörg þeirra á verðlaunapall.

TBA stóð fyrir einu opnu unglingamóti eins og mörg undanfarin ár og er þetta mót hluti af stigamótaröð BSÍ. Þátttakan óvenjumikil að þessu sinni eða um 110 krakkar á aldrinum 11-17 ára, frá fimm badmintonfélögum. Krökkunum fylgdu þjálfara og foreldrar og áætlað er að um 130 manns hafi komið til Akureyrar vegna þessa viðburðar. Stjórn félagsins og foreldrar krakkanna í TBA sem tóku þátt í mótinu sáu alfarið um mótið í sjálfböðavinnu en boðið var upp á gistingu og morgunmat í höllinni ásamt veitingasölu báða mótsdagana. Töluverður tími fer í undirbúning á svona móti en allt vinnuframlag var í sjálfböðavinnu. Niðurröðun leikja og framkvæmd mótsins var gerð í nýju forriti sem við fengum ókeypis frá BSÍ og einnig komu tveir aðilar frá BSÍ (á þeirra eigin kostnað) til að kenna okkur að nota þetta forrit og vera okkur innan handar við notkun þess í fyrsta skipti.

Í kjölfar góðs árangurs okkar krakka á þessu TBA móti, sem var annað stigamót vetrarins, bauð BSÍ okkur styrk til að fara til Reykjavíkur á sterkt A-flokks mót hjá TBR í nóvember (næsta stigamót) sem við nýttum okkur hið snarasta.

Árangur og markmið

TBA er lítið félag sem þarf sníða sér stakk eftir vexti og halda vel á spöðunum til að halda velli í samkeppninni við aðrar vinsælar íþróttagreinar um áhuga unga fólksins. Tekjur af æfingagjöldum og styrkurinn frá ÍBA dugir ekki til að hafa þjálfara á launum heilan vetur. Erfitt er að fjölga krökkunum, sérstaklega þessum yngri, aðallega vegna þess hve æfingartímarnir eru seint á daginn. Vegna aðhalds í fjármálum fyrri ára og lágmörkun rekstrarkostnaðar var hægt að greiða lítillsáttar fyrir þjálfun á árinu 2006.

Í unglingaflokkunum, þótt fámennir séu, eigum við nokkra góða spilara, sem standa sig vel í keppni, eru að safna stigum, þótt þeir verði enn að lúta í lægra haldi fyrir þeim bestu á landinu. Ef okkur tekst að viðhalda áhuga þessa góða hóps og jafnframt að laða stöðugt nýja byrjendur að íþróttinni á komandi misserum ættu allar forsendur að vera fyrir hendi fyrir traustu starfi félagsins og stöðugt betri árangri í íþróttinni.

Markmiðið hlýtur enn sem fyrr að vera það að laða fleiri iðkendur að íþróttinni og að veita þeim góða þjálfun þannig að þau eigi möguleika á að blanda sér í hóp þeirra bestu. Til þess að það markmið náist þarf félagið að eiga möguleika á að ráða menntaðan þjálfara í heilan vetur en það kostar fjármagn.

*Hjördís Sigursteinsdóttir
formaður TBA*



Tennis- og badmintonfélag Akureyrar

Ársskýrsla 2007

Stjórn félagsins

Á árinu 2007 var ekki haldinn aðalfundur í félaginu og stjórnin sat því áfram annað ár. Hún er þannig skipuð:

Formaður Hjördís Sigursteinsdóttir

Ritari: Svavar Túlinius

Gjaldkeri: Jón Skjöldur Karlsson

Meðstjórnendur: Helgi Pálsson og Eyþór Gylfason

Varamaður: Leifur Þorsteinsson

Almennt um félagið

Fram til vors 2007 var fyrirkomulag æfinga óbreytt frá því sem lagt var upp með haustið áður. Æfingartímar voru á þriðjudögum frá kl. 19.30 til kl. 21.00, fimmtudögum frá kl. 18.00 til kl. 19.15, föstudögum frá kl. 18.30 til kl. 20.00 og sunnudögum frá kl. 13.00 til kl. 15.00. Hafður var sami háttur á að á þriðjudögum og fimmtudögum voru 2 vellir af 7 leigðir til eldri félaga. Eftir áramótin lét Sólveig Friða af störfum sem þjálfari hjá TBA af persónulegum ástæðum. Leit að þjálfara bar ekki árangur en tveir af elstu iðkendunum ákváðu að spreyta sig á starfinu. Það voru þeir Sigurður Óli Þorvaldsson og Eyþór Gylfason. Hvorugur þeirra hefur



Efri röð frá vinstri: Andrea, Svandís, Andrea, Karen, Heiðar, Elsa Rún, Ivalu

Neðri röð frá vinstri: Ivan, Atli, Bjarki, Matthias, Barði, Brynhildur Laufey og Brynhildur Svava.

reynslu af þjálfun en báðir hafa spilað badminton hjá félaginu í nokkur ár. Eldri trimmarar voru þeim líka innan handa sem og starfsfólk BSÍ sem hefur verið duglegt við að senda upplýsingar um skemmtilegar og fjölbreyttar æfingar.

Um haustið 2007 var einnig skoðað með að ráða þjálfara en fjárhagsstaðan einfaldlega leyfir það ekki. Það var því ákveðið að Sigurður Óli Þorvaldsson bæri megin ábyrgð á krökkunum áfram og fengi stuðning af trimmum og stjórn. Vetrarstarfið hófst af krafti en allir krakkar frá vetrinum áður skiluðu sér á æfingar. Auk þess byrjaði fjöldinn allur af nýjum, einkum ungum, iðkendum. Útletið með veturinn var mjög bjart og oft fjölmennt á æfingum. Virkur hópur var um 35-40 krakkar á hverri æfingu. Hjördís Sigursteinsdóttir, formaður TBA, kom inn í starfið og sá um þjálfun yngstu krakkana sem og byrjendur. Í nóvember varð hún því miður að hverfa frá af persónulegum ástæðum en þá kom Ivan Falck-Petersen inn í staðinn en hann er einn af trimmunum sem aðstoðað hefur við þjálfun í gegnum tíðina.

Eins og í fyrra haust féllu niður margar æfingar á haustönninni vegna annarrar notkunar á íþróttahöllinni. Segja má að nær engar æfingar hafi farið fram í nóvember vegna þessa. Það er mjög slæmt að fá úthlutað æfingatímum en geta svo ekki fengið að nýta þá sem skyldi.

Þegar leið að jólum voru margir af yngstu krökkunum hættir. Helsta ástæðan var sú að yngstu krakkarnir voru aðeins á fimmtudögum og sunnudögum og nokkrar æfingar í röð féllu niður á fimmtudögum, föstudögum og sunnudögum. Við gátum ekki bætt þeim þetta upp með því að færa þau á þriðjudaga því sá æfingartími er ekki boðlegur fyrir 9-10 ára gamla krakka. Það er mjög erfitt að byggja upp starf á þessum forsendum.

Á haustmánuðum tók TBA þátt í fjölgreinafjöri með Akureyrarbæ og gáfum ungum krökkum smá innsýn inn í badmintoníþróttina. Við fengum greitt fyrir þetta framlag okkar sem er mjög jákvætt og höfum mikinn áhuga á að taka aftur þátt í svona verkefni.

Mótahald og þátttaka í mótum

Á vordögum var haldið Akureyarmót unglunga en vegna fámennis var ekki hægt að skipta niður í flokka á hefðbundinn hátt. Krökkunum var skipt í tvo hópa, yngri og eldri og spiluðu allir við alla. Einnig voru veitt verðlaun fyrir góða mætingu, mestu framfarir og besta árangur vetrarins.

Krakkar frá TBA tóku þátt í fjölmörgum badmintonmótum á árinu 2007, mun fleirum en nokkrum sinnum áður, og voru öll þeirra A-flokks mót. Þetta voru allt mjög sterk mót og stóðu krakkarnir sig nokkuð vel og enduðu oft á tíðum á verðlaunapalli, bæði í A-flokki og aukaflokki. Einnig tókum við þátt á Íslandsmeistaramóti unglunga í Hafnarfirði en það var bæði A og B flokksmót sem þýðir að keppt var í A, B, C og D flokki. Á þessu móti eignuðumst við Íslandsmeistara í þremur greinum en langt er síðan einhver úr TBA vann gull á Íslandsmeistaramóti. Elsa Rún Brynjarsdóttir vann gull í einliðaleik í U13 D flokki, Elsa Rún Brynjarsdóttir og Ivalu Falck-Petersen unnu gull í tvíliðaleik U13 B-flokki og Barði Benediktsson fékk gull í einliðaleik U15 C-flokki, U13 B flokki.

Í júní tóku fjórir krakkar úr TBA þátt í International Childrens Game 2007 sem haldið var í Reykjavík. Þátttakendur voru frá 38 löndum og var þetta mikil lífsreynsla fyrir krakkana. Þau fengu að spila marga leiki, bæði einliðaleiki, tvíliðaleiki og tvenndarleiki við krakka frá þremur öðrum löndum.

Á haustdögum var síðan haldið hið árlega haustmót TBA sem er hluti af stigamótaröð BSÍ. Þátttaka á mótinu var mjög góð. Þátttakendur komu frá fjórum badmintonfélögum og tókst mótshald mjög vel. Um 90 krakkar komu frá öðrum félögum ásamt þjálfurum og foreldrum. Áætluð var að um 105 manns hafi komið hingað til Akureyrar á þetta mót. Stjórn TBA og foreldrar sáu alfarið um mótahald og aðstöðu fyrir keppendur sem og morgunmat og veitingasölu, allt í sjálfboðavinnu.

Árangur og markmið

Árangur krakkanna í TBA á mótum árið 2007 verður að teljast mjög góður miðað við þær aðstæður sem þau búa við í samanburði við aðra badmintonklúbba, bæði hvað varðar æfingar og þjálfun. Í unglingaflokkum, þótt fámennir séu, eigum við nokkra góða spilara sem standa sig vel í keppni og komast iðulega á verðlaunapall. Nauðsynlegt er að ráða menntaðan þjálfara sem fyrst til félagsins til þess að hlúa betur að þessum hæfileikaríku krökkum og félaginu sjálfu til þess að það geti lifað áfram. Markmiðið hlýtur enn sem fyrr að vera að laða fleiri iðkendur að íþróttinni og að veita þeim góða þjálfun, alhliða hreyfingu og gott veganesti inn í framtíðina.

*Hjördís Sigursteinsdóttir
formaður TBA*



Skautafélag Akureyrar

Ársskýrsla 2006-2007

Akureyri 28. mars 2008

Árin 2006/2007 hafa verið tiltölulega góð ár hjá deildum Skautafélags Akureyrar. Iðkendum hefur fjölgað, afrek hafa unnist og allt starf hefur blómstrað. Fjárhagslega horfir allt í rétta átt þrátt fyrir afar þungan bagga þar sem ferðakostnaður deildanna er en eftir er að sjá hvað skautaíþróttin hér á norðurlandi bar úr bítum við fyrstu úthlutun úr langþráðum ferðasjóði hins opinbera. Hér neðanvið eru skýrslur frá hverri deild fyrir sig.

Listhlaupadeild

Samantekt á helstu atriðum starfsemi listhlaupadeildar SA 2006/7

Stjórn og þjálfun:

Nýja stjórnin tók til starfa eftir aðalfund félagsins í maí árið 2007. Þá var kosin eftirfarandi stjórn:

Hilda Jana Gísladóttir formaður

Kristín Kristjánsdóttir varaformaður

Kristín Þöll Þórsdóttir gjaldkeri

Wolfgang Frosti Sahr ritari

Hulda Gestsdóttir meðstjórnandi

Allý Halla Aðalgeirsdóttir meðstjórnandi

Anna Guðrún Jóhannsdóttir meðstjórnandi

Þá er einnig starfandi foreldrafélag og samhlíða er starfandi mótsstjóri, Sigríður Stefanía Stefánsdóttir.

Árin 2006/2007 hafa verið mjög viðburðarík hjá Listhlaupadeild Skautafélags Akureyrar. Það byrjaði á því að Audrey Freyja Clarke var valinn skautakona ársins í þriðja sinn í röð og árinu 2007 lauk með því að hún lenti í þriðja sæti á vali íþróttamanns Akureyrar, í annað sinn.

Iðkendaþjöldinn hefur margfaldast og slegið öll met. Í dag æfa 146 iðkendur hjá deildinni og hafa þeir aldrei áður verið jafn margir. Iðkendurnir æfa í 10 hópum og er þeim skipt í þá eftir bæði aldri og getu.

Deildin var þeirrar gæfu aðnjótandi að ráða Helgu M. Clarke, yfirþjálfara deildarinnar fyrir skautaárið 2007/8. Þar að auki starfa 8 aðstoðarþjálfarar við deildina, til viðbótar tveimur af-ís þjálfurum. En auk þjálfunnar á ís, er boðið upp á afstíma, þrek, ballett og pilates. Allir þjálfarar deildarinnar hafa a.m.k. grunnmenntun.

Stjórn Listhlaupadeildarinnar hefur unnið að mörgum grunnverkefnum í stefnumótun og framkvæmd deildarstarfsins. Sem dæmi má nefna að unnið er að afreksstefnu, jafnréttisstefnu, gerð hefur verið nýliðahandbók, Foreldrar/forráðamenn iðkenda deildarinnar eru mjög ötulir við að starfa með deildinni. Allir foreldrar iðkenda framhaldshópa, áttatíu talsins, hafa á árinu tekið þátt í starfi á vegum deildarinnar, hvort heldur sem er að vera fararstjóri í keppnisferð eða baka kleinu fyrir jólasýningu. Með því móti hafa þeir einnig sparað sér aukin útgjöld. Stjórn deildarinnar, fagnar veglegu framlagi foreldra til starfsins. Deildin hefur staðið fyrir ýmsum fjáröflunum til að standa straum t.d. af verulegum ferðakostnaði, æfingabúðum o.s.frv. og gengið vonum framár.

Iðkendur deildarinnar stóðu fyrir og/eða tóku þátt í sjö mótum og þar ber hæst Norðurlandamót, þar sem SA átti þrjá fulltrúa, Audrey Freyju Clarke, Sigrúnu Lind Sigurðardóttur og Helgu Jóhannsdóttur. Að auk voru settar upp tvær sýningar: jólasýningin um Gosa, jólasýningin um öskubusku og vorsýning.

Deildin hefur verið svo lánssöm að fá gestakennara til félagsins s.s Anne Shelter, Sönnu Maju auk þriggja breskra þjálfara. Þá hefur deildin staðið fyrir æfingabúðum að sumri til með frábærum árangri, en æfingabúðirnar voru fjármagnaðar að stærstum hluta með skautamaraþoni. Þá hefur deildin staðið fyrir skautaskóla í tvígang.

Menntun þjálfara og dómara er drjúg sneið af kökunni enda íþróttin ung og hefur deildin lagt mikinn metnað í að standa straum að kostnaði vegna menntunnar þeirra. Enda deildinni mikilvægt að eiga vel menntað fólk innan sinna vébanda.



Krulludeild, starfsemi árið 2006

Ágrip af starfi Krulludeildar árið 2006.

Í stuttu máli snýst allt starf krulludeildar í kring um mót sem reka hvert annað árið um kring.

Fyrri hluta árs 2006 fóru fram 6 mót og seinni hluta ársins fjögur mót.

Stærsti viðburður ársins í krullunni er ávallt Ice Cup sem haldið var um mánaðamótin apríl-maí árið 2006 eins og tvö fyrri ár með þátttöku bæði innlendra og erlendra liða.

Alls tóku 14 lið þátt í mótinu þar af 3 erlend lið.

Heildarfjöldi þátttakenda var 65 manns.

Einungis lið frá Akureyri tóku þátt í Íslandsmóti í krullu árið 2006 og urðu Skyttarnar Íslandsmeistarar. Skyttarnar skipa Ágúst Hilmarsson, Hallgrímur Valsson, Jón Hansen, Sigurður Gunnarsson og Sigurgeir Haraldsson.

Lið frá Krulludeild SA tók þátt í heimsmeistaramóti öldunga í mars 2006 og fór það fram í Tårnby í Danmörku. Hlutskipti okkar varð næst neðsta sæti eins og árið þar á undan þegar við kepptum í Skotlandi.

Ávallt er nokkuð um að einstök lið og einstakir leikmenn taki þátt í keppnum erlendis á eigin vegum og eins var það á síðasta ári. Leikmenn frá okkur kepptu á mótum í Finnlandi og á Englandi.

Unglingastarf hófst með formlegum hætti síðastliðið haust, en ljóst er að finna þarf heppilegri æfingátíma til þess að geta haldið þessu starfi áfram af fullum krafti.

Annað vandamál sem við eigum við að glíma er að stöðugt fjölgar iðkendum og liðum sem vilja leggja stund á þessa skemmtilegu íþrótt. Þar af leiðandi hafa verið kynntar hugmyndir fyrir VMÍ og Akureyrarbæ um byggingu sérstakrar krulluhallar.

Stjórn Krulludeildar árið 2006:

Formaður: Gísli Kristinsson

Varaformaður: Hallgrímur Valsson

Ritari: Ásgrímur Ágústsson

Gjaldkeri: Ólafur Hreinsson

Meðstjórnandi: Ágúst Hilmarsson

Varamenn: Davíð Valsson og Jón S. Hansen

Starfsemi Krulludeildar árið 2007

Alls voru haldin 8 mót á vegum félagsins þetta árið.

Undankeppni Íslandsmóts var eitt mótanna og var síðan úrslitakeppni spiluð á einni helgi með þátttöku liðs frá Reykjavík. Lið Kústanna frá Krulludeild SA stóð uppi sem sigurvegari í þeirri keppni og eru þeir íslandsmeistarar árið 2007.

Þeir eru Eiríkur Bóasson, Gunnar H. Jóhannesson, Ólafur Hreinsson, Kristján Þorkelsson og Pálmi Þorsteinsson.

Ice cup sem að vanda er lokamót Krulludeildar var haldið dagana 26.-29. apríl með þátttöku 18 liða. Keppendur voru alls rúmlega 80 sem er mesti fjöldi sem hingað til hefur tekið þátt í Ice Cup. Fjögur erlend lið mættu til leiks og bar þar hæst kvennalandslið Dana sem vann silfurverðlaun á Heimsmeistaramóti kvenna rétt um mánuði áður en liðið kom til keppni á Akureyri.

Í fyrsta sinn í sögu krullu á Íslandi fór lið til þátttöku í Evrópukeppni landsliða í desember 2007 en það var lið Kústanna að upplagi með tveimur lánsmönnum úr liði Skyttanna. Árangurinn var eftir aðstæðum en liðið tapaði öllum sínum leikjum en ljóst er að aðstöðumunur er það mikill að við getum ekki haft væntingar um árangur á meðan deildin hefur ekki betri aðstöðu til æfinga.

Þeir liðsmenn sem fóru í Evrópukeppnina eru: Ágúst Hilmarsson, Eiríkur Bóasson, Ólafur Hreinsson, Jón Hansen og Kristján Þorkelsson en Gunnar Jóhannesson var þeim til aðstoðar.

Fimm félagsmenn fóru til keppni á helgarmótinu Tårnby Cup í Tårnby í Danmörku haustið 2007.

Alls eru 10 lið sem keppa reglulega á mótum Krulludeildar SA eða um 50-60 manns.

Allnokkuð er um það að fólk komi til að prófa krullu og á árinu komu hátt í 300 manns til að prófa, en tímaleysi í höllinni hamlar því að fleiri geti komið til að prófa.

Ný stjórn Krulludeildar, kosin á aðalfundi SA í maí 2007:

Formaðu: Hallgrímur Valsson

Varaformaður: Ólafur Hreinsson

Ritari: Ásgrímur Ágústsson

Gjaldkeri: Davíð Valsson

Meðstjórnandi: Ólafur Númason

Varamenn: Eiríkur Bóasson og Gísli Kristinsson



Íshökkídeild

Skýrsla Íshökkídeildar Skautafélags Akureyrar 2006.

Stjórn íshökkídeildar sem kjörinn var á aðalfundi 2006 var þannig skipuð:

Formaður: Ólöf Björk Sigurðardóttir

Gjaldkeri: Elías Gíslason

Ritari: Jónína Guðbjartsdóttir

Meðstjórnandi: Bjarni Gautason

Meðstjórnandi: Reynir Sigurðsson

Seinni hlut tímabilsins var með líku sniði og undanfarinn ár. Þjálfari var Jan Komezda ásamt aðstoðarþjálfurum úr röðum Meistaraflokks kvenna. Margir urðu uggandi um titillinn þetta árið þar sem við vorum með svo ungt lið og bara nokkra mjög vana spílara meðal aldur í liðinu var um sautján ára. Gekk þetta svona upp og niður hjá okkar mönnum. En þegar upp var staðið í lok tímabils tapaðist titillinn suður bæði hjá Meistaraflokki karla og kvenna.

Stjórn íshökkídeildar sem kjörinn var á aðalfundi 2006 var þannig skipuð:

Formaður: Ólöf Björk Sigurðardóttir

Gjaldkeri: Elías Gíslason

Ritari: Brynja Vignisdóttir

Meðstjórnandi: Birgir Tómasson

Meðstjórnandi: Sveinn Björnsson

Meðstjórnandi: Reynir Sigurðsson

Meðstjórnandi: Einar Eyland

Ýmislegt í starfsemi deildarinnar var með breyttu sniði miðað við undanfarinn ár. Íslenskur aðalþjálfari var ráðinn til deildarinnar, Sveinn Björnsson (Denni) og kanadískur aðstoðarþjálfari, Sarah Smiley og einnig voru aðstoðarþjálfarar úr röðum iðkennda í yngstu flokkunum. Til stóð að vera án útlendinga þetta tímabilið, en óvænt bárust fréttir af tékkanum Tómasi Fíala sem var við vinnu hér í bæ og var hann fenginn til liðs við félagið og reyndist góð viðbót í mfl. karla. Ekki náðist að komast á núllið fjárhagslega þetta árið, en verulega hefur þokast í rétta átt. Rekstur deildarinnar er þó enn í þyngri kantinum og vegur þar þyngst gífurlegur ferðakostnaður, en mögulega horfir þar til betri vegar með tilkomu Ferðajöfnunarsjóðsins. Deildin hefur undir forystu Maríu Stefánsdóttur staðið í stórræðum í styrkjamálum og viljum við þakka henni ómetanlegt framlag til þeirra mála. Mikill kraftur var settur í barnastarfið og við fórum á stað með kynningu í skólum bæjarins strax í haust og fengum stóran hóp nýliða í yngstu flokkana okkar. Barnastarfið byrjaði svo á móti í október í herbúðum Bjarnarmanna og var það 4. flokkur sem gerði þangað góða ferð. Við höldum svo Brynjumót í byrjun desember en það var styrkt veglega af þeim hjónum í Brynju. Og voru allir þökkalega sáttir þegar haldið var í jólafrí.

Skýrsla ishokkideildar Skautafélags Akureyrar 2007.

Stjórn deildarinnar sem kosinn var á aðalfundi 2006.

Formaður: Ólöf Björk Sigurðardóttir

Varaformaður: Héðinn Björnsson

Ritari: Jón Gíslason

Gjaldkeri: Ólöf Björk Sigurðardóttir

Meðstjórnandi: Sveinn Björnsson

Meðstjórnandi: María Stefánsdóttir

Varamenn: Hrönn Vignisdóttir og Ásdís Sæmundsdóttir

Seinni hluti tímabilsins var með líku sniði og undanfarinn ár. Þjálfarar deildarinnar voru Sveinn og Sara ásamt tveimur aðstoðarmönnum. Vel gekk með yngstu flokkana. Áttum við marga landsliðsmenn og konur sem stóðu sig með ágætum með sínum liðum erlendis. Úrslitakeppni í Meistaraflokki karla var mjög jöfn og spennandi, en bikarinn varð eftir fyrir sunnan þetta árið. Meistaraflokkur kvenna varð íslandsmeistarar svo og 2. fl. karla og 4. fl. karla.

Tímabilið byrjaði í september með líku sniði og undanfarin ár. Þjálfarar deildarinnar voru Sveinn og Sara, þeim til aðstoðar var Gunnar Darri leikmaður í 3. fl. En er fjárhagsstaða deildarinnar erfið en er samt á réttri leið og standa vonir til að það verði komið gott jafnvægi á hana eftir þetta tímabil. Ákveðið var að fjölga mótum hjá yngri flokkum. Verða þau mót haldinn hér fyrir norðan. Þannig að yfir tímabilið verða fjögur helgar mót fyrir hvern flokk, þ.e.a.s. 3. fl., 4. fl og 5.-7. fl. Tvö helgar mót fyrir sunnan og tvö hér. Og er það mjög ánægjulegt að hægt sé að fjölga mótum fyrir þessa aldurs-hópa. Fyrsta mót vetrarins var haldið hér, bikarmót hjá 4. fl. Svo höldum við okkar árlega Brynjumót sem var haldið í fjórtánda sinn. Þar spila yngstu iðkenndur. Sem er styrkt af þeim Brynjuhjónum eins og undanfarinn ár. Vel hefur gengið hjá Meistaraflokkum okkar og 2. fl. það sem af er tímabilsins. Svo allir fóru sáttir í jólafrí.



Íþróttafélagið Narfi Ársskýrsla 2006-2007

Starfssemi hjá Ungmennafélaginu Narfa í Hrísey árið 2006

Stjórnarmenn:

Þröstur Jóhannsson formaður
Teódóra Kristjánsdóttir gjaldkeri
Jóhanna María Agnarsdóttir ritari
Hjördís Ýrr Skúladóttir
Heimir Áslaugsson

Maí-ágúst

Utandeildar knattspyrna - fullorðnir
Leikjanámskeið fyrir 5-10 ára, Júlía
Knattspyrnuæfingar fyrir 5- 12 ára, Olli og Unnar
Dagskrá 17. júní
Viðavangshlaup, stultukeppni ofl.
Narfi hélt fótboltamót í ágúst fyrir 12 ára og yngri

September-desember

Jólaball fyrir börnin
Áramótadansleikur

Starfssemi hjá Ungmennafélaginu Narfa í Hrísey árið 2007

Stjórnarmenn:

Unnar Almarsson formaður
Þröstur Jóhannsson gjaldkeri
Jóhanna María Agnarsdóttir ritari
Teódóra Kristjánsdóttir
Hjördís Ýrr Skúladóttir
Heimir Áslaugsson

Janúar-apríl

Skíðaferð í Hlíðarfjall með öll börn á grunnskólaaldri í Hrísey

Maí-ágúst

Utandeildar knattspyrna - fullorðnir
Knattspyrnuæfingar fyrir 5-12 ára

September- desember

Aðalfundur þar sem kosið var í stjórn:

Þröstur Jóhannsson formaður, tjorn@simnet.is
Teódóra Kristjánsdóttir gjaldkeri, teddak@simnet.is
Jóhanna María Agnarsdóttir ritari, johannam@akureyri.is
Hjördís Ýrr Skúladóttir, hysill@akmennt.is
Heimir Áslaugsson

Jólaball fyrir börnin
Áramótadansleikur



Léttir hestamannafélag Ársskýrsla 2006

Skýrsla stjórnar Léttis starfsárið 2006.

Síðastliðið ár hefur um margt verið viðburðaríkt hjá hestamönnum á Akureyri.

Fyrst er að nefna að félaginu tókst að fá 150 milljóna fjárveitingu til byggingu tæplega 3000 fermetra reiðhallar í Hlíðarholtshverfi. Fyrsta skóflustungan var tekin í september 2006.

Búið er að ganga frá samningum um kaup á húsi frá Límtré Vínnet og steypun undirstaða stendur yfir nú. Áætlað er að byrjað verði að reisa húsið í byrjun apríl. Ef áætlanir ganga eftir verður reiðhöllin risin mánaðarmót maí júní.

Stjón Léttis skipaði markaðsnefnd til þess að gera áætlun um rekstur reiðhallarinnar. Hana skipa: Hólmgeir Valdimarsson, Vignir Sigurðsson, Guðmundur Karl Tryggvason og Halldór Jóhannsson. Áætlað er að hússtjórn verði skipuð í vor sem mun hafa yfirumsjón með rekstri reiðhallarinnar.

Barna- og unglingastarf félagsins var með miklum blóma síðastliðið ár þrátt fyrir aðstöðuleysi. Svo miklum blóma að á landsþingi hestamannafélaga í haust hlaut Léttir Æskulýðsbíkar LH sem er mikil viðurkenning og hvatning fyrir okkur.

Í fyrra vetur var Sandra Marin ráðin til þess að kenna Knapamerki 1 og 2, en hér er um að ræða nýtt kennslufni þróað við Háskólann á Hólum og hefur verið metið til eininga í grunn og framhaldsskólum víða um land m.a. hér á Akureyri. Um tuttu- gu börn og unglingar kláruðu þessi fyrstu stig hins nýja kennslufnis. Þetta er fjórða árið í röð sem Léttir stendur fyrir námskeiðum og fræðslu fyrir börnin yfir veturinn og hefur starfið skilað sér í öflugri hóp barna og unglinga og framfarir eru miklar.


Ýmisslegt annað var á dagskrá hjá unglingaráði og má nefna heimsókn Fáksbarna í mars, þátttaka í æskan og hesturinn á Króknum, Goðamót og Æskulýðsmótið að Melgerðismelum. Í skýrslu unglingaráðs má lesa nánar um þetta. Ég vil nota tækifærið og þakka unglingaráð fyrir öflugt starf.

Í vetur hefur félagið ráðið Söndru til þess halda að kenna Knapamerki 3 þeim sem luku 1 og 2 s.l. vetur auk þess er að hefjast almenn reiðnámskeið sem er opið öllum börnum, unglingum og ungmennum. Inga María Stefánsdóttir mun sjá um þá kennslu. Með skipulögðu námskeiðahaldi erum við að auka fagmennsku og áhuga hjá þessum ungu félagsmönnum sem munu eflaust verða máttarstólpar félagsins í náninni framtíð. Í vetur hafa tæplega þrjátíu börn skráð sig á almenna reiðnámskeiðið og tólf á Knapamerkjánámskeiðið. Stefnt er að því að barna og unglingastarfið verði með svipuðu sniði í vetur og í fyrra en við hugsum til þess að með tilkomu reiðhallarinnar muni starfsemin eflast enn frekar sérstaklega mun allt námskeiðahald verða mun auðveldara og eflast.

Í vetur er enn fremur áformað að bjóða upp á námskeið fyrir fullorðna sem Inga María mun einnig sjá um. Námskeið fyrir lengra komna knapa og keppnismenn verður einnig haldið í vor og mun Anton Nielsson standa fyrir því.

Skipulagsmálin hafa verið fyrirferðarmikil og hefur hestamannafélagið þurft að beita sér af hörku gegn tillögum Akstursþróttaklúbbs Akureyrar að skipulagi svæðisins neðst í Glerárdal sem sker í sundur núverandi reiðleið milli hverfanna. Tillögur þeirra gera m.a. ráð fyrir akstursæfingasvæði, go-kart braut og kvartmílubraut á svæðinu. Stjórn Léttis hefur sent ítrekað bréf bæði til skipulagsnefndar og bæjarráðs auk þess höfum við setið fundi með m.a. ÍRA og mótmælt þessum tillögum og komið með gild rök fyrir því hversu fjarstæðukenndar þær eru. Hefur félagið m.a. bent bæjaryfirvöldum á þær reglugerðir sem gilda um útivistarsvæði hvað varðar hávaða, mengun og fl. en bærinn hefur ekki látið gera neina könnun á þessum þáttum. Ég tel að félagið hefur gert það sem hægt er í stöðunni og nú þurfum við bara að fylgjast náið með hvað næst gerist í málinu. Rök okkar eru sterk og ég er bjartsýn á að menn ýti þessum tillögum út af borðinu og það fljótlega. Við höfum einnig góðan bandamann sem er stjórnh LH og raunar samþykkt LH þingið í haust ályktun sem styður okkur í baráttunni.

Framkvæmdanefnd var skipuð af stjórninni s.l. vor. Í henni eru Pétur Vopni, Páll Gauti Pálsson, Viðar Bragason og Ásta M. Ásmundsdóttir. Nefndin gerði kostnaðaráætlun við uppbyggingu keppnissvæðisins í Hlíðarholti upp á um 40 milljónir. En eins og menn muna e.t.v. þá gerði Léttir tillögur að breittu skipulagi á keppnissvæðinu í Hlíðarholti sem hafa verið samþykktar. Þessi áætlun hefur verið send til bæjarins og var vonast eftir því að styrkur fegnist til uppbyggin- garinnar vegna landsmóts UMFÍ sem haldið verður á Akureyri árið 2009. Léttir sótti um að halda Íslandsmótið í hes-



Baldvin Ari glaðbeittur á leið til fyrstu skóflustungu vegna reiðhallar.

taíþróttum árið 2009 á LH þingi í haust og var sú umsókn samþykkt. Það er því mikilvægt að halda áfram uppbyggingu keppnissvæðisins og að stefna að því að koma því í gott horf fyrir þann tíma, en segja má að þessi uppbygging verði stóra verkefnið þegar byggingu reiðhallarinnar lýkur.

Skemmdir urðu á Bökkunum í vetur þegar flóðin urðu í desember. Húsin hrundur og réttin stórskemmdist. Vaskur hópur manna og kvenna tók sig til og gerði við réttina og tók saman brak og brenndi.

Framkvæmdir í hverfum voru með minnsta móti í síðastliðnu ári en lögð var önnur umferð af bundnu slitlagi í Breiðholtshverfið og reiðleið lögð inn í kjarnaskóg upp úr horninu á golfvellið og tengd reiðleiðinni að Hömrum sem lögð var árið áður. Í ár er gert ráð fyrir að byggja undir og lagfæra reiðleiðinna suður úr Breiðholtshverfi þar sem hún liggur meðfram golfvellið og áfram suður niður í reiðskóla ef fjármagn leyfir. Ennfremur verður komið upp lýsingu milli



Blær frá Torfunesi. Knapi: Þorvar Þorsteinsson.

hverfanna og núverandi reiðleið í Kjarnaskógi verður tengd við reiðskólann. Ennfremur verða aðrir reiðvegir lagfærðir eins og fjárveitingar leyfa.

Félagið hefur sótt um að fá afnot af hólum í landi Skjaldarvíkur og voru viðbrögð bæjarins jákvæð í byrjun. Ekki hefur þó enn fengist svar við því hvort við fáum landið til afnota.

Reiðveganefnd hefur staðið í ströngu eins og oft áður og hefur orkan farið í reiðveginn að Melgerðismelum. Búið er á fjármagna gerð vegarins en ekki hefur tekist að opna hann enn. Farið verður í eignarnám í landi Munkaþverár og er það mál í höndum Vegagerðarinnar. Ferlið gæti tekið nokkra mánuði en afar ólíklegt er að málið verði stoppað héðan af. Reiðveganefndin hefur í samráði við Dalvíkinga og Arnarneshrepp verið að leggja dörg að reiðleið til Dalvíkur

sem verður framtíðarverkefni auk þess sem ætlunin er að leggja reiðleið út hlíðina og fyrir Hálsinn yfir í Hörgárdal.

Mótahald er stór þáttur í starfsemi félagsins. Stjórnutólt 2006 tókst sérlega vel, áhorfendur troðfylltu höllina og gríðarlega góð stemning ríkti. Hugi Kristinsson var gerður að heiðursfélaga Léttis við þetta tilefni og Bæjrstjóri og formaður Léttis skrifuðu undir samning um fjárframlag bæjarins til byggingu reiðhallar.

Opna Norðurlandsmótið var haldið í lok maí og tókst ágætlega en nauðsynlegt er að gera þetta mót enn betur úr garði og festa það frekar í sessi sem eitt af stærri mótum ársins hér á Norðurlandi. Æskulýðsmótið á Melgerðismelum sem haldið var í fyrsta sinn í fyrra lofar góðu og þarf að fá fleiri hestamannafélög að því móti.

Fulltrúar Léttis voru félagin til mikils sóma á Landsmóti hestamanna í Skagafirði. Margir náðu góðum árangri og má nefna að Léttir átti fulltrúa í A-úrslitum bæði í unglingaflokki og ungmennaflokki.

Nefndir félagsins hafa unnið gott starf og þakkar stjórnin þeim kærlega fyrir óeigingjörn störf. Of langt mál yrði að telja upp allt það sem gert hefur verið á síðasta ári og hefur hér aðeins verið minnst á það helsta. Á síðasta ári skipulagði ferðanefnd nokkrar ferðir en aðeins ein varð að raunveruleika, ferð í kring um Höfða í Höfðahverfi ásamt Granamönnum. Frábær ferð í frábæru veðri og var þar fámennnt en afar góðmennt. Það verður að segjast eins og er að lítil þátttaka hefur verið í mörgum þeim uppákomum sem félagið hefur skipulagt eins og t.d. uppskeruhátið, skötuveislu hver svo sem ástæðan er fyrir því. Ein hugsanleg lausn á því er að vinna meira með félögunum í kring eins og t.d. með því að halda hér veglega uppskeruhátið hestmanna á norðurlandi og tengja við hana skemmtilega viðburði tengda hestamennsku með miðstöð í reiðhöllinni okkar nýju.

Ég læt hér staðarnumið og þakka enn og aftur öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóginn við að halda uppi félagsstarfinu. Það er mikið starf en margar hendur vinna létt verk og því vil ég hvetja félagsmenn hven og einn til að hugsa um það hvað þeir eru tilbúnir að gera og hvar kraftar þeirra og hæfileikar liggja til þess að efla félagið okkar og vera ófeymnir við að láta í sér heyra. Takk fyrir áheyrnina.

Íþróttamaður Léttis árið 2006 var Ragnhildur Haraldsdóttir

Stjórn Léttis árið 2006:

Ásta M. Ásmundsdóttir formaður
Ásgeir Valdimarsson varaformaður
Úlfhildur Sigurðardóttir gjaldkeri
Garðar Lárusson ritari
Hólmgeir Valdimarsson
Hansína María Haraldsdóttir varamaður
Sigurður J. Sigurðsson varamaður
Viðar Bragason varamaður

22. febrúar 2007,
f.h. stjórnar Léttis,
Ásta M. Ásmundsdóttir



Léttir hestamannafélag

Ársskýrsla 2007

Skýrsla stjórnar Léttis starfsárið 2007.

Á árinu 2007 reis reiðhöll hestamannafélagsins Léttis frá grunni. Bygging hennar gekk vel og er hún nú á lokastigi. Akureyrarbær kom inn með 30 milljón króna aukafjárveitingu í lok ársins til þess að hægt yrði að koma reiðhöllinni í nothæft ástand. Þessi fjárhæð mun þó ekki duga og stefnir félagið að því að vinna í sjálfböðavinnu það sem upp á vantar. Í dag er staðan á byggingunni sú að húsið er fókheld og búið er að ganga frá reiðgólfi, hita og ljósum í sal. Hægt er að nota reiðhöllina undir æfingar og kennslu upp að vissu marki og hefur hún verið opin í nokkrar klukkustundir á dag síðan í febrúar. Er hér um að ræða byltingu í aðstöðu hestamanna á Akureyri.

Stefnt er að því að gera samning við Akureyrarbæ um rekstur reiðhallarinnar í vor. Áætlað er að formleg vígsla reiðhallarinnar geti orðið á 80 ára afmæli hestamannafélagsins sem verður 5. nóvember á þessu ári.

Á næstu árum er stefnt að áframhaldandi uppbyggingu á keppnissvæði að Hlíðarholti. Árið 2009 mun Léttir halda Íslandsmeistaramót í hestaíþróttum og er nauðsynlegt að gera ákveðnar lagfæringar á gamla vellinum í sumar.

Á síðasta ári hefur stjórn félagsins reynt að hafa áhrif á áform Akureyrarbæjar um uppbyggingu akstursíþróttasvæðis á milli hesthúshverfanna. Mun sú vinna halda áfram. Félagið hefur m.a. ráðið til sín lögfræðing og hljóðsérfræðing til þess að vinna eins faglega og unnt er að þessu máli. Félagið telur að þessar tvær íþóttagreinar eigi ekki að hafa aðstöðu svo nálægt hvor annari og hefur ítrekað bent bæjaryfirvöldum á ónæði og slysaðu sem gæti skapast ef af þessu verður.

Reiðveganefnd Léttis hefur unnið að ýmsum málum á síðasta ári. Í bæjarlandinu hefur verið lögð áhersla á að fá nýja og öruggari leið frá Hömrum og niður á Kaupangsbakka. Stjórn Léttis hefur lagt fram tillögur um legu reiðvega á milli hverfa og suður í gegn um Kjarnaskóg og niður á Bakka. (kynnt á félagsfundi s.l. Vor). Reiðleið milli hesthúshverfa er í uppnámi vegna fyrirhugaðra deiliskipulagsbreytinga í Glerárdal.

Í Eyjafjarðarsveit hafa hestamannafélögin Léttir og Funi í Eyjafjarðarsveit lagt fram eignarnámsbeðni 21.08.2007 vegna reiðvegagerðar í landi Munkaþverár.

Í Hörgárbyggð er verið er að vinna aðalskipulag fyrir sveitafélagið og hefur reiðveganefndi unnið með sveitastjórn og skipulagsfræðingi að skipulagi reiðvega í sveitarfélaginu. Nú standa yfir samningar við Skógrækt-rikisins og Skógræktarfélag Eyfirðinga um legu reiðvegar í gegnum skógarreitina við Laugaland og Vagli.

Á árinu 2007 reis reiðhöllin frá grunni. Byggingin gekk vel og er nú á lokastigi. 30 milljón króna aukafjárveiting fékkst í lok ársins til þess að hægt yrði að koma reiðhöllinni í nothæft ástand. Ekki dugar þessi fjárveiting og stefnir félagið að því að vinna í sjálfböðavinnu það sem upp á vantar. Byggingin er fókheld en búið er að ganga frá reiðgólfi, hita og ljósum í sal. Hægt er að nota reiðhöllina undir æfingar og kennslu upp að vissu marki og hefur hún verið opin í nokkrar klukkustundir á dag síðan í febrúar.



Æskulýðsstarf Léttis gekk vel á árinu og hafa námskeið barna fest sig í sessi og eru haldin frá áramótum og fram á vor. Knapamerkið sem er samræmt nám í hestamennsku var nú kennt í annað skiptið og eru börnin nú að taka þriðja stigið af fimm stigum í þessu námsefni. Auk þess voru haldin reiðnámskeið þar sem börnin voru hjálfuð í reiðmennsku og keppni. Ýmislegt annað var í boði fyrir æskulýðinn s.s. mót, sameiginlegir reiðtúrar, skemmtikvöld og fleira.

Á árinu var haldið reiðnámskeið fyrir vana knapa á Dalvík. Kennari var Anton Nielsson reiðkennari á Hólum. Mikil aðsókn var í þetta námskeið og greinileg þörf á að auka framboð námskeiða fyrir fullorðna.

Mótahald gekk vel. Helstu mót á árinu voru: Ísmót á Leirutjörn, Stjörnutölt í Skautahöllinni, Opna Norðurlandsmótið í hestaíþróttum og gæðingakeppni Léttis.



Æskulýðsstarf hefur verið með miklum blóma undanfarið.



Frá æskulýðsdögum á Melgerðismelum.

Ný heimasíða félagsins (lettir.is) var opnuð nýlega og eru menn sam- mála um ágæti hennar.

Ógerlegt er að telja upp allt það sem nefndir Léttis hafa unnið að á liðnu ári. Mörg mikilvæg störf hafa verið unnin og þakkar stjórn Léttis öllum þeim sem að komu fyrir þeirra framlag.

Mörg verkefni bíða nýrrar stjórnar á árinu 2008. Mikilvægt er að koma reiðhöllinni í nothæft ástand og tryggja rekstrargrundvöll hennar. Þess skal getið að IBA og IRA hafa stutt beiðni Léttis um aðkomu Akureyrarbæjar að rekstri hallarinnar. Ennfremur stefnir félagið að því að halda uppi enn öflugra starfi en

verið hefur og efla námskeiðahald og annað fræðslustarf og mun tilkoma reiðhallar bæta mikið aðstöðu til slíks.

Íþróttamaður Léttis árið 2007 var Baldvin Ari Guðlaugsson

Stjórn Léttis árið 2007:

Ásta M. Ásmundsdóttir formaður
 Ásgeir Valdimarsson varaformaður
 Úlfhildur Sigurðardóttir gjaldkeri
 Garðar Lárusson ritari
 Jón Knútsson

Baldvin Ari Guðlaugsson varamaður
 Hansína María Haraldsdóttir varamaður
 Erlingur Guðmundsson varamaður

18. febrúar 2008,
 f.h. stjórnar Léttis,
 Ásta M. Ásmundsdóttir



Hamrarnir Ársskýrsla 2006-2007

Hamrarnir voru formlega stofnaðir þann 30. október árið 2005. Liðið hafði áður spilað í utandeildinni á Akureyri en ákvað að færa sig um set og taka þátt í 3. deild Íslandsmótsins sumarið 2006.

Árangur liðsins var ekki góður á fyrsta ári þess í 3. deildinni. Liðið sigraði aðeins einn leik, gerði eitt jafntefli en tapaði tíu leikjum og endaði í neðsta sæti D-riðils. Hamrarnir tóku þátt í VISA-bikarkeppninni en féll félagið út í fyrstu umferð í fyrsta alvöru keppnisleik liðsins. Markahæsti leikmaður liðsins á þessu fyrsta ári var Gunnar Þórir Björnsson með fjögur mörk. Á lokahófi félagsins var varnarmaðurinn Magnús Stefánsson valinn besti leikmaður tímabilsins. Þjálfari var Einar Sigtryggsson.

Miklar breytingar urðu á liði Hamranna eftir fyrsta tímabil félagsins. Stefán Rúnar Árnason var ráðinn sem þjálfari félagsins og sankaði það að sér nýjum leikmönnum, flestum frá KA, og árangur liðsins batnaði til muna. Liðið sigraði sex leiki, gerði tvö jafntefli og tapaði fjórum leikjum og enduðu í 3. sæti D-riðils með 20 stig og markatöluna 37-25. Hamrarnir tóku einnig þátt í VISA-bikarkeppni karla og komust í 2. umferð eftir að hafa unnið Snört í forkeppni og Hvöt í fyrstu umferð. Bjarni Pálmason var markahæsti leikmaður liðsins með sextán mörk í ellefu deildarleikjum. Á lokahófi félagsins var Bjarni síðan einnig kosinn leikmaður ársins.

Stofnuð var kvennadeild innan Hamranna árið 2007 og tók kvennalið félagsins þátt í B-riðli 1. deildar. Kvennaliðið endaði í 3. sæti og voru því eins og karlaliðið einu sæti frá því að komast í úrslitakeppni um sæti í efri deild. Liðið sigraði sex leiki, gerði eitt jafntefli og tapaði fimm leikjum. Þátttakan í VISA-bikarkeppni kvenna var stutt því Hamrarnir duttu út í fyrstu umferð. Markahæst var Guðrún Soffía Viðarsdóttir með níu mörk í ellefu leikjum.

Einnig má geta þess að lið undir merkjum Hamranna tók þátt í Íslandsmótinu í bandý síðla árs 2006 og gerði sér lítið fyrir og hampaði þar sínum fyrsta íslandsmeistaratitli.

Enn á ný hafa orðið miklar breytingar á starfsemi Hamranna, því sökum þess hve margir leikmannar liðsins eru nú búsettir fyrir sunnan hefur verið ákveðið að flytja starfsemina þangað, að minnsta kosti tímabundið. Þar hefur liðið gengið í samstarf með öðru akureysku 3. deildarliði, Vinum.

Hamrarnir eru enn ungt félag og síður en svo búið að skjóta rótum. Engu að síður hefur félagið ávallt verið rekið af alúð og með metnaði fyrir því að standa sig vel í því sem það tekur sér fyrir hendur. Næsta sumar verður afar spennandi og ef vel verður haldið á spöðunum er aldrei að vita nema Hamrarnir og Vinir nái í sameiningu að komast upp um deild.

Stjórn Hamranna:

Formaður: Þorgeir Rúnar Finnsson

Varaformaður: Hannes Rúnar Hannesson

Gjaldkeri: Gunnar Þórir Björnsson


Ritari: Sindri Kristjánsson

Meðstjórnandi: Bjarni Herrera Þórisson

Heimasíða: www.hamrarnir.bloggar.is



Knattspyrnulið Hamranna.



Bjarni Pálmason, markaskorarinn.



Knattspyrnufélag Akureyrar

Ársskýrsla 2006-2007

Ársskýrsla formanns Knattspyrnufélags Akureyrar flutt á aðalfundi 25.4.2006

Fundarstjóri, góðir KA-menn.

Þá er mitt fyrsta ár sem formaður félagsins á enda og hefur það verið lærdómsríkur tími.

Eitt af mínum fyrstu verkefnum í formannsstarfi voru miklar fundarsetur vegna Dalsbrautarinnar, þeim gamla draug. Lauk þeirri lotu með að bæjarstjórn tók myndarlega á málum og ákvað að fella götuna út af skipulagi. Samsagt: fulln- aðarsigur!

Ekki aldeilis, því í aðdraganda kosninga, reis upp hópur „sérfræðinga“ með sært stolt og pressaði þessa ákvörðun til- baka. Beittu þeir, að mínu mati, vafasömum rökum og í besta falli röngum reiknisdæmum. Niðurstaðan er því sú að við erum komin á byrjunarreit aftur. Sannarlega vonbrigði.

Mikill bölmóður hefur einkennt umræðuna á árinu og fárast menn yfir árangursleysi félagana. Oft hefur mér fundist þessi umræða vera fram úr hófi og verið hrein móðgun við þá fjölmörgu sem leggja mikla vinnu á sig til að hald þessu starfi gangandi.

Það er rétt að í augnablikinu eru meistaraflokkar félagsins ekki að hampa stórum titlum, en það er nú bara þannig í þessum bransa, að það skiptast á skin og skúrir. Við erum í þeirri stöðu nú að byggja undirstöður undir nýja gullöld og held ég að flestar deildir standi þar vel að vígi.

Þrátt fyrir meint árangursleysi, þá er starf KA mjög öflugt og sést það kannski best á að á afmælisdegi félagsins var félagið í heild sæmt nafnbótinni Fyrirmyndarfélag ÍSÍ, eitt mjög fárra félaga á landinu. Þetta er mikil viðurkenning og sýnir að hér er verið að vinna gott starf.

KA fær mikla umfjöllun og hefur verið mikil og góð auglýsing fyrir Akureyrarbæ.

Samt sem áður finnst mér umhverfið hér á Akureyri ekki nógu jákvætt gagnvart þessari starfsemi. Peningamálin setja mönnum stólin fyrir dyrnar. Hið margumrædda góðæri hefur að mestu farið framhjá íþróttafélögum hér í bænum.

Að sjálfsögðu eru traust fyrirtæki hér í bæ sem styðja dyggilega við bakið á okkur, en vandamálið er að stóru fyrirtæk- in á landsvísi eru ekki að leggja sitt af mörkum. Það er grátlegt að sjá þessi fyrirtæki raka saman seðlum af svæðinu og leggja síðan lítið sem ekkert af mörkum til samfélagsins hérna.

Gamla sagan um mikinn ferðakostnað lansbyggðaliðanna er í fullu gildi, og auk þess höfum við staðið frammi fyrir því, oftar en einu sinni, að góðir íþróttamenn, uppaldir hjá félaginu, hafa viljað komast heim, en ekki hefur tekist að útvega vinnu við hæfi fyrir þá. Þetta er ömurleg staða að vera í og þarf ekki að fjölyrða um að betra er fyrir félagið og ekki síður bæjarfélagið, að fá gamlan heimamann til að flytja aftur í bæinn til frambúðar með fjölskyldu sína, frekar en útlending, sem kannski stoppar ekki nema í eitt keppnistímabil (ég er með þessu ekki að gera lítið úr þeim útlendingum sem hafa verið hjá félaginu, þeir hafa staðið fyrir sínu).

Í fyrrasumar var gólf íþróttagússins endurnýjað. Hefði ég viljað að meira hefði verið lagt í þá framkvæmd. Einnig var gamli malarvöllurinn okkar þökulagður. Hann verður tekinn í notkun nú í sumar og bætir verulega aðstöðu okkar hér.

Ef horft er til framtíðar, er þó ljóst að KA þarf nýtt æfingasvæði í Naustahverfi. Viðræður hafa verið í gangi við bæinn og eru hugmyndir um að KA fái aðstöðu á lóð VMA, a.m.k. til bráðabirgða og síðan fáið framtíðarsvæði sunnar í hverf- inu.

Framtíð Akureyrarvallar hefur líka verið í umræðunni og er það eindreginn vilji stjórnar KA að fá keppnisvöll hér á okkar heimasvæði. Það er alveg ljóst að við spilum ekki okkar heimaleiki úti við Hamar.

Það sem lætur félag eins og KA ganga, er gott fólk. Ötulir stjórnarmenn, fullt af sjálboðaliðum og gott starfsfólk. Ég vil þakka öllu þessu folki ánægjulegt samstarf, ekki síst Gunnari Jónssyni, sem vinnur mjög gott starf sem framkvæmda- stjóri félagsins.

Við eigum fullt af góðu og efnilegu íþróttafólki. Jónatan Magnússon var kosinn íþróttamaður KA 2005. Í öðru sæti varð Pálmi Rafn Pálmason. María Sved í því þriðja og Bergþór Steinn Jónsson í því fjórða. Jonni varð síðan í öðru sæti sem íþróttamaður Akureyrar.

Ég er sannfærður um að framtíð KA er björt. Gerum viðhorfið hér í bænum jákvæðara. Gleymum því ekki að KA er og verður stórveldi í íslensku íþróttalífi.

Árni Jóhannsson formaður KA

Ársskýsla formanns Knattspyrnufélags Akureyrar flutt á aðalfundi 28.03.2007

Síðasta árs verður ekki minnst fyrir velgengni félagsins á keppnisvellinum, en samt sem áður hefur starfið verið mikið.
Á aðalfundi fyrir ári voru auk mín kosnir í stjórn:

Hallur Stefánsson, varaformaður
Bjarni Áskelsson, gjaldkeri
Hrefna G. Torfadóttir, ritari
Eygló Birgisdóttir, meðstjórnandi
og Anna Rut Steindórsdóttir, varamaður.
Auk þess sitja formenn deilda í stórninni, sem þá voru:
Vignir Þormóðsson, Knattspyrnudeild
Hannes Karlsson, Handknattleiksdeild
Jón Óðinn Óðinsson, Júdódeild
Stefán Jóhannesson, Blakdeild.

Síðan hefur Tómas Lárus Vilbergsson komið í stað Vignis og Gunnar Garðarsson sem fulltrúi Blakdeildar.

Þetta er góður hópur og vil ég þakka þeim fyrir mjög gott samstarf á árinu.

Eins og svo oft áður eru megnið af starfinu barátta um peninga. Skuldastaðan er eins og áður ekki góð og gengur hægt að vinna á halanum. Þreifingar eru um bætta rekstrarsamning við Akureyrarbæ og vonandi verður því landað sem fyrst. Það viðurkenna allir að sá samningur sem nú er í gildi er ekki raunhæfur.

Annað mál tengt peningunum er að nú hefur ríkisstjórnin samþykkt að koma á jöfnunarsjóði vegna ferðakostnaðar, mál sem lengi hefur verið beðið eftir, og mun það væntanlega létta verulega undir og jafna aðstöðumun félaga í landinu.

Eins og áður sagði var árangurinn meistaraflokka félagsins ekki til að hrópa húrra fyrir, en yngriflokkastarfið held ég að megi segja að sé til fyrirmyndar hjá öllum deildum félagsins. Þar er nógur efniviður til staðar og framtíðin er björt ef rétt verður haldið á spöðunum.

Íþróttamaður KA var kjörinn Bergþór Steinn Jónsson, júdómaður. Margfaldur Íslandsmeistari með meiru og var hann vel að því kominn. Í öðru sæti varð Hreiðar Levý Guðmundsson handknattleiksmaður og í því þriðja varð Davíð Búi Halldórsson blakmaður.

Það sem hæst ber á síðasta ári er að nú leika elstu flokkar handboltans ekki undir merkjum KA, heldur leikur sameiginlegt lið KA og Þórs undir merkjum Akureyrar handboltafélags.

Það sárnaði mörgum KA-manninum að sjá þetta gerast, þar á meðal mér, en því miður var deildin komin í þrot peningalega og erfitt umhverfi í handboltamálum gerði þetta eina kostinn í stöðunni. Gerður var 5 ára samningur um þetta samstarf og síðan verða málin skoðuð. Nú lítur út fyrir að liðið haldi sér í efri deild, en mun ekki blanda sér í toppbaráttu að þessu sinni. Óska ég liðinu alls hins besta á komandi árum.

Annað stórt mál sem félagið hefur verið að glíma við eru framtíðarvallarmál á Akureyri. Það er búið að vera lengi í umræðunni og hefur stjórn KA fundist hlutirnir gerast hægt hjá Akureyrarbæ. Ekki verður þó við KA sakast í þeim efnum, því afstaða félagsins hefur legið fyrir frá því í desember 2001. Óskir félagsins eru í stuttu máli að byggja upp framtíðar keppnisaðstöðu á KA-svæðinu. Bærinn kom fyrir stuttu með tillögur sem fólu m.a. í sér að KA myndi leika sína „heimaleiki“ á Þórssvæðinu, en það er einfaldlega ekki til umræðu hjá KA. Við stöndum fast á því að fá hér völl og stúku sem uppfyllir kröfur UEFA og KSÍ.

Undanfarin ár hefur aðstaða til knattspyrnu vart verið boðleg í bænum. Hvað þá aðstaða fyrir frjálsíþróttakun. Er það von mín og trú að fljótlega verði bætt úr þessu og hvet ég bæjarstjórn til að gera það á myndarlegan hátt og leysa málin til langframa. Slysinn blasa víða við í uppbyggingu íþróttamannvirkja á Akureyri og vafasamur sparnaður hefur á endanum valdið stóráuknum kostnaði þegar upp er staðið.

Ég við að lokum þakka öllum KA-mönnum samstarfið á árinu. Stjórnarmönnum í deildum og ráðum, þjálfurum og öllum þeim fjölda sjálfboðaliða sem leggja fram ómetanlegt starf.

Starfsfólk KA-heimilisins vinnur frábært starf og síðast en ekki síst vil ég þakka Gunnari Jónssyni, framkvæmdastjóra, en hann er að öðrum ólöstuðum maðurinn sem heldur félaginu gangandi frá degi til dags.

Árni Jóhannsson
formaður KA

Ársskýrsla Blakdeildar KA 2007

Meistaraflokkar

Þjálfaramál

Sumarið 2007 var gengið frá framlengingu samnings við hinn pólska þjálfara Blakdeildar KA Marek Bernat en hann hafði þá starfað hjá félaginu í 1 ár við góðan orðstýr. Gerður var samningur til fjögurra ára til ársins 2011. Marek er mjög reyndur þjálfari og var aðstoðarþjálfari A-landsliðs Pólverja í 3 ár. Einnig var hann aðstoðarþjálfari undir 19 ára landsliðs pólverja í 4 ár. Á þessum tíma vann Marek marga titla með Pólverjum og undir 19 ára landsliðið varð m.a. bæði Evrópu- og heimsmeistari.



Meistaraflokkur karla 2007-2008.

Aftari r.f.v. Marek Bernat (þjálfari), Piotr Slawomir Kempisty, Kristján Valdimarsson, Hilmar Sigurjónsson, Andri Már Sigurðsson, Hafsteinn Valdimarsson. Fremri r. f.v. Davíð Búi Halldórsson, Filip Pawel Szweczyk, Valgeir Valgeirsson, Árni Björnsson.

Önnur afrek – Davíð blakmaður ársins hjá KA og BLÍ

Davíð Búi Halldórsson blakmaður var valinn íþróttamaður KA árið 2007. Valið var tilkynnt fyrir troðfullu húsi í á 80 ára afmæli KA þann 8. janúar 2008.

Davíð Búi hefur í mörg ár verið einn af máttarstólpum félagsins bæði innan vallar sem utan. Hann hóf 16 ára að æfa með Blakdeild KA en blakið lærði Davíð fyrst í skólanum að Lundi í Óxarfirði en þar ólst hann upp.

Árið 2007 var einkar glæsilegt hjá Davíð Búa. Hann varð langstígahæsti leikmaður 1. deildar karla á tímabilinu og var valinn af leikmönnum deildarinnar - besti sóknar- og móttökumaðurinn í deildinni. Hann varð annar í vali leikmanna



Meistaraflokkur karla 2007-2008.

F.v. Marek Bernat (þjálfari), Árni Björnsson, Filip Pawel Szweczyk, Piotr Slawomir Kempisty, Kristján Valdimarsson, Valgeir Valgeirsson, Andri Már Sigurðsson, Hafsteinn Valdimarsson, Hilmar Sigurjónsson og Davíð Búi Halldórsson.

Íslandsmótið 2006-2007

Karlalið KA náði ágætum árangri í deildarkeppninni er liðið náði 3 sætinu sem er besti árangur liðsins í mörg ár. Liðið mætti síðan liði HK í úrslitakeppninni um Íslandsmeistaratitilinn og tapaði naumlega þeirri viðureig um sæti í úrslitaleiknum. Liðið komst í fjögurra liða úrslit í bikarkeppninni en var slegið út af Íslandsmeisturum Stjórnunnar í hörkuviðureign í Laugardalshöllinni.

Kvennalið KA átti erfitt uppdráttar á tímabilinu. Liðið missti 5 leikmenn úr byrjunarliðinu frá árinu áður og var samsett af nokkrum eldri leikmönnum og af mjög ungum leikmönnum. Liðið hafnaði í neðsta sæti í deildakeppninni og var slegið út úr bikarnum í fyrstu umferð.

um besta leikmanninn, sem okkur KA mönnum þótti reyndar undarleg niðurstaða í ljósi yfirburða hans í stigaskori í deildinni. Blaksamband Íslands valdi síðan nú á dögnum Davíð Búa blakmann ársins og kórónaði þannig þetta afar glæsilega ár hjá honum. Það er svo vonandi að Davíð geti fylgt þessum góða árangri eftir með því að vinna í vor sinn fyrsta titil með KA.

KA menn voru almennt mjög sigursælir á lokahófi Blaksambands Íslands árið 2007

Efnilegasti leikmaður 1. deildar karla var Hilmar Sigurjónsson frá KA og annar KA maður, Kristján Valdimarsson varð þriðji. Filip Szweczyk frá KA var valinn besti uppspilarinn og Marek Bernat var útnefndur þjálfari ársins í karlaflokki. Þá var gamli KA maðurinn Stefán Jóhannesson kosinn besti dómariinn.

Landsliðsmál

Þrír KA-menn voru valdir í 18 manna æfingahóp sem fór til Hollands í byrjun júní – þeir Hilmar Sigurjónsson, Kristján Valdimarsson og Hafsteinn Valdimarsson. Davíð var einnig valinn í æfingahópinn en gat ekki gefið kost á sér vegna anna í atvinnu sinni sem endurskoðandi en hann er m.a. endurskoðandi Knattspyrnufélags Akureyrar. Hilmar Sigurjónsson var svo valin í endanlegan landsliðshóp Íslands sem tók þátt í Smáþjóðaleikunum í Monako í júní. Valgeir Valgeirsson sem skipti úr HK yfir til KA í september var einnig í landsliðshópi Íslands.

Strandblak

Eitt af fjórum Íslandsmótum í blaki var haldið á árinu á strandblaksvelli KA í júlí. KA mennirnir Davíð Búi Halldórsson og Hilmar Sigurjónsson unnu mótið og Hannes Garðarsson og Hjörtur Halldórsson einnig frá KA urðu í þriðja sæti. Davíð og Hilmar tóku ekki þátt í nógu mörgum mótum til að eiga möguleika á Íslandsmeistaratitili að þessu sinni.

Ný heimasíða

Blakdeild KA tók í notkun nýja heimasíðu í júlí 2007 www.ka-sport.is/blak. Síðan er hýst í vefkerfinu Moya sem er hannað af fyrirtækinu Stefnu og er sama kerfi og aðalstjórn KA notar fyrir vef aðalstjórnar KA. Kerfið er mun betra en eldra kerfi deildarinnar og auðveldar til mikilla muna uppfærslur vefsíðunnar. Um leið og kerfið var tekið upp var mögulegt að senda fréttir af síðunni sjálfvirk inn á aðalsíðu KA og inn á vef ÍBA www.iba.is.

Yngriflokkamál

Starfsemi yngriflokka var með nokkuð hefðbundnum hætti árið 2007. Iðkendur voru um 70 talsins sem er svipaður fjöldi og árið 2006. Þjálfarar voru Marek Bernat, Sigurður Arnar Ólafsson, Natalia Gomzina, Hilmar Sigurjónsson, Valgeir Valgeirsson, Una Heimisdóttir og Filip P. Szewczyk. Marek Bernat var sem fyrr aðalþjálfari félagsins.

Send voru 7 lið á Íslandsmót BLÍ í flokkunum 2. – 5. flokki. KA er eins og undanfarin ár meðal þriggja stærstu félaga landsins ef miðað er við iðkendafjölda. Ekki vannst Íslandsmeistaratitill á árinu en silfur vannst í 2. fl. karla og 5. fl. kvenna og brons í 5. fl. karla. Sumarið 2007 var haldið úti æfingum í strandblaki fyrir yngri leikmenn félagsins eins og undanfarin ár og



Meistaraflokkur kvenna 2007-2008.

F.v. Auður Anna Jónsdóttir, Mónica Sigurðardóttir, Guðrún Elin Jónsdóttir, Sesselja Fanneyjardóttir.



Meistaraflokkur kvenna 2007-2008.

F.v. Ásrún Nicole Guðmundsdóttir, Zorana Kotaras, Auður Anna Jónsdóttir, Mónica Sigurðardóttir, Harpa Björnsdóttir, Eyrún Lára Hansen, Sesselja Fanneyjardóttir, Una Heimisdóttir, Fanný Hjartardóttir.



6 fl. á Íslandsmóti í KA-heimilinu apríl 2006. Þjálfarar Kolbrún Jónsdóttir og Konstantin Shved.



5. fl. kv. a-liða – Silfurverðlaunahafar – Íslandsmót á í Mosfellsbæ apríl 2007
Aftari r.f.v. Ummur Árnadóttir, Ásta Lilja Harðardóttir, Hólmfríður Ásbjarnadóttir.
Fremri r.f.v. Sóley Sigvaldadóttir, Alda Ólína Arnarsdóttir, Sunna Valdimarsdóttir.



5. fl. ka. a-liða Íslandsmót á í Mosfellsbæ apríl 2007.
Aftari r.f.v. Sævar Karl Randversson, Gunnar Pálmi Hannesson, Valþór Ingi Karlsson, liðstjóri Valtýr Freyr Helgason,
Fremri r.f.v. Evarr Freyr Birgisson, Benedikt Rúnar Valtýsson.



3. fl. kv. Íslandsmót á í Mosfellsbæ apríl 2007.
Aftari r.f.v. Marek Bernat (þjálfari), Mónica Sigurðardóttir, Guðrún Margrét Jónsdóttir, Una Heimisdóttir, Ásrún Nicole Guðmundsdóttir,
Fremri r.f.v. Auður Anna Jónsdóttir, Sesselja Fanneyjardóttir, Harpa Björnsdóttir.

nýttur til þess strandblaksvöllurinn við KA heimilið.

Hæfileikabúðir BLÍ

Hæfileikabúðir BLÍ voru haldnar á Akureyri febrúar í umsjón Blakdeildar KA og tóku krakkar á aldrinum 14-17 ára þátt í búðunum og þar af um 10 krakkar frá KA. Marek Bernat þjálfari KA var yfirþjálfari búðanna.

Landsliðsmál

Marek Bernat var ráðin þjálfari U17 og U19 landsliðs karla og fór með liðin á noðurlandamót í Finnlandi og Noregi í september.

KA átti 4 leikmenn í U17 landsliði Íslands sem keppti á Norðurlandamótinu í blaki í Finnlandi í september. Þau voru:

Auður Jónsdóttir
Guðrún M. Jónsdóttir
Una Heimisdóttir
Árni Björnsson

KA átti 7 leikmenn í U19 landsliði Íslands sem keppti á Norðurlandamótinu í blaki í Noregi í september. Þau voru:

Andri Már Sigurðsson
Árni Björnsson
Hafsteinn Valdimarsson
Hilmar Sigurjónsson
Kristján Valdimarsson
Elfa B. Kristjánsdóttir
Una Heimisdóttir

Önnur deild kvenna

Í vetur hefur 2. og 3. fl.kvenna spilaði í 2. deildinni en ekki var talið að grundvöllur væri að senda svo ungt lið í 1. deildina og því var liðið dregið til baka haustið 2007. Blakdeild KA vonast til þess að geta teft fram liði í 1. deild á næsta ári en KA hefur verið með kvennalið í 1. deild samfelld frá árinu 1981. Þrátt fyrir að rekin sé bæði 2 og 3 deild í Íslandsmótum BLÍ þá hafa lið ekki gengið á milli deilda sjálfvirk undanfarin ár og lið geta því tilkynnt þátttöku inn í 1. deild telji þau sig hafa mannskap og erindi í deildina.

Sigurður Arnar Ólafsson

Ársskýrsla Unglingaráðs Handknattleiksdeildar KA 2006-2007

Unglingaráð Handknattleiksdeildar KA var sett á laggirnar í febrúar 1999. Í ráðinu voru á síðasta tímabili Erlingur Kristjánsson, Hannes Pétursson, Kristín Jóhannsdóttir (hætti að vori '07) Sigfús Karlsson, Sigríður Jóhannsdóttir og Sigurður Tryggvason (frá því í sept. '07). Yfirþjálfari allara yngri flokka er Jóhann G. Jóhannsson og er hann á sínu öðru starfsári.

Ráðið fundar 1-2 í mánuði og stundum oftar ef mikið er á dagskránni.

Verkefni ráðsins eru að sjá um rekstur yngri flokka deildarinnar, sjá um þjálfara, leiki og ferðir krakkanna.

Venjuleg hauststörf eru að koma saman æfingatöflu fyrir veturinn og hefur það gengið vel undanfarið og haldist nokkuð óbreytt í 2 ár.

Ráðning þjálfara er mikið mál á hverju hausti og erfitt er að ná í þjálfara sem hafa menntun á sviði íþróttar og uppeldis. Þetta verður þyngra með hverju árinu. Þó náum við að manna allar stöður, oft með þeim krökkum sem alist hafa upp hjá félaginu hafa sýnt áhuga á þjálfun.


Undanfarið ár hefur orðið nokkur fækkun í yngstu flokkunum, aðallega hjá stúlku-um og erfitt að átta sig á hvað veldur. Við þurftum að fella niður æfingar í 6.flokki stúlkna vegna fámennis. Í kvennaflokkunum erum við í samstarfi við Þór um reksturinn þó við sjáum algerlega um framkvæmdahliðina. Nú eru um 200 börn og unglingar að æfa handbolta.

Unglingaráð sér um búninga- og boltamál og að afla tekna með auglýsingum til að standa undir kostnaði.

Umsjón með leikjum ásamt dómgæslu er stór þáttur í starfinu og ber þar hæst mót í 5. og 6.flokki sem eru hér í apríl og október en þá koma um 5-700 manns í bæinn í hvort skipti. Margir leikmenn í 2. og 3. flokki hafa nú lokið dómaraprófi og dæma nú marga leiki á okkar vegum.

Síðastliðið vor var haldin mikil loka-veisla, veitt verðlaun fyrir góða frammi-stöðu. Keppnislega var árangurinn með ágætum og varð 4. flokkur karla B-lið deild-armeistari vorið 2007.

Erlingur Kristjánsson



Ársskýrsla júdódeildar KA 2006

Starfsemi júdódeildar KA hefur gengið mjög vel árið 2006. Eins og undanfarin ár hafa þeir Jón Óðinn Óðinsson og Hilmar Trausti Harðarson borið hitan og þungan af þjálfun iðkendum deildarinnar. Hilmar Trausti þjálfar nú 4-14 ára krakkana en Jón Óðinn þjálfar meistaraflokk deildarinnar.

Iðkenda fjöldi JKA. er um 90 börn og unglingar og 20 í meistaraflokki. Þetta er svipað frá árinu 2005.

Eins og undanfarin ár hefur árangur júdómanna KA verið til fyrirmyndar.

Eftirtaldir urðu Íslandsmeistarar á árinu:

Gísli Garðarsson	11-12 ára -38 kg
Arnór Þorri Þorsteinsson	11-12 ára -50 kg
Kristján Már Sigurbjörnsson	11-12 ára -55 kg
Grétar Már Björnsson	11-12 ára -46 kg
Erna Sjöfn Styrmisdóttir	11-12 ára -57 kg
Helga Hansdóttir	13-14 ára -48 kg
Katrín Þöll Ingólfssdóttir	13-14 ára -52 kg
Steinar Eyþór Valsson	13-14 ára -73 kg
Ævar Baldvinsson	13-14 ára -55 kg
Ragnar Logi Búason	15-16 ára -50 kg og Sveitakeppni 15-16 ára
Eyjólfur Steinn Jónsson	15-16 ára -55 kg og Sveitakeppni 15-16 ára
Bergþór Steinn Jónsson	15-16 ára -60 kg og fullorðinsflokk -60 kg og Sveitakeppni 15-16 ára
Eðvarð Þór Helgason	17-19 ára -81 kg
Fjöltnir Ásgeirsson	17-19 ára -90 kg
Bjarki Þórðarson	Sveitakeppni 15-16 ára
Óskar Þór Arnarson	Sveitakeppni 15-16 ára
Freyr Þórðarson	Sveitakeppni 15-16 ára
Adam Brands Þórarinnsson	Sveitakeppni 15-16 ára
Baldur Már Guðmundsson	Sveitakeppni 15-16 ára
Agnar Ari Böðvarsson	Sveitakeppni 15-16 ára

Einnig tóku meðlimir deildarinnar þátt í eftirtöldum mótum erlendis:

Opna norska, opna sænska og Norðurlandamótinu

Eftirtaldir tóku þátt í mótum erlendis á árinu:

Bergþór Steinn Jónsson	landslið 15-19 ára
Ragnar Logi Búason	landslið 15-19 ára
Eyjólfur Steinn Jónsson	landslið 15-19 ára
Fjöltnir Ásgeirsson	landslið 15-19 ára
Arnar Úlfarsson	landslið 15-19 ára

Bergþór Steinn Jónsson og Eyjólfur Guðjónsson náðu ágætum árangir, en þeir urðu í 7. sæti, Bergþór í Svíþjóð og Eyjólfur í Noregi.

Heimasíðan er í fullum gir en því miður höfum við ekki verið nógu dugleg að uppfæra hana. Stefnt er að því að bæta úr því með ýmsum hætti.

Stjórn júdódeildar KA skipa:

Jón Óðinn Óðinsson – formaður og gjaldkeri
Hans Rúnar Snorrason – Ritari
Hilmar Trausti Harðarsson – meðstjórnandi
Bergþór Steinn Jónsson – varamaður

Jón Óðinn Óðinsson
formaður

Ársskýrsla júdódeildar KA 2007

Starfsemi júdódeildar KA hefur gengið mjög vel árið 2007. Eins og undanfarin ár hafa þeir Jón Óðinn Óðinsson og Hilmar Trausti Harðarson séð um þjálfun deildarinnar. Hilmar Trausti þjálfar nú 4-14 ára krakkana en Jón Óðinn þjálfar meistaraflokk deildarinnar.

Iðkenda fjöldi JKA. er um 90 börn og unglingar og 20 í meistaraflokki. Þetta er svipað frá árinu 2006.

Eins og undanfarin ár hefur árangur júdómanna KA verið til fyrirmyndar.

Eftirtaldir urðu Íslandsmeistarar á árinu:

Jón Birgir Tómasson	Júdó 11-12 ára -38 kg
Gísli Garðarsson	Júdó 11-12 ára -46 kg
Úlfar Arinbjarnar	Júdó 11-12 ára -55 kg
Orri Arnarsson	Júdó 13-14 ára -38 kg
Arnór Þorri Þorsteinsson	Júdó 13-14 ára -50 kg
Erna Sjöfn Styrmisdóttir	Júdó 13-14 ára -63 kg
Steinar Eyþór Valsson	Júdó 15-16 ára -90 kg
Eyjólfur Guðjónsson	Júdó 15-19 ára -60 kg

Einnig tóku meðlimir deildarinnar þátt í eftirtöldum mótum erlendis: Opna danska, opna sænska, Borgarleikunum og Norðurlandamótinu.

Eftirtaldir tóku þátt í alþjóðlegum mótum á árinu:

Bergþór Steinn Jónsson	Júdó, landslið 15-19 ára
Eyjólfur Guðjónsson	Júdó, landslið 15-19 ára
Steinar Eyþór Valsson	Júdó, landslið 11-15 ára
Jón Birgir Tómasson	Júdó, landslið 11-15 ára
Arnór Þorri Þorsteinsson	Júdó, landslið 11-15 ára
Erna Sjöfn Styrmisdóttir	Júdó, landslið 11-15 ára
Guðrún Ösp Ólafsdóttir	Júdó, landslið 11-15 ára

Árangur varð frábær á alþjóðlegum mótum á árinu. Eyjólfur sigraði í -60kg. flokki á opna danska yngri en 18 ára og Bergþór varð í öðru sæti í -66kg. á sama móti. Þá unnu Gurðún og Steinar til bronsverðlauna á Borgarleikunum.

Stjórn júdódeildar KA skipa:

Jón Óðinn Óðinsson – formaður og gjaldkeri
Hans Rúnar Snorrason – Ritari
Hilmar Trausti Harðarsson – meðstjórnandi
Bergþór Steinn Jónsson – varamaður

Jón Óðinn Óðinsson
formaður

Ársskýrsla Knattspyrnudeildar Knattspyrnufélags Akureyrar

Þannig flutt á aðalfundi knattspyrnudeildar KA 16. febrúar 2007.

Aðalfundur vegna starfsársins 2006 :

Á síðasta aðalfundi deildarinnar, sem haldinn var þann 4. apríl 2006 var Vignir Már Þormóðsson endurkjörinn formaður. Aðrir í stjórn: Gunnar Gunnarsson meðstjórnandi – sem einnig er framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar KA, Tómas Lárus Vilbergsson varaformaður, Bjarni Jónsson, gjaldkeri Magnús Sigurólason ritari.

Varamenn : Ingvar Gíslason og Gunnlaugur Eiðsson.

Úr stjórn gengur Magni Rúnar Magnússon og Guðbjartur Guðjónsson

Störf Stjórnar:

Stjórnin hefur haldið formlegra fundi, svo gott sem í hverri viku eins og fundargerðarbók stjórnarfundar ber vitni um. Umræðuefni fundanna skiptist nokkuð jafnt á milli faglegrar umræðu um knattspyrnuna og málefni einstakra leikmanna, annars vegar og rekstrarleg verkefni, hins vegar.

Fjárafánir:

Essómótið hið tuttugusta í röðinni var sem fyrr undir forystu Gunnars Gunnarssonar og Magnúsar Sigurólasonar og gekk vel að vanda, vil ég þakka þeim og öllu því frábæra fólki sem lagði hönd á plóginn kærlega fyrir þeirra framlag í þessari langstærstu og mikilvægustu fjáröflun deildarinnar. Þrátt fyrir örlitla fækkun þátttakanda var mótið að sjálf-sögðu hið glæsilegasta og meira í það lagt en oft áður. M.a. fluttum við inn hinn þekktu dómara Dermott Gallagher og einnig heimsmeisterann að halda bolta á lofti Rob Walters.

Helstu styrkaraðilar knattspyrnudeildarinnar 2006 voru Goði, Greifinn, Bílaleiga Akureyrar, Visa, Landsbankinn, Vífilfell, Esso, Ásprent og Húsasmiðjan og vil ég hér með koma á framfæri þakklæti fyrir stuðninginn, ásamt öllum þeim fjölda smærri aðila sem auglýstu í miðlum deildarinnar sem og þeim einstaklingum og fyrirtækjum sem styrktu okkur beint með fjárframlögum.

Meistaraflokkur:

Þjálfari meistaraflokks var Slobodan Milicic. Eins og áður sagði voru miklar breytingar á leikmannahópnum og mikið þúsluspil að koma saman frambærulegu liði, bæði fyrir Míló sem og stjórnarmenn. Verð ég að segja að þetta var einn erfiðasti aðdragandi að leiktið sem ég hef upplifað í þau sex ár sem ég hef veitt stjórn knattspyrnudeildar formennsku.

Úrslit leikja á undirbúningstímabilinu voru ekki góð og óstöðuleiki einkenndi síðan leik okkar manna allt sumarið. Samt sem áður höfðum við um tíma möguleika á að blanda okkur í toppbaráttunu en síðan seig á ógæfuhliðina og

vorum við jafnvel í fallhættu undir lokin. KA endaði sumarið 2006 í 6. sæti með 21 stig.

Árangurinn í Visa-bikarnum var ásætlanlegur en við lögðum úrvaldsleiddarlið Breiðabliks í 16liða úrslitum en töpuðum fyrir Þrótti í 8 liða úrslitum.

Á lokahófi Knattspyrnudeildar var Janec Vrenkco kosinn besti leikmaður sumarsins og Sveinn Elías Jónsson sá efnilegasti. Hreinn Hringsson skoraði flest mörk meistaraflokks KA sumarið 2006.

2. flokkur:

Fyrri hluta vetrar var Slobodan Milicic þjálfari annars flokks en þann 1. janúar tók Þorvaldur Í. Þorvaldsson við taumunum.



Greinilegt er á svip þessara manna að það hallar á KA.

Leikmannahópurinn var frekar fá-mennur en öflugur og endaði flokkurinn í 6. sæti B deildar Íslandsmótsins með 21 stig og héldu þar með sæti sínu, mjög viðunandi árangur.

Strákarnir dattu síðan út í 16 liða úrslitum Visa bikarsins

Annar flokkurinn fyrir komandi leiktíð lofar mjög góðu, sterkur kjarni af efnilegum drengjum sem æfir nú af kappi fyrir komandi leiktíð undir stjórn nýs þjálfara Örlygs Þórs Helgasonar.

3. flokkur:

Þjálfari þriðja flokks karla var Sigurður Pétur Ólafsson og aðstoðarmaður hans Stefán Árnason.

Mjög margir drengir æfðu af kappi í floknum síðasta sumar og voru tvö lið send til keppni á Íslandsmótinu. A liðið spilaði í B-deild og endaði í 3ja sæti með 20 stig. A liðið komst ekki í úrslit Visa-bikarsins á norðurlandi.

B-liðið spilaði í c-deild og endaði í 4ja sæti með 22 stig. Hvoru tveggja viðunandi árangur.

Varðandi komandi leiktíð er útlitið gott, margir efnilegir og dugmiklir stráka æfa undir stjórn Sigurðar Péturs Ólafssonar, honum til aðstoðar verður hinn gamalreyndi leikmaður okkar Steingrímur Örn Eirsson og vil ég bjóða hann velkominn til starfa á nýjum vettvangi.

Unglingastarfið

Óskar Þór Halldórsson formaður yngri-flokkaráðs bar hitann og þungann af starfsemi unglingaráðs og öllum rekstri yngri flokkanna. Á hann – og hans fólk – mikinn heiður skilið fyrir óeigingjarnt og gott starf.

8. flokkur blandað:

Á liðnu sumri var í fyrsta skipti boðið upp á þrjú námskeið fyrir áttunda flokks krakka og var reyndin sú að fjölmargir nýttu sér námskeiðin og var þátttakan jafnvel meiri en fyrirfram var gert ráð fyrir. Gaman var að fylgjast með áhuga krakkanna, sem sýndu miklar framfarir undir handleiðslu Berglindar Yngva-dóttur.

7. flokkur drengja:

Um 50 strákar æfðu í 7. flokki sumarið 2006. Flokkurinn fór á Nikulásarmót í Ólafsfirði og gerði mjög góða ferð. Um



Snillingur að leik.



Hart barist.



Efnileg stúlka.

mótum í sumar, enda hópurinn sterkur og lofar mjög góðu fyrir framhaldið. Rúmlega 20 stelpur voru að æfa á liðnu sumri og var teft fram bæði A- og B-liðum.

Stelpurnar tóku þátt í Síamótinu, þæjumótinu og í úrslitakeppni Íslandsmótsins sem haldið var á Siglufirði og varð b-liðið Íslandsmeistari norðausturlands.

Þjálfarar 6. flokks kvenna sl. sumar voru Jóna Benný Kristjánsdóttir og Srdjan Tufegdzic.

5. flokkur stúlkna:

Fimmta flokks stelpurnar tóku þátt í Íslandsmótinu í sumar og sömuleiðis tóku þær þátt í Síamóti Breiðabliks í Kópavogi í júlí og Þæjumóti KS á Siglufirði í ágúst.

Þjálfari 5. flokks sl. sumar var Jóna Benný Kristjánsdóttir og henni til aðstoðar Berglind Yngvadóttir.

5. flokkur drengja:

Strákarnir í 5 flokki tóku þátt í Íslandsmótinu og einnig tóku þeir að sjálfsögðu þátt í ESSO-móti KA. Þar tefldi KA fram sex liðum, þar af var eitt lið skipað strákum úr sjötta flokki eins og áður sagði. Strákarnir tóku einnig þátt í Króksmótinu á Sauðárkróki í ágúst

Þjálfari 5. flokks sl. sumar var Örlygur Þór Helgason, en honum til aðstoðar Páll Árnason.

4. flokkur stúlkna:

Stelpurnar í 4. flokki tóku þátt í Íslandsmóti í 7. manna bolta Einnig tóku þær í fyrsta skipti þátt í Rey Cup í Reykjavík og í september stilltu stelpurnar upp 11 manna liði í Landsbankamóti Þórs.

Þjálfarar 4. flokks stúlkna voru Jóna Benný Kristjánsdóttir og Páll Árnason.

4. flokkur pílta:

Fjórflokkur pílta tefldi fram tveimur ellefu manna liðum í Íslandsmótinu. A-liðið spilaði í úrslitakeppni Íslandsmótsins.

miðjan ágúst var síðan haldið á Króksmót. Þegar á heildina er litið fór strákunum í flokknum gríðarlega mikið fram á liðnu ári og hafa þeir fengið góðan grunn til þess að byggja á til framtíðar.

Hjörvar Maronsson og Aðalbjörn Hannesson þjálfuðu 7. flokks strákana.

7. flokkur stúlkna:

7. flokkur kvenna var mjög stór sl. sumar, rúmlega þrjátíu stelpur æfðu að staðaldri og var hópurinn afar áhugasamur og kröftugur. Stelpurnar fóru á Strandarmót á Árskógsströnd og Þæjumóti KS á Siglufirði.

Þjálfarar stelpnanna sl. sumar voru Jóna Benný Kristjánsdóttir og Páll Árnason.

6. flokkur drengja:

Í flokknum æfðu í kringum 50 strákar. Á Shell-mótið í Eyjum fóru 25 strákar á eldra ári, yngri árið fóru aftur á móti á Nikulásarmótið A-liðið flokksins spilaði síðan í C-liða keppni 5. flokks á ESSO-mótinu.

Flokkurinn mætti til keppni með 3 lið í pollakeppni Íslandsmótsins og fjörutíu strákar í fimm liðum kepptu á Króksmóti.

Þjálfarar flokksins sl. sumar voru Ágúst Haraldsson, Hjörvar Maronsson og Páll Árnason.

6. flokkur stúlkna:

Stelpurnar í sjötta flokki stóðu sig vel á

B-liðið tók síðan þátt í Rey Cup í júlí og í september kepptu strákarnir á Landsbankamóti Þórs.

Þjálfari 4. flokks var Ágúst Haraldsson og honum til aðstoðar Elías Mar Caripis Hrefnuson.

3. flokkur stúlka:

Þriðja flokks stelpurnar tefldu fram sjö manna liði í Íslandsmótinu og tóku þátt í Rey Cup í Reykjavík í júlí

Þjálfari þriðja flokks var Berglind Yngvadóttir.

Það er alveg ljóst eftir alla þessa upptalningu að mikið og öflugt starf er unnið innan knattspyrnudeildar KA hvað þá ekki síst í yngri flokkum. Það starf er nú loks að skila okkur, ef vel er á málum haldið, framtíðarleikmönnum. Aldrei fyrr í sögu félagsins, já ég fullyrði það, aldrei fyrr í sögunni eru möguleikarnir jafn góðir og nú að ná upp í meistaraflokk stórum, öflugum og góðum kjarna knattspyrnumanna sem uppaldir eru hjá félaginu. Leikmönnum sem geta náð sem lið árangri á landsvísu fyrir sitt félag KA. En það gerist ekki endilega núna í sumar eða það næsta en í allra nánustu framtíð er það möguleiki. Sá möguleiki verður samt sem áður aldrei að raunveruleika nema að komi til aukið fjármagn. Því að um leið og okkar strákar, okkar uppöldu efnilegu strákar eru orðnir góðir leikmenn þurfum við að keppa um hylli þeirra við stærstu klúbba landsins og þó ég geti ekki fullyrt neitt, þá segir reynsla mín það að peningar skipti höfuðmáli í þeirri keppni.

Fyrir rúmum sex árum eða í nóvember árið 2000 þegar sá er hér stendur tók að sér formennsku í knattspyrnudeild KA vorum við í fyrstu deild og höfðum verið þar í níu ár. Þá um sumarið 2001 fórum við upp og spiluðum til úrslita í Bikarkeppninni og áttum svo sannarlega skilið að vinna en gerðum ekki. Þetta var ógleymanlegt ár og á margan hátt þau næstu á eftir, KA tók þátt í evrópukeppni einungis annað sinn í sögunni, aftur í bikarúrslit, þrjú ár í efstudeild og KA komið á kortið í fótboltanum á ný, en sennilega með okkar besta mannskap hin seinni ár féllum við á haustdögum 2004 og eins og við vitum ekki tekist að komast upp aftur, ömuglegt, KA á að vera í efstu deild og þangað skal stefnt.

Að lokum þetta

Þrátt fyrir allt peningahjal þá eru möguleikarnir miklir, KA er stórt félag, það stærsta á landsbyggðinni, félag sem margir líta upp til, félag með sögu og frækna sigra. Mörgum finnst vanta gula og bláa litinn á síður dagblaðanna þessi misserin enda enginn meistaraflokkur á KA vegum í handbolta og umfjöllun um fyrstu deildina í fótbolta lítil, þess vegna er það eina von okkar félags að það takist að koma meistaflokki KA í fótbolta aftur á meðal þeirra bestu og þar með hefja okkar ágæta félag enn og aftur til frekari virðingar, annars bíður ekkert nema þröngvuð sameining sem engin

Að allra síðustu vil ég þakka stjórnarmönnum, yngriflokkaráði þjálfurum, leikmönnum, formanni, varaformanni og gjaldkera aðalstjórnar, Gunnari Jónssyni og hans ágæta starfsfólki í KA heimilinu fyrir ánægjulegt samstarf en síðast en ekki síst öllum þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum og áhangendum Knattspyrnufélags Akureyrar fyrir þeirra framlag til knattspyrnudeildar KA árið 2006.

Takk fyrir,

Vignir Már Þormóðsson

Formaður knattspyrnudeildar K.A.

Ársskýrsla Knattspyrnuráðs KA 2007



Einbeittin í fyrirrími.

Þeir allir undir þriggja ára samning. Það eru þeir Daniel Jóhannsson, Davíð Jónsson, Haukur Hinriksson, Hinrik Hinriksson, Orri Gústafsson og Sigurjón Fannar Sigurðsson.

Andri Fannar Stefánsson skrifaði undir tveggja ára samning en hann er fæddur 1991. Andri lék í sumar sjö landsleiki fyrir Ísland skipað leikmönnum sautján ára og yngri.

Allir voru þeir hluti af 2. flokks liði KA sem komst í úrslit í VISA-bikarnum og komst upp í A-deild seinasta sumar.

Þjálfarar meistaraflokks voru þeir Slobodan Milisic og Pétur Ólafsson. Þeir byrjuðu árið vel og unnu Powerade mótið í Boganum. Undirbúningstímabilið gekk vel og var safnað fyrir æfingarferð til Tyrklands sem tókst einnig vel. Byrjunin á Íslandsmótinu var allt í lagi en varð síðan barningur. Þrátt fyrir að liðið næði sér of sjaldan á strik í leikjum sýndu þeir stundum góð tilþrif, en það var bara of sjaldan og voru þeir í baráttu við falldrauginn seinni part leiktímabils. Skipt var um þjálfar á tímabilinu og tóku þeir Pétur Ólafsson og Matus Sandor við liðinu og stýrðu því til loka tímabilsins. Liðið hélt sæti sínu í deildinni. Dean Martin var síðan ráðinn þjálfari meistaraflokksins til næstu þriggja ára.

Knattspyrnuráð KA
Tómas Lárus Vilbergsson
formaður

Meistaraflokkur, annar flokkur og þriðji flokkur:

2. og 3. flokkur drengja voru á sannkallaðri sigurbraut í allt sumar. 3. flokkur byrjaði á því að sigr á móti út í Blackburn, Blackpool cup. Í kjölfarið var þremur leikmönnum þriðja flokks boðið til Blackburn Rovers til æfinga. Það voru þeir Haukur Heiðar Hauksson, Andri Fannar Stefánsson og Jóhann Axel Ingólfsson. Þriðji flokkur var síðan Íslandsmeistari með glæsibrag. Léku til úrslita gegn Fjölni og unnu 2:1 Þjálfari þeirra var Pétur Ólafsson og aðstoðarþjálfari Steingrím Eiðsson.

Þriðji flokkur var með 3 lið í Íslandsmóti.

Knattspyrnudeildin fór einnig af stað með knattspyrnuakademíu fyrir úrval drengja, aðallega úr 3. flokk. Æft var þrisvar í viku kl. 06 á morgnana. Var þarna bæði um þjálfun og fræðslu að ræða til að undirbúa leikmenn almennt betur fyrir framtíðina

Annar flokkurinn vann sig upp í A-deild og spilaði einnig til úrslita í Visa bikarnum þar sem þeir lutu í lægra haldi fyrir Þór. Þjálfari þeirra var Örlygur Þór Helgason.

Lið 2. flokks sem lék til úrslita í Visa bikar:

Gerðir voru samningar við sjö unga leikmenn 2. flokks eftir Íslandsmótið í sumar.

Sex af þeim eru fæddir 1990 og skrifuðu

Ársskýrsla Unglingaráðs Knattspyrnudeildar KA 2006-2007

2006:

Frá árinu 2005 fjölgaði iðkendum töluvert í yngri flokkum KA í knattspyrnu og það var því líflegt á völlum á KA-svæðinu sumarið 2006.

Í fyrsta skipti var boðið upp á æfingar fyrir 8. flokk, sem eru krakkar sem eru að hefja grunnskólanám að hausti og yngri. Í stuttu máli sagt gafst þessi tilraun mjög vel og fjöldinn allur af krökkum mætti á æfingar, sem í bland eru leikur og kennslu í grunnatriðum í fótbolta.

Almennt gekk yngriflokkastarfið í knattspyrnunni ljómandi vel árið 2006. Yfir vetrarmánuðina æfðu KA-krakkar í Boganum þrisvar til fjórum sinnum í viku, þrisvar þau yngri og fjórum sinnum þau eldri. Enginn vafi er á því að Boginn skilar tæknilega betri krökkum í fótbolta og það skilar þótt síðar verði upp í efri flokka.

Sumaræfingarnar hófust strax eftir að grunnskólarnir luku sínu starfi og var æft að jafnaði alla virka daga framundir byrjun skóla í ágúst. Eftir að skólarnir hófust um 20. ágúst æfði hver flokkur tvisvar í viku til mánaðamóta ágúst-september. Frí er frá æfingum í september, enda er það krökkunum nauðsynlegt, eins og öðrum, að taka sér gott frá sinni íþrótt áður en aftur er hafist handa við inniæfingar. Vetrartímabilið hófst síðan aftur í Boganum 1. október.

Ekki eru allir á eitt sáttir um hvaða mælistiku ber að setja á yngriflokkastarf í íþróttafélagi. Sumir telja að það sé til marks um gott starf að iðkendum fjölgi ár frá ári en aðrir horfa eingöngu á árangurinn inni á vellinum. Iðkendum fjölgaði verulega hjá KA árið 2006 og þeir voru líka að standa sig vel, bæði á æfingum og inni á vellinum. Ekki unnust alltaf sigrar, enda er það ekki stóra málið. Stóra málið er að iðkendur þroskist sem einstaklingar, séu ánægðir í því sem þeir eru að gera og verði þegar upp er staðið betri manneskjur.

Yngri flokkarnir tóku þátt í Íslandsmóti í 3., 4., 5. og 6. flokki og upplifðu eins og gengur bæði sigra og töp. En umfram allt voru iðkendur sér og sínu félagi til sóma. Flokkarnir tóku líka þátt í fjölmörgum skemmtilegum mótum og má þar m.a. nefna Landsbanka- og Króksmót á Sauðárkróki, Þæjumót á Siglufirði, Rey Cup í Reykjavík, Síamótið í Kópavogi, Strandarmótið á Árskógsströnd, Landsbankamót Þórs að ógleymsdu ESSO-móti KA.

2007:

Sú sókn sem hófst í yngriflokkastarfi KA í knattspyrnu árið 2006 hélt áfram árið 2007. Margir iðkendur voru í flestöllum flokkum, einkum var ánægjulegt að sjá hversu margir iðkendur æfðu í yngstu aldursflokkunum, 8. og 7. flokki, sumarið 2007. Þá var 5. flokkur karla mjög stór, en hins vegar var 4. flokkur karla óvenju fámennur. Reynslan er sú að árgangar eru misjafnlega stórir og áhugasvið krakkanna að sama skapi mismunandi, eins og eðlilegt er. Einn árgangurinn flykkist í knattspyrnu, annar í einhverja aðra íþrótt.

Í það heila gekk yngriflokkastarfið knattspyrnunni hjá KA vel árið 2007. Iðkendur sýndu áhuga og elju og þjálfunin skilaði þeim fram á veginn.

Starf yngri flokka er hópastarf þar sem margir koma að málum; iðkendur, þjálfarar, stjórn og síðast en ekki síst foreldrar iðkenda. Öflugt foreldrastarf er einn af mikilvægustu þáttunum í góðu starfi og það sýnir sig að þar sem foreldrastarfið er öflugt er starfið í heild sinni öflugt. Það er KA mikils virði að þar starfar mikill fjöldi foreldra í þágu yngri flokkastarfsins, á einn eða annan hátt.

Það runnu mörg gleðitár niður vanga á knattspyrnuvellinum, en líka sorgartár. Sigrar unnust, en einnig töpuðust leikir. Það sem mestu skipti er að krakkarnir lögðu sig fram. Ef horft er til árangurs inni á knattspyrnuvellinum vann 5. flokkur karla stærsta sigurinn á árinu þegar hann spilaði í A- og B-liðum til úrslita um Íslandsmeistarátitilinn við FH í ágúst. Ekki hafðist sigur að þessu sinni, en strákararnir stóðu sig frábærlega og voru félaginu til mikils sóma innan vallar sem utan.

KA átti vaska sveit á Króksmótinu á Sauðárkróki og þaðan fór hún með ófáa bikarana. Árangurinn var líka mjög góður á mörgum öðrum mótum, t.d. Landsbankamótinu á Sauðárkróki í júní og Nikulásarmótinu í Ólafsfirði í júlí. Af öðrum mótum sem KA-krakkar tóku þátt í sumarið 2007 má nefna Síamótið í Kópavogi, Strandarmótið á Árskógsströnd og N1-mót KA.

Óvenju mikið var um utanferðir flokka KA árið 2007. Þriðji flokkur karla fór til Englands um páska þar sem hann æfði og tók þátt í móti í Blackpool, sem KA-strákar raunar sigruðu. Þessi sigur var upptaktur þeirra að Íslandsmeistarátitli í þriðja flokki á haustdögum. Þriðji flokkur kvenna fór í æfingaferð til Spánar í júní, fjórði flokkur karla á mót í Danmörku í júlí og fjórði flokkur kvenna til æfinga í Skövde og keppni á Gothia Cup í Gautaborg í Svíþjóð.

Óskar Þór Halldórsson



Íþróttafélagið Þór Ársskýrsla 2006-2007

Aðalstjórn Íþróttafélagsins Þórs 2006

Starfsárið 2006 var afar viðburðaríkt hjá Íþróttafélaginu Þór hvar sem á það er litið. Með tilkomu nýrra stjórnar sem tók við völdum snemma árs 2006 færðist mikill kraftur í allt félagsstarf íþróttfélagsins undir dyggri forystu nýs formanns Sigfúsar Ólafs Helgasonar. Þessir mynduðu stjórn félagsins auk Sigfúsar, Árni Óðinsson varaformaður, Núi Björnsson gjaldkeri, Páll Jóhannesson ritari þá sitja sjálfkrafa formenn deilda í aðalstjórn þeir eru Unnsteinn Jónsson knattspyrnu-deild, Georg Styrmir Rúnarsson Tae-kwo-do, Bjarni Hjarðar körfuknattleiksdeild og Skapti Hallgrímsson handknattleiksdeild varamaður í aðalstjórn Halldór Áskelsson.

Fyrsta verk nýrra stjórnar var að ráða Sigfús sem framkvæmdastjóra félagsins.

Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar var samþykkt að gera tilraun með að koma á stofn svokallaðri framkvæmdastjórnar sem fundaði oft en gengur og gerist. Framkvæmdastjórn skipuðu auk formannsins, varaformaður, gjaldkeri og ritari.

Meðal þeirra nýjunga sem ný stjórn tók sér fyrir hendur var að efla félagsstarfið allt og glæða félagsheimilið Hamar meira lífi og láta félagsmenn alla finna að húsið væri allra. Liður í því var að stjórnin ákvað að opið hús skyldi haldið á vordögum þar sem aðal þemað væri knattspyrna. Síðar skuli opið hús verða á haustdögum þar sem innanhússiþróttir væru aðalþemað þ.e.a.s. körfubolti, handbolti og Tae-kwo-do.

Opið hús var svo haldið í maí 2006 og var mikið um dýrðir gríðarlegur fjöldi fólks lagði leið sína í Hamar þennan dag. Fótboltastarfið var kynnt leikmenn beggja meistaraflokka kynntir og styrktaraðilar. Sett var upp mjög glæsileg myndasýning þar sem úrklippur frá liðnum árum var til sýnis. Rúsinan í pylsuendanum var svo að tilkynna nýkjörin heiðursfélaga Íþróttafélagsins Þórs Hrein Óskarsson. Hreinn var kjörin heiðursfélagi Þórs þann 7. maí á 80. ára afmælisdegi hans.

Að lokum var Íþróttamaður Þórs 2005 kynntur en þar var hlutskarpastur handknattleiksmaðurinn Aigars Lazdins.

Kaffi, kafkó og meðlæti var á boðstólnum.

Þann 3 mars 2006 lést Sesar Þór Viðarsson knattspyrnumaður úr Þór í hörmulegu bílslýsi. Um hann var stofnaður minningarsjóður að frumkvæði foreldra hans. Skipað var sérstök sjóðsstjórn sem heldur utan um þá fjármuni sem safnast og er stefnan sú að veita úr sjóðnum einu sinni á ári. Var á opna húsinu í maí veitt í fyrsta sinn úr þessum sjóð og færi sjóðurinn félaginu fullkomið heimabíó og myndbandstæki og hljómfletningstæki sem sett var upp í austur sal félagsheimilisins þar sem stefnt er að því að koma upp fullkominni aðstöðu til fundarhalda.

Pollamót Þór var haldið í 18. sinn og tókst með miklum ágætum.

Á haustdögum hélt svo félagið aftur opið hús þar sem aðalþemað var körfubolti, handbolti og Tae-kwo-do. Þar voru meistaraflokkar karla og kvenna í körfubolta kynntir sem og skrifað var undir samninga við helstu styrktaraðila deildarinnar. Einnig voru meistaraflokkar karla og kvenna hjá Akureyri Handboltafélagi kynntir til sögunnar þar sem Íþróttafélagið Þór 50% eignaraðili að þessu sameiginlega liði sem var að stíga sín fyrstu spor eftir sameiningu handknattleiksliða Þórs og KA.

Á opnu húsi var einnig boðið upp á sýningu á gömlum blaða úrklippum, sem og glæsileg myndbönd úr starfi körfuknattleiksdeildar Þórs var látið rúlla meðan á hátíðinni stóð.

Þá hélt Tae-kwo-do deildin mjög glæsilega sýningu á starfsemi sinni og ungir og efnilegir iðkendur héldu magnaða sýningu á hinum ýmsu brögðum sem þau beita í sinni íþrótt.

Þá voru ýmsar viðurkenningar veittar fólki fyrir vel unnin störf fyrir áralangt starf í þágu íþróttar.

Handboltadeildin veitti Gunnari M. Gunnarssyni viðurkenningu fyrir áralangt starf í þágu handboltans. Þá veitti körfuknattleiksdeildin Konráð Óskarssyni viðurkenningu enda er hann án efa einn besti körfuknattleiksmaður sé félagið hefur átt. Treyja Konráðs sem búið er að innramma var hengd upp í félagsheimilinu.

Kaffi, kakó og meðlæti var svo á boðstólnum fyrir gesti.

Árinu 2006 var lokað formlega með því að aðalstjórn Þórs stóð fyrir opnu húsi sem haldið var 30. desember. Meðal þess sem var á dagskrá var: Íþróttamaður Þórs 2006 krýndur og var þar hlutskarpastur knattspyrnumaðurinn Hlynur Birgisson og var þetta í þriðja sinn sem hann hlýtur þennan titil. Þá var þremur Þórsfélögum veitt silfurmerki Íþróttafélagsins Þórs fyrir áralangt starf fyrir félagið þeir eru; Gunnar Austfjörð fyrrum knattspyrnumaður, Unnsteinn Jónsson fyrir störf sín í þágu knattspyrnu og Þröstur Kolbeins fyrir áralangt starf í þágu körfuknattleik. Þá var höfð

stutt minningarstund til heiðurs þeim Þórsfélögum sem létust á árinu. Þar ber helst að nefna frú Áslaugu Einarsdóttir sem var einn af heiðursfélögum Íþróttafélagsins Þórs.

Á haustdögum fór félagið að stað með súpufundaröð í samstarfi við Greifann veitingahús og Vífilfell. Lagt var upp með að hafa súpufundina sem hádegisfundi og haldnir annan hvern fimmtudag. Markmiðið að ræða málefni íþrótta á sem víðasta grunni. Skemmt er frá því að segja að fundirnir slógu í gegn. Fundargestir voru aldrei færri en 35 og fór upp í nærri 70 þegar best lét. Samtals voru 6 súpufundir haldnir á árinu.

Aðalstjórn Þórs hélt 6 fundi á árinu framkvæmdastjórn fundaði 14 sinnum auk þess sem haldin var einn stór félagsfundur í desember 2006. Þá stóð Íþróttafélagið Þór fyrir opnum stjórn mála fundi í apríl þar sem öllum oddvitum stjórn mála aflana var boðið að halda framsögu og sitja fyrir svörum. Allir þáðu boðið og úr var hinn skemmtilegasti fundur.

Mikill viðsnúningur var á rekstri félagsins en skuldir miklar og gera það að verkum að stjórnin var stöðug í að slökkva elda en stjórnin var ákveðin í að halda áfram þessu góða starfi í von um að viðsnúningurinn eigi eftir að vara til lengri tíma litið.

*Sigfús Ólafur Helgason formaður,
Páll Jóhannesson ritari*

Aðalstjórn Íþróttafélagsins Þórs 2007

Starfsárið 2007 var að öllu leyti afar viðburðarríkt í starfi félagsins hvar sem á það er litið. Stjórn Þórs skipa; Sigfús Ólafur Helgason formaður, Árni Óðinsson varaformaður, Núi Björnsson gjaldkeri, Páll Jóhannesson ritari formenn deilda; Unnsteinn Jónsson knattspyrnudeild, Guðmundur Ævar Oddsson körfuknattleiksdeild, Skapti Hallgrímsson handknattleiksdeild og Rúnar Ingi Guðjónsson Tae-kwo-do varamaður stjórnar Halldór Áskelsson.

Í ársbyrjun hófst löng og ströng samningalota milli íþróttafélagsins og bæjaryfirvalda um fyrirhugaða uppbyggingu á félagssvæði Þórs sem tók ekki enda fyrr en á haustdögum eftir vægast sagt erfiða fæðingu. Samtals bókaði ritari Þórs 9 fundi sem haldnir voru um þetta átakamál þar sem forráðamenn Þórs og bæjaryfirvöld funduðu um þessi mál. Að auki hélt félagið 3 almenna félagsfundi um þessi mál til að upplýsa hinn almenna félagsmann um stöðu mála.

Líkt og árið 2006 stóð Íþróttafélagið Þór fyrir opnu húsi í maí og var mikið um dýrðir. Meðal þess sem boðið var uppá var; leikmenn meistaraflokka karla og kvenna kynntir sem og helstu styrktaraðilar deildarinnar og skrifað var undir nýja samninga við þetta tækifæri.

Ljósmyndasýning á gömlum myndum úr starfi félagsins. Þá var haldin sérstök minningarstund til minningar um þá félaga sem fórust í hörmulegu bílslysi við Sporhamra undir Óshlíð í júlí 1951 þegar hópur íþróttafólks úr Þór var á keppnisferð um vestfirði. Í því slysi létust Kristján Guðmundur Kristjánsson frjálsíþróttamaður og Þórarinn Jónsson knattspyrnumaður. Nokkrir af þeim félögum sem fóru í hina afdrifaríku ferð komu og áttu notalega stund og heiðruðu minningu láttina félaga. Einnig var kynnt til sögunnar ritgerð unnin af Páli Jóhannessyni ritara félagsins, sem byggir á samtölum við nokkra félaga sem í þessa ferð fóru þar sem reynt er að koma atburðarrásinni til skila eins og unnt er. Þótti þessi athöfn takast afar vel og fékk stjórnin miklar þakkir frá aðstandendum þeirra sem áttu um sárt að binda eftir þennan atburð.

19. Pollamót Þórs var haldið fyrstu helgina í júlí eins og venja er til. Samhliða Pollamótinu stóð knattspyrnudeildin fyrir öldungarlandsleik „Old Boys“ milli Íslands og Danmerkur sem fram fór á Akureyrarvelli 07-07-07. Rúmlega 4 þúsund manns kom og varð vitni af því er Þórsarinn og Siguróli (Moli) Kristjánsson kom sá og sigraði með því að skora eina mark leiksins og tryggja þar með sigur á Dönum.

Opið hús hélt félagið aftur á hausti þar sem körfubolti, handbolti og Tae-kwon-do deildir félagsins kynntu starfssemi sína. Þó bar svo við að Akureyri Handboltafélag gat ekki tekið þátt að þessu sinni af óviðráðanlegum ástæðum. En handknattleiksdeild Þórs kynnti unglingastarfið sem er í miklum blóma um þessar mundir.

Leikmenn meistaraflokka karla og kvenna voru kynntir, sem og styrktaraðilar deildarinnar og skrifað var undir samstarfs og styrktarsamninga við ýmis fyrirtæki. Yngri flokka starf körfuknattleiksdeildar var einnig kynnt.

Tae-kwon-do menn kynntu sína starfsemi. Þar var m.a. kynnt fyrir fólki að deildin hafi fest kaup á dýnum til að setja á gólf á vestursal sem deildin hefur nú fengið afnot af en deildin fékk styrk frá bænum til kaupa á dýnunum. Um áramót er svo stefnt að því að allar æfingar Tae-kwon-do verði komnar í Hamar, sem er afar stórt skref fyrir félagið.

Þá færði Sigfús Ólafur Helgason Tae-kwon-do deildinni hljómf lutningstæki að gjöf til nota í æfingasalnum.

Lokaatriði opna hússins var þegar Sigfús kallaði upp blaðamennina Kristján Kristjánsson og Skapta Hallgrímsson og ljósmyndarann Þóri Tryggvason. Sigfús færði þeim gjafir frá félaginu sem þakklætisvott fyrir þeirra framlag til íþrótta. En þessir menn eru þeir sem festa flesta íþróttaviðburðina á filmu og koma þeim í blöðin og á veraldarvefinn okkur hinum til yndisauka. Færði Sigfús þeim þakkar fyrir þeirra störf fyrir hönd Íþróttafélagsins Þórs.

Í byrjun desember var Íþróttafélaginu Þór veitt 100.000 króna styrkur úr Menningar- og viðurkenningarsjóði KEA og er þeim peningum ætlað í undirbúning á söguritun félagsins vegna 100 ára afmæli þess árið 2015. Vinna er hafin við öflun gagna, sem og skipulögð vinna við að taka viðtöl við Þórsfélaga ásamt fleiru.

Loka athöfn ársins var svo opið hús sem haldið var þann 29. desember þar sem kjöri íþróttamann Þórs var lýst. Þar

var Óðinn Ásgeirsson körfuknattleiksmaður fyrir valinu. Landsliðs fólk úr Þór sem koma úr knattspyrnu og handbolta var kallað upp og veittar viðurkenningar fyrir þeirra árangur á árinu.

Þá var eftirtöldum aðilum veitt silfurmerki Þórs þau eru; Árný Elva Ásgrímsdóttir störf í þágu kvenna körfubolta, Guðrún Ása Þorvaldsdóttir fyrir störf sín í þágu handbolta, Ingólfur Gíslason fyrir störf í þágu handbolta, Jón Heiðar Árnason fyrrum formaður Þórs, Kári Þorleifsson fyrir margvísleg störf í þágu félagsins, Leonard Birgisson fyrir störf í þágu knattspyrnu t.d. Goða- og Landsbankamótin, Linda Heiðarsdóttir fyrir störf í þágu kvenna körfubolta Sigurbjörn Viðarsson knattspyrnumaður, Sigurður Pálsson fyrir margvísleg störf í nánast öllum íþróttagreinum sem félagið hefur innan sinna raða, Þórunn Sigurðardóttir fyrir störf sín í þágu knattspyrnu og handbolta og Valdimar Pálsson fyrir störf sín í þágu knattspyrnu.

Því næst var tveimur mönnum veitt gullmerki félagsins þeim Halldóri Áskelssyni knattspyrnumanni og Jóhanni Sigurðssyni körfuknattleiksmanni. Báðir þessir félagar voru í fremstu röð í sínum íþróttagreinum og er í raun óþarft að rekja það nánar.

Að lokum var látinna Þórsfélaga minnst með stuttri þögn. Þar ber helst að nefna fráfall þeirra Péturs Þórarinssonar sóknarprest í Laufási, Gunnars Tryggva Óskarssonar, Gylfa Kristjánssonar, Sigurðar Arnórssonar og Guðbjargar Einars Þórisdóttur.

Er þetta í annað sinn sem opið hús er haldið með þessum hætti í lok ársins þar sem kjöri Íþróttamanns Þórs er lýst og er orðin sannkallaður hátíðisdagur og er greinilega komin til að vera.

Aðalstjórn Þórs fundaði 15 sinnum á árinu framkvæmdastjórn kom 13 sinnum saman að auki sat samninganefnd Þórs vegna uppbyggingar á félagsvæðinu sem skipuð er framkvæmdarnefnd ásamt formanni knattspyrnudeildar 9 samninga-fundi sem bókaðir voru. Þessu til viðbótar hélt félagið 3 almenna félagsfundi og einn kynningarfund um gang mála um samninga um fyrirhugaða uppbyggingu á félagsvæðinu.

Þá voru haldnir 12 súpufundir á árinu og voru þeir allir mjög vel sóttir. Þar með eru súpufundirnir orðnir 18 talsins frá upphafi. Þessir súpufundir eru afar vel sóttir og mætir fólk úr öllum íþróttagreinum á þessa fundi svo að greinilegt er að þessir súpufundir voru orðnir löngu tímabæri.

Ljóst er að á bráðabirgða uppgjöri er um mikinn viðsnúning að ræða í rekstri íþróttafélagsins og sjá menn fram á bjartari tíma og greinilegt að aðhald sem og aðkoma bæjaryfirvalda að rekstri íþróttá á Akureyri er að skila þessum góða árangri.

Knattspyrnudeild Þórs

Undanfarin tvo ár hefur starf knd. Þórs styrkst verulega. Mun fleiri hafa komið að starfinu og er knd. nú mun öflugri en oft áður. Allt það góða fólk sem leggur starfinu lið með framlagi sínu, í hvaða mynd sem er, á hinar bestu þakkir skildar. Starfsemin er mjög fjölbreytt og krefst gríðarlegs vinnuframlags sjálfboðaliða sem seint verður metið til fjár.

Síðustu tvö ár hefur knd. Þórs verið rekin með hagnaði og er það grundvallaratriði í áframhaldandi uppbyggingu hennar að svo verði áfram.

Núna er skipurit knd. þannig að undir stjórn eru unglingaráð og leikmannaráð karla og kvenna. Auk þess er starfandi sérstök Goðamótsnefnd. Unglingaráð er með starfandi knattspyrnskóla Þórs fyrir unglinga í 3. flokki. Sérstök stjórn er yfir Afreksskóla knd. Þórs sem stofnaður var á haustmánuðum 2007. Allar forsendur eiga því að vera fyrir hendi til að reka öflugt unglingastarf, skila góðum einstaklingum upp í meistaraflokka félagsins og halda úti meistaraflokkum sem eru félaginu til sóma.

Stjórn knd. 2006 var skipuð eftirfarandi:

Unnsteinn Jónsson formaður, Sveinn Guðmundsson varaformaður, Edvard van der Linden ritari, Halldór Áskelsson, Peter Jones og Sævar Sigurðsson meðstjórnendur.

Stjórn knd. 2007 var skipuð eftirfarandi:

Unnsteinn Jónsson formaður, Sveinn Guðmundsson varaformaður, Ragnheiður Jakobsdóttir gjaldkeri, Edvard van der Linden ritari, Halldór Áskelsson, Peter Jones og Hannes Kristjánsson meðstjórnendur.

Landsliðsfólk Þórs

Eitt af markmiðum þeirra sem leggja stund á knattspyrnu af fullum áhuga er að fá að spila fyrir hönd þjóðarinnar. Margir Þórsarar náðu þeim áfanga síðastliðin tvö ár að komast í landslið og/eða æfingahópa fyrir landslið.

Landsliðsmenn árið 2006:

Rakel Hönnudóttir 1 leikur með U-19 og Petra Lind Sigurðardóttir 2 leikir með U-19 landsliði kvenna. Kristján Sigurólason 1 leikur með U-19 og Sveinn Óli Birgisson 1 leikur með U-17 landsliðum karla.

Landsliðsmenn árið 2007:

Gísli Páll Helgason 6 leikir með U-17, Ottó Hólm Reynisson 6 leikir með U-17 og Trausti Örn Þórðarson 1 leikur með U-17 landsliði karla.

Arna Sif Ásgrímsdóttir 6 leikir með U-17, Rakel Hönnudóttir 6 leikir með U-19 og Silvía Rán Sigurðardóttir 1 leikur með U-17 landsliðum kvenna.

Meistaraflokkar Þórs 2006

Lárus Orri Sigurðsson tók við þjálfun meistaraflokks karla eftir síðasta tímabil og honum til aðstoðar var ráðinn Páll Gíslason. Fyrir tímabilið voru ekki háleit markmið um árangur en staðan var þó lengi vel dekkri en góðu hófi gegnir. Meistaraflokkur karla endaði í áttunda sæti fyrstu deildar. Liðið bjargaði sér frá falli með sigri í síðasta leik og má segja að taugar margra voru orðnar ansi þandar undir lokin. Áfram verður unnið á þeirri braut sem lagt var upp með eftir tímabilið 2005, þ.e.a.s. að byggja liðið upp á Þórsurum.

Þórólfur Sveinsson var ráðinn þjálfari meistaraflokks kvenna eftir síðasta tímabil og honum til aðstoðar var Víglundur Einarsson. Meistaraflokkur kvenna spilaði í úrvalsdeild, en okkur var boðið sæti í henni eftir að ÍBV ákvað að stilla ekki upp kvennaliði í ár. Eins og við var að búast áttu stelpurnar við ofurefli að etja í sumum leikja sumarsins, enda mikill munur á aldri leikmanna liðanna og leikreynslu. Um mitt sumar lét Þórólfur af störfum sem þjálfari kvennaliðsins og tók Víglundur við. Stelpurnar enduðu í næst neðsta sæti úrvalsdeildar og þurftu því að spila aukaleiki um áframhaldandi veru í úrvalsdeild við ÍR. Fyrri leikurinn endaði með jafntefli, 2-2, og seinni leikinn vann ÍR 1-0. Úrslit beggja leikja voru færð til dómstóls KSÍ þar sem ÍR notaði markmann sem var að spila með sínu þriðja liði í sumar. Dómstóll KSÍ dæmdi okkur sigur. ÍR áfrýjaði dómnum til Áfrýjunardómstóls KSÍ sem dæmdi ÍR í vil. Nú áfrýjuðum við dómnum til Áfrýjunardómstóls ÍSÍ sem ákvað að dæma í málinu þar sem það hefði þýðingu fyrir íþróttahreyfinguna. Fá mál fá þá meðferð hjá þessum dómstól, flestum er vísað frá. Málið var flutt um miðjan desember og þar unnum við lokasigur í málinu.

2. flokkur kvenna 2006:

Sumarið var gott hjá 2. fl. kvenna, þó var ljóst í upphafi að mikið álag yrði á leikmönnum og oft þurftum við að hvíla leikmenn vegna leikja í meistaraflokki, enda var hann að mestu byggður á stelpum úr 2. flokk. Þrátt fyrir það var klárt að þessi flokkur væri mjög sterkur og tilbúinn í topp barattu. Við spiluðum í A-deild með liðum eins og Val, Breiðablik, KR og Stjörnunni. Niðurstaðan varð 3.-4. sæti ásamt KR en Stjarnan varð Íslandsmeistari og Breiðablik í öðru sæti. Góður árangur hjá stelpunum og gaman að vera í hópi bestu liða og því er ekki hægt að segja annað en framtíðin ætti að vera björt hjá kvennaknattspyrnunni. Eins og fyrr segir spiluðu jafnframt margar stelpnanna með mfl og stóðu sig frábærlega þar.

*Þórólfur Sveinsson þjálfari og
Víglundur Páll Einarsson þjálfari*

2. flokkur karla 2006:

Sumarið 2006 var mjög gott hjá 2. flokki. Við spiluðum í C-deild eftir fall í fyrrasumar. Við vissum fyrirfram að deildin væri ekki spennandi. Það voru 4 lið í þessum riðli. Snemma í vetur héldum við fund og settum okkur það markmið að fara strax upp í sumar. Á tímum var sumarið erfitt því að ekki voru margir í 2.flokki og oft þurfti að fá 4-5 stráka hjá 3. flokki í leiki. Við vorum búnir að vinna okkar riðil um mitt sumar og var oft erfitt að halda strákunum á tánum fyrir úrslitaleikina í september. Við töpuðum bara einum leik í allt sumar en það var bikarleikur 1:0 á móti Hetti.

Við skoruðum 21 mark og fengum á okkur 8. Í september spiluðum við úrslitaleiki á móti Leikni Reykjavík. Í þessum 2 leikjum stóðu strákarnir sig alveg frábærlega eins og allt sumarið. Fyrst spiluðum við úti og fór sá leikur 0:0. Seinni leikurinn var spilaður heima og unnum við hann 3:0 og fórum við upp í B-deildina. Ég var mjög ánægður með strákana í sumar og stoltur af því að vera þjálfari þessa liðs. Þeir sýndu mikla hörku og dugnað og þó að oft hafi verið fáir á æfingum þá kláruðum við dæmið. Í lokin vil ég þakka fólkinu í kring um flokkinn fyrir alla vinnuna og stuðninginn. Sérstaklega foreldrum og starfsmönnum í Hamri.

Dragan Kristinn Stojanovic, þjálfari

Meistaraflokkar Þórs 2007

Lárus Orri Sigurðsson þjálfaði áfram meistaraflokk, honum til aðstoðar var Páll Gíslason. Hlynur Eiríksson kom inn sem þjálfari hjá 2. flokki karla. Saman mynduðu þessir þrír teymi sem kom að þjálfun beggja flokkanna. Meistaraflokkur karla endaði í sjöunda sæti fyrstu deildar og komst í 16 liða úrslit í VISA bikar. Áfram var unnið á þeirri braut sem lagt var upp með eftir tímabilið 2005, þ.e.a.s. að byggja liðið upp á Þórsurum.

Dragan Stojanovic var ráðinn þjálfari meistaraflokks kvenna eftir síðasta tímabil og honum til aðstoðar var Siguróli Kristjánsson. Meistaraflokkur kvenna spilaði í úrvalsdeild, Hélt sæti sínu þar síðast liðið haust eftir málaferli við ÍR. Í ár endaði liðið í áttunda sæti með jafn mörg stig og næstu tvö lið fyrir ofan, einnig komst liðið í 8 liða úrslit í VISA bikar. Eftir tímabilið var Rakel Hönnudóttir útnefnd sem efnilegasti leikmaðurinn í Landsbankadeild kvenna 2007.



Rakel Hönnudóttir.



Árangur 2. flokks karla var svo sannarlega glæsilegur í sumar.

2. flokkur karla 2007:

Hér verður stiklað á stóru í viðburðarríku sumri þessa stórskemmtilega flokks en óhætt er að segja að strákarnir hafi uppskorið eins og þeir sáu og náð öllum markmiðum sínum. Byrjað var að æfa af fullum krafti í október mánuði. Ákveðið var að stokka alveg upp æfingafyrirkomulagi undanfarinna ára í 2. flokki og var helsta breytingin sú að strákarnir æfðu nú í nánum tengslum við meistaraflokk. Tóku til að mynda virkan þátt í öllu undirbúningstímabili meistaraflokks og flæði milli flokkana var mjög mikið allt keppnistímabilið. Flokkarnir æfðu á sama tíma, oft með sömu áherslum, sérstaklega hvað varðaði leikskipulagið. Kannski væri hægt að segja að 2. flokkur hafi að ýmsu leyti gegnt því hlutverki að vera nokkurs konar varalið meistaraflokks. Á þann hátt fengu margir af strákunum strax miklu meiri reynslu af þeim hraða og þeirri hörku sem fylgir meistaraflokks æfingum. Margir tóku strax miklum framförum og voru kallaðir inn í æfingaleiki meistaraflokks fyrir Íslandsmótið, eða komu inn í liðið þegar leið á keppnistímabilið, þar sem þeir stóðu sig heilt yfir mjög vel.

Í ár lék 2. flokkur í B-riðli og fyrir mót var markmiðið ekki endilega sett á eitthvert ákveðið sæti í riðlinum heldur var frekar horft til þess að bæta og þroska hvern leikmann þ.e. horft til framtíðar með það að leiðarljósi að undirbúa hvern og einn undir það að verða framtíðar leikmaður meistaraflokks, án þess þó að vera að lenda í einhverju ströggli í mótinu. Í B-riðli léku 9 lið og eftir fyrri umferð Íslandsmótsins var útséð að liðið ætti hæglega að geta unnið sig upp í A-riðil án þess að víkja frá þeim markmiðum sem sett voru. Stefnan var þá sett á að komast upp og er skemmt frá því að segja að liðið fór ekki bara upp, heldur stóð uppi sem sigurvegari riðilsins. Sem dæmi um hve sterkir strákarnir voru þá skoruðu þeir 49 mörk og fengu 27 á sig.

Hvað varðaði Bikarkeppnina þá var markmiðið mjög ljóst, bikarinn skyldi fara í Hamar. Segja má að liðið hafi leikið vel alla keppnina, var þétt fyrir og lék oft á tíðum stórskemmtilegan sóknarfótbolta. Upp úr standa þó sigirnir gegn Fram 3-1 í 8-liða úrslitunum og KA 1-0 í úrslitaleiknum sem var jafnframt frábær skemmtun fyrir þá fjölmörgu sem á horfðu. En þrátt fyrir glæsta sigra í sumar má ekki gleyma markmiði okkar númer 1, 2, og 3 sem var, er og verður að bæta og þroska hvern og einn sem leikmann. Til marks um það að þjálfarar okkar séu á réttri leið, má nefna einn af síðustu leikjum meistaraflokks í sumar sem var gegn sterku liði Fjölnis, en þá voru í 16 manna leikmannahópi meistaraflokks 9 strákar úr öðrum flokk og einn úr 3. flokk!! Af þessu má sjá að framtíð félagsins er björt ef vel er haldið á spilið og verður gaman að fylgjast með 2. flokk næsta sumar, sterkir strákar koma upp í flokkinn og fáir ganga upp í meistaraflokk þótt þeir séu vafalaust margir sem banki fast á dyrnar hjá þeim Lárusi Orra og Palla.

2. flokkur kvenna 2007:

Stelpurnar spiluðu 10 leiki, unnu 4, 2 jafntefli og töpuðu 4. Sumarið gekk mjög vel, við enduðum í 3. sæti með 14 stig sem er góður árangur vegna þess að nokkrir lykilleikmenn þurftu að hvíla vegna leikja hjá meistaraflokki. Frábær árangur náðist þegar að liðið varð bikarmeistari í Visa-bikarnum. Við spiluðum við KR og fór leikurinn fram hér á Akureyri þann 7. október. Þessi leikur var frábær hjá okkur og unnum við 4-1. Rakel Hönnudóttir skoraði 3 mörk og Freydis 1 mark. Allir stóðu sig vel þessum leik sem og í allt sumar.



2. flokkur tók þátt í A-deild og í Visa bikarnum.

Flestar stelpurnar spiluðu líka leiki með meistaraflokki þannig að álagið var mikið og farnar 12 ferðir til Reykjavíkur. Margar stelpur úr 3 flokki tóku þátt í leikjum 2. flokks sem var frábært.

Leikmenn, stjórn, kvennaráð og starfsmenn í Hamri, kærar þakkir fyrir sumarið.

Dragan og Moli

Yngri flokkar Þórs 2006:

Strákarnir byrjuðu strax af krafti að æfa um veturinn og vorum við með æfingar í Boganum 4x í viku. Strax eftir áramót bættum við útihlaupum við og einnig hoppum, þar sem tröppurnar við Bogann voru notaðar til að auka og efla fótavinnu. Var fljótt ljóst að hópurinn var staðráðinn í að ná framförum, bæta sig og efla líkamlegan styrk auk þess að taka vel á því í boltanum sjálfum. Um 35 strákar voru að mæta á æfingar og voru um 25 sem mættu gríðarlega vel og misstu varla úr æfingu. Var því úr mörgum að velja þegar leikir hófust á vormánuðum og gat þjálfarinn skoðað marga stráka í leik og prófað mismunandi stöður og leikaðferðir. Eftir að hafa spilað æfingaleiki við Breiðablik og Fylki, sem áttu að vera með sterkustu liðunum í flessum aldursflokki, og náð góðum úrslitum var ljóst að við gátum sett markið hátt fyrir sumarið. Þriðji flokkurinn átti 1 lið (A-lið) í B-deild og 1 lið (B-lið) í C-deild.

A-lið:

Tímabilið hófst og strax í upphafi var ljóst að við Þórsarar sendum öðrum liðum skýr skilaboð bæði úr B-deild og A-deild. Meðal liða í riðlinum okkar voru Fram, Víkingur, Keflavík, ÍBV, ÍR og KA. Allir leikir unnust nokkuð sannfærandi, og mikið af mörkum skoruð, þannig að stigin hlóðust upp og þegar nokkrar umferðir voru eftir var munurinn það mikill á okkur og öðrum að riðillinn hafði þegar unnist. Ekki slógu strákarnir þó slöku við og kláruðu riðilinn með fullt hús stiga eða 42 stig úr 14 leikjum. Strákarnir því komnir í undanúrslit og mættu KR sem hafnaði í öðru sæti í A-deild. Um hörkuleik var að ræða en mark Jónasar Hallgrímssonar skildi liðin að og sætum sigri fagnað gríðarlega. Tveim dögum síðar mættu strákarnir FH, sem hafði sigrað A-deildina, í hreinum úrslitaleik. Þar sönnuðu strákarnir, bæði fyrir sjálfum sér og öðrum, að þeir voru besta lið landsins. Strákarnir sigruðu 3-1 með mörkum frá Ottó Hólmi, Lars Óla og Sveini Óla, titillinn í höfn, Þórsarar Íslandsmeistarar 2006. Glæsilegt!!!!.

Einnig spilaði liðið í VISA bikarkeppni norður- og austurlands og sigruðu strákarnir þar líka, með því að leggja Völsunga og síðan Tindastól 4-0 í úrslitaleik þar sem Kristján Steinn, Jóhann Helgi, Trausti Þórðar og Sveinn Óli skoruðu mörkin.

Frábært sumar hjá strákunum 19 leikir og 19 sigrar, niðurstaða Íslands- og bikarmeistarar 2006. Fyrirliðar liðsins voru Trausti Þórðar og Jóhann Helgi.

B-lið:

Í C-deildinni stóðu strákarnir sig einnig mjög vel (nánast allir á yngra ári) og unnu marga góða sigra og það sem mestu máli skiptir var að þeir spiluðu flottan fótbolta. Meðal liða í riðlinum voru A lið Tindastóls, Völsungs, Dalvík/Leifturs og Hattar og B lið KA. Margir úr liðinu eflust mjög þegar leið á sumarið og verður gaman að sjá þá halda því áfram í vetur og næsta sumar. Nokkrir strákar úr þessu liði fengu einnig að spreyta sig með A liðinu í sumar og stóðu sig vel m.a. Davíð Jón, Valþór, Sigurður Marinó, Sindri, Jón Atli, Þóroddur og Þorsteinn Ó. Ljóst er að margir af þeim strákum sem



3. flokkur karla. (Knattspyrnskóli Þórs.)

spiluðu með liðinu verða lykilmenn á næsta tímabili þar sem Íslandsmeistaratitillinn verður varinn!!! Fyrirliði liðsins var Sindri Rúnarsson.

Þess má geta að frá okkur Þórsurum voru eftirtaldir leikmenn valdir á úrtaksæfingar U16 og U17 landsliðs Íslands: Trausti Þórðar, Jónas Hallgríms, Sveinn Óli, Gísli Páll, Sigurður Kristjáns, Bergvin Gíslason, Ottó Hólm og Atli Sigurjóns.

3. flokkur karla 2006 – Lokahóf

Bestur á eldra ári er Jóhann Helgi Hannesson.

Bestur á yngra ári er Gísli Páll Helgason.

Framfaraverðlaun á eldra ári fær markmaðurinn Sveinn Leó Bogason.

Framfaraverðlaun á yngra ári fær Sigurður Marinó Kristjánsson.

Hugarfarsverðlaun (Molaverðlaun) 3ja flokks á eldra ári fær Kristján Steinn Magnússon.

Hugarfarsverðlaun á yngra ári fær Sindri Snær Rúnarsson.

Jósepsbikarinn: Kristján Steinn Magnússon.

Páll Gíslason þjálfari

4. flokkur karla:

Frábær tími með góðum strákum!!

Flokkurinn var vel mannaður eða um 40 strákar á öllum æfingum. Í vetur æfðu strákarnir mjög vel og enn betur um sumarið þar sem verkefnin voru næg. Flokkurinn var með þrjú lið á Íslandsmóti, tvö 11 manna lið og eitt 7 manna. Öll liðin stóðu sig mjög vel og spiluðu ágætis knattspyrnu auk þess að vera félaginu til sóma.

A-lið komst í úrslitakeppnina, en þurfti að setta sig við töp á móti sterkum liðum m.a. FH sem urðu Íslandsmeistarar. Einnig fórum við með tvö lið (A-B) á Rey-Cup mót Þróttar. Var sú ferð vel heppnuð í alla staði þar spilaði A-liðið m.a. við W.B.A frá Englandi þar sem okkar strákar stóðu sig með ágætum þrátt fyrir að þeir þyrftu að setta sig við tap. Stóðu bæði liðin sig ágætlega og áttu góða daga saman. Flokkurinn endaði svo sumarið á Landsbankamóti á Þórsvelli þar sem bæði A og B liðin unnu alla sína leiki, og var vel við hæfi að enda frábært sumar með stæl!

Í lokin viljum við þjálfararnir Júlíus og Siguróli þakka fyrir frábært sumar.

Bestur á eldra ári: Arnar Geir Halldórsson.

Mestu framfarir eldra ár: Halldór Darri Guðjónsson.

Bestur á yngra ári Geir Guðmundsson.

Mestu framfarir yngra ár: Bragi Benediktsson.

5. flokkur karla:

Sumarið 2006 var gott sumar hjá strákunum í 5. flokki. Við unnum deildina fyrir norðan og stóðu strákarnir sig frábærlega á stærsta móti fyrir 5. flokk, ESSO-mótinu. C-liðið var í 1. sæti og A-liðið var í 4. sæti. Í lok sumars var farið á Eskifjörð til að spila í úrslitum. Við spiluðum 3 leiki, 1 sigur og 2 töp. Okkur þjálfurum finnst sumarið hafa verið frábært.

Bestur á eldra ári: Orri Sigurjónsson.

Mestu framfarir á eldra ári: Brynjar Grétarsson.

Bestur á yngra ári: Gunnar Malmqvist Þórsson.
Mestar framfarir á yngra ári: Almar Vestmann.
Hugarfar: Ásgeir Freyr Þórsson

Dragan, Moli og Arnar

6. flokkur karla:

Árið hjá 6. fl. karla, hefur verið glæsilegt í alla staði, strax síðasta haust var farið af stað með það fyrir aðalmarkmið að hafa gaman og verða betri í fótbolta. Það var töluverð fjölgun á strákum í flokknum í vetur og æfðu þeir vel allir sem einn, enda skilaði það sér meðal annars í sterkri liðsheild sem var til fyrirmyndar á æfingum og öllum mótum sem við fórum á. Árangur flokksins var glæsilegur, á Goðamótinu vorum við með 4 lið og öll liðin spiluðu um verðlaunasæti, sem er frábær árangur á sterku móti. Svo kom Shellmótið í Eyjum sem var glæsilegt að vanda og ekki lét árangurinn á sér standa. Við gáfum öðrum liðum ekkert eftir innan vallar og vorum klárlega í hópi bestu liða mótsins þó við höfum ekki spilað til úrslita. Við unnum til margra einstaklingsverðlauna, fyrir knattækni og skothörku svo dæmi séu tekin. Þá var komið að Nikulásarmótinu og þangað fóru þeir sem ekki komust til eyja á Shellmótið, þar var sama sagan, gleði og glæsilegur árangur. Íslandsmótið var hápunktur sumarsins, þar sem við urðum Íslandsmeistarar í B-liðum, frábært ár og ekki má gleyma hinum frábæru foreldrum og foreldraráði flokksins sem var alltaf boðið og búið til að hjálpa þegar þannig bar að, takk fyrir okkur.

Þórólfur og Ásgeir

7. og 8. flokkur karla:

Sumarið 2006 hjá 7. og 8. flokki var mjög gott. Æfingar voru 5 sinnum í viku frá 10-12. Við æfðum á 3 stöðum, í Hamri, Giljaskóla og Oddeyrarskóla. Mæting var mjög góð, mikið fjölgaði og voru allt í allt 60-65 strákar. Farið var á 2 mót Strandamót og Króksmót og gekk vel þar. Allir þjálfarar voru ánægðir með afrakstur sumarsins.

Dragan Kristinn Stojanovic

3. flokkur kvenna 2006:

Sumarið hjá 3.fl kvenna var nokkuð kaflaskipt. Eftir dapra byrjun og tap í fyrstu leikjunum þá snerist dæmið við í seinni umferðinni og stelpurnar fóru loks að sýna hvað í þeim býr. Þrátt fyrir að einungis tveir leikir hafa unnist, þá var mikill stígandi í leik liðsins og var allt annað að sjá til þeirra í síðustu leikjunum en í þeim fyrstu. Fall úr A-deildinni er þó staðreynd og svo sannarlega ekki það sem stefnt var að fyrir tímabilið. Í raun er erfitt að finna nákvæmar skýringar á því hvers vegna liðið féll en deildin var mjög sterk og er sérstaklega eftirtektarvert hversu margar góðar stelpur eru að spila fótbolta í dag. Eins og áður segir var mikill stígandi í leik liðsins og baráttan var til fyrirmyndar í allt sumar. Stelpurnar voru mjög vinnusamar og eru til í að leggja mikið á sig til þess að ná árangri í fótbolta, og á meðan svo er getum við varla kvartað?

Fyrir hönd okkar þjálfaranna, þakka ég stelpunum fyrir sumarið og hlakka til að vinna með þeim í vetur.

Ásgeir og Jónsi

Verðlaun og umsagnir um 3. flokk kvenna:

Best á eldra ári: Eva Hafdís Ásgrímsdóttir.
Mestu framfarir á eldra ári: Herdís María Sigurðardóttir.
Best á yngra ári: Íunn Eir Gunnarsdóttir.
Mestu framfarir á yngra ári: Tinna Dagbjartsdóttir.
Hugarfarsverðlaun: Júlía Margrét Ingvarsdóttir.

4. flokkur kvenna:

Síðastliðið ár hjá fjórða kvenna hefur verið viðburðaríkt. Fyrst ber að nefna Goðamótið sem fram fór í lok febrúar sl. Þar unnu stelpurnar keppni A-liða með fádæma yfirburðum, í b og c-liðum gekk einnig mjög vel. Um miðjan júlí var svo hápunktur sumarsins þegar farið var til Danmerkur, sú ferð var einstaklega vel heppnuð og skemmtileg bæði innanvallar sem og utan. Danmerkurferðinni höldum við þjálfarar að sé samt best lýst sem ferðar sem hvorki stelpurnar né fararstjórar koma nokkru sinni til með að gleyma. Ekki má gleyma að segja frá því að í Íslandsmótinu voru send til leiks tvö 11 manna lið, sem er örugglega í fyrsta skipti sem Þór getur gert það í kvennafótbolta í sama flokki. Árangurinn, sem að okkar mati á alltaf að meta í framförum, var mjög góður. Stelpurnar lærðu mikið í fótbolta og þá einna helst hvað andlegu hliðina varðar, þ.e.a.s. að sýna karakter þegar á móti blæs og kunna að klára jöfnu leikina þegar þær eru komnar með yfirhöndina. Stelpurnar náðu líka góðum úrslitum á vellið og enduðu sem fimmta besta lið landsins, þær verða enn frammar en það í framtíðinni ef þær halda áfram á sömu braut. Þessi hópur er virkilega skemmtilegur og fullur af einstaklingum sem hafa rétta hugarfarið til að ná langt sem knattspyrnukonur.

Takk fyrir sumarið og hlökkum til að sjá ykkur næsta vetur og sumar!

Með kveðju,

Jónsi og Elva Dögg, þjálfarar 4.fl.kv.

Umsögn í vertíðarlök og á lokahófi:

Best á eldra ári: Arna Sif Ásgrímsdóttir.

Best á yngra ári: Alda Karen Ólafsdóttir.

Mestar framfarir á eldra ári: Guðný Ósk Sigurðardóttir.

Mestar framfarir á yngra ári: Aldís Marta Sigurðardóttir.

Besta hugarfarar: Guðrún Hanna Sigurjónsdóttir.

5. flokkur kvenna:

Sumarið hjá 5. fl. kvk. Var einkar glæsilegt. Ég hef áður sagt að markmið móta á ekki endilega að vera að koma heim með frábær úrslit á bakinu heldur það að leikmenn verði betri þegar heim er komið heldur en þegar haldið var af stað. Það markmið okkar tókst mjög vel. Árangurinn á mótunum var engu að síður góður og t.a.m. enduðu öll okkar lið meðal efstu sjö liða á Þejmótinu. Frammistaða stelpnana á Íslandsmótinu var frábær. Norðurlandsríðilinn var lítil sem engin hindrun. Fullt hús stiga og markatalan 91:7 í 14 leikjum. Glæsilegt! Næst var komið að úrslitakeppni A- og B-liða. Þar töpuðum við fjórum stigum en okkar helsti andstæðingur þremur og því fóru þær áfram en ekki okkar stelpur. Niðurstaðan var því 3-4 sæti. C-liðið fór í úrslitakeppnina viku síðar og stóðu sig einnig frábærlega. Þær léku í fjögurra liða riðli og enduði í 2. sæti eftir harða rimmu við Íslandsmeistara Breiðabliks.

Niðurstaðan er frábært sumar sem stelpurnar geta verið virkilega stoltar af. Ljóst er að mikill efniviður er þarna á ferðinni sem stendur stöllum sínum á landsvísu fyllilega jafnfætis og eiga möguleika á að ná miklum árangri í framtíðinni. Eftir frábært sumar var mjög erfitt fyrir okkur þjálfarana að gera upp á milli leikmanna. Fyrir hver einustu verðlaun komu að lágmarki tveir til greina. Engu að síður eru verðlaunahafar vel að verðlaunum sínum komnir og óskum við þeim til hamingju. Þeim sem eru e.t.v. svekktir að fara heim tómhentir er bent á að leggja enn harðar að sér og sýna með því þjálfurunum að þeir gerðu mistök!

Umsögn í vertíðarlök og á lokahófi:

Katla Ósk Káradóttir – best á eldra ári.

Monika Friðriksdóttir – mestu framfarir á eldra ári.

Sandra María Jessen – best á yngra ári.

Rannveig Anna Jónsdóttir – mestu framfarir á yngra ári.

Amanda Pálsdóttir – hugarfarsverðlaun.

Takk fyrir árið.

Kveðja,

þjálfarar

6. flokkur kvenna – Sumarið 2006:

Sumarið hefur verið viðburðaríkt hjá stelpunum í 6. flokki. Miklar framfarir voru í þessum flokki, bæði hjá stelpum sem eru búnar að æfa lengi og hjá þeim sem byrjuðu nú í sumar. Þeim fjölgaði mjög mikið og voru þær á milli 25 og 30 að æfa og mættu þær vel á æfingar sem skilar þeim sjálfum betri árangri. Vonandi halda allar þessar stelpur áfram að æfa í vetur, því það er stór fláttur í uppbyggingastarfi. Stelpurnar tóku þátt í Hnátumóti í júní og stóðu þær sig ágætlega þar, þótt þær komust ekki áfram í úrslit. Í júlí var ákveðið að fara með stelpurnar í 6. flokki í fyrsta skipti á Síamamótið í Kópavogi sem gekk mjög vel. Þar vorum við með tvö lið sem stóðu sig með stakri þrýði. Stelpurnar voru alveg í skýjunum með þetta mót því það var glæsilegt í alla staði.

Hulda, Petra og Elva

7. flokkur kvenna – Sumarið 2006:

Sumarið var mjög skemmtilegt hjá stelpunum í 7. flokki, því oft var líf og fjör hjá okkur á morgnana. Það var rosalega mikil fjölgun í flossum flokki og voru þær að æfa á bilinu 20 til 25. Miklar og góðar framfarir urðu hjá öllum stelpunum sem er mjög jákvætt en það má rekja til þess hve duglegar þær voru að mæta á æfingar og leggja sig fram. Vonandi halda allar þessar stelpur áfram að æfa í vetur, því það er stór þáttur í uppbyggingastarfi.

Við buðum KA-stelpunum í heimsókn til okkar á æfingatíma í júlí og voru spilaðir nokkrir leikir og svo var grillað þar á eftir. Í ágúst fóru stelpurnar á Þejmótið á Siglufirði. Fórum við þangað með tvö lið og stóðu bæði liðin sig mjög vel. Annað liðið lenti í öðru sæti en hitt liðið var ekki langt frá því að krækja sér í verðlaun.

Hulda og Petra

Yngri flokkar Þórs 2007

3. flokkur karla 2007:

Þjálfararnir í 3ja flokki voru þeir bakkabraður Palli Gísli og Lúbbi Tryggva.

Voru um 35 strákar að æfa í vetur en um sumarið voru um 30 sem voru á fullu og spiluðu leikina. Segjast þeir bara nokkuð brattir með þessa stráka sem vonandi eru að komast í fullorðinna manna tölu. Sumarið gekk ágætlega þrátt fyrir að takmarkinu að verja íslandsmeistaratilinn frá í fyrra hafi klikkað. Þór1 endaði í öðru sæti í A-deild og tapaði síðan í vítakeppni í undanúrslitum. Þór2 gerði einnig góða hluti í sumar og endaði í öðru sæti í C-deild. Enduðu strákarnir síðan sumarið á að sigra í Visa-Bikar N/AL. Nokkrir leikmenn 3. flokks náðu þeim áfanga að komast í leikmannahóp Mfl. í sumar og enn fleiri komu mikið við sögu í leikjum 2.flokks. Einnig voru nokkrir leikmenn sem voru kallaðir á landsliðs-æfingar hjá u17. Þeir „golfbraður“ Ottó Hólm og Gísli Páll spiluðu í Evrópukeppni landsliða u17 í Serbíu nú í sumar. Sem sagt margt jákvætt eftir sumarið þrátt fyrir að „gulrótinni“ hafi ekki verið náð. Mestu máli skiptir þó að margir leikmenn þroskuðust mikið sem knattspyrnumenn og eiga bjarta framtíð í vendum ef þeir halda áfram að leggja sig fram. Á lokahófi eftir tímabil fengu eftir taldir leikmenn viðurkenningar. Sá sem hlaut verðlaun fyrir hugarfar er leikmaður sem leggur sig alltaf 100% fram bæði á æfingum og í leikjum. Hann er mjög lærdómsfús og tekur alvarlega tilsögn og ráðleggingum þjálfara. Þessi leikmaður hefur þroskast mikið í sumar og uppskorið eftir því. Þessi leikmaður á klárlega eftir að ná langt í boltanum með áframhaldandi hugarfari og dugnaði og bindum við þórsara miklar vonir til hans á komandi árum.

Hugarfarsverðlaun hlýtur Snorri Eldjárn Hauksson.

Efnilegastur á yngra ári er Freysteinn Þórhallsson.

Bestur á yngra ári er Arnar Geir Halldórsson.

Efnilegastur á eldra ári er Davíð Jón Stefánsson.

Bestur á eldra ári er Gísli Páll Helgason.

Jósepsbikarinn Jósepsbikarinn var síðan afhentur leikmanni sem var með afburða æfingasókn, jákvæðnina uppmál-
aða, keppnissemi og lagi og lagði sig vel fram á öllum æfingum.

Jósepsbikarinn hlýtur Sindri Snær Rúnarsson.

Síðasta tímabil hjá 3. flokki kvenna:

Undirbúningstímabilið hjá 3.flokki kvenna gekk ekki áfallalaust fyrir sig þar sem mikið var um meiðsli. Undirbúningurinn var þó skemmtilegur sem og sumarið í heild. Miklar væntingar voru gerðar til liðsins sem er svo sannarlega fullt af stelpum sem eiga eftir að láta að sér kveða í mfl í framtíðinni, ef þær halda áfram af sama krafti. Ekki gekk eftir að ná sæti í A-deild og því er hlutskiptið að vera áfram í B-deild næsta sumar. Fyrst og fremst var þó sumarið lærdómsríkt fyrir bæði stelpurnar og þjálfara þeirra. Stelpurnar í þessum flokki eiga glæsta framtíð í boltanum og ég hlakka til að sjá þær í mfl!

Kveðja,

Jónsi, þjálfari.

Besti leikmaður á eldra ári: Eva Björk Benediktsdóttir.

Framfaraverðlaun á eldra ári: Þóra Siguróladóttir.

Besti leikmaður á yngra ári: Silvía Rán Sigurðardóttir.

Framfaraverðlaun á yngra ári: Hildur Mist Pálmarisdóttir.

Hugarfarsverðlaun 3. flokks kvenna: Inga Rakel Ísaksdóttir.

4. flokkur karla:

Sumarið 2007 var mjög gott hjá 4. flokki karla Flokkurinn byrjaði á því að fara á TivoliCup í Danmörku, þar vann yngra árið mótið og eldri liðin tvö stóðu sig einnig vel. Flokkurinn tók þátt í Íslandsmóti eins og alltaf í þessum flokki og spiluðu þar með A og B lið í keppni A liða. A liðið vann riðilinn og B liðið stóð sig frábærlega og var oft á tíðum betra en hin A liðin. A liðið fór því í undanúrslit en komumst því miður ekki í úrslitin. Að síðustu tóku liðin þátt í Landsbankamóti okkar Þórsara og unnu strákarnir bæði A og B keppnina.

Bestur á eldra ári – Ari Már Egilsson.

Mestu framfarir á eldra ári – Hlynur Halldórsson.

Bestur á yngra ári – Jónas Sigurbergsson

Mestu framfarir á yngra – Sindri Sverrisson

Hugarfarsverðlaun fyrir 4. flokk karla – Halldór Harðarsson.

F.h. þjálfara,

Dragan og Moli

Síðasta tímabil hjá 4. flokki kvenna:

Undirbúningur fyrir sumarið gekk vel, farið var á Akranes í lok nóvember í skemmti- og keppnisferð sem heppnaðist mjög vel. Stelpurnar tóku þátt á þremur mótum; Goðamótinu, Landsbankamóti Tindastóls og Landsbankamóti Þórs,

mjög vel gekk á öllum þessum mótum og alltaf náðist verðlaunasæti. Á Íslandsmótið voru send tvö 11 manna lið, eitt í keppni A-liða og eitt í keppni B-liða. A-liðið var einu stigi frá því að komast í úrslitakeppni og enduðu í 5. sæti efri deildar. Tímabil þeirra var sveiflukennt, fyrstu fjórir leikirnir töpuðust en síðustu sjö unnust. B-liðið stóð sig mjög vel en þar var öllum gefið tækifæri á að spila nóg og hafa gaman af fótbolta. Árangurinn í símar var mjög ásættanlegur og sumarið í heild mjög skemmtilegt hjá þessum frábæra hóp.

Kveðja,
Jónsi þjálfari.

Besti leikmaður á eldra ári í 4. flokki kvenna 2007: Valdís Vignisdóttir.
Framfaraverðlaun hjá eldra ári í 4. flokki kvenna 2007: Gyða Björk Ólafsdóttir
Besti leikmaður á yngra ári í 4. flokki kvenna 2007: Katla Ósk Káradóttir.
Framfaraverðlaun hjá yngra ári í 4. flokki kvenna 2007: Monika Björk Friðriksdóttir.
Hugarfarsverðlaun 4. flokks kvenna 2007: Fanney Lind Hauksdóttir.

5. flokkur karla:

Keppnistímabilið hjá strákunum byrjaði í rauninni í mars þegar strákarnir fóru á Samkaupsmótið í Keflavík en þar spiluðu 3 af 5 liðum okkar til úrslita og eitt þeirra um þriðja sætið. Því miður náðu strákarnir ekki að fylgja eftir góðum árangri í sumar en þrátt fyrir það var alltaf góður andi í hópnum skemmtu strákarnir sér mjög á æfingum. A, B og C-liðin spiluðu í Íslandsmótinu og voru þeir 1 stigi frá því að komast áfram í úrslita keppnina en jafntefli við KS í lokumferðinni sá til þess. Þá kepptu strákarnir einnig á N1-mótinu, gamla Essó-mótinu og Króksmótinu. Strákarnir skemmtu sér konuglega á mótunum þrátt fyrir erfitt veður. Þó svo að árangur í mótunum var ekkert til að hrópa húrri fyrir þá vonum við að strákarnir haldi áfram að reyna að bæta sig því við vitum öll að þeir eiga miklu meira inni. Í þessari íþrótt skiptir svo miklu máli að hafa hausinn í lagi og spila á réttum forsemdum og það er eitthvað sem strákarnir munu læra með tímanum ef þeir kjósa.

Besti leikmaður á eldra ári í 5. flokki karla 2007: Dagur.
Framfaraverðlaun hjá eldra ári í 5. flokki karla 2007: Aron Ingi Gautason.
Besti leikmaður á yngra ári í 5. flokki karla 2007: Kristinn Ingólfsson.
Framfaraverðlaun hjá yngra ári í 5. flokki karla 2007: Almar Blær Bjarnason.
Hugarfarsverðlaun 5. flokks karla 2007: Tryggvi Unnsteinsson.

5. flokkur kvenna:

Flokkurinn var með A og B lið í vetur og í sumar bættust margar í hópinn og bættist þá við C-lið. Liðið tók þátt í Goðamóti Þórs, Íslandsmótinu, Landsbankamótinu á Sauðárkróki, Síamótinu í Kópavogi, Þejumótinu á Siglufirði ásamt því að komast í úrslitakeppni Íslandsmótsins sem fram fór á Neskaupsstað í haust. Liðið á heiður skilið fyrir ástundun og



Hinn sigursæli 5. flokkur kvenna.

áhuga á tímabilinu og ekki síður árangur. Það var gaman að fylgjast með framförunum sem hópurinn tók í sumar. Foreldrar og aðstandendur þessara stelpna voru dugleg að fylgja stelpunum eftir og hvetja þær í leikjum sínum og skipti það engu máli hvort það var A, B eða C liðið, foreldrarirnir eiga allar þakkir skildar frá þjálfurunum og með áhuga sínum gerðu sumarið mjög eftirminnalegt fyrir alla.

Besti leikmaður á eldra ári í 5. flokki kvenna fyrir sumarið 2007: Sandra María Jessen.

Framfaraverðlaun hjá eldra ári í 5. f. Kvk.: Snjólaug Heimisdóttir.

Besti leikmaður á yngra ári í 5. flokki kvenna fyrir sumarið 2007: Hulda Tryggvadóttir.

Framfaraverðlaun hjá yngra ári í 5. flokki kvenna: Karólína Oddný Hafsteinsdóttir.

Hugarfarsverðlaun 5. flokks kvenna: Sigrún Aðalgeirsdóttir.

6. flokkur karla:

Árangur 6. flokks var ein sigurganga frá upphafi til enda keppnistímabilsins og náði hámarki sínu í lok ágústsmánuðar þegar við urðum Íslandsmeistarar N/A lands í A og B liðum.

Keppnistímabilið byrjaði þó í mars þegar við fórum suður og tókum þátt í tveimur mótum í Keflavík og á Akranesi aðalega fyrir tilstuðlan Hlyns Jóhannsonar þar sem strákarnir gáfu tóninn fyrir því sem koma skyldi í sumar. Fyrsta mót sumarins var Shellmótið í Vestmannaeyjum, stærsta mót sumarins í þessum aldursflokk. Þar enduðum við í 1.-2. og 7. sæti með liðin okkar, auk þess að við fengum kannski stærstu verðlaunin sem eru fyrir þrúðasta liðið. Vignir Jóhannsson fyrirliði A-liðsins fékk einnig glæsileg einstaklingsverðlaun á mótinu.

6. flokkur tók einnig þátt í Nikulásarmótinu, Króksmótinu og Eimskipsmóti Völsungs og stóð sig að sjálfsögðu frábærlega, tók fullt af verðlaunum. Strákarnir æfðu mjög vel í allt sumar og nú undir lok sumars voru þeir farnir að telja um og yfir 50 á æfingum sem er alveg frábært. Það verður gaman og forvitnilegt að sjá hvað þessir drengir eiga eftir að gera í framtíðinni en það er alveg ljóst að hún er þeirra, ef þeir sjálfir vilja.

6. flokkur kvenna:

Stelpurnar í 6. flokki áttu frábært sumar, sterkur hópur þar á ferð. Þær tóku þátt í Íslandsmótinu, Þejumótinu á Siglufirði, Síamótinu í Kópavogi. A liðið stóð sig frábærlega í sumar, liðið var skipað sterkum kjarna sem hafa æft lengi. Voru framarlega í öllum mótum, auk þess að spila til úslita um Íslandsmeistaratitil N/A lands.

Margar nýjar stelpur byrjuðu að æfa í sumar og skipuðu þær B-liðið, Það gladdi þjálfarana mikið að sjá hve mikla framför þær tóku þegar leið á sumarið og þær eiga eftir að láta að sér kveða þegar fram í sækir. Foreldrar stelpnanna í 6. flokk eins og 7. flokk eiga hrós skilið fyrir þann stuðning og áhuga sem þeir sýndu í sumar og er leitinn af eins duglegu fólki og viljum við þjálfarar þakka sérstaklega fyrir það.

7. flokkur karla:

7. flokkur taldi vel yfir 40 stráka á árinu sem allflestir æfðu mjög vel þannig að framfarir urðu miklar og var altalað á þeim mótum sem flokkurinn tók þátt í að Þórslíðin væru þau lið sem spiluðu hvað skemmtilegastan fótboltann og væru hvað lengst komin í leikskilningi.

Í ár fjölguðum við þeim mótum sem við ákváðum að taka þátt í og svona eftir á erum við nokkuð ánægðir með að hafa gert það, því það er alveg ljóst að leikreynsla strákana hefur aukist mikið í sumar sem síðan á eftir að nýtast þeim á næstu árum því við erum vissir um að þeir strákar sem skipuðu 7. flokk í sumar eiga eftir að láta eftir sér taka á næstu árum. Flokkurinn tók þátt í Strandamótinu og Eimskipsmóti Völsungs. Í þessum mótum eru ekki skráð úrslit en við hljótum að hafa staðið okkur nokkuð vel því sigruðum vel flesta andstæðinga okkar og fengu strákarnir flottar gjafir fyrir þátttökuna. Einnig tókum við þátt í Nikulásarmótinu og Króksmótinu og fórum á þau með fimm og fjögur lið. Ekkert af þeim sigruðu þó mótin en flest spiluðu þó til verðlauna og fengum við m.a. háttvísisverðlaun KSÍ á Nikulásarmótinu og komum heim með silfur og brons á báðum mótum sem verður að teljast mjög góður árangur því sums staðar unnum við ekki vegna markatölu. Í sumar æfðum við alla virka daga við Hamar og við Giljaskóla, þá spiluðum einnig æfingaleiki gegn KA sem heppnuðust mjög vel.

7. flokkur kvenna:

Það var gaman að sjá hvað hópurinn óx og styrktist í sumar. Stelpurnar tóku þátt í Strandamótinu, Síamótinu í Kópavogi, Þejumótinu á Siglufirði, auk þess sem að heimsækja og spila við stelpurnar í KA. Það var frábært að sjá hvað stelpunum fór fram í sumar og sýndu frábæra takta í þessum mótum okkur þjálfurunum og foreldrum til mikillar skemmtunar. Foreldrar stelpnanna í þessum flokk eiga heiður skilið fyrir þann stuðning og áhuga sem þeir sýndu.

8. flokkur karla:

Síðastliðinn vetur voru ekki margir strákar að æfa á þessum aldri og teljum við ástæðuna að mestu vera að foreldrar áttu í nokkru basli með að sækja strákana snemma í leikskólana. Þegar sumaræfingarnar hófust fjölgaði ört í flokknum og þegar við enduðum í lok sumars taldi flokkurinn um 25 stráka og nokkrar stelpur og þannig viljum við helst hafa þetta hjá okkur. En æft var alla virka daga tvo tíma í senn á morgnanna. Verkefni sumarins voru leikir gegn KA bæði hér hjá okkur og upp á Brekku sem og að við tókum þátt í hinu árlega Strandamóti þar sem langflestir Þórsarar stíga sín fyrstu

skref í leikjum með Þór. Flokkurinn hefur tekið miklum framförum á árinu og eru þjálfarar hans á því að við komum til með að eignast sterka framtíðar flokka með þessum krökkum innanborðs.

Hugarfarsverðlaun allra yngri flokka:

Brynja Dögg Sigurpálsdóttir og Geir Guðmundsson.

Handknattleiksdeild Þórs 2006

Vorið 2006 varð meistaraflokkur karla hjá Þór í 12. sæti af 14 liðum í efstu deild Íslandsmótsins, DHL-deild karla.

Sumarið 2006 skrifuðu KA og Þór undir samkomulag til fimm ára um að halda úti sameiginlegu liði í meistaraflokki karla og kvenna, 2. flokki karla og unglingaflokki kvenna.

Starfsemi handknattleiksdeildar Þórs hefur síðan verið með þeim hætti að unglingaráð sér um rekstur yngri flokka, að hluta til í samstarfi við unglingaráð KA, en fulltrúar úr stjórn handknattleiksdeildar eru í stjórn hins sameiginlega liðs Þórs og KA; Akureyrar – handboltafélags.

Stjórn handknattleiksdeildar Þórs skipuðu árið 2006:

Skapti Hallgrímsson

Kristinn Hreinsson

Örn Arnar Óskarsson

Helgi Eyþórsson

Hörður Sigurharðarson

Magnús Eggertsson

Jónas Ragnarsson

John Cariglia

Frá og með haustinu voru fulltrúar Þórs í stjórn Akureyrar – handboltafélags: Skapti Hallgrímsson, Örn Arnar Óskarsson og Magnús Eggertsson.

Handknattleiksdeild Þórs 2007

Starfið árið 2007 var með sama hætti og síðari hluta árs 2006. Unglingaráð sá um rekstur yngri flokka félagsins, að hluta til í samstarfi við KA, en fulltrúar úr stjórn handknattleiksdeildar sátu í stjórn hins sameiginlega liðs Þórs og KA í elstu flokkunum.

Ánægjuleg þróun hefur orðið í starfi yngri flokka félagsins, enda unglingaráðið mjög öflugt undir stjórn Vignins Traustasonar formanns. Iðkendum hefur fjölgað jafnt og þétt í öllum flokkum.

Í stjórn handknattleiksdeildar árið 2007 sátu eftirtaldir:

Skapti Hallgrímsson

Kristinn Hreinsson

Örn Arnar Óskarsson

Hörður Sigurharðarson

Magnús Eggertsson

Jónas Ragnarsson

John Cariglia

Fulltrúar Þórs í stjórn Akureyrar – handboltafélags voru þeir sömu og árið áður.

Akureyri – handboltafélag, 2006

Sumarið 2006 gerðu KA og Þór með sér samkomulag, óuppsegjanlegt til næstu fimm ára, um að halda úti sameiginlegu liði í meistaraflokki karla og kvenna, 2. flokki karla og unglingaflokki kvenna.

Hugmyndir félaganna, í viðræðum sem stóðu yfir mánuðum saman, snérist reyndar einungis um karlaliðin – meistaraflokk og 2. flokk. Kvinnaliðið (KA/Þór) hafði verið í umsjón KA í nokkur ár með sama hætti og Þór hefur séð um rekstur kvinnaliðsins í knattspyrnu (Þór/KA). En segja má að vegna þrýstings frá bæjaryfirvöldum og umsjónarmönnum kvinnaliðs KA/Þórs hafi ekki annað verið hægt en sættast á það, á síðustu stundu, að kvinnaliðin tvö tilheyrðu einnig hinu nýja félagi. Undirbúningur og áætlanagerð þess hóps sem vann að samstarfinu snérist allur um karlaliðin tvö, enda hafði handknattleiksdeild Þórs ekki rekið kvinnalið árum saman og það var aldrei inni í myndinni að Þórsarar tækju einnig þátt í rekstri kvinnaliðs – og slíkt hafði aldrei verið rætt í samningaferlinu öllu fyrr en það kom upp á borð á síðustu stigum viðræðna. Fulltrúar Þórs töldu ekki sanngjarnt að hið nýja félag stæði straum af rekstri kvinnaliðanna í handbolta á meðan Þór stæði straum af rekstri efstu flokka knattspyrnuliða kvenna. Niðurstaðan varð þó sú sem að framan er nefnd og ekki verður farið nánar út í þá sálma hér.

Stjórnin var þannig skipuð:

Hannes Karlsson formaður, KA

Skapti Hallgrímsson varaformaður, Þór

Hermann Haraldsson, KA
Örn Arnar Óskarsson, Þór
Hjörtur Sigurðsson, KA
Magnús Eggertsson, Þór

Þjálfarar meistaraflokks karla voru ráðnir Rúnar Sigtryggsson og Sævar Árnason. Þjálfari meistaraflokks kvenna var áfram Haddur Stefánsson, sem hafði stýrt liði KA/Þórs veturinn áður. Honum til aðstoðar var Einvarður Jóhannsson og þjálfuðu þeir einnig unglingaflokkinn.

Þjálfari 2. flokks karla var ráðinn Aigars Lazdins.

Árni Grétar Árnason, einn þeirra sem sá um rekstur kvennaliðs KA/Þórs árin á undan, vann náið með stjórn Akureyrar og sat fundi hennar, og hafði yfirumsjón með rekstri kvennaliðsins. Sat hins vegar ekki formlega í stjórninni þar sem samningur félaganna gerir ráð fyrir þremur í stjórn úr hvoru félagi.

Akureyri – handboltafélag, 2007

Stjórn félagsins var eins skipuð árið 2007 og við stofnun þess:

Fulltrúar KA: Hannes Karlsson formaður, Hermann Haraldsson og Hjörtur Sigurðsson.

Fulltrúar Þórs: Skapti Hallgrímsson varaformaður, Örn Arnar Óskarsson og Magnús Eggertsson.

Árni Grétar Árnason starfaði náið með stjórn sem fyrr, sat fundir hennar, og hafði yfirumsjón með rekstri kvennaliðsins.

Þjálfara karlaliðsins voru þeir sömu og árið á undan.

Skipt var um þjálfara kvennaliðsins, við tók Jónatan Magnússon í janúar þegar hann fluttist heima á ný eftir að hafa leikið um tíma með St. Raphael í Frakklandi. Með honum var ráðinn Jóhannes Bjarnason og þeir tóku einnig við þjálfun unglingaflokks, enda flestir stúlkurnar þar einnig í meistaraflokki.

Skapti Hallgrímsson

Körfuknattleiksdeild Þórs 2006

Rekstrarárin 2006 og 2007 hjá körfuknattleiksdeild Þórs voru nokkuð hefðbundin að flestu leiti. Liðið lék leiktímabilið 2005-2006 í efstu deild að nýju eftir nokkurra ára fjarvergu og markaði að því leiti ákveðin tímamót í sögu körfuboltans hjá meistaraflokki karla. Liðið var nær einvörðungu skipað Íslenskum leikmönnum og að stærstum hluta leikmanna sem eru uppaldir hjá Þór og hafa skilað sér upp úr góðu yngri flokka starfi félagsins. Liðið lauk keppni í næsta neðsta sæti deildarinnar á vordögum 2006 sem þýddi að liðið myndi hefja leik í 1. deild leiktíðina 2006-2007.

Leiktímabilið 2006-2007 var afar gott ár bæði frá íþróttalegu og rekstrarlegu sjónarmiði. Eins og áður er getið lék liðið í 1. deild og þar gerði liðið sér lítið fyrir og fór taplaust í gegnum tímabilið, sem er afar sjaldgæft að slíkt gerist.

Mikið aðhald og ábyrgð í öllum rekstri einkenndi rekstur meistaraflokks karla.

Það setti þó svip sinn á mótið að liðið varð að leika alla sína heimaleiki í íþróttahúsinu við Síðuskóla þar sem ekki þykir lengur boðlegt að spila lengur í íþróttahöllinni sökum afleits ástands á gólfinu þar og er ekki sæm- andi í afreksíþróttum. Meistaraflokkur kvenna lék þó leiki sína í Höllinni þar sem ekki fengust nægjalega margir tímar í íþróttahúsi Síðuskóla en æfinga álag hjá meistaraflokki kvenna er umtalsvert minna en hjá körl- unum.

Rekstur meistaraflokks kvenna var eins og undangengin ár afar erfiður bæði út frá íþróttalegu sjónarmiði sem og rekstrarlegu enda afar erfitt að fá fjármagn í rekstur kvennaliða almennt. Meistaraflokkur kvenna lék í 2. deild leiktímabilið 2005-2006 og 2006-2007 og var árangur þeirra í takt við það sem vænta mátti fyrir fram. Liðið var og er að mestu skipað ungum leikmönnum að mestu stúlkum sem stunda nám í framhaldsskólum bæj- arins. Yngstu leikmenn liðsins voru þá u.þ.b. 15 og 16 ára.

Körfuknattleiksdeild Þórs tók þátt í opnu húsi í Hamri á haustdögum þar sem meistaraflokkar karla og kvenna voru kynntir til sögunnar. Þá voru helstu styrktaraðilar deildarinnar kynntir og skrifað var undir nýja auglýsinga og styrktarsamninga við þetta tækifæri.

Körfuknattleiksdeild Þórs heiðraði Konráð Óskarsson fyrrum leik- mann Þórs sem er án efa einn besti körfuknattleiksmaður sem félagið hefur



Hröfn Jóhannesson var kosinn körfuboltamaður Þórs 2006. Myndin er úr leik Þór og Fjölnis í úrvalsdeild karla tímabilið 2007-2008.

Mynd: Rúnar Haukur Ingibergsson

átt, með því að hengja keppnistreyju hans sem búið er að setja í ramma. Verður treyja hans varðveitt í Hamri félagsheimilinu.

Á opnu húsi sem haldið var í lok desember 2006 var Hrafn Jóhannesson kjörinn körfuknattleiksmaður Þórs 2006. Þá var Þresti Kolbeins veitt silfurmerki félagsins að beiðni körfuknattleiksdeildar fyrir áralangt starf í þágu íþróttarinnar.

Þjálfarar meistaraflokka á árinu voru: Hrafn Kristjánsson hjá mfl. karla og Mark S. Woodhouse hjá konunum. Mark hættir þjálfun eftir tímabilið og við starfi hans tók Tómas Hermannsson og þjálfaði hann meistaraflokk kvenna leiktímabilið 2006-2007.

Þá tefldi körfuknattleiksdeildin fram B- liði Þórs karla sem tók þátt í 2. deild Íslandsmótsins NA riðli. Var þetta liður í að veita ungum og efnilegum leikmönnum tækifæri á að ávinna sér leikreynslu og búa þá undir meira krefjandi verkefni sem þeirra bíður með aðalliðinu sem lék þá í 1. deild og stefnan sett á úrvalsdeild.

B-liðið vann sinn riðil og komst í úrslitakeppnina en komst þar ekki lengra.

Formaður körfuknattleiksdeildar vorönn 2006 Bjarni Hjarðar, en við formennsku á hausti tók Guðmundur Ævar Oddsson sem jafnframt var leikmaður Þórs. Aðrir í stjórn deildarinnar voru Ómar Aspar, Guðjón Kristjánsson, Árni K. Bjarnason, Sigurjón Jóhannesson.

Starfssemi unglingaráðs var með hefðbundnum hætti líkt og undanfarin ár. Iðkenda fjöldi var um 80 í öllum aldursþópum. Þessu til viðbótar voru 8 stúlkur sem í raun teljast til unglingaflokks en æfðu og spiluðu með meistaraflokki enda æfa þessi tveir flokkar saman.

Þjálfarar hjá unglingaráði 2006-2007 voru; Guðmundur Ævar Oddsson (minnibolti), Sævar Rúnarsson (7. og 8. flokkur drengja), Tómas Hermannsson (9. og 10. flokkur drengja) og Baldur Már Stefánsson (11. og drengjaflokk). Ekki tókst að halda úti sér æfingum fyrir stúlkur vegna þess hve fáar stunda æfingar og kröfur eru gerðar á góða nýtingu íþróttamannvirkjana og því þeim blandað með drengjum.

Unglingaráð 2006-2007:

Stefán Einar Jónsson formaður

Búi A. Ármannsson gjaldkeri

Anna Árnadóttir ritari

Eyrún Anna Ingvadóttir meðstjórnandi.

Körfuknattleiksdeild Þórs 2007

Frá áramótum og fram á vorið lék meistaraflokkur karla í 1. deild og lauk því tímabili með fádæma yfirburðum og endurheimti sæti sitt í efstu deild að nýju eftir eins árs fjarveru.

Á haustdögum tók körfuknattleiksdeildin þátt í opnu húsi líkt og gert var haustið 2006 þar sem meistaraflokkar karla og kvenna voru kynntir til sögunar og styrktaraðilar. Þá var skrifað undir nýja auglýsinga- og styrktarsamninga og nokkrir gamlir endurnýjaðir.

Unglingaráð körfuknattleiksdeildar tók þátt í deginum með kynningu á sínu starfi.

Karlaliðið hóf svo keppni í efstu deild og var árangur þess fram að áramótum með ágætum og liðið sýndi og sannaði að það á heima meðal þeirra bestu. Hrafn Kristjánsson er áfram þjálfari liðsins. Hrafn er ekki bara þjálfari liðsins heldur afar dugmikill þegar kemur að fjáröflun og vinnuframlagi í sjálfboðavinnu.

Það setur enn og aftur strik í reikninginn að enn er ekki búið að ráða bót á gólfmálum í íþróttahöllinni. Þar af leiðandi þarf liðið að leika heimaleiki sína í íþróttahúsinu við Síðuskóla sem fullnægir á engan hátt þeim kröfum sem gerðar eru til liða sem leika í efstu deild, en þjónar ágætlega því sem til er ætlast af því, sem íþróttahús fyrir skóla.

Körfuknattleiksdeildin ákvað að setja meira púður í kvennakörfuna en gert hefur verið undanfarin ár og gerði tveggja ára samning við Bjarka Ármann Oddsson um að hann taki að sér þjálfun kvennaliðsins. Greinilegt er á fyrstu mánuðum hans sem þjálfara að þar er á ferð maður með metnað og hefur ríkan skilning á því sem hann er að gera. Um áramót er staða liðsins góð þegar litið er á árangur og full ástæða til þess að horfa björtum augum til framtíðar. Meistaraflokkur kvenna, sem lék árið áður í 2. deild leikur nú í 1. deild en vegna breytinga á mótafyrirkomulagi heitir efsta deildin Úrvalsdeild og gamla 2. deildin heitir nú 1. deild. Líkt og árið áður þarf meistaraflokkur kvenna að stunda æfingar og spila leiki sína í íþróttahöllinni en ekki í íþróttahúsinu við Síðuskóla vegna þess að ekki fengust nægjanlega margir tímar í húsinu til þessa. Þar á bæ bíða menn óþreyjufullir eftir úrbótum líkt og í meistaraflokki karla.

Á haustdögum lét Guðmundur Ævar Oddsson af formennsku í körfuknattleiksdeild þar sem hann er að flytja úr landi og hefja nám í hinni stóru Ameríku. Við formennsku tók Guðjón Kristjánsson og með honum komu inn nýjir og ferskir aðilar sem hafa sýnt á sínum fyrstu vikum að þar ríkir metnaður og ábyrgð stefna í fyrirrúmi.

Á haustdögum hóf körfuboltadeildin vinnu við að undirbúa með markvissum hætti að kynna körfuboltaíþróttina í grunnskólum bæjarins með því markmiði að ná til barna- og unglinga. Hefur t.d. deildin sent bæjaryfirvöldum bréf þess efnis og óskað eftir samstarfi og stuðningi við það verkefni. Stefnt deildin að því að koma á grunnskólamóti í körfubolta í grunnskólum bæjarins sem fram muni fara í lok mars 2008. Stefnt skuli að því að halda keppni í körfubolta milli allra grunnskólanna á Akureyri. Aldurshóparnir verði þrír þ.e.a.s. minnibolta (5. og 6. bekkur), 7.-8 flokkur og svo 9.-10 flokkur. Mótið er ætlað báðum kynjum. Það er þó sérstakt áhugamál stjórnar körfuboltadeildar Þórs að fjölga stúlkum í íþróttinni enda hallar því mjög á í þeim málum, hvað sem því veldur?

Þann 29. desember var haldið opið hús í Hamri þar sem kjöri íþróttamanns Þórs var lýst. Þar var körfuknattleiksmaðurinn Óðinn Ásgeirsson hlutskarpastur og verður hann því fulltrúi Þórs til kjörs um íþróttamann Akureyrar sem fram fer í janúar ár hvert.

Á opnu húsi voru þessir aðilar heiðraðir að tilnefningu körfuknattleiksdeildar Gullmerki Þórs hlaut Jóhann H. Sigurðsson sem um langt árabil var leikmaður Þórs og þjálfari í yngri flokkum félagsins, silfurmerki hlutu; Árný Elva Ásgrímsdóttir og Linda Heiðarsdóttir sem báðar hafa verið um langt skeið hafa haldið merkjum kvennakörfuboltans á lofti þrátt fyrir ungan aldur. Þessu fólki færir deildin þakkið fyrir þeirra störf.

Allur rekstur meistaraflokka karla og kvenna hefur miðast við það að halda deildinni réttum megin við núllið. Allt frá því að körfuknattleiksdeildin dróg lið sitt út úr úrvalsdeildinni á haustdögum 2002 var tekin sú stefna að vinna markvíst að því að ná niður skuldum og útrýma hallarekstri. Allar götur síðan hefur deildin verið rekin með hagnaði og skuldir hafa farið lækkandi.

Til þess að ná niður skuldum og halda rekstrinum réttum megin við núllið hafa allir sem að deildinni koma lagt gríðarlega mikið á sig. Stjórnarmenn sem og leikmenn hafa tekið þátt í fjölmörgum fjáröflunarverkefnum til að afla fjár til rekstursins. Útgjöld beggja liða er með því allra lægsta sem gerist og er t.d. þjálfaralaun með því allra lægsta sem gerist á landinu í dag. Innlendum leikmönnum hjá Þór eru ekki greidd laun fyrir að spila körfubolta, en þeir þurfa hins vegar að leggja af mörkum mikla vinnu við fjáröflun til þess að deildin geti boðið þeim upp á að spila körfubolta fyrir félagið.

Ef ekki væri vegna ómældrar vinnu stjórnar- og leikmanna, sem og fjölmargra stuðningsmanna klúbbsins þá væri rekstur meistaraflokka vonlítið dæmi. En, sem betur fer eru enn til hugsjónarmenn og konur sem leggja þessari göfugu íþrótt lið.

Unglingaráð körfuknattleiksdeildar er rekin sjálfstætt og hefur verið gert í mörg undanfarin ár. Unglingaráðið hefur ávallt haft þá stefnu að láta reksturinn standa undir sér. Eins og hjá öðrum íþróttagreinum fellur mikill kosnaður á foreldra vegna ferðalaga barna og unglinga á mót sem sækja þarf víða um landið. Gengi yngri flokka Þórs á landsvísi hefur verið með ágætum.

Um áramótin 2007-2008 stunda um 80 börn og unglingar körfubolta hjá félaginu. Þessu til viðbótar má telja 8 stúlkur, sem leika og æfa einnig með meistaraflokki en unglingaflokkur kvenna og meistaraflokkur æfa saman.

Fjöldi iðkenda stendur nokkurn vegin í stað milli ára. Unglingaráð og stjórn körfuknattleiksdeildar vinnur markvíst að því að fjölga iðkendum og er unglingaráðið sem og körfuboltadeildin með á þrjónunum áætlanir um að fara með átak í grunnskólum bæjarins með því markmiði að ná til barna- og unglinga. Þá er sérstök áhersla lögð á að fjölga stúlkum í íþróttinni.

Unglingaráðið fór í það haustdögum þ.e. fyrir þetta rekstrar ár að endurnýja búninga hjá yngri flokkum og tókst það afar vel í góðu samstarfi við eftirtalda styrktaraðila; Landsbankinn, Glitnir, Kjarnafæði, Bónus og Býkó.

Þjálfarar hjá unglingaráði eru; Baldur Ingi Jónasson (minibolti), Linda Heiðarsdóttir (7.-10. flokkur stúlkna), Einar Valbergsson (7. og 8. flokkur drengja), Luka Marolt (9. og 10. flokk drengja) og Ragnar Sigurðsson (11. og drengja-flokk)

Unglingaráð Þórs 2007-2008:

Stefán Einar Jónsson formaður

Búi A. Ármannsson gjaldkeri

Anna Árnadóttir ritari

Stjórn körfuknattleiksdeildar Þórs lítur björtum augum til framtíðar og sérstaklega eru menn orðnir spenntir fyrir því að geta að nýju farið að leika körfuknattleik á nýju gólfi í íþróttahöllinni. Samkvæmt heimildum mun verða ráðist í að setja nýtt og fullkomið gólfefni á höllina fyrir næstkomandi leiktímabil. Það færir íþróttafólkinu okkar aftur bestu hugsanlega aðstöðu og áhorfendur munu aftur geta notið þess að koma og horfa á íþróttakappleiki við boðlegar aðstæður.

Stjórn körfuknattleiksdeildar Þórs skipa nú: Guðjón Kristjánsson formaður, Árni K. Bjarnason gjaldkeri, Ómar Aspar, Jón Ingi Baldvinsson, Ólafur Sigurðsson, Sveinn Þórðarson, Lúðvík Sæmundsson og Linda Heiðarsdóttir.



Óðinn Ásgeirsson var kosinn körfuboltamaður Þórs 2007. Myndin er úr leik Þór og Fjölnis í úrvalsdeild karla tímabilið 2007-2008.

Mynd: Rúnar Haukur Ingibergsson

Ársskýrsla Taekwondo-deildar Þórs

Fyrir tímabilið 15. febrúar 2006 til 14. febrúar 2007:

Ekki er hægt að segja annað en að starf Taekwondo-deildar Þórs hafi gengið vel á árinu. Iðkendur hafa yfirleitt verið um 40, sem er svolítið færri en hefur yfirleitt verið. Þrátt fyrir það er þetta þéttur hópur og iðkendur, þótt fáir séu, hafa sýnt mikinn áhuga á starfi deildarinnar og íþróttarinnar í heild.

Stjórnarskipan

Aðalfundur deildarinnar 2006 var haldinn þann 15. febrúar, og voru þá eftirfarandi kosnir í stjórn (og skiptu með sér verkum á fyrsta stjórnarfund):

Georg Styrmir Rúnarsson formaður
Rúnar Ingi Guðjónsson varaformaður
Jón Sindri Jónsson meðstjórnandi
Arna Georgsdóttir gjaldkeri
Ingi Stefán Stefánsson ritari
Lena Sigríður Jónsdóttir og Sólrún Barbara Friðriksdóttir varamenn

Þegar tók að hausta virtist höfuðborgin byrja að toga í fólk, og stjórnarfyrirkomulagið breyttist á eftirfarandi hátt:

Georg Styrmir Rúnarsson formaður
Jón Sindri Jónsson varaformaður
Sigurður Óli Ragnarsson meðstjórnandi
Arna Georgsdóttir gjaldkeri
Sólrún Barbara Friðriksdóttir ritari
Rúnar Ingi Guðjónsson og Ingi Stefán Stefánsson varamenn

Þegar liða tók að jólum kom svo Rúnar aftur norður, og tók aftur við stöðu varaformanns. Jón Sindri varð aftur meðstjórnandi og Sigurður Óli varamaður.

Þjálfarar og æfingar

Æfingum á stjórnartímabilinu var skipt, líkt og undanfarin ár, í fjóra flokka. Það voru byrjendur 8-12 ára, byrjendur 13 ára og eldri, framhaldshópur (sem samanstendur af 8-12 ára krökkum sem byrjuðu árið áður eða fyrr) og meistaraflokkur (sem samanstendur af þeim sem eru 13 ára eða eldri og byrjuðu árið áður eða fyrr). Af þessum er meistaraflokkur mest í keppnisflokkurinn, og þar eru gerðar mestu kröfurnar.

Yngri byrjendahópurinn var með tvær klukkutíma æfingar á viku, báðar í Íþróttahúsinu Laugargötu, og voru þjálfarar þar Georg Styrmir Rúnarsson, Ninna Rún Pálmadóttir og Arna Baldvinsdóttir.

Eldri byrjendahópurinn var einnig með tvær klukkutíma æfingar í viku, en í júdósalnum í Íþróttahúsi Lundarskóla/KA. Þar voru þjálfarar Sigurður Óli Ragnarsson og Rúnar Ingi Guðjónsson.

Framhaldshópurinn var, líkt og Yngri Byrjendur, með tvær klukkutíma æfingar á viku í Laugargötu, en nýlega var bætt við einni æfingu sem þau máttu mæta á með Meistaraflokki. Sú æfing, klukkutíma löng, var í Íþróttahúsi Lundarskóla/KA. Þjálfarar voru Georg Styrmir Rúnarsson, Ninna Rún Pálmadóttir og Arna Baldvinsdóttir.

Meistaraflokkur var með þrjár æfingar í viku í Íþróttahúsi Lundarskóla/KA, allt að 4,5 klst. samtals. Einnig var meistaraflokkur með eina klukkutíma æfingu í Íþróttahúsinu Laugargötu. Þjálfarar Meistaraflokks voru Georg Styrmir Rúnarsson og Sigurður Óli Ragnarsson.

Íslandsmótið komu þau Helgi Rafn Guðmundsson og Rut Sigurðardóttir til Akureyrar og þjálfuðu fram í ágúst. Þau voru þá nýkomin frá Kóreu, og Rut nýkomin með 1. Dan (Svart belti) fyrst Þórsara.

Æfingabúðir og beltapróf

18. mars var haldið svartbeltispróf fyrir iðkendur innan Dojang Dreka, og áttu Þórsarar sinn fulltrúa þar. Rut Sigurðardóttir, nýkomin frá Kóreu, tók 1. Dan fyrst Þórsara og héldu hún og Helgi Rafn Guðmundsson eina æfingu fyrir þá mörgu Þórsara sem lögðu leið sína suður til að sýna henni stuðning.

13. maí tóku 39 manns próf, og náðu allir. Master Sigursteinn Snorrason, yfirkennari, hélt einnig æfingabúðir fyrir Þórsara og var einnig haldið Akureyrarmót daginn eftir.

25. nóv. tóku 35 manns próf. Master Sigursteinn og Trausti, einn svartbeltinga hans að sunnan héldu einnig mjög góðar æfingabúðir fyrir Þórsara.

19.-25. apríl voru haldnar æfingabúðir með Master Kim, 7. Dan, frá Kóreu. 6 Þórsarar tóku þátt í nokkrum æfingum æfingabúðanna og innanfélagsmóti sem haldið var um sama leyti.

20.-25. sept. Voru haldnar æfingabúðir með Master Allan Olsen frá Danmörku. Þangað mættu 3 þjálfarar, G. Styrmir, Sigurður Óli og Rut.

19.-23. okt. kom Helgi Rafn Guðmundsson norður og var með æfingabúðir og kynningu í Glerárskóla.

Í nóvember og desember voru haldnar þrennar æfingabúðir á vegum TKÍ með Master Paul Voight, nýja landsliðsþjálfara Íslendinga. Æfingabúðirnar voru haldnar **3.-5. nóvember**, **1.-2. desember** og **15.-17. desember**. Æfingabúðirnar voru einnig reiknaðar sem úrtak fyrir Norðurlandamótið 2007. Sigurður Óli, Rut og Georg Styrmir sóttu þessar æfingabúðir, en aðeins Rut var valin til þátttöku á NM. Georg Styrmir og Sigurður Óli eru þó ennþá í landsliðshópnum og er ætlast til að þeir mæti á Landsliðsæfingar í framtíðinni.

24. desember og 26. desember var Rut norðan og var með tvær jólaæfingar.

8.-11. febrúar voru aðrar æfingabúðir með Master Allan, ásamt kennaraæfingabúðum SsangYongTaeKwon sem Master Sigursteinn stóð fyrir. Þangað mættu Georg Styrmir, Sigurður Óli, Rut og Ninna Rún, ásamt því að Sandra Mjöll Jónsdóttir, landsliðskona í Poomse og Björn Heiðar Rúnarsson tóku þátt í Poomse-æfingabúðunum.



Mót

Listi yfir mót sem Þórsarar tóku þátt í á árinu, ásamt upplýsingum um árangur.

Íslandsmót 2006 (14 keppendur, 4 gull, 2 silfur, 3 brons).

Innanfélagsmót/Drekamót III (6 keppendur, 2 gull, 2 silfur og 2 brons).

Akureyrarmót (Góð Þáttaka, fór vel fram).

EM í Bonn (Rut Sigurðardóttir, tapaði í fyrsta bardaga).

Wonderful Copenhagen TT (Georg Styrmir og Sigurður Óli. Töpuðu báðir fyrsta bardaga en ferðin gekk annars mjög vel).

1. TSH-mót (8 keppendur, 1 gull, 3 silfur, 2 brons ásamt því að Björn Heiðar Rúnarsson var keppandi mótsins).

Scandinavian Open (Rut Sigurðardóttir, sem keppti bara í poomse vegna skorts á andstæðingum en vann engin verðlaun).

Norðurlandamótið 2007 (Rut Sigurðardóttir silfur, Sandra Mjöll Jónsdóttir engin verðlaun).

2. TSH-mót (13 keppendur, 5 silfur, 4 brons).

Viðurkenningar og annað

Í haust breyttist skipulagið á Sambandinu Dojang Dreka, og lagðist það eiginlega algjörlega niður. Í stað þess kom Ssang-YongTaeKwon, sem er einskonar vinasamband þeirra félaga sem stóðu að Dojang Dreka. Með breyttu skipulagi tók Rut Sigurðardóttir við sem yfirkennari hjá Taekwondo-deild Þórs, þó Master Sigursteinn Snorrason sjái ennþá um belta-próf.

Rut Sigurðardóttir var valin Taekwondo-kona Þórs 2006 af stjórn deildarinnar, og kosin Íþróttamaður Taekwondo-deildarinnar ekki löngu síðar af aðalstjórn Þórs. Björn Heiðar Rúnarsson var valinn Taekwondo-maður Þórs af stjórn deildarinnar.

Taekwondo-deild Þórs er, líkt og hún hefur verið undanfarin ár, Fyrirmyndardeild innan ÍSÍ og má því þakka góðu forvarnar- og unglingastarfi deildarinnar. Á þessu stjórnartímabili hefur stjórnin séð fyrir ýmsum viðburðum, eins og vídeókvöldi, jólafondri, litlu-jólum, út að borða og ýmsu öðru uppbyggilegu.

Georg Styrmir Rúnarsson, formaður



Bíla klúbbur Akureyrar

Ársskýrsla 2006

Aðalfundur B.A. var haldinn 25. febrúar 2006 á Vélsmiðjunni, formenn deilda voru endurkjörnir og jafnframt húsvörður.

Garðar Sigurðsson, formaður

Þórður Helgason, gjaldkeri

Anton Ólafsson, ritari

Hauki Sveinssyni, fjölmiðlafulltrúi

Arnari Kristjánssyni, eignavörður

Gísli Víðisson, húsvörður

Í mars og Apríl var vinna við hönnun á landsvæðinu og útlit þess verður til, í samgönguráðuneytinu eru lögð fram drög að reglugerð varðandi aukið ökunám, í svokölluðu akstursgerði og miðað við það að árið 2008 taki allir ökunemar 3 ökutíma í akstursgerði, þessar hugmyndir voru í samræmi við þær hugmyndir sem voru þá þegar vel mótaðar og má finna í yfirlýsingu milli BA og Akureyrarbæjar frá 2004 varðandi uppbyggingu akstursgerðis.

Í aðdraganda sveitastjórnakosninga maí 2006 kemur fram sterk gagnrýni frá hestamönnum sérstaklega frá Sigfúsi Helgasyni fráfarandi varaformanni ÍBA sem talaði um umhverfisslys í Glerárdal, þrátt fyrir að hafa hvatt okkur til dádá tveimur mánuðum áður á aðalfundi okkar í febrúar.

Greifatorfæran var haldin 27. maí eftir að fresta þurfti keppninni vegna snjóá. Heppnaðist keppnin í alla staði vel og þess má geta samstarf við Greifann er tryggt.

Júní mánuður var að vanda strembinn í starfi B.A. Bíladagar hófust 16. júní og fór götuspyrnan á Tryggvabrautinni fram, keppnin þetta árið heppnaðist vel og áhorfendur hafa líklega aldrei verið fleiri. 17. júní var svo hin árlega bílasýningu við Oddeyrarskóla, besta sýningin hingað til. Um kvöldið var svo haldin Burn-out keppni á athafnasvæði Slippstöðvarinnar, eina vandamálið voru áhorfendur sem voru of margir ánægjulegt vandamál.

Farið var á landsmót fornbíla klúbbsins á Selfossi.

Um mánaðarmótin júní - júlí var svo fjölmennt í opnun viðbyggingar við Bílasafnið á Ystafelli. Fornbíla deildin rúntaði sem aldrei fyrr í júlí og ágúst.

Haldnar voru tvær tvöfaldar sandspyrnu keppnir 19. ágúst og 2. sept. Sem fóru vel fram þó svo áhorfendur hefðu mátt vera fleiri. Keppendafjöldi var þó mjög góður og undirstrikar þann gífurlega áhuga sem í dag er á spyrnuíþróttinni sem slíkri.

Í október héldum við Októberfest með tilheyrandi saltkringlu áti og í desember heiðruðum við íslandsmeistara okkar á jólagleði. Ragnar Steinþórsson var kjörinn íþróttamaður BA fyrir árið 2006. Íþróttamenn hvers félags voru svo heiðraðir í Ketilhúsinu í janúar 2007 og Íþróttamaður Akureyrar valinn.

Mesta vinnan árið 2006 hefur farið fram innan landsvæða nefndar, fundað hefur verið á hverju sunnudags kvöldi haustmánuðina og margir fundir setnir með opinberum aðilum til að tryggja framgang verkefnisins á landsvæði klúbbsins við Glerá.

BA skrifaði undir rekstrarsamning við Íþróttaráð í haust sem tryggir félaginu ákveðin styrk ár hvert.

Viðræður hafa farið fram milli BA, KK og stjórnar ÍSÍ um stofnun sérsambands innan ÍSÍ, enda sótti félagið um það formlega ásamt fleiri félögum árið 2002. Málið er á rekspöl þó hægt miði. Að mínu mati er stofnun sérsambandsins það sem verður að gerast til mótorsport hér á landi rísi úr öskustónni og mótorsport verði samkeppnishæft við aðrar íþróttagreinar.

Garðar Sigurðsson

Formaður Bílasklúbbs Akureyrar





Bíla klúbbur Akureyrar Ársskýrsla 2007

Aðalfundur B.A. var haldinn 25. febrúar 2007 í teríu íþróttahallarinnar. Stjórnarmenn BA eru þessir:

Kristján Þ Kristinsson, formaður
Garðar Sigurðsson, ritari
Þórður Helgason, gjaldkeri
Anton Ólafsson, varaformaður
Haukur Sveinsson, fjölmiðlafulltrúi
Birgir Karl Birgisson, aðstoðar gjaldkeri
Sigurður Ágústsson, eignarvörður
Gísli Víðisson, meðstjórnandi
Einar Birgisson, húsvörður

Mars og apríl fóru í vinnu í tengslum við landsvæðið við Glerá, kynningar, fundir á vegum framkvæmdasviðs Akureyrar og klúbbsins sjálfs. Íþróttaráð og tæknideild Akureyrar leggja blessun sína á hugmyndirnar en til að sína hestamönnum virðingu og til að tryggja hljóðvist svæðisins gagnvart nágrönnum var ráðist í gerð hljóðkorts af svæðinu með tilliti til hönnunar þess.



Herslumunur.

Greifatorfæran var haldin 27. maí, heppnaðist keppnin einstaklega vel og var keppt í götu-bílaflokki eftir margra ára hlé.

Júní þetta ár var hlaðinn verkefnum, undirbúningur Bíladaga var óvenju mikill þetta árið. 15. júní var Burn-Out á yfirfullum Akureyrarvelli. 16. júní fór stærsta spyrnukeppni landsins fram á Tryggvabraut, 80 keppendur og rúmlega 3000 áhorfendur. 17. júní var Bílasýning B.A. haldin í Boganum í fyrsta sinn og heppnaðist hún einstaklega vel. Bíla klúbbur Akureyrar vill þakka öllum þeim sem gerðu Bíladaga að veruleika. Þessi helgi var langstærsta ferðamannahelgi sumarið 2007 á Akureyri.

Í júlí kom Fornbíla klúbbur Íslands í heimsókn, rúntað var í Bílasafnið á Ystafelli og grillað um kvöldið. B.A. hélt tvær sandspyrnukeppnir á árinu sem toppuðu hvor aðra í fjölda keppenda og árangri. Aflmesti bíll landsins keppti á seinni keppninni með heimsnets tilraun í huga.

Félagsmenn voru iðnir við kolann á kvartmílubrautinni í Hafnarfirði og landaði Kristján Skjöldal Íslandsmeistaratitli í opnum flokki. Kristján var kjörinn íþróttamaður B.A. árið 2007.

Síðsumars kom svo hljóðkort af landsvæðinu fyrirhugaða sem sýndi svart á hvítu að sú starfssemi sem fyrirhuguð er stenst ströngustu staðla á alþjóðavísu. Íþróttaráð, bæjarráð og bæjarstjórn samþykktu hugmyndir B.A. Deiliskipulag af



Það rýkur úr kolunum.

skotsvæðinu og akstursíþróttasvæðum B.A. og KKA var auglýst, rúmlega 30 athugasemdir bárust og allflestar frá hestamönnum.

Félag þeirra Léttir „samherji“ okkar í ÍBA, hefur notað 1,5 milljón í lögfræðikostnað til að stöðva framkvæmdir á landsvæði okkar með öllum tiltækum ráðum, en hefur á sama tíma farið fram á fjármuni frá Akureyrarbæ til að klára eigin framkvæmd sem ríki og bær hafa þó að mestu leyti greitt. Þessi framkoma er með öllu óþolandi og ólíðandi.

Einu rök hestamanna er nú ímyndað eigin óöryggi við útreiðar. Þeim er slétt sama um bætt almennt umferðaröryggi, betri menntun og þjálfun ökunema, koma ofsaakstri af götum bæjarins og á lokuð svæði og öryggi þeirra er stunda akstursíþróttir. Þegar öskuhaugar eru orðnir að útivistarparadís og sundur grafnar malarnámur eftirsóknarverðari en uppgrætt land og aðstaða fyrir heimilislausa íþróttamenn, fallast manni alveg hendur – slík er rökleysa hestamanna.



Bílasýning.

*Kristján P. Kristinsson
formaður Bílklúbbs Akureyrar*



Skotfélag Akureyrar Ársskýrsla 2006

Skýrsla stjórnar Skotfélags Akureyrar vegna ársins 2006.

Stjórn SA 2006:

Björn Snær Guðbrandsson	formaður
Björn Stefánsson	varaformaður
Guðmundur Brynjarsson	gjaldkeri
Sigurður Áki Sigurðsson	ritari
Ágúst Guðnason	meðstjórnandi

Árið 2006 var um margt gott ár hjá Skotfélagi Akureyrar. Snemma árs var gerður rekstrarsamningur við Akureyrarbæ sem mun reynast félaginu mjög góður sé litið til framtíðar. Þar var félaginu tryggður árlegur styrkur sem hækkar í takt við verðlag og jafnframt skuldbatt bærinn sig til að sjá félaginu fyrir inniaðstöðu. Við leituðum meira en áður á náðir fyrirtækja með styrki og uppskárum skv. því. Lukum að mestu við framkvæmdir við riffilbrautina og riffilhúsið og fengum fyrir vikið úttekt á svæðið frá lögreglustjóra. Riffilaðstaðan hefur aldrei áður verið jafn vel nýtt og notkun á haglavöllum jókst einnig. Við áttum engan Íslandsmeistara að þessu sinni en haglamenn náðu góðum framförum. Skotmaður ársins var kjörinn í annað sinn og var það Sigurður Áki Sigurðsson sem hlaut þennan heiður annað árið í röð. Við misstum inniaðstöðuna um áramótin en vonir standa til að úr rætist fljótlega þó ólíklegt sé að það verði á þessu ári.



Unglingamót í loftskambyssu.



Páskamót í staðlaðri skammtabyssu 2006.



Silhouette-mót 2007.

Kúlugreinar/inniaðstaða

Inniaðstaðan var mikið notuð fyrri hluta ársins en heldur dró úr notkuninni á haustmánuðum. Aðal ástæðan var sú að Akureyrarbær seldi húsnæðið og því ljóst að við þurftum að fara úr húsinu fyrir en seinna. Þessi óvissa truflaði alla vinnu við að ná inn ungum félögum í SA en það hafði tekist mjög vel árið á undan. Nú ríkir alger óvissa um þessi mál. Samkvæmt samningi er Akureyrarbær skyld að sjá okkur fyrir inniaðstöðu en það er lítið að gerast í þeim málum núna. Málinu er samt haldið opnu og í raun tveir kostir í stöðunni. Annar er sá að gert verði ráð fyrir aðstöðu fyrir okkur í einhverjum af þeim mannvirkjum sem reist verða næstu tvö til þrjú árin og hinn er að sérsveitin komi sér upp aðstöðu og við fáum að fljóta með henni. Hitt er ljóst að þegar aðstaðan lítur dagsins ljós þá verður hún til frambúðar og vel búin.

Kúlugreinar/útiaðstaða

Unnið var að lokafrágangi við kúlugreinaaðstöðuna og er nú aðeins eftir að taka lokaskrefið. Húsið var klætt að innan og gengið frá lýsingu. Sett var upp öryggisgirðing út frá ríffilhúsinu og mól borin á helming vallarins. Það á eftir að bera mól á restina af vellinum og græða upp svæðið við hann. Notkun svæðisins fer vaxandi og má segja að það hafi orðið hálfgerð sprenging á síðasta ári og ljóst að félagar nýta sér vel bættu aðstöðu. Að einhverju leiti er það í tengslum við aukna ásókn í hreindýraveiðar.

Haglaggreinar

Æfingar fóru óvenju snemma af stað vegna góðs tíðarfars. Gerðir voru samningar við fjóra aðila sem stunda skeet. Í samningunum fólst stuðningur sem var annars vegar ástundunartengdur og hins vegar árangurstengdur. Þeir sem æfðu mest og skiluðu bestum árangri fengu mest. Í staðinn þurftu keppendurnir að skila ákveðinni vinnu og ástundun til SA. Árangur ársins var líka nokkuð góður en þrír keppendur skutu sig upp um flokk á árinu og bættu sig vel. Heildarstyrkir ársins voru um 170 þús og voru fjármagnaðir með styrkjum frá fyrirtækjum.

Önnur mál

Það er búið að gera deiliskipulag fyrir Glerárdal og þar með svæði SA. Það sem tefur málið er hins vegar óánægja hestamanna með kvartmílubraut sem þeir telja að sé truflandi fyrir hestana. Við vonum að þetta deilumál verði leyst sem fyrst svo við fáum á hreint framtíðarskipulag svæðisins.

Árið 2006 var rekið með hagnaði eins og síðustu ár og er nú svo komið að við getum hafist handa við næsta stóra verkefni en það er gerð sportingvallar sem er ætlaður staður í krikanum fyrir ofan nýrri skeetvöllin. Hugmyndin er að láta teikna hann upp á næstu mánuðum og hefjast svo handa við hann í vor. Við vonumst til að geta lokið við hann á árinu 2008.

Árið 2007

Á árinu verður Skotfélag Akureyrar 40 ára og er ætlunin að halda upp á það með nokkrum atburðum sem verða kynntir nánar þegar nær dregur. Annað sem liggur fyrir í ár er að ljúka við frágang á ríffilbrautinni sem ætti að vera lokið fyrir opnun í vor. Ennfremur þarf að græða upp svæðið við ríffilbrautina. Þessu til viðbótar höfum við fengið vilyrði frá bænum um að fá töluvert af plöntum og ljóst að vinna við plöntun getur hafist um leið og veður leyfir í vor.

Að lokum vill stjórnin þakka öllum sem veittu félaginu lið á síðasta ári og vonum að áframhald verði þar á.

Akureyri 7. febrúar 2007
Björn Snær Guðbrandsson
Formaður Skotfélags Akureyrar



Skotfélag Akureyrar Ársskýrsla 2007

Skýrsla stjórnar Skotfélags Akureyrar vegna ársins 2007.

Stjórn SA 2007:

Björn Snær Guðbrandsson	formaður
Sigurður Áki Sigurðsson	varaformaður
Guðmundur Brynjarsson	gjaldkeri
Guðlaugur Bragi Magnússon	ritari
Ágúst Guðnason	meðstjórnandi

Árið 2007 var um margt gott ár hjá Skotfélagi Akureyrar. Góður hagnaður var af rekstri félagsins og er nú svo komið að það stendur mjög vel fjárhagslega. Stærsta framkvæmd ársins var gerð nýs haglavallar sem er sportingvöllur og sá eini sinnar tegundar á Íslandi. Sá völlur sem kemur næst honum er aðstaða Skotreynd á Álfsnesinu. Töluverð vinna var við viðhald á svæðinu að venju en það jákvæða var að töluvert fleiri hendur leistu þá vinnu af hólmi en áður. Skotmaður ársins var Sigurður Áki Sigurðsson og er þetta þriðja árið í röð sem hann hlýtur þennan titil. Í byrjun árs 2008 fékk síðan Guðmundur Brynjarsson heiðursviðurkenningu ÍBA fyrir mikil og góð störf í þágu Skotfélags Akureyrar.

Kúlugreinar/inniaðstaða

Hér er frá litlu að segja því að félagið hefur enga inniaðstöðu þrátt fyrir að Akureyrarbær hafi skrifað undir rekstrarsamning þar sem bærinn skuldbindur sig til að útvega Skotfélagi Akureyrar slíka aðstöðu. Ýmsir möguleikar hafa



Keppt í staðlaðri skambyssu.



Keppendur í skeet.



Akureyrarmeistarar í skotfimi 2006.

verið skoðaðir og kemur helst til greina núverandi aðstaða Vaxtaræktarinnar í íþróttahöllinni en Vaxtaræktin er að reisa nýtt hús undir sína starfsemi. Annar möguleiki er sá að smíðað verði sérstakt hús fyrir innigreinar en ef af verður þá eru einhver ár í það.

Kúlugreinar/útiaðstaða

Kúlugreinaaðstaðan er nánast tilbúin. Eingöngu er eftir smá frágangur við húsið sjálft og svo á eftir að græða upp svæðið við riffilbrautina. Það er mjög mikil aðsókn í kúlugreinarnar og þá sérstaklega riffilgreinarnar. Skammbýssumönnum hefur líka fjölgað en ekki eins mikið og þeim sem stunda riffilskotfimi. Í kúlugreinahúsinu eru átta lúgur. Fjórar fyrir riffila og fjórar fyrir skammbýssur. Ætlunin er að bæta við fjórum borðum svo að riffilmenn geti notað skammbýssulúgurnar en þó þannig að hægt sé að fjarlægja þau með lítilli fyrirhöfn.

Haglagreinar

Á árinu 2007 voru einungis tveir keppendur á samningi við félagið. Kostnaður félagsins var líka mun minni eða um 70.000 kr. samanborið við um 180.000 krónur vegna ársins 2006. Á árinu var gerður nýr haglavöllur, svokallaður sport-ingvöllur og eru bundnar miklar vonir við að hann eigi eftir að auka aðsókn í haglagreinar. Við náðum að gera völlinn á mjög hagkvæman hátt. Öll vinna var unnin af sjálfbóðaliðum, vélarnar fengu við án endurgjalds og allt efni á miklum afslætti. Félagið flutti svo sjálf inn kastvélarnar og sparaði sér með því um hálfa milljón. Völlurinn er þannig hannaður að hægt er að breyta honum að vild sem gerir það að verkum að í einum velli eru í raun margir vellar.

Árið 2008

Á árinu 2008 verða engar stórframkvæmdir hjá Skotfélagi Akureyrar enda er svæðið nánast frágengið. Unnið verður að viðhaldi og fegrun svæðisins þar sem áherslan verður lögð á nýjan pall við félagshúsið, uppgræðslu við riffilvöllinn og gróðursetningu trjáplantna.

Stærsta mál ársins verður annars vegar að auka nýtingu svæðisins og hins vegar að fá fleiri aðila til að stunda skotfimi sem keppnisíþrótt. Með tilkomu sportingvallarins vonumst við til að fleiri komi að skjóta en áður og ætlum við að styðja við það með auglýsingum. Við stefnum ennfremur á að ná inn fleiri óvissuhópum. Við höfum því fulla trú á að umferð á svæðinu aukist verulega. Hvað varðar keppnismennina þá höfum við stutt vel við bakið á þeim en það virðist ekki duga til. Við erum í mikilli samkeppni við aðrar íþróttagreinar og þá kannski aðallega mótorsportið. En með aukinni umferð vonumst við til þess að fleiri fái áhuga á að stunda skotfimi sem keppnisgrein.

Það er búið að auglýsa deiliskipulag fyrir Glerárdal en vegna mistaka þá þarf að auglýsa það aftur. Við reiknum með því að nýtt deiliskipulag verði samþykkt fyrir vorið og upp úr því verði gerður nýr vegur að svæðinu. Í tengslum við aðstöðu akstursgreinarmanna þarf að fjarlægja mikla mold og höfum við verið að vinna í því að fá hana til að byggja öryggis- og skjólvegg meðfram riffilbrautinni. Við teljum ágætari líkur á að þetta gangi eftir. Á móti kemur að trúlega verður tekin mól á svæðinu fyrir framan haglavellina. Það má því búast við miklu umróti á meðan að þessari vinnu stendur.

Að lokum vill stjórnin þakka öllum sem veittu félaginu lið á síðasta ári og vonum að það verði margir við kallinu þegar kemur að vinnudögum í vor.

Akureyri 5. mars 2008
Björn Snær Guðbrandsson
Formaður Skotfélags Akureyrar



KKK akstursíþróttafélag

Ársskýrsla 2006

Skýrsla nr. 3.

Stjórn félagsins 2006 er svo skipuð:

Þorsteinn Hjaltason, formaður

Guðmundur H Hannesson, nefndarformaður

Vilhelm Þorri Vilhelmsson, ritari/vefstjóri

Stefán Þór Jónsson, meðstjórnandi

Jóhann Gunnar Arnarson, meðstjórnandi

Halla Berglind Arnardóttir, gjaldkeri



Jardýta KKA í notkun.



Kristófer kemur fyrstur út úr beygjunni á Íslandsmótinu.

Embættismenn félagsins:

Hrafnhildur Björnsdóttir, bókari félagsins.

13 nefndir og ráð starfa á vegum félagsins þær eru þessar:

Öryggisnefnd

Svæðisnefnd

Mótanefnd

Unglingaráð

Foreldraráð

Fræðsluráð

Aganefnd

Umferðarnefnd

Ferðanefnd

RC nefnd

Reiðhjólanefnd

Innheimtunefnd

Laganefnd

Við er til heimasíðu félagsins www.kka.is varðandi tilgang og hlutverk nefnda og ráða.

Árið 2006 var þriðja sumarið sem félagið starfrækir motocrossbrautina í Glerárhólum. Uppbyggingu svæðisins var framhaldið. Keypt var jardýta um seinni hluta sumars og hefur hún nýst afar vel, enda erfitt að fá slíkar vélar til að „skreppa“ upp eftir á KKA svæðið til að lagfæra það sem úrskaiðis fer í brautum. Félagið hefur aflað tekna á vélina til að standa straum af kaupum og rekstri. Bókhald hefur við það færst í aukana bæði hvað varðar virðisauka-skatt og fleira.

KKA menn stóðu sig vel á mótum á árinu. Þeir voru í fremstu röð í snócrossi, reiðhjólaakstri og motocrossi og þolakstri (enduroakstri). Nefna má að

KKA átti tvo íslandsmeistara, Baldvin Þór Gunnarsson sigraði í snócross mótaroðinni og Aðalbjörn Tryggvason varð íslandsmeistari í sandspyrnu.

Miklu fleiri KKA menn mætti telja upp sem náðu frábærum árangri á árinu en þessir standa upp úr og það látið nægja.

KKA hélt Íslandsmót í motocrossakstri um verslunarmannahelgina í frábæru veðri og tókst mótið vel í alla staði.

Nú er unnið að skipulagi á svæðinu og lítur mjög vel út með framhaldið.

Reiðhjóladeild KKA sá að venju um íslandsmót í Kjarnaskógi en deildarmenn lögðu ennfremur braut niður Hlíðarfjall og var þar keppt í fjallabruni. Keppnin vakti mikla athygli og var gríðarlega gaman að fylgjast með.

KKA stóð fyrir mörgum ferðum að venju þar sem saman komu félagsmenn og fóru um landið á hjólum sínum.

Sérsamband fyrir okkar íþrótt var stofnað 24. nóvember 2006. Sérsambandið hlaut nafnið, Mótorhjóla- og snjósléðasamband Íslands, skammstafað MSÍ. Fyrsti formaður sambandsins var kosinn KKA maðurinn Guðmundur Hannesson.

Akureyri 25. febrúar 2007
Þorsteinn Hjaltason, formaður KKA



Jóhann Arnarson á fullri ferð á Íslandsmótinu á Akureyri.



KKA sá um íslandsmót í Kjarnaskógi.



Frá fjallabrunkeppni KKA



Unnið við félagsheimilið.



Pallurinn
steyptur.



KKK akstursíþróttafélag Ársskýrsla 2007



Hjólað ofar skýjum

Skýrsla nr. 4.

Stjórn félagsins 2007 var svo skipuð:

Þorsteinn Hjaltason, formaður, th@alh.is

Guðmundur Hannesson, nefndarformaður, gummi@frost.is

Jóhann Gunnar Arnarson, stjórnarmaður, joisendill@gmail.com

Stefán Þór Jónsson, stjórnarmaður og formaður mótanefndar, studio6@simnet.is

V. Þorri Vilhelmsson, vefstjóri

Mikil vinna fer fram í nefndum og ráðum félagsins. Stjórnin hefur hins vegar alltaf endanlegt vald í málefnum félagsins og þurfa allar nefndir að leggja hugmyndir sínar fyrir stjórn áður en ákveðið er að framkvæma eitthvað eða eyða peningum félagsins.

13 nefndir og ráð störfuðu á vegum félagsins þær voru:

Öryggisnefnd

Svæðisnefnd

Mótanefnd

Unglingaráð

Foreldráð

Fræðsluráð

Aganefnd

Umferðanefnd

Ferðanefnd
RC nefnd
Reiðhjólafélag
Innheimtunefnd
Laganefnd
Húsnefnd
Embættismenn (bókari, skoðunarmaður reikninga, sölustjóri KKA handbókar)

Á vef félagsins kemur fram hverjir störfuðu í nefndunum og hvert hlutverk nefndanna er, sjá www.kka.is/default/page/nefndir

Innan vébanda félagsins fer fram eftirtalin starfsemi:

1. Motocross (vélhjólakstur í torfærubraut)
2. Enduro (vélhjólakstur í langri torfærubraut)
3. Ferðir að sumarlagi og vetrarlagi á vélhjólum
4. Snocross (akstur vélsleða í brautum)
5. Reiðhjól (torfæruhjól og götuhjól)
6. Fjarstýrðir bílar, flugvélar og þýrlur.

Félagið var stofnað 1996. Félagar eru núna 290 á öllum aldri.



Motocrossnámskeið.



Baldvin Þór.

Árangur KKA á mótum tímabilsins

Íslandsmótið í Motocrossi og enduro eru mótaraðir, þ.e. um er að ræða nokkur mót þar sem rúmlega 100 keppendur safna stigum til Íslandsmeistarataritils í hvorri grein. KKA hélt tvö mót í mótaraðunum sumarið 2007.

Keppendum frá KKA fer ört fjölgandi. Í sumar tóku yfir tuttugu keppendur frá KKA þátt í Íslandsmótunum í Enduro og Motocross. Þetta þakkar félagið góðri aðstöðu á félagssvæði KKA. Búið er að lengja og endurbæta fullorðinsbrautina, stórbæta barnabrautina, koma fyrir vökvunakerfi og nú er verið að koma upp lýsingu fyrir snócrossið í vetur.

Það væri að æra óstöðugan að telja upp alla þá fjölmörgu aðila sem þakkir eiga skildar fyrir velgengni KKA og uppbyggingu á félagssvæðinu en félagið vill engu að síður þakka Akureyrarbæ, Íþróttaráði, og Vetraríþróttamiðstöð Íslands fyrir hve vel þessir aðilar hafa staðið við bakið á félaginu.

Mesta fjölgunin hefur orði í kvennaflokki og eru þær mjög duglegar að æfa og megum við eiga von á stelpunum mjög öflugum næsta sumar.

Snocross

Baldvin Þór Gunnarsson varð Íslandsmeistari fyrir KKA með miklum yfirburðum í unglingaflokki í snócrossi í vetur. Í öðru sæti í flokknum varð Bjarki Sigurðsson, sem líka keppir fyrir KKA.

Motocross

85cc kvenna:

Tvær stúlkur voru að keppa fyrir KKA í sumar þær Álfhildur Gunnardóttir og María Guðmundsdóttir. María varð í 9. sæti í heildina. Hún keppti aðeins í tveimur mótum, hún varð í 3. sæti í þeim báðum sem er frábær árangur hjá henni í sínum fyrstu keppnum.



Farið niður af Vindheimajökli.

Opinn flokkur kvenna:

Þar er mikill fjölgun keppanda og í einu mótinu voru 5 konur frá KKA og var okkar besti árangur 6 sæti hjá Sigrúnu Sigmundsdóttur.

85cc karla:

Tveir drengir frá KKA voru í 85cc flokki, þeir Bjarki Sigurðsson og Hafþór Grant. Þeir voru alltaf í toppbaráttu og endaði Bjarki í öðru sæti á Íslandsmótinu. Þess má geta að Bjarki varð í vetur í öðru sæti í unglingaflokknum í snócrossi. Frábært ár hjá Bjarka. Hafþór Grant ók einnig mjög vel. Í þeim keppnum sem hjólið gaf sig ekki í átökunum en skilaði kappanum í mark lenti hann alltaf á verðlaunapalli. Sannarlega mjög efnilegir strákar sem fara upp í unglingaflokk á næsta ári.

MX unglingaflokkur:

Sennilega mest spennandi flokkurinn í motocrossinu, segir alla söguna að á fimm mótum voru fjórir sigurvegarar. KKA áttu tvisvar menn í verðlaunasæti Baldvin Þór Gunnarsson og Ómar Þorri Gunnlaugsson náðu öðru sæti á Akureyri og á Bolöldu og endaði Ómar Þorri í þriðja sæti í MX unglingaflokki. Einnig voru fimm aðrir KKA keppendur og endaði Kristófer Finnsson í 6 sæti í heildina. Sannarlega góður árangur hjá unglingunum úr KKA.

Enduro (þolakstur)

Meistaraflokkur:

Þar átti KKA aðeins einn keppanda Baldvin Þór Gunnarsson og endaði hann í 5. sæti í heildina.

Meistaraflokkur, E1 minni hjól:

Baldvin Þór Gunnarsson keppti á 250ccF hjóli og er því jafnframt að keppa í meistaraflokki fyrir minni hjól. Hann náði þeim frábæra árangri að sigra í flokknum. Baldvin Þór varð Íslandsmeistari fyrir KKA með miklum yfirburðum í unglingaflokki í snócrossi í vetur þannig að hann hampar tveimur Íslandsmeistaratitlum á tímabilinu, sem er svo sannarlega frábær árangur.

Tvímenningsur:

Þar voru nokkrir eldri og reyndari menn KKA að spreyta sig og enduðu Jóhann Hansen og Helgi Reynir Árnason í fimmta sæti. Jóhann er einnig mjög góður snócross ökumaður en hann lenti í fjórða sæti í sportflokknum í snócrossinu síðasta vetur.

Baldursdeild:

Það má segja að KKA hafi verið áberandi í þeim flokki í sumar. Þar voru 9 KKA keppendur og var gríðarleg barátta um titilinn og enduðu KKA mennirnir Kristófer Finnsson og Ómar Þorri Gunnlaugsson jafnir og efstir að stigum. MSÍ úrskurðaði Ómar Þorra sigurvegara eftir keppnisreglum landssambandsins. Hann tekur því við Íslandsmeistaratitlinum af Baldvini Þór sem vann 2006.

KKA hélt fjölda móta á árinu. KKA stóð að öllum mótum sem haldin voru í snócrossi. Utan síns eigin félagssvæðis voru þau haldin í samstarfi við félög á viðkomandi svæðum.

KKA hélt Íslandsmót í motocrossi og enduroakstri, auk þess sá félagið um eitt bikarmót í motocrossi, auk inn-ánfélagsmóta og smærri viðburða í motocrossi og enduro.

Uppbygging svæðis

Starfsemi KKA skiptist í stórum hluta í tvennt.

A. Uppbygging og rekstur fasteigna

B. Mótahald og æfingar.

Tími og fé félagsins hefur að mestu farið í uppbyggingu og rekstur fasteigna. Sá þáttur er forsenda hins og er ekkert án hans, því verður félagið að forgangsraða með þessum hætti. Í sumar hefur verið unnið að endurgerð barnabrauta, komið á vökvunarkerfi á svæðinu og mikið starf hefur verið unnið við uppgræðslu svæðisins. Vetraríþróttamiðstöð Íslands styrkti KKA til að koma upp lýsingu á svæðinu og verður því verki lokið snemma árs 2008. Lýsingin verður hin glæsilegasta.

Akureyrarbær vinnur að deiliskipulagi um þessar mundir og verður það stór áfangi þegar því er lokið. Þá mun KKA fá formleg umráð svæðisins. Stór vatnslögn verður þá lögð upp eftir sem er forsenda þess að hægt sé að búa til snjó á svæðinu fyrir snócrosskeppnir vetrarins o.fl. KKA hefur nú byggt félagsheimili á svæðinu, komið fyrir vökvunarkerfi, lýs-

ingu, hljóðkerfi, búið til motocrossbrautir fyrir börn, unglinga og fullorðna, RC brautir, endurobrautir o.fl. Félagið hefur keypt ýmsan búnað til starfsseminnar allt frá talstöðvum til stærri hluta eins og jarðýtu. Aðstaðan er óðum að verða til fyrirmyndar en það má alltaf gera betur. Næsta verkefni hlýtur að vera að koma upp tímatökubúnaði á svæðinu en fjarvera slíks búnaðar er oft á tíðum bagaleg. Félagið stendur vel fjárhagslega það hefur ætíð verið stefnan að gera ekkert meira en það sem félagið stendur undir, sbr. ársreikninga félagsins. Bærinn hefur styrkt félagið við þessa uppbyggingu með fjárframlögum kr. 500.000 undanfarin 3 ár. Síðasta greiðslan skv. samningnum var núna í vor 2007. Mikið hefur orðið úr þessu fé hjá félaginu.

Félagið hefur opna braut fyrir félagsmenn að æfa sig í. Félagið hefur líka haldið úti æfingatímum, þar sem þjálfari félagsins Baldvin Þór Gunnarsson hefur ráðið ríkjum. Sérstakar æfingar eru fyrir börnin í sérútbúinni braut og eru foreldrar mikilvægasti þjálfarinn. Motocross er ólíkt öðrum íþróttum mörgum hverjum með það að ómögulegt er fyrir yngstu börnin að stunda íþróttina nema í fylgd og með aðstoð foreldra sinna. Þannig að foreldrar eyða mörgum gæðastundunum með börnum sínum í þessari íþrótt. Ný reglugerð um akstursíþróttir tóku gildi vorið 2007. Þar er aldurstakmark fært niður og breytingar á vélarstærðum o.fl. Þessi breyting var löngu orðin tíma- bær en MSÍ vann gríðarlega gott starf við gerð reglu- gerðarinnar, án sambandsins hefði þetta ekki komist í gegn. Hægt er að kynna sér reglugerðina á vef félagsins, www.kka.is

Á aðalfundir félagsins 27. október s.l. var ofangreind stjórn endurkjörin.

Akureyri 29. febrúar 2008
Þorsteinn Hjaltason, formaður KKA



Baldvin Þór er líka laginn á skóflu.



Veggir steypdir.



Jarðvegsvinna og steypa.

Rekstrarreikningur ÍBA 2006

Tekjur	2006	2005
Rekstrarframlag Akureyrarbæjar...	Kr. 8.300.000	Kr. 8.000.000
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ.....	“ 605.698	“ 732.818
Framlag frá Getraunum.....	“ 700.193	“ 903.712
Óreglulegar tekjur Lottó.....	“ 176.551	“ -
Vaxtatekjur.....	“ 413.288	“ 540.637
Tekjur samtals:	Kr. 10.195.730	Kr. 9.877.167

Gjöld

Laun starfsmanna.....	Kr. 2.832.000	Kr. 2.752.500
Launatengd gjöld.....	“ 297.589	“ 282.589
Skrifstofukostnaður.....	“ 216.331	“ 191.893
Sími.....	“ 195.211	“ 171.521
Styrkir og framlög.....	“ 2.009.908	“ 2.750.310
Prentun, pappír ritföng.....	“ -	“ 26.763
Auglýsingar.....	“ 99.604	“ 97.286
Þing ÍSÍ og sérsambanda.....	“ 427.510	“ 440.000
Ferðakostnaður.....	“ 30.000	“ 55.960
Verðlaun og gjafir.....	“ 32.055	“ 75.620
Fundakostnaður.....	“ 226.175	“ 196.036
Bankakostnaður.....	“ 2.535	“ 1.266
Vextir.....	“ 41.753	“ 35.147
Ýmis kostnaður.....	“ 169.644	“ 224.750
60 ára afmæli ÍBA.....	“ -	“ 54.038
Húsaleiga Þórsstíg 4.....	“ 860.598	“ 1.227.339
Þórsstígur 4 Orkukostnaður.....	“ 83.952	“ 338.554
Árþing ÍBA.....	“ 729.450	“ -
Vefsíða.....	“ 292.422	“ -
Afskriftir 2006.....	“ 120.640	“ -
Gjöld samtals:.....	Kr. 8.667.077	Kr. 8.921.572

Tekjuafgangur	Kr. 1.528.653	Kr. 955.595
----------------------------	----------------------	--------------------

Efnahagsreikningur ÍBA 2006

31.12. 2006

Eignir:

Handbært fé:	2006	2005
Ávísanareikningur LÍ 4540	Kr. 62.659	Kr. 20.399
Verðbréfavelta 371245.....	“ 1.101.856	“ 522.830
Verðbréfavelta 372555	“ 1.737.516	“ 768.826
Síminn	“ 2.097	“ 2.097
Íþróttafélagið Akur	“ 21.133	“ 21.133
Handbært fé samtals:.....	Kr. 2.925.261	Kr. 1.335.285

Tæki og munir:

Tölva	Kr. 70.000	Kr. 140.740
Skjávarpi	“ 40.000	“ 89.900
Leiserprentari	“ 58.578	“ -
Tæki og munir samtals:.....	Kr. 168.578	Kr. 230.640
Eignir samtals:	Kr. 3.093.839	Kr. 1.565.925

Skuldir:

Skammtímaskuldir:		
Lánadrottinnar	Kr. 315.514	Kr. 417.076
Ógreidd staðgreiðsla	“ 36.185	“ -
Ógreiddur lífeyrissjóður	“ 22.200	“ 19.800
Ógreitt tryggingagjald.....	“ 11.461	“ 11.035
Skammtímaskuldir samtals:	Kr. 385.360	Kr. 447.911
Lottó-sjóður	“ 89.889	“ 28.077
Skuldir samtals:	Kr. 475.249	Kr. 475.988

Eigið fé:


Eigið fé 01.01. 2006	Kr. 1.089.937
Hagnaður á árinu 2006	“ 1.528.653
Eigið fé 31.12. 2006	“ 2.618.590
Skuldir og eigið fé samtals:.....	Kr. 3.093.839

Við undirritaðir skoðunarmenn reikninga Íþróttabandalags Akureyrar höfum yfirfarið reikninga bandalagsins fyrir árið 2006.

Skoðun okkar hefur ekki gefið tilefni til athugasemda og leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Akureyri 19. febrúar 2008


Ingir Björnsson


Gunnar Jónsson

Rekstrarreikningur ÍBA 2007

Tekjur	2007	2006
Rekstrarframlag Akureyrarbæjar...	Kr. 8.848.464	Kr. 8.300.000
Aukaframlag Akureyrarbæjar.....	“ 1.000.000	“ -
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ.....	“ 701.352	“ 605.698
Framlag frá Getraunum.....	“ 720.772	“ 700.193
Óreglulegar tekjur Lottó.....	“ -	“ 176.551
Vaxtatekjur.....	“ 802.446	“ 413.288

Tekjur samtals:	Kr. 12.073.034	Kr. 10.195.730
------------------------------	-----------------------	-----------------------

Gjöld:

Laun starfsmanna	Kr. 3.322.000	Kr. 2.832.000
Launatengd gjöld	“ 316.348	“ 297.589
Skrifstofukostnaður	“ 314.096	“ 216.331
Sími.....	“ 189.201	“ 195.211
Styrkir og framlög	“ 2.297.200	“ 2.009.908
Aukastyrkir 2007.....	“ 2.475.000	“ -
Pappir, prentun, ritföng.....	“ 10.620	“ -
Vefsíða	“ 144.886	“ 292.422
Auglýsingar	“ 295.282	“ 99.604
Ferðakostnaður	“ 101.950	“ 30.000
Sýning í Reykjavík	“ 49.800	“ -
Verðlaun og gjafir	“ 19.715	“ 32.055
Viðhald	“ 24.990	“ -
Risna	“ 10.620	“ -
Námskeið	“ 28.250	“ -
Ýmis kostnaður	“ 220.768	“ 169.644
Landsmót UMFÍ 2007	“ 296.397	“ -
Þing ÍSÍ og sérsambanda	“ -	“ 427.510
Fjölgreinafjör	“ 46.000	“ -
Fundakostnaður	“ 250.797	“ 226.175
Árþing ÍBA	“ -	“ 729.450
Húsaleiga v/inniaðstöðu	“ 2.485.621	“ 860.598
Orkukostnaður v/inniaðstöðu	“ -	“ 83.952
Bankakostnaður	“ 4.300	“ 2.535
Vextir	“ 81.130	“ 41.753
Afskriftir	“ 168.578	“ 120.640

Gjöld samtals:	Kr. 13.153.549	Kr. 8.667.077
-----------------------------	-----------------------	----------------------

Tekjuafgangur (Halli)	Kr. (1.080.515)	Kr. 1.528.653
------------------------------------	------------------------	----------------------

Efnahagsreikningur ÍBA 2007

31.12. 2007

Eignir:

Handbært fé	2007		2006
Ávísanareikningur LÍ 4540	Kr. 123.189	Kr.	62.659
Verðbréfavelta 371245	„ 1.250.713	„	1.101.856
Verðbréfavelta 372555	„ 762.851	„	1.737.516
Íþróttafélagið Akur	„ 21.133	„	21.133
Handbært fé samtals:	Kr. 2.157.886	Kr.	2.925.261

Tæki og munir:

Tölva	Kr. -	Kr.	70.000
Skjávarpi	„ -	„	40.000
Leiserprentari	„ -	„	58.578
Tæki og munir samtals	Kr. -	Kr.	168.578
Eignir samtals	Kr. 2.157.886	Kr.	3.093.839

Skuldir:

Skammtímaskuldir:			
Lánadrottinnar	Kr. 378.415	Kr.	315.514
TBA	„ 35.000	„	-
Ógreidd staðgreiðsla	„ -	„	36.185
Ógreiddur lífeyrissjóður	„ 2.000	„	22.200
Ógreitt tryggingagjald	„ -	Kr.	11.461
Skammtímaskuldir samtals:	Kr. 415.415	Kr.	385.360
Lottó-sjóður	Kr. 204.396	Kr.	89.889
Skuldir samtals:	Kr. 619.811	Kr.	475.249

Eigið fé:

Eigið fé 01.01. 2007	Kr. 2.618.590
Tap á árinu 2007	„ 1.080.515
Eigið fé 31.12. 2007	„ 1.538.075
Skuldir og eigið fé samtals.....	Kr. 2.157.886

Við undirritaðir skoðunarmenn Íþróttabandalags Akureyrar höfum yfirfarið ársreikning bandalagsins fyrir árið 2007.

Skoðun okkar hefur ekki gefið tilefni til athugasemda og leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Akureyri 19. febrúar 2008


Ingi Björnsson


Gunnar Jónsson

LÖG ÍPRÓTTABANDALAGS AKUREYRAR

1. gr.

Íþróttabandalag Akureyrar skammstafað Í.B.A. er héraðssamband íþróttafélaga á Akureyri. Það starfar samkvæmt lögum Í.S.Í og íþróttalögum nr. 64 frá 1998.

2. gr.

Hlutverk ÍBA er:

- Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSÍ, en sérráð er stofnuð eru fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins.
- Að annast samstarf um íþróttamál við bæjaryfirvöld.
- Að varðveita og skipta á milli félagana því fé sem til þess hefur verið veitt.
- Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
- Að hafa frumkvæði að eflingu íþróttastarfs innan héraðsins.
- Að staðfesta lög aðildarfélaga.
- Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari skv. Gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á réttum tíma skal stjórn ÍBA ef þörf krefur boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

3. gr.

Öll félög á Akureyri sem hafa íþróttir að megin markmiði eiga rétt á að gerast aðilar að ÍBA, enda fullnægi þau þei skilyrðum sem á hverjum tíma gilda í lögum ÍBA og ÍSÍ.

4. gr.

Óski félag eftir að gerast aðili að ÍBA, skal það senda stjórn þess umsókn sína ásamt lögum félagsins, skýrslu um stofndag þess og ár, stjórn þess og tölu félagsmanna. Uppfylli félagið inntökuskilyrði þessara laga, öðlast það réttindi í bandalaginu eftir að aðild þess hefur verið samþykkt af stjórn ÍBA, en staðfesta skal inngöngu þess á ársþingi.

5. gr.

Bandalagsfélög og sérráð skulu senda ársskýrslu til ÍBA fyrir 1. mars og starfsskýrslu til ÍSÍ fyrir 15. apríl ár hvert. Félög og sérráð skulu í ársskýrslu tilgreina aðalstjórn, stjórn deilda og nefnda ásamt sögulegu yfirliti yfir starfið.

6. gr.

Félög og sérráð sem ekki hafa sent tilskilin gögn sbr. 5. gr. missa atkvæðisrétt sinn á næsta ársþingi ÍBA og missa einnig rétt að tilnefna fulltrúa á íþróttahæð. Komi til þessa er stjórn ÍBA heimilt að fella niður styrk til viðkomandi aðila.

Líði annað ár svo að félag geri ekki skil á skýrslum og reikningum, skal næsta ársþing taka ákvörðun um hvort félaginu skuli vikið úr ÍBA.

7. gr.

Félag getur misst öll réttindi sín innan ÍBA um stundarsakir ef það brýtur gildandi lög þess um íþróttamál svo og lög og reglur eða ákvæði ÍBA og lög sambanda sem bandalagið er meðlimur í svo og leikreglur ÍSÍ og öðlast þau ekki aftur fyrr en það hefur fullnægt settum refsíákvæðum.

8. gr.

Leggi félag innan ÍBA niður starfsemi, skulu eigur þess renna til ÍBA (eða bæjarsjóðs Akureyrar hafi félagið hlotið framkvæmdarstyrk frá Akureyrarbæ).

9. gr.

Þing ÍBA skal halda annað hvert ár, eigi síðar en 15. apríl, og fer það með æðstu stjórn ÍBA. Þingboð ásamt tillögu um laga-breytingar ef einhverjar eru skal senda aðildarfélögnum skriflega með minnst 4 vikna fyrirvara.

Þau mál sem aðilar ÍBA óska að verði á dagskrá skulu berast stjórn bandalagsins í síðasta lagi tveimur vikum fyrir þing.

Viku fyrir þing skal aðilum send ársskýrsla, endurskoðaðir reikningar, kjörbréf og skrá yfir fulltrúafjölda þann sem heimilt er að senda á ársþingið. Ennfremur þær tillögur sem ákveðið hefur verið að leggja fyrir þingið.

Ársþing ÍBA er lögmætt, ef löglega hefur verið til þess boðað.

10. gr.

Hvert bandalagsfélag hefur rétt á að senda fulltrúa á þing ÍBA. Skal tala fulltrúa miðuð við fjölda félagsmanna skv. Síðustu ársskýrslu þannig að félag með:

1-101	félagsmenn hljóti 2 fulltrúa.
101-250	félagsmenn hljóti 3 fulltrúa.
251-400	félagsmenn hljóti 4 fulltrúa.
401-550	félagsmenn hljóti 5 fulltrúa.
551-700	félagsmenn hljóti 6 fulltrúa.
701 og fleiri	félagsmenn hljóti 7 fulltrúa.

11. gr.

Á þingi ÍBA eiga sæti með atkvæðisrétti fulltrúar þeir sem bandalagsfélög ÍBA hafa kjörið til þings skv. 10. gr. sbr. Þó 6. og 7. gr. svo og tveir fulltrúar frá hverju virku sérráði á bandalagssvæðinu.

Fulltrúar bandalagsfélaga og sérráða innan ÍBA hafa einir atkvæðisrétt og varamenn þeirra. Enginn fulltrúi má fara með meira en eitt atkvæði. Fulltrúi getur því aðeins farið með atkvæði, að hann hafi lagt fram kjörbréf sitt og að það hafi verið staðfest af þinginu.

Rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétti hafa auk stjórnar ÍBA, framkvæmdastjórn ÍSÍ, íþróttfulltrúi ríkisins, íþróttfulltrúi Akureyrarbæjar og fulltrúi frá Vetraríþróttamiðstöð Íslands.

12. gr.

Dagskrá þingsins skal vera þessi:

1. Þingsetning.
2. Kosning þriggja manna kjörbrefanefndar.
3. Kosning þingforseta, þingritara og varamanna þeirra.
4. Ársskýrslur stjórnar og sérráða ræddar svo og reikningar þeirra og atkvæði greidd um þá
5. Fyrri umræða um lagabreytingar ef fyrir liggja, 3 manna laganefnd kjörin til að athuga breytingar fyrir framhaldsfund.
6. Ræddar tillögur og mál sem fyrir liggja.
7. Fyrri umræða um fjárhagsáætlun.
8. Kosnar þrjár fasta-þingnefndir, 3 manna fjárhagsnefnd, þriggja manna alsherjarnefnd og þriggja manna uppstill-ingarnefnd.

ÞINGHLÉ

9. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðsla.
10. Kosningar og tilnefningar.
Tilnefningar í sérráð ÍBA
Kosinn formaður ÍBA.
Kosnir 3 menn í stjórn ÍBA og 3 til vara.
Kosning 2 endurskoðenda.
Kosning í nefndir, er þingið ákveður.
Kosning fulltrúa á ÍSÍ þing.
11. Önnur mál.
12. Þingslit.

Þingið skal standa í einn dag nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Nefndir starfi í þinghléi. Allar kosningar skulu vera skriflegar séu fleiri tilnefndir en kjósa skal. Verði atkvæði jöfn skal varpa hlutkesti.

13. gr.

Aukaþing skal halda, ef nauðsyn krefur og eða helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar og tilkynningarfrestur til aukaþings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan, og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukaþingi má ekki gera laga – eða reglnabreytingar og ekki kjósa stjórn nema brábirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum að öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leiti gilda sömu reglur og um venjulegt ársþing.

14. gr.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í málum sem tilkynnt hefur verið í þingboði, hvort sem er á reglulegu ársþingi eða aukaþingi. Til að taka megi mál sem ekki er getið í fundarboði á dagskrá þingsins þarf samþykki $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða. Til lagabreytinga þarf $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða.

15. gr.

- a) Formanni ÍBA ber að kalla saman formannafund
- b) Stjórn ÍBA skiptir með sér verkum og kýs varaformann, gjaldkera og gjaldkera. Formenn einstakra félaga, sér-ráða eða sersambanda má ekki kjósa á stjórn
- c) Starfstími stjórnar ÍBA er 2 ár.
- d) Formannafund skal boða a.m.k. sex sinnum á ári.

16. gr.

Stjórn ÍBA fer með umboð í málefnum bandalagsins milli þinga og skal sjá um allar framkvæmdir og vinna að málum þess. Stjórninni er heimilt að skipa nefndir innan eða utan sinna vébanda til að sjá um og framkvæma viss mál bandalagsins. Formaður skal boða stjórnarfundi eftir því sem þurfa þykir. Að öðru leiti setur formannafundur stjórn starfsreglur. Formannafundir eru lögmætir ef löglega er til þeirra boðað samkvæmt reglugerð. Atkvæði formanns ræður úrslitum ef atkvæði eru jöfn.

17. gr.

Í íþróttagreinum þar sem sérráð eru ekki starfandi, fer stjórn ÍBA með hin sérfræðilegu málefni innan héraðs og getur skipað til þess sérstaka nefnd ef ástæða þykir til.

Sérráð fer með stjórn íþróttalegra sémála þeirra íþróttagreina sem varðar, að svo miklu leiti sem það fer ekki inn á svið annara sérgreina.

18. gr.

Dómsstólar ÍSÍ skulu hafa fullnaðarlögsögu yfir þreim málefnum sem koma upp innan íþróttahreyfinarinnar. Nánar er fjallað um þá í lögum um dómsstóla íþrótt- og Olympíusambands Íslands.

Þannig samþykkt á 56. ársþingi ÍBA 15. apríl 2004.

Tilmæli til þingsins að samin verði reglugerð um formannafundi. Samþykkt og vísað til stjórnar.

Til minnis

Frá opnun skrifstofu ÍBA
að Glerárgötu 26. F.v.
Margrét Baldvinsdóttir
varaformaður VMÍ,
Gunnar Ragnars fram-
kvæmdastjóri ÍBA,
Þórunn Harðardóttir
framkvæmdastjóri SKÍ,
Viðar Sigurjónsson sviðs-
stjóri fræðslusviðs ÍSÍ,
Guðmundur Jónsson fram-
kvæmdastjóri VMÍ,
Kristinn Svanbergsson
deildarstjóri ÍRA.



Frá opnun skrifstofu ÍBA
að Glerárgötu 26. F.v.
Ólafur Rafnsson forseti
ÍSÍ, Kristinn
Svanbergsson deildarstjóri
ÍRA, Þröstur Guðjónsson
formaður ÍBA og Daniel
Jakobsson formaður SKÍ.

Þessi voru heiðruð 2007:
T.v. Gunnar Hallsson,
Benedikt Sigurðarson,
Helga Sigurðardóttir og
Guðmundur Brynjarsson.





Íslandsmeistarar og heiðursfélagar 2006.



Íslandsmeistarar 2007.